



Morgunblaðið: 2 tölublöð frá 1934 og 4 tölublöð frá 1937, ma. afskipti ríkis af málefnum bæjar- og sveitafélaga, verkamannabústaðirnir eftir Bjarna Benediktsson Bjarni Benediktsson um bæjarmálin o.fl

Bjarni Benediktsson – Morgunblaðið: 2 tölublöð frá 1934 og 4 tölublöð frá 1937, ma. afskipti ríkis af málefnum bæjar- og sveitafélaga, verkamannabústaðirnir eftir Bjarna Benediktsson Bjarni Benediktsson um bæjarmálin o.fl.

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnmalamaðurinn

Askja 2-4, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Morgunblaðið

Vikublað: Ísafold

24. árg., 117. töl. — Miðvikudaginn 26. maí 1937.

Ísafoldarprentsmiðja h.f.

E-LISTINN er listi Sjálfstæðisflokksins.

Íþróttaskólinn á Álafossi

byrjar starfsemi sína 1. júní. Nokkrir drengir geta fengið pláss, sökum forfalla annara. — Látið börnin yðar á Íþróttaskólann á Álafossi. Þar geta þau rjett við heilsu sína og lært sund, björgun, lífgun o. fl. — Upplýsingar á Afgr. Álafoss. — Sími 3404. — Þingholtsstræti 2.

Gamla Bíó



Hamingju- draumurinn.

(„I dream too much“).
Bráðskemtileg og fögur söngmynd
frá RKO Radio Pictures.

Aðalhlutverkinn leika:
HENRY FONDA, ERIC BLORE
og hin fræga sópransöngkona, frá
Metropolitan-óperunni í New York

LILY PONS

Aukamynd: Hátíðahöldin í Kaupmannahöfn 15. maí
í tilefni af ríkisstjórnarafmæli konungs.

Síðasta sinn.

HEIMDALLUR.

F. U. S.

Fánaliðsfundur

í Varðarhúsinu klukkan 8½ í kvöld.
Mætið allir stundvíslega.

STJÓRNIN.

Vjelgæslustarfið

við Elliheimilið Grund er laust. — Umsóknir
með nauðsynlegum upplýsingum óskast sendar
á skrifstofu Elliheimilisins fyrir 3. júní n.k.

Húsnæði óskast.

Góð íbúð 2—3 herbergi, helst aðeins 2 stór herbergi, ásamt eld-
húsi, nálægt miðbænum, óskast til leigu frá 15. júní til 1. júlí að
telja, fyrir barnlaus hjón. Upplýsingar í síma 4180.

Jarðarför mannsins míns, föður okkar og tengdaföður,
Gunnsteins Einarssonar, fyrv. hreppstjóra,
fer fram fimtudaginn 27. maí og hefst með húskveðju að heim-
ili hans, Nesi, Seltjarnarnesi, kl. 1 e. h.

Sólveig Jónsdóttir, börn og tengdabörn.

Kærar þakkir til allra þeirra mörgu, er auðsýndu mjer
vinsemd á 70 ára afmæli mínu.

Brynjólfur Þorláksson.

Fyrirliggjandi:

Hænsnafóður blandað.
Mais heill.
Mais kurlaður.

Sig. P. Skjaldberg.
(Heildsalan).

Hið íslenska fornritafjelag.

Grettis saga Verð: Hvert bindi:
Eyrbyggja saga Heft kl. 9,00.
Laxdæla saga Í skinnbandi kr. 15,00.
Egils saga Í skinnbandi kr. 15,00.
Kaupið fornritin jafnóðum og þau koma út.
Fást hjá bóksöllum.

Aðalútsala í

Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar
og Bókabúð Austurbæjar B. S. E. Laugaveg 34.

Steindórs bifreiðar bestar.

Sími 1580 - 4 línur.

Nýja Bíó

Flakkarinn sigursæli.

Ensk skemtimynd frá GAU-
MONT BRITISH.

Aðalhlutverkið leikur hinn
heimsfrægi „karakter“-leik-
ari

George Arliss.

Aukamynd:

Ríkisstjórnarafmæli
Kristjáns konungs X.

Leikfjelag Reykjavíkur.

„Gerfimm“

Sýning á morgun kl. 8.
Lækkað verð.

Aðgöngumiðar seldir kl. 4—7
í dag og eftir kl. 1 á morgun.

SÍMI 3191.

Börn fá ekki aðgang.

Nýorpin egg.

Verðið lækkað.

Versl. Vísir.

Sími 3555.

Vefnaðarvörur

allskonar

útvega jeg frá Þýskalandi.

Talið við mig, áður en þjer festið kaup
annarsstaðar.

Friðrik Bertelsen,

Sími 2872. — Hafnarstræti 10—12.



Frjettir í stuttu máli.

Talsamband við norðurheimskautið.

Lofftar Piccards brennur.

FRÁ FRJETTARITARA VORUM.
KHÖFN Í GÆR.

Engar vistir hefir tekist að flýta einn til leiðangursmannanna rússnesku, sem hafa tekið sjér aðsetur 20 km. frá Norðurheimskautinu.

Fjórar rússneskar flugvjarlar bíða ferðbúnar á Rudolfreyju og eiga þær að flýta vistir til leiðangursmanna en hafa ekki komist af stað vegna stórhíðar.

Rússarnir við Norðurheimskautið hafa meðferðis talstöð og mun því bráðlega verða komið á talsambandi milli Norðurheimskautsins og umheimsins.

LOFTFAR
PICCARDS

Piccard, hinn kunnir belgiski hálofta-flugmaður, komst ekki upp í háloftin í morgun eins og hann hafði ráðgert.

Skömmu áður en hann ætlaði að leggja af stað, brann loftfar hans.

Þetta var sama loftfarið sem hann notaði 1932. Ætlaði Piccard að fylla loftbelginum með upphituðu lofti.

Begar verið var að hita loftið, kviknaði í klæði loftbelgins, og brann hann án þess að nokkuð yrði að gert.

Hvorki Piccard, nje aðra sem þarna voru, sakaði.

Blum getur ekki skapað vinnufrið.

Frakklandi hefir verið stofnuð „frelsisfylking“, er hefir að markmiði að steypa alþýðufylkingarstjórninni. — Stofnandi og forustumaður fylkingarinnar er Doriot, fyrrverandi sósíalisti, sem klauf flokksbrott með sjer út úr sósíalístaflöknum þegar hann stofnaði nýjan flokk. (Einkask.)

Fundur til stofnunar „frelsisfylkingunnar“ var haldinn í gærkvöldi. De la Roque, greifi, leiðtogi fascista, er sagður vera að hugsa um að taka höndum saman við aðra flokka um myndun hinnar nýju „frelsisfylkingar“.

Hafnarverkamenn í Marsailles hafa sent nefnd á fund Blumstjórnarinnar til þess að krefjast 40 stunda vinnuveku við hafnarvinnu.

Hafnarverkamennirnir gerðu verkfall í gær. Verkföll brutust þá einnig út við hafnirnar í Havre og víðar. Í Havre bíða nú 50 skip eftir afgreiðslu.

Síkspöðin á „Normandie“ gekk í líð með verkfallsmönnum, þegar skipið kom þangað í gærkvöldi. (FÚ)

Þegar Georg VI var krýndur.



Konungur í Edwards-stólum með kórónu á höfði t. h. Umhverfis hann biskupar, sem aðstoðuðu við krýninguna. Að baki: lávarðar og aðrir tignir gestir. Lengst t. h. Elísabet dróttning (situr). Að baki henni stóka konungsfjölskyldunnar.

FRANCO VILL BERJAST TIL ÚRSLITA.

Enginn fulltrúi frá Haile Selassie í Genf.

FRÁ FRJETTARITARA VORUM.
KAUPMANNAHÖFN Í GÆR.

Það er nú haft eftir áreiðanlegum heimildum að Haile Selassie Abyssíniukeisari muni ekki senda fulltrúa á þing Þjóðabandalagsins sem hefst á morgun.

Þingið kemur saman til þess að veita Egyptum upptöku í Þjóðabandalagið.

Eins og jeg símaði í gær, þá er búist við að Bretar og Frakkar muni reyna að koma í veg fyrir að kæra Valencia stjórnarinnar á hendur Ítölum og Þjóðverjum um hlutleysisbrot á Spáni, verði rædd á Þjóðabandalagsþinginu.

Er búist við að kærinni verði vísað til hlutleysisnefndarinnar.

Bretar virðast ekki enn þá hafa gefið upp vonina um að takast megi að koma á vopnahljei á Spáni, enda þótt líkurnar fyrir því fari stöðugt minnkandi.

Uppreisnarmenn virðast staðráðnir í að berjast til brautar. „Sáttaumleitarnir koma ekki til greina“, sagði einn af fulltrúum uppreisnarmanna í Salamanca í útvarpið í gærkvöldi (skv. Lundúnafragn FÚ).

Ennþá hafa Ítalir og Sovjet-Rússland ekki sent svör við málaleitunum bresku stjórnarinnar viðvíkjandi hugsanlegu vopnahljei á Spáni.

MÓTMÆLI
FRANCO

London í gær. FÚ. Franco hefir sent Þjóðabandalagsráðinu mótmæli gegn því, að Del Vayo sje leift að taka þátt í fundi

þess í Genf, sem fulltrúa Spánar.

Hann segir, að Del Vayo sje ekki fulltrúi neinnar stjórnar, heldur eingöngu erindreki anarkista og kommúnista og annara „rauðra“ flokka.

En sú stjórn er sitji í Valencia og kalli sig stjórn Spánar, hafi fyrirgert öllum rjetti til þess að bera það nafn, þar sem hún hafi brotið alþjóðalög og stjórnarskrá hins spánska ríkis.

Frá vígstöðvunum á Spáni hafa litlar sem engar frjettir borist í dag.

Svo virðist sem uppreisnarmönnum miði nokkuð áfram í áttina til Bilbao, að suðaustan.

Kosningaskrifstofa Sjálfstæðisflokksins er í Vardarhúsinu. Skrifstofan er opin allan daginn. Þar geta menn fengið allar upplýsingar kosningunna viðvíkjandi. Símar skrifstofunnar eru 2339 og 2907.

Jon Lindbergh eignast bróður.

FRÁ FRJETTARITARA VORUM.
KHÖFN Í GÆR.

Jon, sonur Charles Lindberghs, hefir eignast bróður. Frú Lindbergh fæddist sonur á fæðingartöð í London 13. þ. m.

Móðirin og barnið eru bæði við góða heilsu.

Fæðingunni hefir verið haldið leyndri fram til þessa.

Hafa verið gerðar viðteklar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að aðrir en þeir, sem brýnt erindi eiga, komist inn á fæðingartöðina.

Attökur í landi Stalins 11 manns í gær.

London í gær. FÚ.

Ellefu umsjónarmenn við rússnesku járnbrautina í Austur-Siberíu hafa verið teknir af lífi, samkvæmt tilkynningu sem birt var í Moskva í dag.

Voru þeir allir sakaðir um að hafa unnið að skemdarstarfsemi við járnbrautina, og hafa verið í þjónustu japönsku njónna-skrifstofunnar.

Karfaveiðar ganga stírklega enn, að því er blaðinu var símað að vestan í gær. Sífeld hryssings-tíð á Hala og ísbrafi þar á sveiti.

Meiri möguleikar á þýskum markaði.

Breski markaðurinn yfirfyltur.

FRÁ FRJETTARITARA VORUM.
KHÖFN Í GÆR.

Í sambandi við heimsókn Sandler's (utanríkismálaráðherra Svía) hjá von Neurath, utanríkismálaráðherra Þjóðverja, birtir blað Görings Essener Nationalzeitung harðorða árás á stefnu Oslórikjanna í viðskiftamálum.

Sandler átti tal við von Neurath í gær.

Einhvertíma á næstunni er gert ráð fyrir að Munck utanríkisráðherra Dana fari í heimsókn til Berlín og mun hann einnig ræða við von Neurath.

„Essener Nationalzeitung“ segir að pólitík Oslórikjanna sje vinveitt Bretum en fjand-samleg Þjóðverjum.

Þessi pólitík getur á engan hátt samrýmt hlutleysisfyrirlyngu þessara ríkja, segir blaðið.

Blaðið heldur því fram, að möguleikarnir sje meiri fyrir Oslórikinn að reyna að auka útflutning sinn á þýskan markað, þar sem vörubörfin sje rík, heldur en á breskan markað, sem yfirfullur sje af vörum frá hinum bresku samveldislöndum.

DÓMARARNIR LÁTA UNÐAN ROOSEVELT.

London í gær. FÚ.

Hæstirjettur Bandaríkjanna úrskurðaði löglega í gær löggjöf Roosevelts stjórnarinnar um ellistyrki, með sjö atkvæðum gegn tveimur.

Er þetta tölfti úrskurðurinn sem hæstirjettur fellir í málum er höfðuð hafa verið gegn stjórninni út af viðreisnarlög-gjöfinni, síðan Roosevelt lagði fram frumvarp sitt um endurskipulagningu dómstólanna, og hafa allir þessir 12 úrskurðir verið stjórninni í víi.

Fimleikaflokkur úr Glímufjellaginu Ármann sýndu í gærkvöldi á Íþróttavellinum. Klukkan 8 hófst lúðramúsík á Austurvelli og safnaðist þar fjöldi manns saman. Klukkan rúmlega 8½ var gengið í skráðgöngu frá Austurvelli suður á Íþróttavöll. Fjórir flokkar sýndu, telpnaflokkur og drengjaflokkur undir stjórn Vignis Andrjessonar og úrvalsflokkur kvenna og karla undir stjórn Jóns Þorsteinssonar. Fimleikaflokkar þessir tóku þátt í Fimleikamóti Íslands fyrir skemstu. Fimleikasýningarnar tókust allar vel og sumar þrýðilega. Áhorfendur voru margir, en hefðu mátt vera fleiri.

750 króna útsvar á 12.500 króna tekjur atvinnumálaráðherra.

Í fyrra: 810 króna útsvar á 10 þús. króna tekjur.

Og þó hefir útsvarsálagning hækkad um 10%

Það er staðreynd að laun Haraldar Guðmundssonar atvinnumálaráðherra eru 10 þús. kr. Það er einnig staðreynd, að þingið 1936 heimilaði stjórninni að greiða Harald 3000 króna húsaleigustyrk, sem vitanlega er ekkert annað en launauppbót.

Morgunblaðið fullyrðir að stjórnin notaði þessa heimild að mestu leyti þegar á árinu 1936, þannig, að hún greiddi ráðherranum þá 2500 kr. húsaleigustyrk. Af þessu leiðir að brúttólaun Haralds hafa á s.l. ári numið a. m. k. 12.500 krónum.

Við útsvarsálagninguna í fyrra, er þessum ráðherra sósíalista gert að greiða 810 kr. í útsvar. En þetta útsvar ráðherrans miðast þá við ráðherralaunin ein, því að húsaleigustyrkurinn var þá ekki kominn til greina.

En núna, þegar ráðherrann hefir a. m. k. 12.500 kr. laun, eða 2.500 kr. hærra laun en árið áður, þá lækkar útsvar hans um 60 kr., eða niður í 750 kr. Þetta gerist á sama tíma, sem útsvörin á öllum almenningi hækka um a. m. k. 10% frá í fyrra, miðað við sömu tekjur og ástæður.

Nú er það öllum vitanlegt, að útsvörin eru langsamlega of há á öllum þorra gjaldenda hjer í bænum, en það eru rauðu flokkarnir sem eiga sök á því, eins og margsinnis hefir verið sýnt fram á hjer í blaðinu.

En almenningur spyr, og á heimting á svari: Hvernig stendur á því, að ráðherra, sem fær 2500 króna launauppbót, ofan á 10.000 kr. laun, fær sitt útsvar lækkað, samtímis því sem útsvörin á almenningi hækka?

Sje lítið á þann álagningar-„stiga“, sem niðurfjölnunarfnd hefir birt, sýnist með öllu óhugsandi að útsvar atvinnumálaráðherra gæti orðið undir 1400 krónum.

Alþýðublaðið, málagn atvinnumálaráðherrans, lætur dólgislega þessa dagana yfir útsvörnum, og kennir „íhaldinu“ um útsvarshækkunina. — Samtímis er Alþýðublaðið að fræða lesendur sína um það, að ríkisstjórnin hafi lækkað skatta og tolla!

Svona skrif Alþýðublaðsins hljóta að vekja almennan hlátur. En vegna þess að það er fyrst og fremst Alþýðuflokkurinn, sem á sök á því, að útsvörin í bænum hækka með hverju ári, er það krafa almennings að fá refjalust úr

20.000 ferkílómetrar hálendisins ljósmyndaðir á 120 klst.

Flugleiðangurinn danski sem rekur smiðshögg á uppdrátt landsins.

HINGAÐ er kominn flugleiðangurinn danski, sem á að taka ljósmyndir af hálendinu í sumar, til þess að eftir þeim verði gerður uppdráttur af landinu.

Það eru um 20 þúsund ferkílómetrar lands, sem eftir er að mæla og verða ljósmyndaðir á þenna hátt.

Foringi leiðangursins er N. E. Nörlund prófessor. Hann er prófessor í stærðfræði við Hafnarháskóla og forstjóri fyrir landmælinga-deild danska herforingjaráðsins. Hann er einn af merkustu vísindamönnum Danu.

Tíðindamaður blaðsins hiti prófessorinn að máli í gær í varðskiptinu Hvidbjörnen og spurði hann m. a. hvernig þessari merkilegu ljósmyndatöku er hagað.

— Eins og þjer vitið, er þessi landmælingaáferð allmikil notuð á síðari árum, segir hann, þar sem eigi þarf að gera uppdrætti með nikilli nákvæmni í stórum mælikvæðum.

Ásferðin hjer verður þessi: Við höfum bækistöð okkar hjer í Hvidbjörnen, og flytur hann sig, eftir því við hvaða svæði við vinnum.

Myndatökunni er þannig háttað, að flugvélun fer eftir fyrirfram ákveðnum stefnum frá ströndinni og inn yfir landið, alla leið inn yfir hið ómælda svæði. Myndir eru teknar með sjálfvirkjum tækjum með ákveðnu millibili og er myndatökunni þannig hagað, að tver myndir eru teknar af sama svæðinu, til þess að hægt sje að fá af því „stereoskopiska“ mynd, svo allar mishæðir og ójónir komi skýrt fram. Eftir þeim myndum er hægt að teikna nákvæmar hælalínur á uppdráttinn.

Á leið flugvélarnar eru teknar myndasamstæður slíkar með 6 km. millibili, en fluglínurnar, sem farid er eftir frá ströndinni og inn yfir landið, eru með 30 km. millibili.

Flugið er með 150 km. hraða á klukkustund, svo yfirferðin verður 900 km. í 6 klst. flugi.

— Hve marga flugtíma ámtið þjer að þurfi til þess að ná myndum af hinum ómælda 20 þús. ferkílómetrum?

— Til þess þurfa um 120 klukkustundir. Ef veður er ákjósanlegt og allt gengur að óskum setti að vera hægt að vinna 18

klukkustundir í sólarhring. Svo ef við verðum verulega hepnir með veðráttuna, ætti þetta ekki að þurfa að taka langan tíma.

En eins og gefur að skilja, er ekkert hægt að aðhafast við þetta verk nema í besta veðri. Þáttakendur í flugleiðangur þessum eru —

— Oberstlúantant L. Bruhn, sem tekur við stjórn leiðangursins er jeg hverf heim. Hersedend flugkapteinn, Grönbeck sjóliðsforingi, Kofod myndasmiður, loftskeytamaður og 2 vjelamenn.

Við höfum mjög vönduð loftskeytataeki í flugvélunni og eins hjer í Hvidbjörnen, til þess að hafa öruggt samband við flugvélina meðan hún er á ferðinni. Mjög er það áriðandi, að flogið sje nákvæmlega eftir tilætluðum leiðum, til þess að myndatakan taki st sem best.

Við myndatökuna er flogið í 4000 metra hæð. Eftir myndunum eru svo uppdrættir gerðir.

— Hvernig eru uppdrættir þeir, sem gerðir eru eftir ljósmyndunum, tengdir við uppdrætti þá, sem þegar eru gerðir eftir mælingum af öðrum landslútum.

— Til þess að það falli allt saman, eru gerðar þríhyrningamælingar frá því mælda svæði og inn yfir það, sem ljósmyndað er. En þegar lokið við dælitíð af þeim mælingum. Og Steinþór Sigurðsson magister heldur þeim áfram í sumar. En talsvert verður að bíða til síðari tíma, enda er það fult eins gott, að gera mælingar þessar, þegar myndirnar eru fyrir hendi.

Hálendið, sem myndað verður, FRAMH. Á SJÖTTU SIÐU.

„Þór“ enn kvaddur í „katlaflutning“ Hermann og Vilmundur.

Varðskipið Þór fór fyrir nokkrum dögum í hinn fyrirhugaða rannsóknarleiðangur hjer út í Flóa, þar sem hann átti að leita að fiskimiðum.

En í gær var Þór skyndilega kvaddur inn. Því að nú þurfti hann að fara í „katlaflutning“.

Pólitisku „katlarnir“, sem Þór flytur að þessu sinni, eru: Hermann Jónasson forsætisráðherra, Vilmundur Jónsson landlæknir og svo einhver gufuketill, sem Ólafur Guðmundsson á, og nota á norður á Ingólfsfirði.

Þór lagði af stað með „katlana“ kl. 12 í gærkvöldi. Átti hann að skila Vilmundi til ísa-fjarðar, en Hermann og gufuketlinum norður á Strandir.

Úrræðaleyssi stjórnarflekka-anna í síldarmálum.

Verð á síldarlýsi og síldarmjólí hafði fallið í lágmark í árslok 1930 og hjerst í því með mjög litlum breytingum þangað til í ársbyrjun 1935.

Þrátt fyrir þetta tókst á árunum 1932—34, fyrst og fremst fyrir atbeina Sjalstæðisflokksins og ráðherra hans, að fjölga starfandi síldarverksmiðjum úr fimm upp í tólf og auka afköstin á sólarhring úr 7000 málum upp í 17000 mál.

Frankvæmdaleyssi núverandi stjórnarflokka og Haralds Guðmundssonar atvinnumálaráðherra þeirra, stingur mjög í stáf við framkvæmdir Sjalstæðisflokksins og ráðherra hans.

Í ársbyrjun 1935, nokkrum mánuðum eftir stjórnarskiptin, fór síldarlýsi að stíga í verði. Á árinu hækkaði það í verði um 100% og breytti það horfum síldarverksmiðjuvæðisins stórum til hins betra. Síðan hefir verð á síldarlýsi hækkað enn meira og verð á síldarmjólí um 20—25%.

Síldarverksmiðjureksturinn, sem á árunum 1930—1934 átti í vök að verjast, var orðinn mjög arðvænlegur þegar síldarlýsið var stígið í verði 1935. — Verð á bræðslusíld til sjómanna og úterðarmanna hækkaði stórköstlega, sem auðvitað leiddi til þess, að miklu fleiri skip voru gerð út á síldveiðar en áður.

Þrátt fyrir þetta hafa stjórnarflokkarnir ekkert gert til þess, að fjölga síldarverksmiðjum í landinu. — Afköst ríkisverk-

FRAMH. Á SJÖNDU SIÐU.

KVENÞJÓÐIN OG HEIMILIN

Sterkasta stoðin.

Það eru ef til vill fáir, sem gera sjer í hugarlund, hversu mikils virði gott heimili er.

Fyrir sumum er það þannig, að heimilið laðar þá til sín. Þeir vilja ekkert frekar, að dagsverki loknu utan heimilisins, en komast heim til sín. Þar una þeir best. Og það er víst, að þeir, sem þannig eru gerðir, komast hjá mörgu illu um æfina.

Aftur á móti eru aðrir, sem eru litlir heimamenn, hafa jafnvel hálfgerðan ýmugast á heimilinu.

Til þessa geta legið ýmsar orsakir. En hitt er augljóst, að þessu fólki er hætt. Það lendir auðveldlega í slæmum fjelagsskap. Freistingarnar bíða, og fæstir eru nógu viljasterkir til þess að standast þær. Lítið þarf til á báða bóga, til þess að ákvörðun sje tekin. En í þeirri innri baráttu er það heimilið, sem á að vera sú sterkasta stoð, er hvetur og styður, til þess að rjett sje valið.

En þá er að athuga hvernig heimilið er, hvort það er þannig að heimilisfólkið hefir ástæðu til þess að leita einmitt þangað, hvort allir á heimilinu gera sitt, til þess að þar ríki það samræmi er geri það að vistlegu skjóli, öllu heimilisfólki til gleði og ánægju.

Sje það ekki þannig, væri rjett, að hver og einn hugleiddi með sjer, hvað hann gerði, til þess að skapa ánægjulegt heimilislíf.

Hlutverk húsmóðurinnar er auðvitað stórt á þessu sviði, en hún ber ekki ein ábyrgðina, heldur allt heimilisfólkið. Og ábyrgðin er svo stór, að enginn má skorast undan sínum hlut.

Heimilin eru í raun og veru hrynningarsteim þjóðfélagsins. — Holt og heilbriggt heimilislíf einstaklinganna er því mikils virði allri þjóðinni.

Ástarbrjef

geta verið afar verðmæt, en verðmæti þeirra fer auðvitað mikili eftir því, hver hefir skrifað þau. Ástarbrjef Napoleons mikla til Josephinu, sem hann unni mjög heitt, eru t. d. talin mjög mikils virði. Fyrir skömmu var eitt þeirra selt í London, fyrir 1000 pund — 20.000 krónur.

Verðið á brjefunum fer líka eftir efni og innihaldi. Er sagt, að til sjeu brjef frá Napoleon til Josephinu, sem hafa verið seld fyrir 40.000 krónur.

Hjónabandið.

Ef hjónabandið á að vera gott, verða báðir aðilar að gera sitt til þess.

Það kann ekki góðri lukku að stýra, að annar sje stöðugt gefandi, en hinn þiggjandi og gleymi jafnvel þeim sjálfsagða hlut að meta það, sem vel er gert, og — þakka.

Það er ekki satt,

að nítíma stúlkurnar viti varla hvað ná! er. Niútu af hundrað vita, að nálar eru notaðar, til þess að spila á grammófon með (1) (Daily Mail).

Húsvorðin til hollustu.

Hraust sál í hraustum líkama, er máltæki íþróttamannsins, enda eru nú flestir farnir að hafa fullan skilning á nauðsyn íþróttaiðkanna.

Rjettar líkamsefingar stuðla að fegurð og samræmi í hreyfingum og vaxtarlagi.

En húsmæður, og þær konur!



Myndirnar hjer að ofan sýna: B. 1, að maður á ekki að standa með stífar fætur og bogið bak við að þurka af stólfótum eða neðri hillum, — heldur gera mjúka hnjebeygju, með beint bak.



Loks sýnir myndin hjer fyrir ofan mismuninn á ljótum vana, sem margir hafa, og eðlilegri stellingu. Þó ekki sje nema talað í síma eða skrifuð niður setning, er miklu viðkunnanlegra að sjá fólk sitja fallega en krjúpa uppi á stól.

Það er sjálfsagður hlutur að temja sjer frjállega framkomu og fallegan limaburð, þó við vinnu sje. Það verður bæði sjálfum manni og öðrum til ánægju og eykur á sjálfsvirðingu og vinnu-gleði.

Vefnaðarvörur.

Við útvegum allar tegundir af vefnaðarvörum frá Ítalíu.

Eggert Kristjánsson & Co.

Sími 1400.

Nokkrir kartöflurjettir. Nokkrar tískunýngar.

Kartöflur eru bæði ljúffeng holl og góð fæða, sem Íslendingar ættu að neyta og rækta í miklu stærri stíl en gert hefir verið hingað til. Auk þess sem kartöflur eru ómissandi með kjöt- og fiskmeti eru þær og fyrirtak sem sjálfstæður rjettur.

Hjer birtast nokkrar uppskriftir á hentugum kartöflurjettum.

Kartöflubúðingur.

300 gr. soðnar kartöflur, 100 gr. smjör, 2—3 egg, salt og pipar. Smjörð er brætt í potti og kartöflurnar stappaðar og hrærðar saman við. Tekið ofan af eldinum og látið kólna um stund.

Eggjaraudurnar eru hrærðar út í ein og ein í einu, og síðan er hrært vel í að minsta kosti í 10 mínútur.

Eftir það er hvítan, stífþeytt, sett saman við, og loks saltið og piparinn. Látið í potti og smurt mót og stráð tvíbökumylsnu. Mótið látið í sjóðandi vatni og látið sjóða í 1¼ klst.

Borðað með tómatsósu.

Kartöflueggjakaka með osti.

1½—2 l. soðnar kartöflur, skornar í sneiðar, ½ l. mjólk, 4 egg, 100 gr. rifinn ostur, 50 gr. smjör, 1 matsk. söxuð pjeturselja, salt, tvíbökumylsna.

Kartöflurnar verða að vera fastar í sjer og skornar í þunnar sneiðar.

Eggin, mjólkinn og osturinn er hrært saman.

Kartöflunum er ræðað í lögum í eldfast fat, með pjeturselju og salti á milli. Eggjablöndunni helt yfir og smjörð sett í smábitum.

Kakan er bökud í heitum ofni í ½ klst., uns eggjablandan er orðin stíf.

Bráðið smjör borðað með.

Kartöflukaka.

Djúpt eldfast fat er smurt vel með smjóri, og látnar í það kaldar og soðnar, niðurskornar kartöflur, blandaðar söxuðu, soðnu svinakjöti, afgang af pylsum, salt kjöti eða öðrum kjöttetgundum.

Egg og mjólk er þeytt saman og kryddað hæfilega með salti og pipar, síðan helt yfir kartöflurnar, svo að fatið verði fult.

Bakað í bökunarofni í ca. 20 mínútur. Brjef lagt yfir, svo að kakan brenni ekki að ofan.

Kartöflusalat.

6 stórar, soðnar kartöflur, 1—2 harðsoðin egg, 2 tómatar, 4 matskeiðar matarolíu, 2 matsk. edik; salt, pipar, rifinn laukur, salatblöð, sinnep.

Öfunni, edikinu, salti, pipar, lauk og sinnepi er blandað saman og hrært vel í sósu. Kartöflurnar, egginn og tómatarinn skornir niður í sneiðar, sem síðan er smíð upp úr sósunni.

Smáttskorin salatblöð lögð yfir.



Falleg blússa er ómissandi við dragtina. Hjer er ein óvenju snotur, líkust karlmaunsvesti í snúinu.

Úrkeðjur, eitthvað í áttina við það, sem myndin sýnir, eru mjög í tísku.

Nýjasta nýtt er að hafa smá vasa með rennilás í vinstri hansk-anum, undir smápeninga, strætisvagnamiða o. s. frv.

Púðurósin, sem sjest á myndinni, er með spegilþurku, sem þurkar spegilinn, um leið og dósin er opnuð, þannig að hann er ávalt gljáandi og laus við alt púður.

Meðferð á pálmum.

Þur og mikill hiti er óhollur fyrir pálmna, og þeir þola vindsúg líka illa. Til þess að pálminn þrífist vel, verður að þvo blöðin oft og þurka af þeim ryk og óhreini.

Ef blöðin eru með litlum brúnnum blettum, er gott að bera á þau nikotinlög (20 gr. af 10% nikotinextrakt í 1 l. af vatni).



Morgunblaðið

Ótgef. H. Árvakur, Reykjavík.
 Ritstjórnari: Jón Kíartansson og Valtýr Stefánsson (Ábyrgðarmaður).
 Auglýsingar: Ární Óla.
 Ritstjórn, auglýsingar og afgreiðsla: Austurstræti 2. — Sími 1600.
 Áskriftargjöld: kr. 3.00 á mánuði.
 Í gættu: 15 auru eintakís — 12 auru með Lesbók.

FRAMBOÐ PUNNFYLKINGARINNAR.

Þegar lítið er yfir framboðin í öllum kjördæmum landsins, getur engum dulist, að það sem sagt hefir verið hér í blaðinu um samvinnu rauða flokkanna, er óhrekjanleg staðreynd.

En það er tvent: Annars vegar samvinnan, samfylkingin.

Hins vegar ólíkindalætin og tilraunirnar að dylja þetta og blekkja kjósendur.

Skiftir í því sem öðru mjög í tvö horn um pólitíska framkomu flokkanna.

Stjórnarandstæðingar hafa komið sjer saman um samvinnu í ákveðnum kjördæmum í því skyni, að hrinda af stóli þeim óhappamönnum, sem þar hafa setið undanfarandi og leitt ógæfu og böll yfir þjóðina. Og þessa samvinnu fara þeir alls ekkert dult með. Öll þlöggu eru lögð á borðið, og kjósendurnir taka svo sínar ákvarðanir um það, hvort þeir vilja ganga saman í þá íslensku breiðfylkingu, sem hefir sett sjer það mark, að taka völdin af sósíalístunum.

Áhugamál beggja þessara flokka geta svo fullkomlega notið sín innan þessarar umgerðar, enda hefir Sjálfstæðisflokkurinn aldrei hlaupið frá þeim vanda að samrýma hagsmunum alra stjettja þjóðfjelagsins.

En þessi aðferð er ekki alveg eftir kókkabók rauðliðanna. Enda væri hún vist ekki jafn heppileg fyrir þá. Það verður vist dálítið erfiðara að verja þunnfylkinguna frammi fyrir kjósendum landsins, og fá t. d. bændur til þess að sannfæra um, að kommúnistar sjeu sjálfkjörnir samstarfsmenn þeirra.

Bændur munu seint fylkja sjer undir fana 9. nóvembers.

Þess vegna neyðast þessir flokkar út í það ólánsfál, að reyna að blekkja kjósendurnar. Gera þeir það með því, að bjóða allir fram í þeim kjördæmum, þar sem það skiftir engu máli.

Þeim er óhætt að bjóða fram menn í Gullbringu og Kjósarsýslu, því að þar gín vonleysið móti þeim hvort sem er.

Sama er um Borgarfjörð, Snæfellsnes, Dali o. s. frv.

Þó að kommar sjeu ekki allstaðar með, þá stafar það af því einu, að þeir hafa varla nógu marga hlaupastráka til þess.

En bak við þessar dögur skín svo allstaðar í þann raunverulega tilgang, að spilla ekki hver fyrir öðrum.

Framsókn býður ekki fram í Hafnarfirði, því að ekki má spilla fyrir hinum rýru möguleikum Emlis, og ekki heldur Finni til óþægðar á Ísafirði.

Þá má svo sem nærri geta, hvað bak við liggur, að Framsókn býður engan mann í Norður-Ísafjarð-

arsýslu. Það er ástin á dumpkandidatinum Vilmundi.

EKKI angrar Framsókn heldur Harald vin sinn á Seyðisfirði frekar en áður, því að hann mun ekki vera þar meira en svo öruggur.

Fyrir þetta fær svo Framsókn þau fríðindi, að sósíalistar styðja þá í nokkrum hættulegum kjördæmum og hafa þar engan í boði.

Má nefna þar Skagafjörðinn, þar sem sósíalistar draga nú frambjóðendur sína til baka þrátt fyrir alt gort sitt um aukði fylgi þar. Þá er og Norður-Múlasýsla orðin svo hættuleg, að ekkert má draga frá samherjunum.

Og svo er það loks Rangárvallasýsla, þar sem Framsókn hefir lengi verið að rembast við að koma sínum mönnum að. Nú eiga þeir ekki að deyja þar úr „hlustarverk“ (G. P.) eins og síðast.

Enn skýrari er þó samfylking Framsóknar og kommúnista.

Fyrir vonina stóru um, að kommar geti fengið Einar Olgeirsson kosinn í Reykjavík með atkvæðum Framsóknar, draga þeir sína frambjóðendur til baka allr staðar, þar sem þeir geta fengið tækifæri til að hjálpa nauðstöddum Framsóknarmönnum.

Er sú skrá, sem hjer segir: Mýrasýsla. Strandasýsla. Vestur-Húnavatnssýsla. Austur-Húnavatnssýsla. Skagafjarðarsýsla. Norður-Múlasýsla. Árnessýsla.

Í öllum þessum kjördæmum fengu kommúnistar töluvert hrafl af atkvæðum síðast.

Og svo ætlar Framsókn að reyna að telja mönnum trú um, að þeir láti kommúnista ekkert fá fyrir alt þetta. En eina borgun, sem þeir geta veitt kommunum, er stuðningur við Einar Olgeirsson í Reykjavík.

Ennfremur styðja svo kommúnistar Alþýðuflokkinn með því að bjóða engan mann fram á þessum stöðum, sem eru hættulegir fyrir þá:

Hafnarfirði, Ísafirði og Seyðisfirði.

Þegar á alt þetta er lítið hlýtur það því að verða angljóst hverjum manni, að hjer er samfylking, þó að hún hafi ekki átt að sjást.

En hún sjeft, og það riður baggamunum.

Menn kjósa ekki þetta landsbornalið.

Þess vegna verður þessi fylking — punnfylking!

Sjálfstæðismenn, sem vita af flokksmönnum er dvelja erlendis, eru befnir að gefa upplýsingar um það á kosningaskrifstofu Sjálfstæðisflokksins í Varðarhúsin. Símar 2339 og 2907.

Afskifti ríkisins af málefnum bæjar- og sveitarfjelaga.

„Hafa verður að leiðarstjórnun að rjettur ríkisins og skyldur þess fari saman“.

Flestar ráðstafanir, sem almannavaldið eða hið opinbera gerir almennungi til hagsbóta, kosta peninga. Það er lítil vandi að stjórna og láta margt gott af sjer leiða, ef nægt fje er fyrir hendi og hvergi þarf að horfa í kostnað. Höfuðvandinn við alla stjórn, hvort heldur er ríkis eða bæjar og sveitarfjelaga, er að útvega fje til þeirra aðgerða, sem taldar eru heppilegar eða nauðsynlegar.

Af þessu leiðir aftur óhjálkvæmlega það, að sami aðillinn, sem segir, hvað skuli framkvæma, hann verður einnig að bera ábyrgð á því, hvernig fjárins er aflað, bæði til framkvæmdanna sjálfra og til að standa undir áhættunni, sem af framkvæmdunum stafar. Þetta er

skiftalansan. Sveitarfjelögunum var þar á móti ætlað að sjá fyrir þeim, sem bjargþrota urðu af hverjum ástæðum og hjet ríkið þeim eftir riflegar tekjur til þess, enda þurfti það sjálft á tiltölulega mjög litlum tekjum að halda. Ennfremur var sveitarfjelögunum ætlað að sjá fyrir ýmsum sjerþörfum hjeraðanna, sem ríkið

Þetta var ekki gert. Ríkið tók sjer rjettinn, en hjet skylduna hvila eftir á bæjar- og sveitarstjóðunum. Afleiðingar þessa eru skaðsamlegar á fleiri en einn veg. Með þessu var ríkið, a. m. k. í bili, firrt ábyrgð gerða sinna og varð því miklu ófemeirna en ella til afskifta sinna af atvinnumálum. En reynslan hefir því miður sýnt, að þessu er samfara mjög stórfeld hækkun fátækraframferis og atvinnubótafjár, sem einnig hvílir að mestu á bæjunum. Sú hækkun verður hinsvegar til þess að sliga bæjar- og sveitarsjóði á tiltölulega skömmum tíma. Ríkið verður að visu þá að hlaupa undir bagga, en það er um seinnan, því að þegar bæði er búið að sliga bæjar- og sveitarsjóði og kyrkja atvinnuvegina, er hætt við, að ríkið kunní fá ráð til bjargar.

Eftir Bjarna Benediktsson prófessor.

viðurkend stjórnarregla alstaðar þar sem menn gera sjer grein fyrir hvað til góðs stjórnarfarar heyrir. Að visu verður yfirleitt, þar sem um umfangsmikla stjórn er að ræða, sijn hver embettissmaðurinn eða jafnvel stofnunin að fara með framkvæmdirnar og fjármálin, en sá, sem með þau fer, verður ætíð að hafa úrslitaráðin, ef vel á að fara. Hiitt hlýtur ætíð að enda í óstjórn og vitleysu á skömmum tíma, ef það er alt annar aðili, sem gefur fyrirskipaupirnar um framkvæmdir, en sá, sem á að útvega fje til þeirra.

taldi óhagkvæmt að skifta sjer beinlínis af.

Það er óþarft að rekja fyrir mönnum, að sá hugsunarháttur, sem lýsti sjer í þessu afskiftaleysi ríkisins, er nú fyrir löngu horfinn úr löggjöfinni. Hjer skiftir það engu máli, hvort það er heppilegt eða ekki, að ríkið taki sjer þannig forsjá um efnalega afkomu borgaranna. Hiitt er staðreynd, að ríkið hefir gert þetta. Ríkið hefir nú tekið sjer fyrir hendur að skipuleggja alla afkomu manna með þeim hætti, að nú eru allir atvinnuvegir landsmanna ýmist undir beinun stjórn ríkisins og fulltrúa þess eða þá undir svo ströngu eftirliti þess, að enginn má um frjálst höfuð strjúka án stjórnarsamþykkis.

Ríkið hefir því nú umfram alla aðra innlenda aðila ráðin yfir afkomu atvinnuveganna og þar með almennings. Og það er ríkið sjálft, sem þessi umráð hefir, en hvorki bæjar- nje sveitarstjórnir. En hiitt gleymdist ríkinu þegar það tók þetta mikilsverða vald í sínar hendur að taka um leið á sig ábyrgðina á því, hvernig færi um meðferð valdsins. Ábyrgðin hvílir, sem sje ennþá, fyrst og fremst á bæjar- og sveitarsjóðunum. Því að það eru bæjar- og sveitarsjóðirnir, sem standa undir fátækraframferinu að langmestu leyti. En það, hve margir þurfa að leita fátækraframferis, stjórnast fyrst og fremst af afkomu almennings, en hún er komin undir afrakstri og ástandi atvinnuveganna. Þegar því ríkið tók að sjer forræði atvinnuveganna átti það vitanlega, skv. rjettum stjórnarreglum, að taka á sig um leið skylduna til að standa straum af fátækraframferinu.

Það er vafalaust mjög ánægjulegt fyrir ríkisstjórnina að geta um skeið látið svo, sem hún kunní ráð við öllu og geti leyst hvers manns vandræði með skipulaguningu sinni, skelt allri ábyrgðinni yfir á lægra sett stjórnarvöld. En hættan er sú, að því skemtilegra, sem stjórninni finst gamanið, því styttra verði það, því fyrr takist henni að sliga bæjar- og sveitarsjóðina algerlega.

En ekki nóg með þetta, heldur hefir ríkisvaldið beinlínis tekið sig til og breytt fátækrafögunum í því skyni að stefna sem mestum hluta sveitarþyngsla alls landsins á Reykjavík og stærri staðina. Þetta er gert með afnámi sveitfestimans; af því hlýtur óhjálkvæmilega að leiða það, að þeir, er á styrk þurfa að halda, safnast í fjölmennið, þar sem minst ber á vandræðum þeirra og þeir síst þurfa að búast við óþægindum þeirra vegna. Enda eru nú þegar kunn mörg dæmi þess, að menn er beint og óbeint hraktrir úr fámenninu til Reykjavíkur, á sveitina þar.

Til viðbótar þessu kemur svo það, að með hinum nýju framfærslulögum er atvinnumálaráðherra fengið úrslutdarvald um kærær framfærsluþega yfir af lögum styrkveitingum. Er úrslitalvaldið í þessum málum, sem bæjar- og sveitarsjóðirnir eiga að útvega gjöldin til, þannig einnig að þessu leyti fengin að nokkru í hendur ríkisstjórninni. Fer því þó

FRAMH. Á SJÖTTU SÆÐU.

Grein Bjarna Benediktssonar.

FRAMH. AF FIMTU SIDU. Fjarri, að aðalastum þyki þetta nóg, því að á síðasta þingi fluttu þeir frv. um að fá ríkinu enn meiri afskiptarjett af þessum málum, og raunar full yfirráð, að því, er Reykjavík varðar, þó að þeim gleymist hitt að láta ríkið þá um leið taka við fjárflokkuninni.

Með þessu er þó engan veginn sagt, að ekki skifti mjög miklu, hvernig á þessum málum er haldid af bæjar- og sveitarstjórnunum. Þó að þar ríði ekki við frumorsakirnar að aukningu fátækra-framfarisins, er hægt að verja misjafnlega byggilega því fje, sem til þes ser atlað. Er og ómögulegt að standa undir þessum böggum til lengdar nema ýtrasta sparsemi og aðræsla sje við höfð. Má Reykjavík í því efni vel við þna þann dóm, sem hennar fjármála-stjórn fékk hjá stjórnarþíðinu, þegar það útlökkaði hana eina af öllum bæjar- og sveitarfélögum frá rjetti til aðstoðar Kreppulána-sjóðs vegna þess, hversu vel stað hún væri.

En sum önnur útgjöld, mjög veruleg, hafa bæjar- og sveitarstjórnirnar enn síður á valdi sínu, hversu há skuli vera, en verða þó að standa undir þeim.

Má þar fyrst nefna lögreglu-málin. Skv. gildandi lögum getur dómsmálaráðherra innan vissra takmarka mælt fyrir um það, hversu margir lögregluþjónar skuli vera í bæjum og kaupþónum með 1000 íbúum o. fl. Hefir þessari heimild svo sem kunnugt er verið beitt hjer í Reykjavík, gegn tillögum bæjarstjórnar, þegar á kveðin voru 60 lögregluþjónar. Undir lögregluþjónafjölda er vit-anlega fyrst og fremst kominn kostnaðurinn við lögreglumálin. E. t. v. má segja að það sje nokkur heimild á ráðherra að misheita heimild sinni í þessu efni, að ríkið getur orðið skylt til að greiða einn sjötta hluta lögreglukostnaðar, ef ráðherra gefur slíka fyrirskipun. Því fæ þó fjarri að þetta sje nóg aðhald. Hitt á að gilda hjer, að sú, sem ráðin hefir á að þessa kostnaðinn í þessu efni, í þessu efni því ríkið. — Enda ræður lögreglustjóri, sem er embættis-maður ríkisins, því, að langmestu leyti, hversu rekstrar-kostnaður lögreglunnar er mikill að öðru leyti, og getur bæjarstjórn einungis sáralitil áhrif á það haft.

Mjög svipuðu máli gegnir með barnaskólana. Um þá gilda ýmist bein fyrirmæli laga eða úrslitaráðin um útgjöld eru að verulegu leyti í höndum fræðslumálastjórnar og skólancefnda, sem hún eftir niverandi flokkahlutföllum ræð-ur meirihlutanum í. Eftir núgildandi löggjöf væri vafalaust lang-eðlilegast, að ríkið tæki að sjer allan rekstur skólanna, þar sem það nú greiðir einungis lítinn hluta kostnaðarins við þá. Sama er að segja um Gagnfræðaskólann í Reykjavík, hinn svonefnda Ingi-marskóla.

Svipuðu máli gegnir eanfremur um skyldur bæjar- og sveitarfje-laga í sambandi við tryggingar-

löginn nýju. Með þeim eru mikil gjöld lögð á herðar þessum að-íljum, en þeir hafa raunverulega þýsna lítill umráð þeirra mála, sem mest hafa gjöldin í för með sjer, heldur gilda ýmist um þau bein lagafyrirmæli eða úrslitin eru hjá tryggingarráðinu, sem er hrein ríkisstofnun. Enn mætti telja byggingarsjóðstillagið (verka-mannabústaðina), vinnuöflunar-skrifstofuna o. s. frv.

Frekari upptalningum skal þó slept. Enda ætti af framansögðu að vera orðið ljóst, að því fer fjarri, að í valdskiftingunni milli ríkis annarsvegar og bæja- og sveitarfélaga hinsvegar hafi þeirri sjálfsgöðu reglu verið fylgt að láta úrslitaráðin og fjárfveg-unnia vera á sama stað.

Að vísu verður því ekki í móti mælt, að í valdatíð niverandi stjórnar, hefir það orðið enn þerra en áður, hver hættir er hjer á ferðunni. Hefir og af stjórninni vitandi vits verið að því unnið að koma sem mestum byrðum einkum á Reykjavík, en svifta þeinnu um-ráðum málanna. Rætur meinsins eru samt eldri og liggja í því, að menn gæta þess ekki, að um leið og vald ríkisins er aukið verður jafnframt að láta það taka við þeim byrðum, sem þetta vald ræð-ur nú hversu þungar verða, en áður máttu að skaðlansu hvíla á öðrum.

Menn hafa og all-lengi fundið til þess, að hjer var eitthvað at-hugavert. Hefir það einkum komið fram í leit að nýjum skattstofnum handa bæjar- og sveitarfélögum. Skal og jatað, að þetta er mikils-vert atriði, einkum vegna þess, að ríkið hefir á síðari árum gengið mjög á skattstofna bæjar- og sveit-arfjelaga. En þessi leit hefir ekki tekist, því að hvert sem litið er, þá er hver eyrir upp-urinn annað-hvort af bæ eða ríki, og með nú-verandi stjórnarháttum er ómót-mælanlegt, að háðir aðilar þurfa fyllilega á sínu að halda.

Aðalatriðið getur því aldrei or-ðið það að gera nýja skiftingu á tekjustofnum milli þessara að-ila, þó að því megi ekki gleyma. Hitt er miklu meira um vert að taka upp nýja stjórnarhátti, sem geti leitt til betri afkomu fyrir alla en nú er. Eitt frumskilyrðið fyrir því að svo megi verða er, að öll bæjar- og sveitarstjórnar-löggjöfin sje tekin upp til ræki-legrar endurskoðunar og nýsköp-unar, þar sem það sje haft að leiðarstjórn að láta rjett og skyldu fara saman.

Fyrir þessu mun Sjálfstæðis-flokkurinn beita sjer, ef hann fer völdin við kosningarar 20. júní.

Bjarni Benediktsson.

**Kjötfars.
Hvítkál.
KLEIN,**

Baldursgötu 14. Sími 3073.

Brjef send Morgunblaðinu.

Sjómenn snúa baki við Alþýðuflokknum.

Alþýðublaðinu 11. maí s.l. birtist grein um fjársöfnun í kosningarsjóð Sjálfstæðisflokksins og er þar fyllilega gefið í skyn, að jeg og skipstjórnin á „Snorra goða“ höfum haft í hötunum við skipverja um atvinnumissi, ef þeir „gæfu“ ekki, eins og blaðið kemst að orði, vissa fjárupphæð í kosningarsjóð Sjálfstæðisflokksins.

En samleiðurinn er sá, og hefir eigi verið farið í neina launkofa með, enda ekki ástæða til þess, að áskrifalista hafði jeg með höndum frá skrifstofu Sjálfstæðisflokksins, þar sem skipverjum á Snorra goða gaft kostur á að skrifa sig fyrir ákveðnum tillögum í kosningarsjóð flokksins. En eins og gefur að skilja var mönnum það algerlega í sjálfsvald sett, hvort þeir legðu nokkuð fram eða ekki.

En útkoman varð sú, að af 35 skipverjum voru það aðeins tveir menn, sem óskuðu ekki eftir að leggja fram tillag til Sjálfstæðis-flokksins.

Jeg hef aldrei verið neitt myrkur í máli um þá skoðun mína, að jeg ált að atvinnulífi þjóðarinnar sje mikil hættu þáin, verði ekki gagnager breyting á afstöðu stjórn-arrvaldanna til þeirra mála. En að mönnum hafi verið hótað um atvinnumissi, af mjer eða öðrum, um borð í Snorra goða, því atriði vil jeg vísa heim til fósturhúsanna, enda kemur ekki til mála, að slík aðdróttin sje annað en ágískun skrifinnanna sjálfra, sem um mál-ið rissa.

Í þessu sambandi dettur mjer í hug máltækið „Margur heldur mig sig“, því öll stjórnmalastarsemi Alþýðul. hefir fyrst og fremst byggt á því, að tileinka andstæð-ingum sínum allt það ljóta, sem þeirra eigin hugur er fullur af og gegnir það furðu, að sumir virðast ekki hafa komið auga á þennan ágalla þeirra fyrir en upp á síðkastið. Sem betur fer virðist nú um straumhvörf að ræða í þessu atriði, enda hefir sósíalístaþjórd-in komist að raun um það sjálf, að margir þeir, sem áður trúðu og treystu þeim fyrir málum sínum, hafa komið auga á, að eigin-hagsmunir og valdagræði stjórn-a öllum þeirra gerðum. Að svíkja gefin loforð virðist ekki hafa meiri áhrif á þá, en köttinn, sem leikur sjer að músinni. Þannig hafa þeir leikið sjer að fögrum vonadraumum almennings um bjarta og hlýja framtíð.

Þegar svo lýðskrumararnir komast að raun um, að uppgjörið er í nánd, reyna þeir enn á ný að reíða til högges og kasta „bomb-um“ svo þeirra eigið svívirðilega framferði lendi á herðum and-stæðinganna. En þeir munu komast að raun um, að í þetta sinn lendir höggið á þeirra eigin kjálka, því það vita bæði guð og

menn, að engir flokkar hafa gengið jafn langt í fjárkúgunum eins og Alþýðuflokkurinn og Fram-sóknarflokkurinn. Framsóknar-flokkurinn tekur vissa upphæð af launum bitlingahjarðar sinnar. Fyrir utan frjálslar samkotaher-ferðir Alþýðuflokksins, er hver-um einhasta verkamanni og konu settur sá kostur, annað hvort að ganga í eitthvert verkjósafjelag innan Alþýðusambandsins og þar með greiða árgjald til þess fje-lags, eða að öðrum kosti verða svift þeim möguleika, að vinna sjer inn fyrir daglegu brauði.

Meirihluti þess árgjalds, sem verkafólk er þannig neytt til að greiða, rennur beint í kosninga-sjóð Alþýðuflokksins og það er öllum ljóst, að það eru margir, sem það gera ekki af fúsum vilja, að styrkja þannig flokk, sem þeir hafa enga tiltrú til.

Hver er það þá, sem hefir í hót-umum við fólk um atvinnumissi og þvingar það til fjárfamlags til handa sínum eigin pólitíska flokki?

Alþýðublaðsannleiðurinn mundi verða á þá leið, að það væru Sjálf-stæðismenn, en almennigur mun deama á annan veg í þessu máli og það áður en langt um líður. Þá mun þeirra eigin „bombum“ verða kastað framan í þá sjálfa og get jeg vel unt þeim sja, að teygja að sjer lyktina af þeim, svo nota-leg sem hún er.

Annars er mjög skiljanleg sú örventing, sem gripið hefir aum-ingja mennina, því hver mundi ekki örventa í þeirra sporum, sjá-andi sjómannastjettina og verka-lyðina í landi, eða þá þeirra, sem hafa að undanförunu fylgt þeim að málum, snúa við þeim baki og beita sjer fyrir kosningu þeirra mestu andstæðinga.

Að öðru leyti álit jeg það alls óverðskuldadann heiður, sem mjer er sýndur með því, að komast á „svarta lista“ Alþýðublaðsins, því venjulega hlötnast ekki nema bestu mönnum þjóðarinnar sú sémnd. En jeg mun hafa hugfast orðtakið, að „vandi fylgir veg-sémd hverri“.

Guðm. Egilsson
(loftskettam.).

E-listinn er listi Sjálfstæðis-flokksins.

Íbúð óskast.

Barnlaus hjón óska eftir íbúð frá 1. júlí, í herbergi og eldhúsi með öllum nýfiskum þægindum, helst í Austurbænum. Má vera í góðum kjallara. — Fyrirfram-greiðsla.

Tilboð sendist afgreiðslu blaðs-ins fyrir 1. júní, merkt „Fóst at-vinna“.

Samtal við próf. Nörlund

FRAMH. AF ÞRIDJU SIDU verður teiknað í mælikvarða 1:100.000, eins og þeir upprætt-ir, sem þegar eru gerðir af land-inu. En þegar búið er að gera upprættina eftir myndunum, þurfa menn að fara um landið til þess að sjá um að allt smálegt, sem á upprættinum á að vera, komi þar með. Hús, vegir o. þessh. koma ekki nægilega greinilega fram í myndum, sem teknar eru úr 4000 metra hæð. Einnig þarf að athuga gróðurlendin. Því þó hægt sje að sjá nokkur litbrigði á myndunum, eftir því hvort land-ið er gróðið eða ógróðið, þarf það nánari athugunar við á eftir.

— Flugvælinn sem notuð verður — 7

— Er vönduð Henkel flugvælin, sem kostar um 100 þús. krónur. Við höfum útbúnað til þess að geta tekið hana um borð í Hvidbjörnen, ef á þarf að halda, t. d. vegna veðurs. Annars verður henni lagt nálægt skipinu, þar sem Hvidbjörnen heldur kyrru fyrir.

— Og hvar búiast þið við að hafa helstu bækiðstövar ykkar meðan á verkinu stendur?

— Jeg vonast eftir að flugvælin verði ferðafar á miðvikudag eða fimtadag, og þá förum við fyrst upp í Hvalfjörð. Þar verð-um við meðan við erum að taka myndir af vestanverðu hálendinu. Síðan flytjum við okkur til Beru-fjarðar og að lokum í einhverja fjórða á Norðurlandi.

En sem sagt, segir prófessor-inn. Starf okkar veltur mjög á því, hvernig viðrar. Við þurfum líka á nákvæmum veðurfregnum að halda. En Veðurstofan og Landsímmin hafa lofað að aðstoða okkur í því. Oft getur það komið fyrir, að þoka sje og slæmt skygni niður á fjörðum, þegar er hjart veður yfir hálendinu. Ef veðrið verður eins gott í ½ mánuð eins og í dag, þá miðar okkur vel áfram.


— Hve mikill landssvæði í Grænlandi hefir verið myndað úr lofti?

— Um 300.000 ferkílómetrar. — Svo þetta eru þá smámunir sem hjer á að gera samanborið við það.

— Já, að vísu. En þar er mæli-kvarðinn hafður 1.250.000 og nákvæminn því minni en hjer á að vera.

Vjer þökkum prófessornum fyr ir fróðleikinn og óskum honum góðs gengis með þetta fyrirtæki hans.

Draumurinn um, að fullkomina uppráttur af landinu verði gerður, er nú að rætast. Uppráttur sá verður að mestu verk danskra málverðamanna, sem ár eftir ár hafa unnið starf sitt hjer með þrautseigu og hinni mestu nákvæmni. Smíðshöggið á verk þetta á nú að reka á í sumar, er vaskir flugmenn og djarfhuga fljúga inn yfir öræfin. Allur almennigur mun fylgja því starfi með mikilli athygli og vona, að engin óhöpp komi fyrir, allt megi ganga að óskum.



Þegar Haraldur lúfa vann þjóð sinni það óheillaverk, að skerða...

Vilji benda til frjálsrar eignar á jörðum sínum, er upphaf Íslandsbygðar.

Lerisveinn sósíalísmans, Hermann Jónasson, er framkvæmdastjóri jarðránsins.

Kirkjubygging á Skólavörðuhæð og kirkjulíf bæjarbúa.

Frá aðalsafnaðarfundi.

Aðalsafnaðarfundir hjer í bæ vekja oft fremur litla eftirtekt, og eru sjaldan fjölmennir.

Safnaðarfundurinn, sem haldinn var í dómkirkjunni á sunnudaginn var, var þó samlega sóttur.

Umraeður snerust aðallega um byggingu nýrrar dómkirkju á Skólavörðuhæð og kirkjulegt starf í úthverfum bæjarins.

Í kirkjubyggingarsjóði eru nú taldir um 65.500 kr., en þá eru veðeildarbrjef sjóðsins, um 49 þús. kr., talin með fullu nafnverði.

Samþykkt var þessi tillaga: „Þar sem landsstjórnin hefir nú talið húsnæmleikaríkissins að gera uppdrátt af hinni væntanlegu kirkju á Skólavörðuhæðinni vill aðalsafnaðarfundur dómkirkjusafnaðarins leyfa sjer að beiðast þess hjer með, að bæjarstjórnin ákveði fyrir þessa kirkju hið allra fyrsta nægilega stórt svæðið efst á hæðinni, þar sem henni jafnan hefir verið ætlað að standa.“

Fánalíðsfundur verður haldinn í Vardarhúsinu kl. 8 1/2 í kvöld. Allir fánalíðsmenn eiga að mæta á fundinum.

Þjónustur í Laugarnesskóla og húsvitjað í því skólahverfi. Við barnagudstjónustur hefir cand. theol. Magnús Runólfsson starfað með honum.

Er vakinn talsverður áhugi hjá fólki þar inn frá, um að fá síra Garðar að starfa þar áfram, og til að verða sjerstakur og sjálfstæður söfnuður.

Sóknarnefnd hefir þegar varið því fje, sem hún má, til þessa starfs, en nýlega hefir henni borist nokkur styrkur til starfsins frá kirkjuráði, og fyrirheiti um styrk til prestslauna frá kirkjunálaráðherra.

Aðalerfiðleikarnir sem stendur eru húsnæðisleysi, því ýmsra hluta vegna er skólastofan, sem notuð hefir verið, óheppileg þegar að sókn fer sívaxandi að gudstjónustunum.

Voru skoðanir nokkuð skiftar á fundinum um hvort sóknarnefnd dómkirkjusafnaðar skyldi reyna að koma þar upp bráðabirgðakirkju í sumar eða hitt, að fyrst skyldi hin nýja Laugarnessókn viðurkend af kirkjustjórn og sóknarnefnd hennar, svo gangast fyrir kirkjubyggingu með góðri aðstoð dómkirkjufundarinnar.

S. Á. Gíslason.

Fánalíðsfundur verður haldinn í Vardarhúsinu kl. 8 1/2 í kvöld. Allir fánalíðsmenn eiga að mæta á fundinum.


E-listinn er listi Sjálfstæðisflokksins.

Samkomuhús Sjálfstæðismanna í Vestmannaeyjum.

Hið glæsilega samkomuhús, sem Vestmannaeyingar eru að reisa sjer fyrir forgöngu Sjálfstæðismanna í Eyjum, kemst undir þak núna um mánaðamótin, en fullgert mun húsið verða á þessu ári.

Unnið hefir verið við byggingu húsnæs síðan í októbermánuði í fyrrrahaust og verður allri steypuvinnu við það lokið í þessari viku. Þessi bygging skapaði töluverða vinnu í Eyjum í vetur.

Gísli Wium, frjettaritari Morgunblaðsins í Vestmannaeyjum, er staddur hjer í þennum þessa viku í erindum fyrir samkomuhúsið.



Dagbók.

Veðrið í gær (Þriðjud. kl. 17): Vindstaða er víðast milli N og A hjer á landi og vindur yfirleitt hægur.

Veðurtilit í Reykjavík í dag: Stítt og hjart veður.

E-listinn er listi Sjálfstæðisflokksins.

Hressingarskálagarðurinn við Austurstræti tekur daglega miklu um framförun og er nú orðinn algrenn.

Hjúskaþur: SÍ laugardag voru gefin saman hjónaband af síra Ó. J. Olsen ungfrú Ragnheiðu P. Þórólfsdóttur og Guðmundur Á. Bjarnasson.

Farþegar með „Brúarfossi“ vestur og norður í gærkvöldi: Richard Thors forstjóri, Tryggvi Sveinbjörnsson m. frú, Jakob Hafstein, Jóhann Hafstein, Jón Kristinn Hafstein, Davíð Stefánsson skáld, Bára Ólafsdóttir, Þjetur Magnússon og frú, Ólafur Þórðarson, Markús Ivarsson, Petrina Jónsdóttir, frú S. Christensen, Sig. Kristinnsson, Helgi Guðmundsson, Ásgeir Matthíasson, Bjarnfr. Bjarnadóttir, Málfr. Árnadóttir, Ásg. Ásgeirsson, Þórður Þorbjarnarson, Sig. Thoroddsson, Ingólfur Espólin o. m. fl.

Delfínus kom hingað í gærmorgun og fór í nótt til Borgarness.

Perðafjelag Íslands biður þá fjelagsmenn, sem ef til vill hafa ekki fengið árbók fjelagsins 1936, að gjöra svo vel og gjöra ádyrt gjaldkera fjelagsins Kr. Ó. Skagafjörð, Túngötu 5. Þá eru nýir fjelagar beðnir að snúa sjer til hans.

Eimskip. Gullfoss kom til Kaupmannahafnar í gær. Goðafoss fór frá Sandárkróki í gær áleiðis til Ísafjarðar. Brúarfoss fór vestur og norður í gærkvöldi kl. 8. Dettifoss fór frá Hull í gær, áleiðis til Vestmannaeyja. Lagarfoss kom til Leith í gærmorgun. Selfoss fór frá Hull í gær áleiðis til Leith.

Sjálfstæðismenn, sem vita af flokksmönnum er eiga kosningarjett í öðrum kjördæmum en þeir dvelja í nú eða koma til að dvelja í fyrir kjördag, eru áminnt um að láta kosningaskrifstofu Sjálfstæðisflokksins í Vardarhúsinu vita sem fyrst. Símar 2339 og 2907

Sjálfstæðisflokkurinn í Hafnarfirði hefir opna kosningaskrifstofu í Strandgötu 39 (áður útbú Landsbanka Íslands). Skrifstofan er opin alla daga og þangað settu menn að snúa sjer viðvíkjandi Alþingiskosningunum. Sími 9228.

Sumarskemtistaður Sjálfstæðismanna að Eiði. Nú fer að líða að þeim tíma að sumarskemtistaður Sjálfstæðismanna að Eiði í Gufunesi verði tekinn í notkun. Munu Sjálfstæðismenn og konur, sem minnst sólarlaganna þar í fyrra sumar, alment fagna því. En ýmsilegt þarf að lagfæra og bæta úr en hægt er að halda skemtanir þar innfrá í fyrra unnu þar margir sjálfboðaliðar, og nú er þess vænt, að menn, sem tíma hafa til að leggja fram sjálfboðavinna, gefi sig fram við Bjarna Sigurðsson í Vardarhúsinu næstu daga.

Hvöt. Sjálfstæðisvennafjelagið, heldur fund í Oddfellowhúsinu í kvöld kl. 8 1/2.

Millisíð veiddist nýlega inni á Polli á Ísafirði, um 100 tunnur í landnot. Hefir slík veiði ekki fengið þar í mörg ár.

Sjálfstæðismenn í Vestmannaeyjum hafa opnað þar kosningaskrifstofu á Vestmannabraut 30. Trúlofun sína opinberuðu í gær ungrú Helga Egilson og Rógalvaldur Sigurjónsson.

Fiskbúðin á Leifsgötu 32 hefir síma 3506. Í auglýsingu frá fiskbúðinni í blaðinu í gær hafði misprentast símanúmerið.

Útvarpið: Miðvikudagur 26. maí. 19.20 Útvarpshljómsveitin leikur.

20.00 Frjettir. 20.30 Erindi: Eitþing og áhrif lífsskilyrða, II (Ingólfur Davíðsson magister). 20.55 Tónleikar Tónlistarskólans. 21.25 Hljómplötur: Endurtekin lög (til kl. 22).

Síldarverksmiðjurnar.

FRAMH. AF ÞRIÐJU SÍÐU. smiðjanna hafa ekki verið aukin með nýbyggingum.

Á síðustu stundu nú í vor var ákveðið að byggja nýja síldarþró á Siglufirði, sem á að taka aðeina 20 þús. mál. Þróin verður miklu dýrari en hún fyrri að verða, vegna þess hve seint var ákveðið að byggja hana. Byggingarféni er keypt, hvar sem það læst, dýrum dónum og unnið er við byggingu hennar í eftirvinnu, samt er óvíst, að þróin verði tilbúin fyrir síldartíma. — Einnig er talið ísafsamt, hversu hentugt fyrirkomulag sje á innrjettingu hennar.

Smátt fjell nú úr hendi, þegar þessi þróarbygging er mesta „afrek“ stjórnaflökkanna til aukningar á síldarverksmiðjum.

Þessi aukning er hverfandi. En vegna byggingar verksmiðjunnar á Hjalteyri og viðbótar á Djúpavíkurverksmiðjunni, ásamt hækkuðum bræðslusíldarverðsins, fara fleiri skip á síldveiðar í sumar en nokkur sínni áður.

Sveinn Benediktsson.

Til brúðargjafa:

POSTULÍNS matar- og kaffistell. KERAMIK

te-, kaffi-, ávaxtasett, og ótal margt fleira.

KRISTALL handunninn, mikið úrval.

K. Einarsson & Björnsson.

Bankastræti 11.

Advertisement for P. W. Jacobsen & Søn. Stofnuð 1824. Símnefni: Granfur — Carl-Lundsgade, Köbenhavn O. Selur timbur í stærri og smærri sendingum frá Kaupmannahöfn. — Elk til skipasmíða. — Einnig hella skipstarna frá Svíþjóð. Hefi verslað við Ísland í meir en 80 ár.

Kaupskapur

Smálúða, Rauðspretta, Ysa, Þyrsklingur, beinlaus og roðlaus fiskur. Daglega nýtt. Fisk & farsbúðin, sími 4781.

Túnþökur góðar, ódýrar til sölu. Upplýsingar í síma 4024.

Saltkjöt, kr. 0,50—0,73 pr. ½ kg. í smásölu. Ennfremur í ½ og ¼ tn. Kaupfelag Borgfirðinga. Sími 1511.

Nýr silungur í dag og framvegis í Fiskbúðinni. Frakkastíg 13. Sími 2651.

Kaupi gamlan kopar. Vald Poulsen, Klapparstíg 29.

Vjelareimar fást bestar hjá Poulsen, Klapparstíg 29.

Rúgbraud framleidd úr besta danska rúgmjöli (ekki hinu sönduga, pólska rúgmjöli). Kaupfjellsbrauðgerðin.

Kjötfars og fiskfars, heimatilbúð, fæst daglega á Fríkirkjuveg 3. Sími 3227. Sent heim.

Ægisfiskur. — Á hverjum morgni: Nýr fiskur, saltaður, afvatnaður, reyktur, ágætur, 6-dýr. Símið 1705. Við sendum Fisksalan „Ægir“, Spítalastíg 10.

Alþýðingur

Slysavarnafjelagið, skrifstofa Hafnarhúsins við Geirgötu. Seld minningarkort, tekið móti gjöfum, áheituð, árstíllögum m. m.

Friggbónið fína, er bæjarins besta bón.

Með morgunkaffinu --

Nefnd sú, er setið hefir á rökstólum, til þess að ákveða, hvort hertoginn af Windsor eigi að fá nokkur laun frá enska ríkinu, hefir nú skilað álitinu, og er það á þá leið, að ríkið eigi engan fjárstyrk að veita honum.

En eftir því sem frjóst hefir, ætla stjórnir hans að styrkja hann fjárhagslega, svo að hann fái upphæð, sem nemur 25 þúsund sterlingspundum á ári.

María ekkjurotning fær 70 þús. sterl.pd. í eftirlaun árlega, og Elisabet prinsessa 6000 sterl.pd. Þangað til hún er 21 árs. Sje enginn ríkiserfingi fæddur í karlegginn þess tíma, hækkuð upphæð in upp í 15 þús. sterl.pd. Konungurinn fær sem áður 410 þús. pund á ári, en hertoginn af Gloucester 35 þús. pd.

Fyrir nokkru ljet danskur rit höfundur, þektur fyrir að vera nokkuð háfættur, skráddara sinn sauma á sig fót. En þegar hann fór að mæta þau, reyndust buxnaðskálmarnar full síðar.

Þetta var laugardagskvöld og hófið að loka hjá skráddaranum, svo að rithöfundurinn það komu sína að klippa 3 centimetra neðan af skálmunum og falda þær á ný.

En konan var í slæmu skapi og neitaði algerlega að hjálpa honum, og elsta dóttir hans og mágkoma sömuleiðis.

Um kvöldið iðraðist konan geðvöskunnar, tók buxurnar stytta þær um 3 cm. og hengdi þær upp í skáp.

Hálfri stundu síðar kom dóttirin, sem einnig iðraðist framkomu

sinar, og gerði skálmunum sömu skil. Og loks tók mágkonan þær og stytta þær enn um 3 cm.

Þegar rithöfundurinn kom niður til morgunverðar daginn eftir, rak fjölskyldan upp stór augu. Rithöfundurinn hótti heldur broslur á að láta, með skálmarnar uppi á miðjum leggjum.

Læturinn: En hvar funduð þjer til fyrst? Sjúklingurinn: Á leiðinni milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Dýskur byggingameistari hefir gert uppkast að húsi, sem hann kallar „bið sofandi hús“. Í því eru gólfir úr gúmmi og veggirnar þannig, að ekkert hljóð berst í gegnum þá.

Einn af kennurum við

mentaskólann í Lemberg í Póllandi hefir verið tekinn fastur og stúdentsprófið, sem tekið var við skólann, gert ógilt. Það kom í ljós eftir prófið, að kennarinn hafði selt stúdentaefnum verk efnið við hin skriflegu fög við prófið.

Frosið kjöt

af fullorðnu á 50 auru í frampörtum og 60 auru í lærum pr. ½ kg.

Jóhannes Jóhannsson, Grundarstíg 2. Sími 4131.

NATHAN & OLSEN



NÚ ER JEG KÁT - UR



raular hinn ánægði eiginmaður fyrir munninn sjer, þegar hann sjer að eigi hefir gleymst að láta

Colman's Mustard á kvöldborðið.



Vinna

Lofthvottur og hreingerningar. Vönduð vinna. — 4967. Guðni og Jón. 2131.

Sími 4661.

Hreingerningar og lofthvottur. Sími 4661.

Hreingerning — Lofthvottur — Gluggahreinsun. Sími 1419 til kl. 7.

Fæði

Matsala. Mánaðargjald 65 krónur fyrir manninn, 55 krónur fyrir kvenmanninn. Þjónusta fæst á sama stað. Margrjet Sigurðardóttir, Vatnsstíg 9. Neðri hæð. Steinhúsið.

Tjapað-fundið

Tvær grágæsir í óskilum. Breiðabólstað, Álfanesi, óskast sóttar strax.

Kensla

Piano og Harmonium-kensla veiti jeg í sumar. Gunnar Sigurgeirsson, Bankastræti 12. — Sími 2626.

Leiga

Sumarbústaður óskast til leigu. Upplýsingar í síma 3571 og 1318.

Sumaribúð til leigu í neðanverðri Mosfellssveit. Uppl. Áðalstræti 9 C. Sími 3799.

WILLIAMSON:

SYSTURNAR FRA DUMULM

23.

„Það hefi jeg aldrei heyrt neitt um. Annars var jeg oft í hellinum, þegar jeg var drengur. Og þar byrjaði jeg fyrst að yrkja, því að þar var ró og friður.“

„Jeg skal ekki rengja það. En eru fleiri en einu hellir!“

„Það eru mörg göng, en enginn veit með vissu hvert þau liggja. Við endann á einu þeirra er kapella með altari fyrir framan, sem höggð er út í klöppina. Enginn veit, hvenær það hefir orðið til, en munumælina segja, að sekkjapúleikarinn, sem hvarf, hafi höggð það út, meðan hann dvaldi í hellinum með konu sinni og barni.“

„Einmitt það. Hellirinn er þá langangur sekkjapúleikarans. Er til álíka göð saga um hann og svarta Bretagneherbergið?“

„Conal sagði honum söguuna um sekkjapúleikarann í fám orðum.“

„En jeg hefi enga trú á því, að sekkjapúleikarinn hafi búið altarið til“, sagði hann að lokum. „Hann var ekki nógu lengi í hellinum til þess að geta það. Auk þess svelt hann líka í hel. Þegar jeg var barn, kom vísindamaður einn í heimsókn til Gornes lávarðar. Hann taldi altarið svo gamalt, að það gæti jafnvel verið frá dögum St. Columba.“

„Þetta er allt mjög svo athyglisvert“, sagði Emmons. „Viltu þjer nú ekki setja merki hjer á uppdráttinn, þar sem inngangurinn að þessum neðanjarfargöngum er?“

„Conal tók brjefið enn á ný og skrifaði „Inngangur sekkjapúleikarans“, rjett fyrir austan Bretagneherbergið.“

„Þarna er það, á að giska“, sagði hann.

„Þakka yður fyrir“, sagði Emmons. „Neðsta hæð

hallarinnar er líklega allt að fimtíu fet yfir sjávarmáli.“

„Það geri jeg ráð fyrir.“

„Mjer þetti mjög gaman að sjá altarið“, hjelt Emmons áfram. „Gætuð þjer fylgt mjer þangað?“

„Já, það er sjálfsagt.“

„Hvenær? Á morgun?“

„Já, ef þjer komið snemma á fatur. Jeg vil síður láta hallarbúa sjá, að jeg sje að fara með ókunnugt fólk þangað, þó ekkert sje í sjálfa sjer við því að segja.“

„Um hvaða leyti á jeg að koma? Jeg er reiðubúinn hvenær sem er. Jeg geri ráð fyrir, að jeg geti farið út eins snemma og mjer list.“

„Þá skal jeg mæta yður hjerna klukkan 5½ í fyrramáli.“

10. kapituli.

Í hlitið hafði verið svart, áður en leyndöglegumáðurinn kom. Nú faust Daura það hálfu verra. Eftir að Annira fjeikt brjefið, sem Emmons hafði komið með — að því er hann taldi frá Georg — hafði hún breyst í framkomu við Dauru. Nú var hún virðuleg á svipinu, sem vera þar, þar sem hún var eldri og bjó yfir helgu leyndarmáli, sem yngri systirin mátti ekki vita um, þó að hún væri forvitin. Og hún tók málað Emmmons, þó að Daura lýsti því háttilega yfir, að hann væri hröðlegur.

Emmons var sestur að í höllinni. Hann hafði mælt til þess að fá að snæða með ráðsmanninum í stað þess að sitja einn að borðhaldi, eins og fyrst var til ætlat. Og á daginn átti hann að hafa athvarf í þjómustufólksstofunni.

„Mig langar til að kynnast lífinu hjer í húsinu“, sagði hann.

Dauru var meimilla við það, að ókunnugur maður feigi að ganga út og inn þar í höllinni. Henni faust

hann ekkert erindi eiga þar. Og hún veiti því oft fyrir sjer, hvað hann væri að vilja að Dumulm.

„Hvernig á jeg að lifa þessa nótt af?“ hugsaði Daura með sjer um leið og hún ljek undir söng Alastairs, þegar hún horfði á föður sinn og prófastinn tefla skák, og á meðan hún hlustaði á Vane Erskine lýsa húnun skosku leikjum á Skye fyrir Troy.

„Fyrst Conway er úr hættu, getum við líklega farið til Portree að horfa á dansleikinn, Daura?“ sagði Vane. „Jeg er búinn að segja herra Troy, að jeg dansi ekki, af því að við þabbi sjeum enn í sorg eftir mömmu. En það væri skentilegt fyrir hann að sjá skosku dansana.“

„Já, það er sjálfsagt að fara þangað“, svaraði Daura. Hún mætti augnaráði Troys og titringur fór um hana.

„Það er eins og augun í honum stingi mig, í hvert sinn og jeg meiti augnaráði hans — það er vist af því að jeg hata hann svona mikki“, hugsaði hún. „En jeg þjer ekki að láta hann vita, hvernig mjer er innan brjóstis, því að þá er öll von úti með Georg.“

„Hann segir“, hjelt Vane áfram, „að hann hafi aldrei sjeð dansaðan ræl, þó að hann sje skoskur í mömmu. É, hvað jeg vildi óska, að jeg gæti kent honum að dansa hann. En því niður kann jeg varla að dansa ræl lýtalaust sjálf, þó að jeg dansi annars vel, eins og þú veist, Daura.“

„Jeg stál taka að mjer að kenna herra Troy ræl, ef hann vill“, sagði Daura. „Viltu þjer það, Troy?“

Augu þeirra mættust aftur og henni varð undarlega við, eins og fyr. Þegar hann leit á hana, faust henni sem væru þau alein í hverberginu. Hiit fólkid varð eins og þokukendir skuggar. Þetta hlaut að vera hatu. Og þó ætlaði hún að fá hann til þess að elska sig. Það var talmarkið, sem hún hafði sett sjer, hvort sem það hepnadist eða ekki. Augu hans svöruðu spurningunni hennar játandi um leið og hann sagði:

Morgunblaðið

Vikublað: Ísafold.

21. árg. 264. tbl. — Þriðjudaginn 6. nóvember 1934.

Ísafoldarprentsmiðja h.f.

GAMLA BIÓ

Leyndarmál drengsins.

Hrifandi og falleg þýsk tal- og söngvamynd í 10 þáttum, eftir skáldsögu Stefan Zweigs „Brennendes Geheimnis“. — Aðalhlutverkinn leikin af góðkunnnum þýskum leikurum: WILLI FORST — HILDE WAGENER — ALFRED ABEL.

Stækkaðar ljósmyndir.

Vandaðasta og besta fánleg vinna.

Gamlar myndir endurnýjaðar og skýrðar upp. Svartur og brúnn blær. Einnig olíumálaðar mannamyndir.

Myndir af einstökum persónum teknar út úr hópmyndum.

Nýr pappír,

(flauelisappír), sem tekur öllum eldri fram.

Ólafur Magnússon,

Kgl. hirðljósmyndari,
Templarasundi 3. Sími 3449.

Melís

og Strausykur

nýkominn.

H. BENEDIKTSSON & Co.

Auglýsing

um að óleyfilegt sje að selja eða búa til hverskonar ilmvötn og hárvötn með trjéspíritus í (metylalkohol).

Nýlega eru tveir menn dánir á Akranesi eftir að hafa drukkið ilmvatn (Eau de Cologne), tilbúið hjer á landi með trjéspíritus í (metylalkohol).

Þar, esm þanig virðist vera hætt á því, að menn drekki slíka vökva, verður að telja það óleyfilegt að selja ilmvötn og hárvötn með metylalkohol í, en það er banvænt eitur.

Eru menn hjer með varaðir við því að selja eða búa til hverskonar ilmvötn eða hárvötn með umræddu eitri í.

Dómsmálaráðuneytið, 5. nóvember 1934.

Nýjar vörur

teknar upp í gær:

Ullarkjólafni, marg-ir litir.
Kjólasilki, margskonar tegundir, falleg-ir litir og gerðir.
Silkijereft, einlit og mislit.
Sloppaefni, allskonar.
Silkisokkar.
Skinnhanskar og margt fleira.

VERSLUN

Karólinu Benedikts.
Laugaveg 15. Sími 3408

Nýja Bió



Katrín mikla!

Stórfengleg ensk tal- og tónkvikmynd, bygd á sögu- legum heimildum, úr lífi Katrínar II., sem talin var mesti stjórnandi Rússlands, eftir Pjetur mikla.

Mikið úrval

af mínum eftirsóttu olíumáluðu landslagsmyndum
Allra kærkonnasta tækifærisgjöfin.

Ólafur Magnússon,

Kgl. hirðljósmyndari,
Templarasundi 3. Sími 3449.

Skriltarnámskeið.

6 vikna námskeið byrja í næstu viku. Einnig getur komið til greina styttri námstími fyrir þá sem betur eru skrifaðir og minni tilsógn þurfa. Er til viðtals í síma 3680 og Laufásveg 57, helst fyrir hluta dags.

GUÐRÚN GEIRSDÓTTIR.

LEITIÐ

upplýsinga um brunatryggingar og

ÞÁ MUNUÐ ÞJER

komast að raun um, að bestu kjörin

FINNA

menn hjá

Nordisk Brandforsikring A.S.

á VESTURGÖTU 7.

Sími: 3569 Pósthólf: 1013

Nýtt hrossabuff

fæst í

Matargerð Reykjavíkur

Njálsgötu 2. — Sími 1555.

Barnatúttur.

Notið hinar viðurkendu crystal-túttur, þær eru upp-áhald allra barna. Snuðtúttur, margar teg. — Höfum einnig hina viðurkendu barna pæla úr Jenar-gleri.



Alúðarfylsta þakklæti færi jeg öllum þeim nær og fjær, er glöddu mig með gjöfum og vinsamlegu ávarpi á 80 ára afmæli mínu þann 17. þ. m. Guð launi þeim þeirra góðvild.

Stykkishólmi, 30. okt. 1934.

Katrín Jóhannsdóttir.

Þökkum mjög vel öllum þeim, er sýndu okkur vinsemd á 40 ára hjónabandsafmæli okkar, þann 19. október, bæði með gjöfum og heillaóskum.

Þórdís Sigurlaug Benónýsdóttir, Jón Jónsson,
Framnesveg 18 B.



Hjer með tilkynnist vinum og vandamönnum, að jarðarför mannsins míns, og föður okkar, Benjamins Jóns Gíslasonar, fer fram frá Þjóðkirkjunni, þriðjudaginn 6. þ. mán. og hefst með bæn kl. 1½ frá heimili hins látna, Baugsveg 5, Skerjafirði.

Margrjet Sveinbjörnsdóttir og börn.

Konan mín, Guðný Gísladóttir frá Eyrarbakka, andaðist 3. þ. m. á Freyjugötu 38.

Jón Sigurðsson.

Munið A. S. I.

Morgunblaðið

Útgef.: Hf. Ávakur, Reykjavík.
Ritstjórnar: Jón Kjartansson,
Valtýr Stefánsson,
Ritastjórn og afgreiðsla:
Austursíðni 2. — Sími 1400.
Anglyfingarskrifstofa:
E. Hafberg.
Austursíðni 17. — Sími 3700.
Heimasímar:
Jón Kjartansson nr. 3742.
Valtýr Stefánsson nr. 4320.
Árni Óla nr. 3046.
E. Hafberg nr. 3770.
Afskriftagjald:
Innanlands kr. 2.00 á mánuði.
Útanlands kr. 2.50 á mánuði
í lausasölu 10 ára eintakið.
20 ára með Lesbók.

Andúðin vex gegn einkasölufrumvörpunum.

Yfir 550 kaupsýslumenn og aðrir atvinnurekendur viðsvegar af landinu hafa þegar falið Verslunarráði Íslands að senda Alþingi mótmæli gegn einokunarfrumvörpum stjórnarliðsins.

Atvinnurekendur þessir hafa um 3000 manns í þjónustu sinni.

Fyrir nokkrum dögum var skýrt frá því hjer í blaðinu að hátt á þriðja hundráð kaupmanna og aðrir atvinnurekendur í Rvík og Hafnarf. hefðu þá sent Alþingi harðorð mótmæli gegn einkasölufrumvörpum þeim er fyrir þinginu liggja.

Þeir sem þessi mótmæli sendu eru flest allir í ýmsum fjelögum kaupsýslumanna hjer í bænum og í Hafnarfirði.

Svohljóðandi brjef sendi Verslunarráð Íslands Alþingi í gær:

Til viðbótar mótmælum þeim, sem Verslunarráð Íslands sendi með brjefi 31. f. m., hjer því enn verið falið, fyrir hönd

155 kaupmanna og atvinnurekenda í Reykjavík,

100 kaupmanna, útgerðarmanna og annara atvinnurekenda í Vestmannaeyjum,

33ja kaupmanna og iðnrekenda á Ísafirði og

6 kaupmanna og útgerðarmanna í Hnífsdal, að mótmæla eindregið einkasölufrumvörpum þeim, sem nú hafa komið fram og að skora á þing og stjórn að fella þau.

Verslunarráðið leyfir sjer að geta þess, til skýringar, að kaupmenn þeir og atvinnurekendur, sem hjer bera fram mótmæli sín, veita yfir 1500 manns atvinnu."

Hafa þá yfir 550 kaupsýslumenn og aðrir atvinnurekendur sent Alþingi mótmæli gegn frumvörpum þessum.

Allir, sem hafa undirritað mótmæli til Alþingis hafa skýrt Verslunarráðinu frá því hve margt fólk þeir hefðu í þjónustu sinni.

Alls eru það um 3000 manns, sem atvinnu hafa við fyrirtæki þau sem hjer koma til greina.

Spítalamál bæjarins.

Greinargerð borgarstjóra.

Á síðasta bæjarstjórnarfundum var tillaga frá borgarstjóra á dag skrú, um það, að kosnið verði 2 bæjarfulltrúar í nefnd, til þess, ásamt borgarstjóra, landlækni og hjeradslækni að ihuga og gera tillögur um tilhögun á heilbrigðismálum og sjúkrahúsmálum bæjarins. Eftir tilmælum Bjarna Benediktssonar var frestað að kjósa í nefnd þessa.

Borgarstjóri gerði svohljóðandi grein fyrir þessu máli:

Reykjavíkurbær á aðeins eitt sjúkrahús, Farsóttahúsið við Þingholtsstræti.

greiða atkv. með aðaltillögu stjórnarliðsins. Það er og eftirtektafvert, að samanlögð, greidd móttakvæði eru fleiri en stjórnin fær, þrátt fyrir margra daga smölu og óhentuga fundarstaði fyrir stjórnarandstæðinga. Og fjölmennasti fundurinn, sem haldinn er svo að segja við bæjardyr klerksins á Breiða bólstað, samþykkir traust til þingmanna kjördæmisins og lýsir um leið vanteusti á stjórn rauðliða!

Mun það einisdæmi vera, að fundarboðandi fái slíka ráðningu.

Það var árið 1920, að hús þetta var sett í það horf sem það er nú, til þess að hefta útbreiðslu farsóttahjer í bænum. Hjer þetta gefist vel, eins og sjá má af því, hve mikið minna hjer verið hjer síðan um farsótt; en áður var, Tekist hjer blessunarlega að hefta hjer farsóttir hin síðari ár, nema skarlatssóttina. Við hana hjer ekki verið ráðið.

Það hjer komið í ljós, að mjög er óhentugt að reka lítið sjúkrahús, sem farsóttahús ein-göngu. Á þann hátt verður alt starfsfólk aþafnalaust þann tíma, sem engar farsóttir eru.

Horfið var því frá þeirri tilhögun. En þar er mikil vöntun hjer verið á spítalarúmi handa berklasjúklingum, hjer helmingurinn af farsóttahúsinu, verið notað fyrir berklasjúklinga bæjarins.

Nú er Farsóttahúsið hvergi nærri nýttisku sjúkrahús að útbúnaði og frágangi. Og pláss er þar of lítið fyrir berklasjúklinga.

Því hjer verið unnt að það milli mín og heilbrigðisstjórnarinnar, að bærinu þyrfti að hafa ráð yfir meira sjúkrahúspláss.

Þá liggur mest fyrir að athuga Franska spítalaun, er bærin keypti hjer um árið, hvort hægt

veri að dubba hann upp fyrir berklasjúklingana.

En þó staðurinn væri hentugur fyrir spítala, er Franski spítalinn var bygður, er öðru máli að gegna nú. Nú er spítalinn kominn inn í miðjan bæinn, og er einmitt í iðnaðarhverfi austurbæjarins.

Þá er að athuga hjúkrunarfjelagið Líkn. Bæjarsjóður styrkir starfsemi þessa nýtsama fjelags. Fjelag þetta hjer of þröng húskynni. Álitamál er, hvort bærin setti framvegis að styrkja þessa starfsemi sem einkafyrirtæki, eða að taka starfsemiina að sjer.

Komið hjer til orða, að Landspítalinn taki um tíma við hlut-

verki Farsóttahússins. Ríkissjóður hjer staðið straum af vörunum gegn aðkomu farsóttum, og haft til þess sóttvarmahús í Vesturbænum, það hús er gamalt. Starfsemi öll liggur þar niðri með köflum. Hugsanlegt er, að hægt verði að koma þeirri tilhögun á, að Landspítalinn taki að sjer hefting farsóttanna. Er það mun hentugra fyrir stór sjúkrahús en lítil að amast það.

Nú liggur fyrir að athuga, hvort auka þurfi spítalapláss í bænum. Framtak einstaklinga er mikið á þessu sviði, og hjer það bætt úr sjúkrahúsvöntun að biki um mun.

En verði sú raun á, að bærina þurfi að reisa spítala, þá þarf að ákveða honum hentugan stað. Nú er unnið að skipulagi bæjarins; áður en það er ákveðið, þarf að fást vitneskja um, hvort sjá þurfi bænum fyrir spítalavæði á næstu árum. Nefnd sú, sem hjer um ræðir getur starfað samtími og unnið er að skipulaginu.

9 keppendur af 20 luku Australíufluginu.

Verðlaunaveitingarnar.

London 5. nóv. F.U.

Í dag var síðasti dagur Australíuflugins. 9 keppendur luku fluginu á tilskildum tíma, en þeir sem nú eru á leiðinni verða ekki frammar taldir keppendur.

Verðlaunin voru ákveðin í dag. Scott og Black voru ekki einungis hinir fyrstu, og þar með sigurvegarar í 1. flokki, heldur var flugtími þeirra einnig stystur, og hefði þeim því borið 1. verðlaun í öðrum flokki ef reglur flugsins hefðu heimilað slíkt.

Næstir lentu í Melbourne Par-

mentier og Moll, og var flugtími þeirra einnig nest stystur. Þeir kusu heldur að taka 1. verðlaun í öðrum flokki, en önnur í fyrsta flokki, með því að þeir áttu heimitingu á hvorum sem var. 1. Verðlaunin voru ákveðin í fyrsta flokki 1500 £. Hlutu þeir Pangborn og Turner þessi verðlaun. 3. verðlaun í fyrsta flokki hlutu Jones og Valler 500£, en önnur verðlaun í öðrum flokki fær Melrose.

Bretar auka flugferðir.

Flugvælar um Atlantshaf með svefnklefum.

London 5. nóv. F.U.

Sir Eric Geddes, flugmálastjóri bresku stjórnarinnar að því er litur að pósti- og farþegaflugi, skýrði frá því í dag, að flugmálaráðuneytið væri nú í þann veginn að afla sjer nýrra flugvæla, hraðfleygari langfleygari og með meira bráðarþoli, en tilkast hefði, og yrðu þær einkum ætlaðar til flugs um Atlantshafið.

Kvaðst hann vera þeirrar skoðunar að stjórnin hefði vel ráð á

því, að kosta meir til almennra flugferða en gert væri, vegna hagnaðar þess, sem hafa mætti af hraðvirkari farþega- og póstflutningatekjum.

Hann kvaðst ekki álíta, að nein þörf væri á að aðskilja pósti- og farþegaflugi og það væru engar iðnfræðilegar hömlur á að útbúa flugvælar með þægilegum svefnklefum, svo að fljúga mætti 24 stundir í lotu.

Fiskveiðasamningur

Breta og Norðmanna.

London 5. nóv. F.U.

Sir John Simon og sendiherra Norðmanna í London undirrituðu í dag fiskveiðasamning milli Norðmanna og Breta. Samkv. samningnum verður sett á stofn nefnd skipuð fulltrúum beggja þjóða til þess að rannsaka allan

ágreining er upp kynni að koma um fiskimál, í hvoru landi skal einnig setja á stofn 2ja manna dómstól, skipuðum einum Norðmanni og einum Breta. Smaningurinn verður birtur í einstökum atriðum innan fárra daga.

Húsnæðismál bæjarins.

Á Alþingi berjast socialistar fyrir því, að bannað verði með lögum Byggingafjelag sjálfstæðra verkamanna. Í því fjelagi eru 350 fjelagsmenn. Einn af bæjarfulltrúum, socialista ympraði á því á síðasta bæjarstjórnarfundum, að allir þessir 350 fjelagsmenn myndu vera í Sjálfstæðisflokknum.

Skyldi sú tilgáta vera hin eina og sanna órsök þess, að rauða samfylkingin á Alþingi vill neita fjelagi þessu um tilverurjett?

Kemur hjer fram ákaflega ljós mynd af því, hve Alþýðuflokksbroddarnir hjer í bænum hafa einlagan (!) vilja á því að greiða fyrir húsbýggingum bæjararmanna og þá einkum verkamanna.

En til þess að breiða yfir þessa rangsleitni sína, þessi óheilindi og ofbeldishug, er svo Jón Axel Pjetursson lóðs sendur út af örkinni með tillögur um það, að bæjarsjóður skuli byggja 100 íbúðir á næsta ári.

Eins og kunnugt er, fá byggingarfjelög verkamanna helming af styrk sínum úr ríkissjóði og helming úr bæjarsjóðum.

Með því að bregða fæti fyrir byggingafjelag sjálfstæðra verkamanna hjer í bænum, og flytja samtímis tillögu um að bæjarsjóður einn taki að sjer að byggja, er verið að reyna að íþyngja bæjarmönnum, með því að velta þessu máli yfir á bæinn, sem lög standa til, að ríkissjóður styrki jafnt og bæjarsjóður.

Ef socialistabroddar vilja láta nokkurn bæjarmann trúa því, að þeir beri byggingamál bæjarins fyrir brjósti, og ætli sjer að greiða fyrir bættum húskynnum hjer, þá ættu þeir fyrst og fremst að sýna þann vilja sinn í verki, með því að lofa Byggingafjelagi sjálfstæðra verkamanna að fá að vinna í friði.

Fundirnir í Rangárvallasýslu

Af yfirliti því, um fundina á sunnudaginn, er birtist hjer í blaðinu, er það ljóst, að stjórnarliðið hjer farið enn meiri hrakför í Rangárfingi en í Árnessýslu á dögumun.

Fundina í Rangárfingi munu hafa sótt um 400 manns, en aðeins fjórðungur fæst til þess að

Stjórnarliðið fær maklega ráðningu í Rangárþingi.

Fjöldmennur fundur í Fljótshlíð lýsir trausti á þingmönnum Rangæinga og um leið vantrausti á stjórninni.

Af 400 manns, sem sóttu 6 fundi, er stjórnarliðið boðaði á sunnudaginn, greiddu að eins 100 atkvæði með stjórninni.

Timaliðið þóttist að vonum illa haldið eftir hrakfarir þær, sem það fekk í Árnæssýslu fyrra sunnudag. Hugdist það því rjetta sinn hlut með því að gera nýja herferð — og að þessu sinni í Rangárþingi.

Var þess vegna Framsóknarfjelag Rangæinga látið boða til 6 funda í hjeradi s.l. sunnudag.

Voru fundirnir boðaðir á þeim stöðum í sýslunni, þar sem vitað var að fylgi stjórnarliðsins var sterkast, en sneitt fram hjá þeim stöðum sem fylgi Sjálfstæðisflokksins er sterkast í hjeradi. Þannig var ekki fundur boðaður undir Austur-Eyjafljóllum og ekki heldur að Stórolfshvöli.

Smölinin í hjeradi.

Stjórnarliðið hafði mikinn við búnað undir fundi þessa. Smalarnir innan hjerads voru reknir af stað löngu fyrir fundina til þess að undirbúa mikla fundarsókn af hálfu stjórnarliðsins. Og á laugardag fóru þeir Jónas Jónsson og Eysteinn Jónsson austur til þess að ganga úr skugga um, að allur undirbúningur væri í lagi.

Sýnilegt var þó, að stjórnarliðið hafði miknið lært af fundunum í Árnæssýslu. Á þeim fundum var reynt að fá samþykkt traust og þakklæti til núverandi ríkisstjórnar fyrir aðgerðir hennar í afurðasölumálinu. En það fór sem kunnugt er út um þúfur.

Þótti stjórnarliðinu því ráðlegast, að minnast ekki einu orði á traust eða þakklæti á fundunum í Rangárþingi. Þar létu þeir sjá nægja að bera fram tillögu, almenns eðlis, um fylgi við bráðabirgðalögum í kjöt- og mjólkursölumálunum. Og á þeim fundum, þar sem stjórnarliðið var í meirihluta, hnýttu þeir aftan í aðal tillöguna ákúrum til andstæðingablaða stjórnarinnar, er gagnrýnt höfðu bráðabirgðalögum.

Skal nú skýrt frá, hvað stjórnarliðið hafði upp þessari herferð í Rangárþingi.

Fljótshlíðarfundurinn.

Fundurinn í Fljótshlíð var lang fjöldmennastur (um 150 manns). Af hendi Sjálfstæðisflokksins mættu Ólafur Thors og Magnús á Blikastöðum, frá

menn. Var annar þeirra meðhjálpari sjera Sveinbjarnar en hinn vinnumaður hans.

Svaraði Ólafur háreisti þeirra með því að lýsa yfir að hann mundi lengja tillögu sína lítið eitt og bæta við hana þessum orðum: „og vantrausti á ríkisstjórninni“.

Svavar Guðmundsson bað Bændaflokksmenn sitja hjá við atkvæðagreiðslu um traustið á þingmennina, en samþykka vantraustið á stjórnina.

Varð nú allhávaðasamt og ærðist allmjög líð Sveinbjarnar. Skyldi nú fram fara atkvæðagreiðsla, en eigi varð tölu á komið fyr en menn skiftust í sveitir í húsinu eftir fylgi við tillöguna. Gerðu menn það og fór þá fram talning. Var tillaga Ólafs samþykkt með 53 atkvæðum gegn 28. Vjefngi sjera Sveinbjörn þá talningu og kvað sína menn 38.

Sauðhúsvallafundurinn.

Á fundinum að Sauðhúsvöllum undir Eyjafljóllum voru mættir um 60—70 manns. Af hálfu Sjálfstæðisflokksins voru þar mættir þeir Thor Thors alþm. og Jón Kjartansson ritstjóri, en af hálfu stjórnarliðsins þeir Eysteinn Jónsson ráðh. og Helgi Jónsson læknir. Auk þeirra töluðu á fundinum Sigmundur Þorgilsson kennari, Sigurður Vigfússon á Brúnum og Gunnar Sigurðsson á Fornusöndum.

Í fundarlokin bar fundarstjóri, Sigurður Vigfússon á Brúnum, fram tillögu, og var fyrir hluti hennar samhljóða tillögu sjera Sveinbjarnar á Fljótshlíðarfundinum, en aftan í hnýtt ákúrum til andstæðingablaða stjórnarinnar.

Sigmundur Þorgilsson kennari fór fram á það við tillögunum, að hann tæki út úr tillögunum á það. Hefir eflaust í hjarta sínu komist að raun um það á fundinum, að meiri þörf var á að vitá skrif stjórnarblaðanna en andstæðingablaða stjórnarinnar og þar virðingarvert hjá jafn-dyggjum Tímahljóni og Sigurði á Brúnum.

En þegar að því kom, að fara skyldi fram atkvgr. um tillöguna, var hún aftur komin í sinn fyrri búning, því Eysteini Jónssyni hafði mislikað hreinskilni Sigurðar á Brúnum, en Sigurður hins vegar ekki nógu sjálfstæður til þess að standa við sína innri sannfæringu. Var till. því næst samþykkt með 24 atkv. gegn 14—16.

Thor Thors flutti tillögu um að heimila milliliðalausla sölu á kjöti og gegn hækkun verðjöfnunarskattsins, samhljóða þeirri till. er samþ. var á Fljótshlíðarfundinum. Enda þótt sýnilegt væri, að allur þorri fundar-

manni væri þessari till. fylgjandi, þorði stjórnarliðið ekki annað en verða við tilmælum Eysteins og samþykki, (með 27:17 atkv.) rökstudda dagskrá hans, þar sem till. var vísað frá, í hinni rökstuddu dagskrá Eysteins var bein hótun um það, að kjötlögin myndu stranda í þinginu ef skatturinn fengist ekki hækkadur.

Fundurinn á Krossi.

Á fundinum að Krossi í Landeyjum voru mættir um 40—50 manns. Af hálfu Sjálfstæðisflokksins var þar mættur Pjetur Ottesen alþm., af hálfu Bændaflokksins Hannes Jónsson alþm. og Kristinn hreppstj. á Þórastöðum í Ólfusi og af hálfu stjórnarliðsins þeir Gísli Guðmundsson alþm. og Guðbrandur Magnússon forstjóri.

Stjórnarliðið hafði smalað mjög á fund þenna eins og á Sauðhúsvallafundinum. En samt varð útkoman ekki betri en það, að till. samhljóða þeirri, er fram kom á Sauðhúsvallafundinum var samþ. með 16:8 atkv.

Aftur á móti var eftirfarandi till. samþ. í einu hljóði:

„Fundurinn lítur svo á að alt það sem kann að sparast við framkvæmd mjólkurlaganna eigi að sjálfsgöðu að renna til framleiðenda að minsta kosti þar til sýnt verður að bændur fái það hátt verð fyrir mjólkina, sem framleiðslukostnaðinum nemur“.

Þykkvabæjarfundurinn.

Þann fund sóttu um 50 manns og að heita má einlitt stjórnarlið. Af hálfu Sjálfstæðisflokksins mætti þar Jón Pálmason alþm., en þeir Bernharð Stefánsson, Egill Thorarensen kaupfjelasstjóri og Hilmar Stefánsson bankagjaldkeri af hálfu stjórnarliðsins.

Þrátt fyrir mjög einlitt lið á fundinum tókst ekki að sarga nema 20 atkv. með tillögu fundarboðenda (hinni sömu og fram kom á öðrum fundum), Þorvaldur bóndi á Skúmstöðum talaði á fundinum og flutti till. er miðuðu að umbótum á kjötlögunum, en hún var feld með 11:9 atkv. Till. frá Jóni á Akri þess efnis, að allur sparnaður, sem leiddi af mjólkurlögunum skyldi renna til framleiðenda, vísaði stjórnarliðið frá með rökstuddri dagskrá (19:7 atkv.).

Ægissíðufundurinn.

Ægissíðufundurinn sóttu um 40 menn. Fyrir Sjálfstæðisflokkinn mætti þarna Sigurður Kristjánsson alþm., fyrir Bændaflokkinn Jón í Stóradal og Gísli Brynjólfsson ritstj., og fyrir stjórnarliðið Jörundur Brynjólfsson alþm. —

Gunnar bóndi Erlendsson á Helluvaði flutti svohljóðandi tillögu í kjötmálinu:

„Fundurinn er samþykktur tillögu Pjeturs Magnússonar um frjálsa sölu á kjöti frá framleiðendum til neyðenda, og lækkun verðjöfnunarskattsins, og skortar á þingið að breyta kjötsölufurvarpinu í þessa átt“.

Stjórnarliðið reyndi að vísa þessari till. frá með rökstuddri dagskrá, en hún var feld með 23:5 atkv. og tillagan því næst samþ. með 26:5 atkv.

Í mjólkurmálinu var samþ. með 24 samhlj. atkv. svohljóðandi tillaga frá Gunnari á Hellu vaði:

„Fundurinn átelur þá lækkun á mjólkurverði sem mjólkurverðlagsnefnd hefir þegar ákveðið, og krefst að alt sem sparast kann við framkvæmd mjólkurlaganna renni óskert til framleiðenda, þar til verðið, sem þeir fá fyrir mjólkina, er orðið það hátt, að þeir fái framleiðslukostnaðinn ríflega endurgoldinn“.

Urðu úrslit þau á fundi þessum, eins og samþykktirnar sýna, að fundarmönnum sýndist ekki málstaður ríkisstjórnarinnar í málum þessum verðskulda fylgi þeirra.

Skarðsfundurinn.

Fundurinn að Skarði á Landi sóttu rúmlega 40 manns. Þar mætti Jón Ólafsson alþm. af hálfu Sjálfstæðisflokksins, Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri af hálfu Bændaflokksins og Jónas Jónsson frá Hríflu fyrir stjórnarliða.

Jónas frá Hríflu reyndi að koma að þakklæti til stjórnarinnar í sambandi við tillögu, er hann flutti á fundinum, sem að öðru leyti var samhljóða tillögu stjórnarliða á hinum öðrum fundum. En þessu innskoti J. J. var breytt þannig, að öllum þeim var þakkað, er unnið höfðu að framgangi þessara mála. Tillagan, þannig breytt fekk 8 atkv., allur þorri fundarmanna sat hjá.

Þótti Jónasi, sem von er, þetta danfar undirtektir og reyndi nú að eggja liðið í sambandi við rökstudda dagskrá, er hann flutti til þess að vísa frá tillögu frá Jóni Ólafssyni viðvíkjandi umbótum á kjötsölu lögunum (um að leyfð skyldi milliliðalausla sala, að ekki yrði hækkadur verðjöfnunarskattur o. fl.). En ekki tókst nú betur fyrir Jónasi. Þegar hin rökstudda dagskrá hans var bérin undir atkvæði fundarins komu upp 2 — tveir hendur. Leitaði fundarstjóri þvinæst mótakvæða, en enginn greiddi atkvæði. Mælti þá fundarstjóri: Rökstudda dagskráin er samþykkt með 2 — tveimur — samhljóða atkvæðum!

Brostu þá fundarmenn, en Jónas þrútnaði af reiði, því hann sá rjettilega, að meiri litilsvirðingu gátu fundarmenn ekki sýnt hans málstað.

Þess skal að lokum getið, að Pjetur Magnússon alþm. gat ekki sótt fund þessa sakir lasleika.

Hlutabryf sparifjäreigenda í Útvegsbanka Íslands.

Frumvarp framkomið á Alþingi um að ríkið kaupi brjefin.

Þeir Jóhann Þ. Jósefsson, P. Þorbjörnsson og Magnús Torfason flytja frv. um kaup á hlutabryfum í Útvegsbanka Íslands. Þar segir:

1. gr. Ríkisstjórninni heimilast að gefa út ríkisskuldabryf fyrir allt að 2 milljónum króna. Ríkisskuldabryf þessi, sem bera 4% ársvexti, eru afborgunarlausa næstu 5 ár, en greiðast því næst með jöfnum afborgunum á 30 árum eftir inndrætti.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um inndráttinn.

2. gr. Skuldabryfum þeim, er um ræðir í 1. gr., skal varið til kaupa á hlutabryfum í Útvegsbanka Íslands h.f. Þau ein hlutabryf skulu keypt, er sann- að verður, að hafi verið gefin út til þeirra manna, er áttu sparifjäreisgjafi (einkán í bók eða á skirteini) í Íslandsbanka og tekið hafa á móti hlutabryfum sem hluta af þeirri innstæðu. Hlutabryfin skulu keypt við nafnverði.

Í grg. segir: Þegar verið var að reyna að bjarga Íslandsbanka árið 1930, var m. a. leitað til sparifjäreigenda, þeirra er innstæðu áttu í bankanum, og fengin lofoð þeirra um hlutafjar kaup bankanum til stuðnings. Þrugðust fjölmargir sparifjäreigendur drengilega við, og munu flest ír þeirra, er til var leitað, hafa lofað helmingi innstæðufjár síns til viðreisnar bankanum.

Margir urðu þó þeir, er ekkert lögðu af mörkum, meðal annars vegna þess, að á þeim skamma tíma, er söfnunarnefndin hafði til starfa, náðist alls ekki til allra þeirra, er hlut áttu að máli. Málalok urðu þau, sem kunnugt er, að stofnaður var nýr banki að tilhlutan ríkisvaldsins, Útvegsbanki Íslands h.f., er tók við eignum og skuldum Íslandsbanka.

Þeim hluta sparifjárins, er lofað hafði verið til endurreisnar Íslandsbanka, var svo haldið eftir sem hlutafje í hinum nýja banka, Útvegsbanka Íslands h.f.

Ríkissjóður er aðalhluthafi bankans með 4½ milj. króna hlutafje. Áhrifa annara innlendra hluthafa en ríkisins hefir frá öndverðu lítið gætt, og er nú svo komið, að þeirra gæfir alls ekkert. Þeir hafa í framkvæmdinni engin áhrif á skipun yfirljórnar bankans eða annað, er máli skiftir.

Nú hefir svo skipast, að ríkið hefir tekið ábyrgð á innstæðufje bankans, eins og það ábyrgist innstæðufje í þjóðbankanum, og er nú svo komið, að fremur má telja Útvegsbankann ríkisstofnun en einkafyrirtæki.

Um það mætti deila, hvort rjett hafi verið að halda sparifjenu inni í Útvegsbankanum sem hlutafje, þar sem því var lofað til viðreisnar Íslandsbanka, en ekki til stofnunar nýs banka, eins og raun varð á, en

það verður ekki gert hér frekar að umtalsefni.

Á hitt skal bent, að þeir, sem settu sparifé sitt fast á þennan hátt, í þeim tilgangi að fírra þjóðina vandræðum, og þeirja viðskiftabanka sinn falli, hafa orðið fyrir misrjetti, samanborið við þá, er engu vildu fórna í þessu skyni og hafa haldið spari fje sínu óskertu og síðan fengið vernd ríkisins á innieign sinni.

Vitanlegt er, að allur fjöldinn af sparifjäreigendum, þeirja er fram lögðu fje sitt eins og áður segir, gerðu það af litlum efnum í öndverðu, og þá ekki síður hitt, að efnahagur manna yfirleitt hefir stórum versnað undanfárin kreppuár, og bagí manna þeim mun meiri, þeirra er fje sitt eiga í hlutabryfum, sem engum arði svára.

Eftir því, sem næst verður komist, munu þau hlutabryf, sem hjer er um að ræða, nema um 1.8 milj. krónum.

Með frv. er farið fram á, að ríkið yfirtaki umrædda hlutafjäreign sparifjäreigenda á þann hátt, er þar segir. Til þess að gera ríkinu þetta sem auðveldast, er innlausn skuldabryf anna frestað fyrst um sinn nokk úr ár og síðan dreift á langt ára bil, svo langt, að það að visu rýrir verðgildi brjefanna, ef þau ganga kaupum og sölum. Hins vegar yrðu þau veðhaf, trygg og arðberandi eign og aðstaða eigenda þeirra því stórum bætt frá því, sem nú er.

Með ákvæðum frv., ef það næði lögfestingu, er ríkissjóði að visu bundin nokkur byrði, en eins og nú er komið, mæli öll sangirnir með því, að ríkisvaldið, sem er aðaleigandi bankans, ábyrgist skuldbindingar hans að verulegu leyti og hefir óskoruð

Tekjuskattsfrumvarpið nýja og hlutafjelagaskatturinn.

Ríkisstjórnin hefir nýlega lagt fram frumvarp til nýrra laga um tekju- og eignarskatt. Er aðalefni þeirra, svo sem vænta mátti að skattstígarnir eru hækkaðir mjög.

Það hefir rjettilega verið bent á það, utan þings og innan, að frumvarpi þessu fylgir mikið aukinn skattþungi og eins hefir það verið undirstrikað af hálfu Sjálfstæðisflokksins, að með því sje höggvið alvarlegt skarð í þann fjárhagsgrundvöll sem bæjar- og sveitafjelög standa á. Sá skattstofn sem ríkið hefir vísað þeim á og er langsamlega aðaltekjustofn þeirra er útsvörin. Þau ber samkvæmt útsvarslögunum að leggja á eftir eignum manna, tekjum, og öðrum ástæðum og hafa í reyndinni alstaðar verið mótuð sem stighækkingu tekju- og eignarskattur.

Þegar nú ríkið hækkar tekju- og eignarskatt sinn að miklum mun rýrir það þennan skattstofn sveita- og bæjarfjel. á þrennan hátt. Í fyrsta lagi hækka skattfrádrátturinn frá tekjunum svo að hreimar tekjur lækka. Í öðru lagi verður innheimtan því kostnaðarsamari og

yfirráð hans, geri nú, þótt seint sje, þær ráðstafanir, sem hjer er farið fram á, eða aðrar svipaðar, til þess að leiðrjetta þá misbrest, er urðu að þessu leyti við stöðvun Íslandsbanka á aðbúnaði ríkisvaldsins við fjölda af sparifjäreigendum í landinu.

stopulli sem skattarnir verða hærrí. Í þriðja lagi eykur hver hækkan á skattinum undanbrögðin undan honum og rýrir því enn í reyndinni tekjustofnin.

Útgjöld bæja- og sveitafjelaga fara nú hraðvaxandi, og það töluvert lengri skrefum en fjárhagsgeta þeirra sumra, svo að ríkið hefir þegar orðið að gera neyðarráðstafanir til bjargar þeim (sbr. lög nr. 63, 1933).

Orsakast þetta af hinum auknu kröfum sem gerðar eru til þeirra og þá ekki sist af hálfu ríkisins sem lagt hefir nýjar og nýjar byrðar á herðar þeim. Þó að meiri hluti þeirra standi enn nokkurn veginn undir þessum byrðum, vita allir kunnugir menn að mjög verður að gjalda varhuga við að rýra afkomu þeirra frá því sem er. Ef því er haldið fast við þessa skatthækkun verður að fara að svipast um eftir nýjum skattstofnum handa þeim. Er því meiri ástæða til að gera þetta fljótlega þar sem ríkið hefir síðustu árin lagt undir sig skattstofna sem annars staðar þykir rjett að bæjar- og sveitafjelög fái hlutdeild í (bifreiðaskattur, skemtanaskattur o. fl.). Er um tveir leiðir að velja í þessu efni, annað hvort að ríkið veiti þeim hlutdeild í afrakstri þeirra skatta sem rjett þætti að skifta, t.d. þeim sköttum er áður voru nefndir og tekjuskattinum eða að þeim væru fengnir nýjir skattstofnar. Er óhjákvæmilegt að fara þegar að þeim athyglinni að þessum efnum, enda eru

Viðsjá Morgunblaðsins 6. nóv. 1934.

Er lýðræðisstjórn í landinu?

Eftir Bjarna Benediktsson, prófessor

Eftirfarandi erindi flutti höfundur nýlega á fundi í Heimdalli fjelagi ungra Sjálfstæðismanna hjer í bænum.

Von ungra Sjálfstæðismanna er sú að leiða þjóðina fram til nýrrar hagsældar, en vonin um aðstöðu til þess hefir brugðist nú í bili. Í þess stað er komin aðstaða, sem sýnir það daglega betur og betur, að enn á ný verður að rifja upp fyrir sjer gömul viðfangsefni, sem sje þau á hverjum megin grundvelli þjóðinni er stjórnað og þess vegna á hverjum grundvelli sú barátta um velgengni þjóðarinnar verður háð, sem nú er fram undan. Þ. e. hvort grundvöllur baráttunnar verður lýðræðið eða hann verður því andstæður.

Núverandi stjórnarflokkar hafa í lýðsingsastarfsemi sinni lagt megin áherslu á að þeir væru lýðræðisflokkar og haldið því fram, að Sjálfstæðisflokkurinn væri andstæður lýðræði. — Skál nú athugað með hverjum rjetti stjórnarflokkarnir skreyta

sig með lýðræðisnafninu.

Hjer er ekki til umræðu, hvort lýðræði er holt eða óholt, þó fullyrða megj, að allur þorri manna hjer á landi telji það enn hina einu hugsanlegu stjórnar- aðferð hjer á landi, heldur skal einungis athugað, hvað með lýðræði er meint og hvernig núverandi stjórn landsins fullnægir þeim skilyrðum, er til lýðræðisstjórnar verður að gera.

Ágreiningur er um við hvað sje átt með þessu hugtaki. Þeir er rýmst vilja skýra það telja í því fölgid, að jafna svo aðstöðu manna, að allir eigi jafn hægt með að njóta sín í hinum margvislegu greinum og viðfangsefnum lífsins, þ. e. þeir segja t. d. að aðstaða manna á fjárhagsviðinu megj ekki frekar vera misjöfn en pólitísk rjettindir þeirra megj vera það. Hins vegar er miklu tíðara að nota orðið eða hugtakið lýðræði einungis um stjórnarfyrirkomulag, enda hefir krafan um hið viðtæka lýðræði einnig í sjer fölgna kröfu um lýðræðisstjórnarfyrirkomulag. Hjer mun einungis rætt um hið síðara.

Hver er þá sú hugsun, sem liggur til grundvallar lýðræðinu í þessari merkingu? Hún er sú, að þjóðin, almenningur, lýðurinn eigi sjálfur að ráða málum

sínum, en ekki hlýta yfirljórn einhverra annara, margra eða fárra, innlendra eða erlendra.

Nú á síðari öldum er lýðræðið í þeim löndum, sem hafa svipað stjórnarfyrirkomulag og við stofnað í baráttu gegn einvöldum konungum, og kom fyrst fram sem krafa um, að þingin, þ. e. fulltrúar þjóðarinnar, lýðsins, sem stjórnað var, fengi að láta uppi állt sitt á nýjum útgjöldum og lagaboðum áður lögleidd væru. En er þessi krafa hafði verið knúin fram, sáu menn, að stjórnin var enn í höndum konungs og ráðgjafa hans, þeir gátu enn synjað lögum staðfestingar og stjórnað í fullu ósamræmi við vilja þingsins. Þess vegna varð það, að þingin fóru að útnefna ráðherra, þ. e. þingræðið komst á, og var þá komið samræmi milli þings og stjórna.

En nú urðu menn þess varir, að víða var engin tryggging fyrir, að þingræði og vilji þjóðarinnar færi saman. Upphaflega höfðu menn sem sje hugsað sjer, að þjóðin væri ein heild, sem stæði andstæð og fjand- samleg gagnvart stjórninni. Sú eina greining, sem menn hugðu vera hjá þjóðinni kom af mismunandi kröfumstæðum á hverjum stað. Þess vegna voru kjör-

dæmi ákveðin eftir byggjarlögum til þess að hvert byggjarlag gæti átt sinn fulltrúa, enda hugðu menn með því einnig trygt, að hinn færasti maður hvers byggjarlags myndi ná kosningu, þar sem kunnugir menn honum kysu. Jafnframt var reynt að hafa kjördæmin sem jöfnust að mannfjölda.

Bráðlega breyttist þó þessi aðstaða, flokkarnir fóru að myndast. Ástæðurnar til þess voru ýmsar: sameiginlegar skoðanir á þjóðmálum og sameiginlegir hagsmunir. Þegar almenn- ingur er þannig farinn að skiftast í flokka eftir mismunandi afstöðu til stjórnmála hverfur því það að hægt sje að tala um vilja þjóðarinnar óskiftan, og ef menn vilja samt sem áður láta þjóðarviljann ráða, verður ekki eftir öðru farið en vilja meiri hluta þjóðarinnar, og verður þá að finna þann meiri hluta, en hann kemur fram við athugun á fylgi flokkanna, og ef minni flokkur fær vegna kosninga meiri áhrif á þing og stjórn en stærri flokkur, er lýðræðinu að því leyti ekki fullnægt. Flokkarnir ná um allt landið, hver einstakur er yfirleitt til í hverju kjördæmi, og menn hætta meir og meir að miða við persónulegt traust á

frambjóðendum og hagsmuni kjördæma og spurja fyrst og fremst um, hvort frambjóðandi sje af sama flokki og þeir. Um leið og þessi breyting komst á voru kjördæmin í raun og veru orðin úrelt, eða a. m. k. hljóta þau að vinna á móti því, að flokksreglan ein fái að njóta sín, því að í kjördæmum koma hreppapólitik og persónulegt traust ætíð nokkuð til greina. En einkum er þess að gæta, að kosningar í kjördæmum geta gert það að verkum, að þing- sæti skiftist mjög misjafnt niður á flokkana, þ. e. minni hluta flokkar fái meiri hluta þingsæta. Þá er komið að ósamræmi milli þingræðis og lýðræðis, sem muna verður að hugtakslega og oft raunverulega er gersamlega sitt hvað, og byggist munurinn, ef hann er, einkum á ranglátri kjördæmaskipun, en getur einnig komið af takmörkuðum eða ójöfnum kosningarjetti. Um mun af þeim ástæðum er nú ekki lengur að ræða hjer á landi, heldur einungis þann, sem kemur af ranglátri kjördæmaskipun, og mun jæg því halda mjer við hann einungis. Þessi munur á þingræði og lýðræði hefir oft og víða komið fram, en í stóru löndum um dregur það yfirleitt úr hon-

sum bæjarfélög þegar farin að leggja inn á nýjar tekjuöflunarbrautir (Vestmannaeyjar og Akureyri með frumvarpi sem liggur fyrir þessu þingi).

Ýmislegt má að frumvarpi þessu finna sem nú liggur fyrir en það er þó eitt nýmæli, sem sjerstök ástæða er til að brjóta blað við. Hefi jeg ekki vilja láta undir höfuð leggjast að vekja athygli á því, af því að það snertir ekki beint hagsmuni almennings og því hætt við að það fari fram hjá mönnum. Jeg á hjer við ákvæðin um hlutfallagsskattinn.

Í tekjuskattlögnum frá 1921 er það regla, sem nær yfir bæði einstaklinga og fjelög án innborgaðs stofnfjár eða hlutfjár (sem ætla má að sjeu fjelög fárra manna), að skatturinn er miðaður við tekjuhæðina og fer stighækkandi eftir því sem tekjurnar eru hærri. Er þetta auðvitað út frá þeirri forsendu, að eftir því, sem maður hafi hærri skattskyldar tekjur verði hann kleift að láta hlutfallslega meira af hendi rakna til opinberra þarfa án þess að skerða með því fullnægingu á brýnum þörfum.

Það er nú auðsætt að þegar kemur að fjelögum með mörgum meðlimum — samvinnufjelögum og hlutfallagsskattum — á þessari hugsanagangur alls ekki við lengur. Það hvað fjelöginn eru stór, eða hafa mikið umleikis, gefur enga bændingu um það hvernig varið er fjárhag meðlimanna — þeirra sem bak við fjelöginn standa. Lögin frá 1921 hafa því alveg sjerstakar og sjálfstæðar reglur um skattinn á þessum fjelögum. Á samvinnufjelögum var aðeins lagður hlutfallslega hækkandi skattur

6% af skattskyldum tekjum. Á hlutfallagsskattum er ákvæðin stighækkandi skattur, en sú stighækkun var miðað við hlutfallið milli gróðans og eigin fjár fjelagsins, þannig að þess meiri sem gróðinn er í hlutfalli við eigin fje fjelagsins þess hlutfallslega hærri verður skatturinn. Það er gengið út frá því að það sje eðlilegt að menn fái venjulegan ágóða af því fje sem lagt er fram til atvinnureksturs en ef ágóðinn fer fram úr því fari skatturinn stighækkandi og hækkir því meir hlutfallslega sem ágóðinn af hinu framlagða fje er hærri. Þetta er rjettlát

regla og enginn hefir heyrst mótmæla því með rökum að svo sje. Það kemur því algerlega á óvart þegar horfið er frá þessari stighækkunarreglu í frumvarpi stjórnarinnar og því furðulegra er þetta skref þar sem engin ástæða virðist til að ætla að ríkissjóður græði á þeirri breytingu, nema síður sje. Eftir frumvarpinu skal nú í aðalatriðum lagt á skattskyldar tekjur hluta fjelaga*) eins og á skattskyldar tekjur einstaklinga, þannig að skatturinn fari stighækkandi með hæð teknanna alveg án tillits til þess hve eigin fje fjelagsins er mikið. Hlutfallagsskattur með jafnhæri ágóðahlutfalls-tölu fá því hlutfallslega mismunandi háan skatt, stighækkandi með stærð fjelaganna. Af því sem að ofan er sagt verður að telja þetta hreint skref aftur á bak í skattarjettlati.

Hvernig er nú þessi breyting á skattstiganum rökstudd? Í atvugasemdunum við frumvarpið

*) Þau skulu þó aldrei gjalda lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum.

er það gert á þennan hátt: „Virðist eigi sanngjart að skattleggja hinn skattskylda hluta tekna smærri fjelaganna freklegar en hinna stærri, nje heldur að hafa mismunandi skattstiga fyrir fjelög og einstaklinga“. Þetta er hvort tveggja rangt. Hið fyrra vegna þess að það eina sem maður veit um gjaldgetu þeirra sem bak við fjelagið standa er það hvað þeir hljóta háan ágóða af fje sínu. Hið seinna verður þess að ekki gildir sama lögmál um gjaldgetu fjelaga og einstaklinga þa rsem fjelöginn engar tekjur þurfa til lífsframsferis.

Tvær óbeinar játningar liggja fyrir í frumvarpinu sjálfu um það að hjer sje farið inn á skakka braut. Önnur felst í því að frádráttur sá sem veittur er hlutfallagsskattum frá tekjum þeirra áður en skattskyldar tekjur eru fundnar, er miðaður við eigin fje þeirra, nemur 4% af því. Með því er fallist á rjettmæti þess að miða skattinn við stofnfje fjelagsins og rökjett afleiðing af því væri að halda gamla hlutfallagsskattstiganum. Hin játningin kemur fram í því að gagnvart samvinnufjelögum er haldið fast við þá reglu sem og var fylgt í lögnum frá 1921, að skatturinn hækkar aðeins hlutfallslega við tekjurnar hversu háar sem þær verða. Með því undirstríkar frumvarpið það að bein tekjuhæð fjelaga ein saman gefi ekki ástæðu til stighækkunar.

Jeg hefi velt því nokkuð fyrir mér hvort hægt er að finna nokkur haldgóð rök fyrir þessari breytingu á skatti hlutfallagsskattstiganum. Líkaði Láin svo vel söngur hans að hann gerði þegar samning við Sigurð.

ef til vill að segja að stór hluta fjelög hafi sterka aðstöðu og beri því að gjalda hlutfallslega hærri skatt en smáum. En eftir eðli málsins ætti slík aðstæða einmitt að koma fram í tiltölulega háum ágóða og þar með tiltölulega háum skatti eftir eldri skattreglunni. Það verður því ekki annað sjeð en að þessi breyting stafi annað hvort af misgáningi eða sje hrein meinloka og er þess að vænta að hún verði ekki samþykkt af Alþingi nema undir hana renni sterkari stoðir en gert hafa til þessa.

Gunnar Viðar.

Sigurður Skagfield söngvari



kom heim með „Brúarfossi“ í gær frá Englandi, en þangað fór hann í haust, ráðinn af máni, sem Rudolf Láin heitir, til þess að syngja í 14 vikur á fjölleikahúsum, víðs vegar í London, og átti að hafa í kaup 20 stpd. á viku. Hafði Sigurður hitt þenna Láin þegar hann kom frá Ameríku og sungið fyrir hann. Líkaði Láin svo vel söngur hans að hann gerði þegar samning við Sigurð.

En nú er að segja frá því þegar Sigurður kemur til Englands, þá fær hann ekki nema mánaðar dvalarleyfi þar, og má alls ekki taka neina atvinnu, hvorki borgaða nje óborgaða, vegna þess að hann var útlendingur.

Tilkyntu yfirvöldin Rudolf Láin þetta, en hann afsakaði sig með því, að hann hefði haldið að Sigurður væri kanadískur þegn, og hann hefði ráðið hann sem slíkan.

Stóð nú í stappi, en fyrir milligöngu danska konsúlans og dugnað Láins, varð ur, að Sigurður fekk leyfi til þess að syngja í hálfán mánuð.

Auk þessa söng Sigurður á grammófonplötur fyrir Imperial Broadcasting, þurfti ekkert sjerstakt leyfi til þess. Söng hann þar íslensk lög með íslenskum texta á 8 plötur, og ensk lög á 20 plötur.

Prof. Vilh. Andersen

70 ára.

Í fyrra mánuði átti einhver merkasti núlifandi fræðimaður Dana, prof. J. Vilhelm Andersen, 70 ára afmæli. Var þessa merkisdags minnst með veislu í stúdentafjelaginu og tvö hátíðarrit komu út þann dag til heiðurs prof. Andersen, annað frá „Dansk Lærer Foreningen“ og hitt frá „Litteraturvidenskabeligt Samfund“. Fjöldi ritgerða birtust í báðum þessum ritum. — Prof. Vilhelm Andersen hefir komið hingað og flutt hjer fyrirlestra á vegum Háskólans, auk þess lesið upp m. a. úr gamanleikum Holbergs, sem hann hefir hið mesta dálati á og hefir skrifað manna mest og best um. —

um, hve kjördæmin eru mörg. Einna skýrasta dæmið um þetta, að kosningar, þótt með samléga almennum kosningarjetti sje, tryggja engan veginn að vilji meiri hluta þjóðarinnar ná fram að ganga á þingi, vör hjer á landi 1931, er Framsóknarflokkurinn með rúmlega þriðjung atkvæða kjósenda fekk hreinan meiri hluta á þingi. Stjórnarlög landsins höfðu að vísu með skipun Ed. sjeð fyrir, að tryggja aðstöðu lýðræðisins betur í þeirri deild en í Nd., og þar sem helmingur efri deildar þannig hafði mikinn meiri hluta þjóðarinnar að baki sjer, varð hann fulltrúi lýðræðisins, og með þeim styrk sem af því skapadist, neyddi hann meiri hluta þings til þess að fallast að nokkru leyti á kröfum meiri hluta þjóðarinnar um samræmi milli þings og þjóðar, þingræðis og lýðræðis. Í von um, að stjórnarskrárfyr. Alþingis 1933 trygði þetta fjelst almenningur á það frv. og var það svo samþ. 1933 um haustið að afstöðnum kosningum.

Þetta samræmi hugðu menn helst nást með uppþotarpingm., en þeim á að úthluta 11 að tölu milli þingflokka svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fylst samræmi við atkvæðatölu sína

við almennar kosningar. Með þessu er þannig víðurkent að stjórnmalaskoðanir almennings, lýðsins, birtist nú í flokkunum og ef tryggja eigi lýðræðið verði því að tryggja hverjum flokki þingmannatölu í samræmi við kjósendatölu.

Í raun og veru má telja þetta þjóðingarmesta ákvæði allrar stjórnarskrárfyr., því að með þessu er víðurkent, að það er meiri hluti allra kjósenda þjóðarinnar sem á að ráða málum hennar. Þessi víðurkenning var þó ekki ótakmörkuð og koma takmörkin fram á tevnan hátt.

Takmörkunin við þingflokka dregur að vísu nokkuð úr skýlausri víðurkenningu lýðræðisins. Þessi takmörkun byggist á því, að lýðræðinu sje óhólt að margir smáflokkar myndist, en hins vegar megi heita þrúgt, að allir þeir flokkar sem eitthvað kvæður að komi þingmanni að í einhverju kjördæmi, einkum vegna hlutfallskosn. í Rvík, verði þar með þingflokkur og uppþotarinnar aðnjótandi. Hjer er því um galla að ræða, sem að þessu sinni hefir orðið til að útlöka kommúnistaflokkinn frá þingsetu, en þó er takmörkunin skiljanleg frá lýðræðisjessjónarmiði. Hin takmörkunin, hve uppþotarþm. voru fáir og

ad ekki má kjósa hlutfallskosningum í tvímenningkjördæmum er miklu varhugasverðari. Það er sjerstaklega eftirtektarvert, að það er hinn svo nefndi lýðræðisflokkur, Framsókn, sem að þessum síðari takmörkunum stóð. Og vegna beinnar brigðmælgí þáverandi forsætisráðherra, Ásgeirs Ásgeirssonar, varð það ofan á, að þessar takmarkanir voru svo miklar, að við kosningarnar 1934 kom í ljós, að enn fór því fjarrí, að trygt væri, að minni hluti þjóðarinnar gæti ekki náð meiri hluta á þingi og þar með tekið völdin á ólýðræðislegan hátt.

Þannig kom það á daginn, að einungis h. u. b. 43.5% greiddra atkvæða fengu ráð yfir hreinum meiri hluta þingsæta, og ef utanflokkaaður sá, sem nú hefir gengið stjórnarflokkunum á hönd, er talinn með, þá eru það h. u. b. 44.5% greiddra atkvæða, sem hafa meiri hluta í báðum deildum þingsins.

Þegar við úrslit kosninganna í sumar var því auðsjeð, að sú meginregla stjórnarskrárfyr. var brotin, að tala þingsæta þingflokkaanna ætti að vera í sem fylst samræmi við atkvæðatölu þeirra við almennar kosningar. Nú var það að vísu svo, að þing meirihluti

hinna tveggja minni hluta flokka náðist á óvenjulegan hátt, sem sje með hlutkesti. Þ. e. það var sem sje í bókstaflegum skilningi blind tilviljun, sem rjeði því, að minni hluti landsmanna og m. á. s. minni hluti þeirra landsmanna, sem komu til greina um myndun þingsins, gat fengið meiri hluta á þingi, þ. e. rjeði því, að brotið var gegn einu meginákvæði allrar stjórnarskipunarinnar. — Öðrum megin var þannig ein grundvallarregla stjórnmalalífsins og hins vegar tilviljunin þar og óhjúpuð. Vitanlega var það nú í fullu ósamræmi við allar lýðræðisreglur og rjettar stjórnarskipulegar kenningar að láta þingmeirihluta þannig fenginn geta tekið völd þvert ofan í yfir lýstan vilja stjórnarskrárgjafans. Stjórnarskráin opnar og sjálf leið til að koma í veg fyrir því lík hneyksli, þ. e. með þingrofsákvæðinu. Jeg vil fullyrða, að samkv. rjettum lýðræðis og stjórnarreglum átti að rjúfa þing strax og sást, hvernig fór til þess að sú stjórn, sem tækt við völdum gæti annað hvort verið í samræmi við meginákv. stjórnarskrárfyr., eða a. m. k. ef minni hlutinn fengi meiri hluta á þingi, þá byggist hann á öðru en þessum blindingsleik

norður í Skagafirði. Það hefði mátt ætla, að þessi stjórnarskipulega leið hefði því frekar verið tekin upp, sem sá, er þá var forsætisráðh. hefir ætíð þótt einn helsti lýðræðisfrömuður á landi hjer. Enda hefði hann hjer mátt bæta um fyrri brigðmælgí, er einmitt fjekk því til vegar komið að á meginákv. stjórnarskrárfyr. voru settar þær takmarkanir, sem urðu því valdandi að lýðræðisreglan varð að láta í lægra haldi.

En í stað þess að taka þessa sjálfsöguð, karlmannlegu aðstöðu, þá tók þessi göfugi herra upp það ráð að taka þátt í samningum um stjórnarmyndun við minni hluta flokka þá, sem þvert ofan í tilgang meginákvæða stjórnarskrárfyr. höfðu hlotið þar meiri hluta, og endaði loks sem óbreyttur stuðningsmaður þessara flokka. Tryggir hann nú daglega framgang mál þeirra í Nd. og útvegur þeim þannig hinn nauðsynlega meiri hluta í báðum deildum, þótt því fari fjarrí, að þrátt fyrir þann stuðning komist það samræmi á þingræði og lýðræði, er stjórnarskrárfyr. ætlat til.

Fyrir fráfall þessa höfðingja fór því þannig, að stjórn komst á, með meiri hluta í þingi, þótt

Lifur og hjörtu.

KLEIN,

Baldursgötu 14. — Sími 3073.

Enginn kann

sí góðu veðri heiman að búa.
Liftryggið yður í

Andvöku.
Sími 4250.

Toppa- sykur

fæst í

Liverpool

EGGERT CLAESSEN

hæstarjettarmálaflutningsmaður.

Skrifstofa: Oddfellowhósið,
Vonarstræti 10.
(Inngangur um austurdyr).



Blásið var af norðri nóg
naumt er metinn skaðinn.
Trygging mátti morgum þó
mótorhát í staðinn.

sú stjórn hafi einungis 47—
48% af þeim atkvæðum, er
komu til greina um myndun
þingsins, en 52—53% þeirra
atkvæða sje á móti henni full-
komlega. Og meðal kjósenda
hefir þessi stjórn einungis h. u.
b. 44.5%, en yfirlýstir andstæð-
ingar, sem reiðubúnir eru til
stjórnarmyndunar í staðinn
h. u. b. 48.8%, en þau h. u. b.
6%, sem fjella á svo smáa
flokka, að þeir komu engum
að, þ. e. kommúnistar, eru vit-
anlega á móti hvorri þessara
hugsanlegu stjórna, sem væri,
og ber því að sleppa þeim í
þessu sambandi.

Núverandi stjórn brýtur því
þannig með tilveru sinni móti
lýðræðishugsjóninni, sem liggur
bak við alt stjórnarfrýrkomu-
lagið, og fyr um getið megin-
ákvæði stjórnarskrárinnar.

Hvað sem um þessa stjórn
verður því sagt, hvort sem menn
vilja lofa hana eða lasta, þá er
það víst, að hún verður ekki
rjettilega nefnd lýðræðisstjórn,
þ. e. a. s. hún er ekki í samræmi
við meiri hluta kosningabærra
landsmanna, og beinlínis í
minnihluta þeirra landsmanna,
sem eru í svo stórum flokkum,
að stjórnarskrárgjafinn hefir
talið rjett að taka tillit til þeirra.
Framh.

Skráning atvinnulausra.

Þrjá fyrstu dagana í nóvember
fór fram skráning atvinnulausra
karla og kvenna hjer í bænum.
Gáfu sig fram 719, þar af aðeins
6 konur. Eru það menn úr öllum
stjettum, en flestir daglaunamenn.
Til jafnaðar hefir alt þetta fólk
verið atvinnulaust 44.1 dag sein-
ustu þrjá mánuðina og er það
lægri hlutfallstala heldur en ver-
ið hefir að undanförunu.

Til samanburðar eru hjer tölur
frá fyrri skráningum. Fyrri talan
sýnir hve margir voru skráðir,
seinni talan hve margu daga þeir
höfðu verið atvinnulausir til jafn-
aðar á undanfarandi ársfjórðungi.

1. nóv.	1933	571	46
1. febr.	1934	554	52,6
1. maí	1934	190	44
1. ágúst	1934	391	48,3

Eins og sjá má á þessu hafa at-
vinnuleysisdagar seinasta árs-
fjórðung ekki verið ýkja mikið
fleiri, heldur en á ársfjórðungnum
1. nóv. 1933—1. febr. 1934. Þótt
þá væri skráðir 165 færri atvinnu-
leysingar en nú.

Reykjaneskóli við Ísafjarðardjúp.

Arngerðareyri, 4. nóv. FÚ.
Reykjaneskóli við Ísafjarð-
ardjúp var vígður í gær og sett-
ur, að víðstöddu fjölmenni. —
Skólastjóri, Aðalsteinn Eiriks-
son, lýsti vígslu og setti skólann
með ræðu, og las upp heillaóska
skeyti frá fræðslumálastjóra og
Helga Eliassyni, og afhenti gjöf
frá Páli Kristjánssyni bygginga-
meistara, vandaða stunda-
klukku. Ræður og söngur fór
fram undir börðum, en veittur
var matur og kaffi.

Skólinn starfar í tveimur
deildum, með 40 nemendum.
Unglingaskóli starfar í þrjá
mánuði frá 1. janúar.

Fræðslumálastjóri hefir falið
skólastjóra að gera tillögur um
starfsskrá fyrir heimavistar-
skóla, og verður því starfið við
Reykjaneskóla að nokkru leyti
tilraunar- og rannsóknastarf um
fyrirkomulag sveitafraeðslu.

100 ára afmæli Ólafar á Egilsstöðum.

4. nóv. FÚ.
Dótturbörn Ólafar Bjarna-
dóttur á Egilsstöðum stofnuðu á
hundrað ára afmælisdag henn-
ar, 1. þessa mánaðar, minning-
arsjóð með 1000 króna gjöf, og
skal vöxtum á sínum tíma verið
til styrktar fátæku fólki í Valla-
hreppi.

Á afmælisdegi frá Ólafar
komu ýmsir vinir hennar og
vandamenn saman á Egilsstöð-
um til mannfagnaðar, en vegna
veðurs og færðar voru þeir færri
en ella hefði orðið.

Henni barst fjöldi skeyta víðs
vegar af landinu. Frú Ólöf sit-
ur í stól stund úr degi hverjum,
les gleraugnalaut, og fylgist
vel með, bæði á heimili og í al-
mennum málum, er glöð og
varpar fram gamanyrðum í við-
ræðum.



Óróleiki. — Sinnuleysi. — Morgundrungr.



Byrjið að nota Ovomaltine strax í kvöld.



Svefninn væg og draumlaus.

Þreytist þjer að ástæðulausu

Ílla fyrirkaflaður? Uppstökkur? — Notið þenna hressandi drykki.

með eggjum. — Ekki nóg með það, að þess. — Ing sje sjálf auðmelt. — hún hefir 11. áhrif, að líkaminn hagnýtir betur aðra næmingu.

Sofið þjer illa, finnið þjer til þreytu og magnleysis, þráið þjer sólskin og hlýju? — Ekki getur Ovomaltine veitt yður sól- skinið — en endurnærning getur það veitt, því einn bolli af Ovo- maltine, hefir að geyma meiri næringu en 4 bollar af kjötseyði

Notkunareglur: Blandið Ovo- maltine í volga mjólk, eða vatn og rjóma, en látið ekki sjóða, því þá glatast fjörefnin sem mest er um vert. Bætið í sykri eftir geðþótta.

OVOMALTINE

Næringarríkur drykkur.

— og Ovomaltine hefir styrkj- andi áhrif á öll líffærin. — Eft- ir það verður svefninn betur.

Kaupið eina dósi strax í dag. Hún fæst í verslunum og lyfja- búðum.

Aðalumboðsmaður: Guðjón Jónsson, Valnesstíg 4, sími 4285. Reykjavík.

Skógræktarfelag Íslands.

Aðalfundur fjelagsins var hald-
inn í baðstofu iðnaðarmanna s.l.
föstudag. Stjórnendur fjelagsins
eru 5, og ganga tveir þeirra úr
stjórn árlega samkv. fjelagslög-
um. Úr stjórninni gengu nú þeir
Jón Ólafsson og Sigurður Sigurðs-
son, búnaðarmálastjóri. Jón Ól-
afsson var endurkosinn, en Sig-
urður lafði beðist undan endur-
kosningu og var í hans stað kos-
inn Árni Friðriksson, náttúrufræð-
ingur. Fyrir voru í stjórn: Maggi
Magnús, lækur, H. J. Hólmjárn
forstjóri og Einar Árnason, al-
þingismaður.

Stjórnin skýrði frá starfsemi
fjelagsins á síðasta ári, en hún var
aðallega í því fölgín, að koma upp-
skógræktarstöð í Fössvogí, og að
útvæga mönnum trjáplöntur til
gróðursetningar. Samþykkt var á
fundinum að skora á stjórnina að
hún gengist fyrir því að Bæjar-
staðaskógur yrði girtur. Hákon
Bjarnason flutti fróðlegt erindi
um skógrækt.

Fjelagar í Skógræktarfelaginu
eru nú um 400 talsins.

Skólarnir á Laugum.

Ystafelli, 4. nóv. FÚ.
Laugaskóli var settur 28. okt.
Sextíu nemendur voru komnir
og von á 16 fleiri. Kennarar eru
þeir sömu og í fyrra, að því
undanskildu, að Bergþóra Da-
víðsdóttir og Hrefna Kolbeins-
dóttir kenna handavinnu, og
kennir Hrefna Kolbeinsdóttir
einnig ensku.

Við Kvennaskólann á Laug-
um eru 15 nemendur. Kennarar
eru þeir sömu og áður, og auk
þess aðstodarkennari Helga
Kristjánssdóttir. Húsmæðraskól-
inn var settur 3. október.

Kingsford Smith kominn til Ameríku.

London, 4. nóv. FÚ.
Kingsford Smith kom til Oak-
land í Kaliforníu, klukkan 4 í
dag frá Honolulu. Honum var
tekið með miklum fögnuði.

Vetrarhjálpin í Saar.

Berlin, 5. nóv. FÚ.
Stjórnarnefndin í Saar hefir
leyft starfsemi þýsku vetrar-
hjálparinnar í Saar, en áður
hafði hún verið bönnuð. Rauði
krossinn, þýska heimatrúboðið
og fjelagsskapurinn Caritas
hafa í sameiningu birt ávarp til
Saarbúa um að styðja líknar-
starfsemi vetrarhjálparinnar.

Bretar selja Þjóðverjum síld.

Lowestoft, 5. nóv. FB.
Horfurnar um hækkað síldar-
verð hafa talsvert batnað, vegna
viðskiftasamkomulagsins við
Þjóðverja, en af því hefir leitt,
að tekist hefir að ganga frá sölu
á síld til Þýskalands fyrir 27—
32 shillings málið. (UP.).

Flugslys.

Berlin, 5. nóv. FÚ.
Þýska póstflugvælin DU-
HOX, sem sjer um póstflut-
inga á flugleiðinni Berlin-Buen-
os Ayres, varð að nauðlenda í
Suður-Frakklandi í gær, og
skemdist mikið. Stjórnandi flug-
vælarinnar meiddist.

23 dauðadómur

London, 5. nóv. FÚ.
23 menn voru dæmdir til dauða
af herrjetti á Spáni í dag fyrir
þátttöku sína í uppreisninni. —
Stjórnin hefir þó þegar náðað alla
nema 2, en þeir höfðu hvor um
sig orðið manns þani.

Undirbúa Frakkar einræði?

Berlin, 5. nóv. FÚ.
Þrátt fyrir yfirlýsingu ræð-
herrafundar í París í fyrradag,
og útvarpsræðu Doumergue, eru
frönsku blöðin ekki vongóð um
að þjóðstjórninni takist að festa
sig í sessi. Hægri blöðin eru
öll samhent í að skora á menn
á sameinast undir merkjum
Doumerguestjórnarinnar, en
vinstri blöðin virðast ætjarlæg-
ast sameiningarstefnuna meir
og meir. Þó eru öll blöðin sam-
mála um, að innanríkisástandið
sje ískyggilegt, og erfitt að vita
hvar lendi.

London, 5. nóv. FÚ.
Umráður þær í franska þing-
inu um stjórnarskrármálin, sem
áætlað hafði verið að fram færu á
miðvikudaginu verða ekki fyr en
á fimtugdag. Þessu var lýst yfir í
dag. Ekkeri hefir gerst í málinu
svi vitað sje síðan í dag, en hin-
ir ýmsu flokkar halda fundi í dag
og á morgun.

Aldrei hefir leikið vafi á and-
stöðu jafnaðarmanna til þessara
tillagna. Helt Leon Blum foring-
jafnaðarmanna, hvassorða ræða
um málið í Bordeaux í gærkvöldi,
og sagði m. a., að þessar tillögur
væru tilræði við frelsi þjóðarinnar
og undirbúningur einræðis.

Hulda Garborg látin.

United Press.
Oslo, 5. nóv. FB.
Hulda Garborg rithöfundur-
andaðist í nótt 72 ára að aldri.
Hún var fædd í Stange 1862 og
var gefin skáldinu Arne Garborg
1887.

Dilkakjöt

i heilum kroppum.
Mör — Svið — Lifur
og hjörta.

**Kaupfjelað
Borgfirðinga.**
Sími 1511.

Katrín mikla.

Englendingum virðist full alvara með að komast í fremsta sess myndabjóska og að svo stöddu um mar sögulegu myndir. hlutfra orðið fyrir valinu, er í a þessi sjer efni í stór- 1921 yfir skömmu sýndi Nýja bæði ína „Hinrik áttundi“ og mæltu þá sumir, að aðra eins mynd mundi ókkert fjelað geta „endurtekið“ á nálægum tíma. En svo kemur hingað „Katrín mikla“, sem er af sama fjelaginu, endon Film Corporation, og í þu eftirbátur hinnar fyrri. Það þýska leikkonan Elisabeth Bergner, sem heldur þessari mynd upp, með aðstoð Douglas Fairbanks yngri, er leikur hún geð- ólaða unga Rússakeisara. Þó að leikur hans sje afburða góður, jafnast hann engan veginn á við leik Elisabeth Bergner, sem sann- ar hjer á ný þá umsögn, að eng- in leikkona Evrópu sje henni freiri. Hlutverk hennar er afar stórt því að það er fyrst og fremst saga hennar — eða rjettara sagt Katrínar miklu — sem verid er að segja. En jafnan ber hún af umhverfi sínu, hvort heldur þegar hún kemur fyrst til hjarinnar, sem óframferin hertogadóttir, eða þegar hún stendur frammi fyrir „ljóðum, sem hin einvalda „drotning yfir öllum Rússum“.

Myndin segir ekki alla sögu drotningarinnar heldur hefst hún þar sem Katrín kemur til hjarinnar og lýkur með því, að Þjetur kejsari hefir verið settur frá völd- um og drepinn. Þetta er hana dramatiski kaflinn úr sövi hinnar frægu drotningar, sem síðar var kölluð hin mikla. Og að maður líki aftur til myndarinnar „Hinrik áttundi“ þá virðist leikstjórinn hjer eins og þar, hafa kostað kaupps um, að gera myndina að samsögulegri heimild. Fyrir það er myndin eigi síður merkileg en fyrir hitt hve spennandi hún er og hve vel vandað til sjálfrar tökunnar, bæði að því er snertir, hljómi og ljósmynd. — Myndin hefir verið sýnd undanfarnin kvöld og vakid sjerstaklega mikla at- hvgli, enda sjást slíkar myndir og hún ekki að jafnaði.

X.

Columbus kom til Genua fyrir nokkru með fiskfarm. Átti farm- urinn að skitast á fleiri ítalcar- hafnir. En er til Genua kom, kom það í ljós, að sjór hafði komist að fiskinum á leiðinni, og var honum því öllum skipað barna upp til þess að yfirlið fengist um skemdirnar. Ófrjett er enn hve mikil brögð eru að þeim.

Dánatfregn. Láinn er á Akur- eyri Ólafur Sumarliðason skip- stjóri. Hann dó af krabbameini og var áttómlega fimtugur að aldri.

Egill Skallagrímsson kom úr Englandsfór s.l. sunnudag.

Dagbók.

□ Edda 59341167 = 2. Atkv.
I.O.O.F. Rb. st. 1. Bp. 931168½
— 0—T.E.

Veðrið (mánuð. kl. 17): Hæg Vátt um alt land. 2—5 st. hiti á Vestur- og Norðurlandi, en við- ast úrkomulaust. Á Austurlandi er hiti um frostmark. Yfir Græn- landi er hæg 8—átt sem breiðist smám saman austur og norður á bóginn.

Veðurútlit í Rvkf í dag: V. og SV-kaldi. Þýðviðri og dálitil rign- ing.

Ráðleggingarstöð fyrir barns- hafandi konur, Bárugötu 2, er opin fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði frá 3—4, Ungbarnavernd Líknar, Bárugötu 2, er opin hvern fimtugdag og föstudag frá 3—4.

Leikhúsið. Tvar sýningar voru á Jeppa á Fjalli á sunnudaginn, önnur um miðjan dag, hún um kvöldið. Fyrri sýningin var ekki vel sótt, en húsfyllir á þeirri seinni. Á fimtugdaginn hefir leik- stjórinn boðið alþingismönnum og þejarfulltrúum á sýningu. Er venja að gera það á hverju ári, þó aldrei á frum sýningu.

Ísflisksölur. Línuveidarnir Ólafur Bjarnason frá Akranesi seldi afla sinn í Hull í gær, 904 vætt- ir á 1252 Stpd. Togarinn Geir seldi í Grimshy í gær afla sinn 580 vættir á 1565 Stpd. Er það sú langhæsta sala, sem íslenskur togari hefir fengið nú um mörg ár.

Kjarval hefir sett ný ljós í G. T.-húsið svo að nú er þar góð birta til þess að skoða málverk hans við. **Jarðarför** Benjamins J. Gíslasonar skipstjóra fór fram í dag og hefst kl. 1½ að heimili hans, Baugsvægi 5 í Skerjafirði.

Brúarfoss á að fara hjeðan í kvöld til Breiðafjarðar og Vest- fjarða.

23.293.70 krónur hafa borist bæjarstjóra Akureyrar í samskota sjóðinn banda því fólk, sem beið tjón við jarðskjálftana nýrðra í sumar.

Sjómannakveðja. Lagðir af stað til Þýskalands. Velliðan allra. Kærar kveðjar. Skipverjar á Gylli. **Tilkynning** frá ráðuneyti for- sætisráðherra: Samskot vegna landskjálftanna 1934. Úr Álfta- vershreppi í Vestur-Skaftafells- sýslu kr. 113.75. (P.B.).

Heimatruðó leikmanna, Vatns- stíg 3. Samkoma í kvöld kl. 8. All- ir velkomnir.

Happdrætti Vals. Í gær var dregið hjá lögmanni í hlutaveltu- happdrætti Vals. Upp komu þessi númer: 3431 matvælaforði, 82 málverk, 92 olufutna, 3437 100 kr. í peningum, 3939 50 kr. í pen., 3472 50 kr. í pen., 3240 farseðill til Vestmannaeyja. Munanna sje vitjað til Hólmeirs Jónssonar í Vörsi, Vaðnes. Fjelaði hefir beðið að fara þeim þakkir sínar, sem með gjöfum, vinnu, eða á ann- um hátt stuðluðu að því að hluta- velta fjelagsins fór svo vel úr hendi.

Fiskafinn á öllu landinu var talinn 61.243.590 kg. miðað við verkeðan fisk hinn 4. nóvember. Er það 7.076.675 kg. minna en á sama tíma í fyrra, en nokkru meira heldur en 4. nóv. 1932. Í Austfirðingastjórðungi hefir aflinn orðið svipaður og í fyrra, en rúm- lega helmingi minni í Norðlend- ingastjórðungi heldur en í fyrra.

Sögur úr bygd og borg hefir ný bók eftir Guðmund Friðjónsson á Sandi. Er það 12 smásögur. „Fantoft“, fisktökuskip, fór hjeðan í gær.

Koefoed-Hansen skógræktarsjóri hefir sagt lánú embætti sínu frá 1. mars að telja.

Ólínuskip kom í gær til Shell. Karl Magnússon leknir í Hólma vik hefir verið settur til að gegna hjeraðslæknisstörfum í Reykjar- fjarðarbjeraði ásamt sínu eigin embætti fyrst um sinn.

Eimskip. Gullfoss kom til Kaup- mannahafnar á sumud. Goðafoss kemur til Vestmannaeyja í dag snemma og hingað í kvöld. Detti- foss var á Þórshöfn í gær. Brúar- foss fer til Breiðafjarðar og Vest- fjarða í kvöld. Lagarfoss er á leið til Leith frá Kaupmannahöfn. Selfoss fer vaxtanlega í kvöld til Keflavíkur, Vestmannaeyja, Hull og Antwerpen.

Bifreið ekur á mann. Um kl. 11 síðastliðið sunnudagskvöld hafði hópur manna safnast saman fyrir utan fundarhús kommúnista. Bar þá að bifreiðina R 840, kom hún frá Aðalstræti og ætlaði upp Brattagötu. Maður einn, Guð- mundur Stefánsson frá Álafossi, var ekki nógu fljótur að vika sjer undan, er bifreiðin fór fram hjá og fór afturhjólið bifreiðar- innar yfir annan fót hans. Lög- reglan flutti Guðmund á Land- spítalaun. Var í fyrstu haldið að fóturinn hefði brotnað, en svo reynlist þó ekki, hafði aðeins orðið tagnun í öklaliðnum.

Ægir kom í gær með farþega frá Norðfirði.

María Markan söngkona söng í Musihalle í Hamborg hinn 25. október að tilhlutan þýsk-norræna fjelagsins. Söng hún þar fjögur lög eftir Schubert, tvö eftir Brahms, tvö eftir Wolf, eitt eftir Puccini eitt eftir Verdi, Den far- ende Svend eftir Karl Runólfsson. Angun bláu eftir Sigfús Einarsson, Gott er sjúkum að sofa, eftir Markús Kristjánsson og Smala- vísu, lag og erindi eftir Þórarinn Jónsson, tileinkað söngkon- unni. Þórarinn hafði og þýtt hín ljóðin á þýsku. Þetta var fyrsta sjálfstæða söngskemtunin, sem María hefir haldið í Hamborg og tókst ágætlega, eftir því sem blöð segja. Var hrifning áheyrenda svo mikil, að hún varð að syngja mörg aukalög.


Alden kom í gær frá Breið- firði og fór aftur samdægurs.

Útvarpið:
Þriðjudagur 6. nóvember.
10.00 Veðurfregnir.
12.10 Hádegisútlit.
12.45 Ensukensla.
15.00 Veðurfregnir.
19.00 Tónleikar.
19.10 Veðurfregnir.
19.20 Þingfrjettir.
19.50 Augljósingar.
20.00 Klukkusláttur.
Frjettir.
20.30 Erindi: Áfengislöggjöfin, III (Þjetur Ottesen alpm.).
20.45 Erindi: Áfengislöggjöfin, IV (Ragnar E. Kvaran).
21.00 Tónleikar: Celló-sóló (F. Czerny); b) Grammófónn: Ís- lensk lög; c) Danslög.

Hjálmar A. Bergmann hefir nýlega verið kosinn varaforseti háskólaráðsins í Manitoba.

Valdemar Björnson ritstjóri kom til Montreal 6. október úr Íslandsfór sinni og hjelt rak- leiðis þaðan heim til Minnesota.

Bandalag kvenna í Reykjavík, byrjaði aðalfund sinn í gær kl. 4 í Oddfellowhúsinu. Var þar m. a. til umræðu húsmæðrafraeðsla í Reykjavík, heilbrigðismál Reykja- víkur, kvenlögregla og frumvarp landlæknis. Fundurinn heldur á.



Ódýr dvergglampi



er ekki sá, sem er ódýrastur að kaupa, heldur sá, sem er ódýrastur að nota, þ. e. sá lampi, sem ber mikla birtu með lítilli straumeyðslu og sem getur þolað mikinn hristing.

OSRAM dverg- lampar eru óviðjafnanlegir.

Eilífðareldspýtan.

Höfum fengið einkaumboð fyrir Ísland, til að selja eilífðareldspýtuna „Duplex“. „Duplex“ er uppgötvun sú, sem eldspýtnakongurinn Ivar Kreuger eitt sinn bauð að greiða fyrir 20 milljónir króna. Eilífðareldspýtan „Duplex“ er gær- anteruð fyrir 20.000 kveikvingu og kostar 4,50.

Fæst aðeins hjá
K. Einarsson & Þjörnsson.

Fermingarbörn.

Ljósmyndastofa mín verður sjerstaklega opin alt miðvikudagskvöld vegna Fermingarbarna.

Ólafur Magnússon.

Kgl. hárðljósmyndari
Templarasundi 3. Sími 3449.

Sjóferðasögur

Grand Hotel

Saga Eiríks Magnússonar

Ísjóðmæli dr. Þjargar

Rauðskinna

Rit um jarðelda à Íslandi

Gæfumaður

Eigið þjer þessar bækur ?

fram í dag á sama stað og sama Kvaran stjórmar og leikur sjálf- tíma. Allar konur velkomnar á ör Sigvalda prest.

Björn Karel Þórólfsson magist- er var meðal farþega á Selfossi að- ureyrar er nú að sýna þennan faranótt laugardags. Býst hann leik. Hefir verið leikið fjórum víð að dvelja hjer fram undir ára- sinnum fyrir fullu húsi. Ágúst mót.

Morgunblaðið

Vikublað: Ísafold.

21. árg., 265. tbl. — Miðvikudaginn 7. nóvember 1934.

Ísafoldarprentsmiðja h.f.

Þegar kulðinn kemur er gott að vera búinn að fá sjer frakka, vel saumaðan frá Álafoss. Ný efni komin. Betri fót, ódýrari fót, kaupið og notið Álafoss fót. Þingholtsstræti 2, Rvík.

GAMLA BIÓ

Leyndarmál drengsins.

Hrífandi og falleg þýsk tal- og söngvamynd í 10 þáttum, eftir skáldsögu Stefan Zweigs „Brennendes Geheimnis“.

Aðalhlutverkin leikin af góðkunnnum þýskum leikurum:
WILLI FORST — HILDE WAGENER — ALFRED ABEL.

LEIKFJELAG REYKJAVÍKUR

Annað kvöld kl. 8

Jeppi á Fjalli

Danssýning á undan.

Aðgöngumiðar seldir í 10.6 daginn áður en leikið er kl. 4—7 og leikdaginn eftir kl. 1.

Nýja Bió



Katrín mikla!

Stórfengleg ensk tal- og tónkvikmynd, byggð á sögulegum heimildum, úr lífi Katrínar II., sem talin var mesti stjórnandi Rússlands, eftir Pjetur mikla.



Maðurinn minn, Guðmundur Magnússon, andaðist 6. p. m. á Landakotspítalanum.

Rannveig Majasdóttir,
Bergþórugötu 18.

Maðurinn minn, Stefán Kr. Bjarnason, fyrv. skipstjóri, andaðist í gær á heimili sínu, Grundarstíg 4.

Ingibjörg Zakariasdóttir.

Innilegar þakkir vottum við öllum, sem sýndu hluttekningu við fráfall og jarðarför Theodórs Sigarðssonar, verslunarstjóra.

Steinunn Sverrisdóttir.

Ellen Sigurðardóttir, Ásta Guðmundsdóttir,
Ingólfur Gíslason, Ólafur P. Jónsson.

Hjartans þakkir vottum við öllum, sem auðsýndu hluttekningu við andlát og jarðarför sonar míns og bróður okkar, Gunnars Þorsteinssonar.

Jóhanna Vigfúsdóttir og dætur.

Vjelaverkstæði í Hafnarfirði til sölu.

Verkstæðið er á besta stað í bænum, beint upp af skipa-bryggjunni. Verkstæðið hefir starfað í 10 ár og hefir þar af leiðandi marga góða viðskiftamenn.

Æskilegt að kaup gætu farið fram nú þegar vegna í hönd farandi vertíðar.

Semja ber við h.f. Hamar í Reykjavík.

TRJESMIÐAFJELAG REYKJAVÍKUR

Tilkynning.

Samkvæmt reglugerð um nemandaleyfi, sem samþykkt var á fundi fjelagsins 3. nóv. s.l. skal hver sá er óska kann að taka nemandu í húsnæmiðaðu, senda stjórn Trjesmiðafjelagsins beiðni þar að lítandi, og skal tilkynna nafn, aldur, og heimilisfang nemandans, og er öllum óheimilt að taka nemandu þar til svar stjórnarinnar er fengið. — Þetta tilkynnast hjer með hlutaðeigendum.

STJÓRNIN.



heldur fund fimtudaginn 8. p.m. kl. 8½ í Oddfellowhúsinu.

Fjelagsmaður segir frá ferð sinni um Suður- og Mið-Evrópu, STJÓRNIN.

EPLI

rauð og góð, dálítið eftir enþá.

HJÓRTUR HJARTARSON
Bræðraborgarstíg 1. Sími 4256.



Epli, ný
Vínber.
Gráfíkjur í pökkum,
margar tegundir.
Döðlur í pökkum.

Fyrsta flokks Spaðsaltað Dilkakjöt

í hálfum og heilum tunnum,
til sölu.

H.f. Efnagerð Reykjavíkur.

Lifur og hjörtu.

KLEIN,

Baldursgötu 14. — Sími 3073.

Skipstjóraffjlagið

ALDAN

heldur fund í K. R.-húsinu uppi, kl. 8½ e. h.

Til umræðu framvarp F. J. og P. O. um breytingu á lögum um atvinnu við siglingar. — Áriðandi að fjelagar fjölmenni. STJÓRNIN

Hreinn Pálsson

syngur í Nýja Bió, fimtudaginn 8. p. m., kl. 7½ e. h. Aðgöngumiðar á kr. 2.00 fást hjá K. Viðar og í Hljóðfærahúsinu.

Við hljóðfærið

Páll Ísólfsson.

Ítölsk silki

í kjóla og svuntur, afar falleg og ódýr.

Verslun Augustu Svendsen.

Er flutt á
Hávallagötu 5.
Guðrún Halldórsdóttir,
ljósmóðir. Sími 2944.

Á VAXTIÐ

og geymið fje yðar í

Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis

Afgreiðslan á Hverfisgötu 21, hjá Þjóðleikhúsinu.
Opin 10—12 og 5—7½ virka daga.

— Venjið börnin á að kaupa SPARIMERKIN. —

Morgunblaðið

Útgef.: H. Árvakur, Reykjavík. Ritstjórn: Jón Kjartansson, Valtýr Stefánsson. Ritastjórn og skrifstofa: Austurstræti 8. — Sími 1400. Auglýsingastjóri: E. Harberg. Auglýsingaskrifstofa: Austurstræti 17. — Sími 3700. Helmasafn: Jón Kjartansson nr. 3742. Valtýr Stefánsson nr. 4220. Arni Óla nr. 3046. E. Harberg nr. 3776. Áskriftagjald: Innviðaháttur kr. 2.00 á mánuði. Utanlands kr. 2.50 á mánuði. Í lausasölu 10 auro eintakið. 20 auro með Lesbók.

Kosningarnar í Bandaríkjunum.

Búist við sigri demokrata, því viðreisnarstarf Roosevelts hefir mælst vel fyrir.

Viðreisnarstarf á grundvefki einkaframtaks.

Washington, 6. nóv. FB. Þjóðþingskosningar fara fram í Bandaríkjunum í dag og munu úrslit þeirra leiða skýrt í ljós, hvort fylgi ríkisstjórnin hefir, hvort almenningur hefir mist, að litlu eða miklu leyti, trúna á, að viðreisnarform hennar heppni o. s. frv. Í ríkinu Maine er kosningin þegar um garð gengin (í sept.) og báru demokráta þar sigur úr þytum, sem kunnugt er.

Í kosningabaráttunni var því mjög haldið á lofti af stjórnarandstæðingum, að ríkisstjórnin væri „röttæk“ og að mörg viðreisnarform hennar hefði þegar misheppnast, en yfirleitt væri þau flest varasöm, kostnaðurinn væri gífurlegur o. s. frv.

Þessu hefir stjórnin svarað á þá leið, að hún hafi orðið að þreifa sig áfram, atvinnuþyngunum og þjóðinni hafi orðið að bjarga, og viðleitni hennar fari í þá átt að koma viðskiftum og atvinnulífi á heilbrigðan grundvöll, án þess að girða fyrir að einstaklingar og einkafyrirtæki geti rekið starfsemi með hagnaði.

Yfirleitt er lítið svo á, að ríkisstjórnin hafi vegna kosninganna farið sjer hægara. Hugh Johnson hafi verið látinn fara frá, vegna hinna miklu árasa, sem hann varð fyrir sem yfirmaður viðreisnarformanna, og þessi tilskörun hafi leitt af sér, að kjósendurnir hafi, er þeir greiddu atkvæði í dag, lagt til grundvallar heildarútgáfuna af viðleitni stjórnarinnar, frekara en það, sem miður hefir farið. Fyrstu kosningaúrslit verða kunn þegar í dag. (UP).

Æsingar og bardagar.

London, 6. nóv. FÚ.

Afskaplegar æsingar eru í mörgum borgum og hafa sumstaðar orðið úr ofbeldisverk.

Í litlum námubæ í Pennsylvanía skaut maður úr vjelbyssu á skrudgöngu demokrata, sem fram hjá fór. Þetta kom fyrir rjett á móti húsi, sem leiðtogi republikana átti heima í, og hefir hann verið tekinn fastur ásamt öðru fólki, sem í húsinu bjó.

Einn maður fjell, en 8 særðust af skotum vjelbyssunnar. Lögreglan rjedið á húsið og fór þar fram orusta áður en skotmaður gæfist upp.

Í New York halda 1200 lögreglumenn vörð við kjörstaðina, og ekkert áfengi má selja fyrir en kosningunni er lokið.

Fjórdungur allra þeirra, sem á kjörskrá eru höfðu greitt atkv. á fyrstu þrem klst., sem kjörstaðirnir voru opnir.

Kjörstöðunum er lokað kl. 6 síð, (enskur meðaltími), eða kl. 10 eftir Reykjavíkur tíma.

Úrslit fara að frjettast um miðnætti eftir New York tíma.

Í Ashford, Massachusetts, eru úrslit þegar kunn. Frambjóðandi republikana var kosinn ríkisstjóri, en frambjóðandi demokrata var kosinn í öldungaráðið.

Furðuleg tíðindi nálgast.

Örlög Evrópu ráðin 1935, segir Benes.

Ófriður yfir uofandi.

London, 6. nóv. FÚ.

Benes flutti ræðu um utarríkismál í Tjekkóslóvakíska þinginu í dag. — Hann sagði, að heimurinn gæti átt von á því, að furðulegustu tíðindi gerðust á næstu 12—15. máni. Hann sagði ennfremur, að árið 1935 mundi gera út um örlög Evrópu. Svo ávarlegt er ástandið, að hinn minsti neisti getur orðið til þess að valda sprengingunni. Hann sagði, að ekki væri nema einn kostur þess að vega á móti stríðinu, s. s. á, að gera langvarandi samning um varðveislu friðarins. Loks sagði hann, að



Dr. Benes (til hægri).

það væri grundvallarskýlgrði ssemilegs ástands, að gott samkomulag hjeldist milli Breta og Frakka.

Franska stjórnin riðlast í dag?

London, 6. nóv. FÚ.

Í Frakklandi bíða menn með mikilli óþreyju þess, að lokið sje fundi radikal-sósíalísta-flokksins, svo að augljóst verði hvað aðhafst muni verða um stjórnarskrárbreytingarnar.

Orð leikur á því, að nefndin, sem hafði málið til meðferðar hafi lagst á móti breytingum forsætisráðherrans, og Herriot hafi þegar tilkynnt Doumergue þetta, en Doumergue hafi æst þess, að þetta yrði ekki gert heyrum kunnugt fyr en fundinum væri lokið. Ef þetta er satt munu ráðherrar í radikal-sósí-

alísta-flokknum segja af sjer í kvöld.

Vinstri lýðræðisflokkurinn ræðir nú úrslitin í öldungaráðinu. Sagt er, að hann sje á móti stjórnarskrárbreytingunum.

Fulltrúadeildin kom saman í dag, en engin eiginleg þingsstörf fóru fram. Þar voru haldnar minningarræður um Barthou og Poincaré, og fundinum síðan frestað.

Ríkisstjórnin kemur saman í fyrramálið. Það verður sennilega ekki ópinbert fyrir en að loknum þeim fundi, hvort breyting verður á stjórninni.

Reglubundnar loftskipaferðir kring um hnöttinn.

Á 51 klukkustund milli Washington og París.

Washington í okt. FB.

Loftskipafjelögin amerísku, en þau eru tvö, gera sjer bæði vonir um, að ríkisstjórnin muni veita stuðning sinn, til þess að um verði að stofna til reglubundinna loftskipaferða kringum hnöttinn. Hvort fjelagið um sig hefir sent ríkisstjórninni áætlun um slíkar ferðir og nú er mikið um þessi áform rætt, því að aðstoðar-verslunarmálaráðherrann, Ewing Mitchell, hefir tilkynnt, að ríkisstjórnin muni athuga þessar áætlanir nákvæmlega, þar eð hún sje hlýnt því, að úr framkvæmdum í þessa átt verði, í von um að afleiðingin verði sú, að viðskiftin í heiminum aukist.

Annað fjelagið, sem hjer á hlut að máli, er Good year Company, Akron, Ohio, sem hefir smíað loftskip fyrir ameríska flotann. Það er sambandsfjelag Zeppelinsfjel. Þýska Good year Co. hefir lagt það til, að þjóðþingið veiti stuðning sinn til þess að koma því í framkvæmd, að stofnað verði til

skipulagsbundinn loftskipaferða yfir Atlantshaf og Kyrrahaf.

Samkvæmt áætlun þessa fjelags eiga skipin að fljúga frá Washington til París, að því er áætlað er á 51 klst. Þaðan er áformað öa fljúga til Karaschi í Indlandi á 51 klst., til Batavia á 48 klst., Manila á 12 klst., Tokio á 25 klst., Honolulu á 34 klst. og Los Angeles í Kyrrahafsströnd Bandaríkja á 16 klst. —

Hitt fjelagið, Metal Clad Dirigible Co., sem einnig hefir smíað loftskip fyrir ameríska flotann, hefir valið suðlægari leið, til Suður-Ameríku, þaðan til Afríku, Ástralíu o. s. frv. með það fyrir augum að auka viðskifti milli þjóðanna í þessum álfum við Bandaríkin. —

Talið er, að af þessum áformum geti orðið, ef ríkisstjórnin felst á að veita fjelaginu svip-úð rjettindi um póstflutninga og skipafjelög hafa, og ef til vill einhvern stuðning annan í byrjun. (United Press).

„Þó í þoku sje“.

Eins og menn rekur minni til fyrgði frv. Ólafs Thors um fiskiráð löng og merkileg greinargerð, sem öll hnje að því, að sýna fram á, að þörf væri sameiginlegrar forystu í málum sjávarútvegs allra landsmanna, og væri frv. getlað að skapa slíka forystu.

Nú er komið út nefndarálit meiri hluta sjávarútvegsnefndar Nd., skrifað af formanni hennar, Finni Jónssyni, þar sem lagt er til að frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Nefndaráliðið er merkilegt plagg, vegna þess vitsmunastigs sem það lýsir hjá íslenskum Alþingismanni. Vjer vitum ekki hversu oft F. J. hefir lesið greinargerð frv. um fiskiráð, en hitt skal strax tekið fram, að hann hefir, af rammleika hugsunar sinnar, leyst þá gátu hvað hún fjallar um. Hann kemst að þeirri niðurstöðu, að sú „hugsun, sem virðist vera á bak við frv., þó í þoku sje“, sje sú „að skapa sjávarútveginum nokkra forystu“.

Þó í þoku sje — hann er ekki viss, hann ályktar, að því er virðist, meira af áráði hins djarfa anda, en óbyggjandi vissu vísindamanns. Og þess vegna er og verður þetta nefndarálit merkilegt plagg í þingsögu vorri — eða öllu heldur: Það á ekki sinn líka í öllum skjala-parti þingtíðindanna

En þó að F. J. geti því viðurkennt að virðingarverð viðleitni felist í frv., þá er það þó, að háyfirdómi hans sjálfs ekki nógu vel samið til þess að hann geti mælt með því að það verði að lögum. Það yrði að minsta kosti fyrst að semja það „upp alveg að nýju“ — o. s. frv.

Alþýðublaðið birtir í gar þetta nefndarálit F. J. Blaðið segir frá því með stórrí fyrir-sögn á fremstu síðu, að fiskiráðsfrumvarp Ólafs Thors hafi fengið „háðulega meðferð“ á Alþingi — og háðungin er í því fólgin að F. J., græningi, sem af einhverri óskiljanlegri hendingu á sæti á Alþingi, hefir skrifað skrákróma álit, sem er alveg eins á svipinn og höfundur þess — fylulegt, smámannlegt og ekki beinlínis skarplegt!

Bláðið segir að Bergur Jónsson hafi skrifað undir nefndaráliðið, en þegar yfir því að hann hefir undirritað það „með fyrirvara“ — og getur Mbl. frætt lesendur sína á því, að B. J. hefir tjáð Ól. Th., að fyrirvarin sinn þýði að hann beri enga ábyrgð á nefndarálitinu, en sje



Roosevelt forseti.

Þessar ályktanir byggjast að nokkru á því, að miðjónir kjósenda, bæði í bæjum og sveitum, hafi notið mikils góðs af viðreisnaráformum og kreppuráðstöfunum stjórnarinnar, og þeir muni fylkja sjer undir merki hennar. Republikanar geti því ekki náð sjer á strik aftur að þessu sinni, og í fyrsta lagi eftir 2 ár, þegar gera verður ráð fyrir að skattabyrði almennings hafi verið aukin að miklum mun, til þess að greiða skuldarnar, sem safnast hafa, vegna kreppuráðstafaþanna og viðreisnarframkvæmdanna.

hins vegar sammála þeirri rökstuddu dagskrá, sem þar er stungið upp á.

Enda má það satt að segja vera ógeðsleg tilhugsun, fyrir nálega hvern sem væri, að eiga að teljast meðábyrgðar að þeirri hugsanaframleiðslu sem til verður, þegar F. J. hvesir andans sjónir og reynir að sjá út úr þokubakkanum, sem gnúfir yfir vitsmunum hans — og setur síðan fram í orðum, hvað hann sjer, „þó í þoku sje“.

Skuldaskilasjóður útgerðarmanna.

Sami kuldinn andar enn gegn þessu þjóðnytja máli frá stjórninni og rauðliðum [á Alþingi.

Frumvarp Sjálfstæðismann um skuldaskilasjóð útgerðarmanna kom til 1. umr. í neðri deild í gær.

Eins og fyr hefir verið frá skýrt, er frv. þetta samið af milliþinganefndinni í sjávarútvegs- málum og flutti á Alþingi af fulltrúum Sjálfstæðisflokksins í nefndinni (þeim Sig. Kr. og Jóh. Jós.), og nokkrum fleiri þingmönnum flokksins. Hvorki Ríkisstjórnin né hennar flokksmenn í sjávarútvegsnefnd Nd. f. eru „gust til að koma frv. á framfæri“ á Alþingi.

Sigurður Kristjánsson er fyrsti flutningur maður þessa frv. Hann fylgdi frv. úr hlaði með langri og mjög fróðlegri ræðu, þar sem hann gerði grein fyrir starfi milliþinganefndarinnar. Verður skýrt frá ræðu hans síðar hér í blaðinu.

Er Sig. Kr. hafði lokið sinni ræðu reis, Bergur Jónsson upp og flutti langan reiðlestur og sneri reiði sinni aðallega til Morgunblaðsins fyrir það, að blaðið leyfði sjer að skýra frá framkomu ríkisstjórnarinnar og stjórnarliði í sjávarútvegsnefnd Nd. gagnvart þessu stómáli. Ekki gat þó Bergur neitað því, að rjett hefði verið frá skýrt að öllu leyti. Var gremja hans eingöngu sprottin af því, að samneikurinn var dreginn fram í dagsins ljós.

Framkoma hinna tveggja stjórnarliða í sjávarútvegi, þeirra Finns Jónssonar og Páls Þorbjörnssonar var mjög með svipnum hætti og Bergs. En það kom berlega í ljós hjá öllum þessum herrum, að það var flokks- svipan, sem knúði þá til þess að snúast gegn málinu, en nú var það kjósenda-svipan, sem þeir óttuðust.

Mesta undrun vakti þó ræða fjármálaráðherrans í sambandi við þetta mál. Hann kvað eigi hægt að taka það alvarlega, að slíkt frv. væri fram borið! Skilningur hans á högum sjávarútvegsins var ekki meiri en þetta. Hann heldur auðsjáanlega, að eina bjargráðið sé sje milliþingaskattar á slígaða atvinnuvegi. Hitt virðist algert aukaatriði hjá ráðherranum, þótt aðal atvinnuvegur þjóðarinnar, þótt atvinnuvegur, sem þjóðarbúskapurinn byggist að langmestu leyti á hrynjá í rústir. En hvar þessi ráðherra hugsar sjer að taka skattana, þegar svo er komið, verður víst lengst af ráðgáta fyrir flestum.

Bæði fjármálaráðherra og atvinnumálaráðherra voru með ákúrrur í garð Sjálfstæðisflokksins fyrir það, að herra fram þetta frv. án þess að benda á leiðir til tekjuöflunar handa ríkissjóði á móti útflutningsgjaldinu, sem lagt er til í frv. að renni í Skuldaskilasjóð.

Þessu svaraði Ólafur Thors með þeirri yfirlýsingu f. h. Sjálfstæðisflokksins, auðvitað væri flokkurinn reiðubúinn til samninga um

naðsynlega tekjuöflun til þess að fjárlög verði afgreidd tekjuhallaus. Jafnfr. spurði Ólafur Thors ráðherrana hvort þeir kæmu ekki auga á neitt í þeim 12 milj. kr. útgjöldum á fjárlagafrumvarpinu, sem ætti minni rjett á sjer en það, þótt varið væri nokkru fje til þess að bjarga frá hrúni státtsta atvinnuvegi þjóðarinnar. Þessu gátu ráðherrarnir engu svarað. Umr. varð ekki lokið.

Kjötsöluögin.

Kjötlöggin komu til 2. umr. í Nd. í gær. Landbúnaðarnefnd deildarinnar hafði haft frv. til meðferðar og lagði einróma til, að frv. yrði samþykkt. Tveir nefndarinnar, þeir Jón Pálmason og Guðbr. Ísberg fluttu tveir veigamiklar breytigartilvitni. Frv. var önnur um það, að fjöldi skyldi tveim mönnum í kjötvæðslaneftind og skyldi allar tilnefndur af Búnaðarfelagi Íslands og hinn af Verslunarráði Íslands. Hin britt. var um það, að skyldi skyldi að veita lögskráðum lamvinnufjel bændu sláturleyfi, ekki aðeins þeim fjelögum sem starfandi eru, heldur og þeim, sem stofnað kunna að verða; ennfr. skyldi skylt að veita sláturleyfi þeim verslunum, sem árið 1933 starfræktu sláturbús. Þáðar þesar britt. feldi stjórnarliðið.

Einnig var feld þett. frá Hannesini Jónssyni um að Búnaðarfelag Íslands skyldi tilnefna mann í kjötvæðslaneftind í stað Alþýðusambands Íslands. Frv. var þvinast afgr. óbreytt til 3. umr.

Einkasala og vinnumiðlun.

Bifreiðaeinkasalan var til 2. umr. í Ed. í gær. Urðu hnippingar nokkrar milli Magnúsar Jónssonar og Jóns Bald.

J. Bald. lét skína í það, að beta mætti bejarfjelögum upp tekjumissi þann, sem þau yrðu fyrir, ef einkasalan væri tekin, með því að hækka gjald það, sem ríkisfyrirtækjum er gert að greiða til bejarsjóða.

Magnús Jónsson það þegar í stað um yfirlýsing fjármálaráðherra um þetta. En hann svaraði, að hugsanlegt væri, að eitthvað herra gjald mætti ákveða fyrir þessa einkasölu. Þótti M. J. þetta svar eigi litilfjörlegt. Hjer væri um hundraða þúsunda tekjuskerðingh að ræða, og fjármálaráðh. teldi aðeins hugsanlegt að beta það upp með nokkrum þúsundum, án þess þó að gefa um það nokkurt skilyrði.

Um vinnumiðlunina, sem var til

2. umr. urðu dálitlar umræður. M. J. og M. Guðm. andmæltu málinu, en þv. málaráðh. (H. G.) varði frv.

Atkvæðagreiðslum um bæði málin var frestað vegna fjarveru stjórnarsinna. Annars er það orðið hreyksli, hvornig stjórnarflokkarnir hegða sjer í Ed. Stundum sjer þar enginn nema forseti og ritari. Ráðherrarnir tolla ekki einu sinni meðan við þá er rætt. Um Jónas er ekki að tala. Hann sjer aðrei nema hringt sje á hann til atkvæðagreiðslu. Situr hann löngum á hvalisfundum í hlíðarherbergi.

Í umræðunum í gær hreyfði M. G. þessu, og kvaðst ekki vita, hve lengi hann kærdi sig um að sitja hjer til þess að fundir yrðu lögmætir, þegar stjórnarflokkarnir ljetu sjer ekki annars um þingstörfin en það, að þeir nentu ekki að vera á fundunum.

„Kongshaug“ kemst á flot.

Allri síldinni bjargað.

6. nóv. FÚ.

Frá Siglufirði símar frjettaritari útvarpsins að Kongshaug hafi komist á flot í fyrri nótt, af sjálfsdáðum. Skipið notaði varpakkari sitt og vindur, sem knúðar voru frá litlum vindukatti, en aðalkefillinn er ekki nothæfur. Skipið lekur ekki, svo talið verði, en skipstjóri telur botn þess allan beyglaðan. Von er á manni frá Noregi með Novu 14. þ. m., er váttryggingarfeljög senda, og um sama leyti eru vantanlegir tveir menn frá Reykjavík. Munu þeir dæma um skemdir skipsins, meta þær, og ákveða hvað gera skuli við það. Allri síld er nú bjargað í land, og er hún talin óskemd.

Bjarka bjargað.

6. nóv. FÚ.

Hvíðbjörnen og togarinn Hafsteinn náðu Bjarka af grunni í nótt. Hafsteinn kaupir nú bátafisk á Siglufirði, og fer áleiðis til útlanda með aflann annað hvort í nótt eða fyrramálið.

Nýtt skip til Borgarnesferða.

Borgarnesi, 6. nóv. FÚ.

Samninga hefir hlutfelagið Skallagrímur í Borgarnesi gert við skipasmíðastöð í Álaborg, um að smíði á nýju skipi, sem á að taka við ferðum af e.s. Suðurlandi milli Reykjavíkur og Borgarnes í maí næstkomandi.

Skipið á að kosta 290 þús. krónur danskar. Það verður 125 fet á lengd og 22 fet á breidd, en þrettán fet á djúpt, og ristir 8 til 9 fet. Það verður knúð með 480 hestafla dieselvjel, og hraði verður 11 til 12 millur á klukkustund. Gert er ráð fyrir að hægt sje að flytja 250 farþega, á tveimur farrýmum, auk þess verður rúm fyrir 6 til 8 bifreiðar á þifari. Skipið verður tæplega 300 smálestir brúttó, og er gert ráð fyrir að það hafi vöruþláss fyrir 130 smálestir.

Það er undir Knox komið hvort Saardeilan veldur ófriði

Uggur í Þjóðverjum út af liðsafnaði Frakka hjá Saar.

Orói er nú all-mikill bæði í Saar og Þýskalandi út af síðustu aðgjörðum Frakka í Saarmálinu. Frjettaritari Reuters í París hefir það eftir mönnum úr frönsku stjórninni, að Frakkar hafi nú þegar dregið saman vopnað lið nálægt landamærum Sáar, og á liðið að vera til taks, ef óeirðir skyldu brjótast út, því þá er viðbúið að þjóðabandalagsnefndin muni æskja hjálpar frá Frökkum, þar sem lögregluhlíði í landinu sjálfu mundi ekki vera nógu sterkt til þess að bæla niður alvarlega uppreisn. Fjettaritari segir, að Frakkar sjeu staðráðnir í því að gera samstundis innrás í Saar ef svona fari, en að franska stjórnin voni þó, að til þessara neyðarúræða þurfi ekki að gripa.

All-mikill uggur er í þýsku hljóðunum út af þessum síðustu fyrirætlunum Frakka. „Berliner Lokal-Anzeiger“ segir, að alt bendi til þess að nú muni fara á sömu leið og árið 1923, þegar Frakkar gerðu innrásina í Ruhr. „Berliner Tageblatt“ ræðst ákaft á Knox, forseta þjóðabandalags-nefndarinnar. Blaðið segir, að því að eins styðji hann áform Frakka, að hann sje ekki starfi sínu vaxinn, og kunnir ekki að ráða fram úr erfiðleikum á frið-

samlega vísu. Þess vegna sje kúgunar- og ofbeldisstefnan honum kærust.

Bretar hafa ekki fallist á að Frakkar fari með herlið inn í Saar.

— Breski hermálaráðherrann lýsti yfir því í dag, að engin hæfa væri í þeirri fregn, að Frakkar hefðu rætt við þá um að þeir ómúðst ekki við því, að Frakkar sendu herlið inn í Saar-hjeraðið. Því síður væri nokkur fótur fyrir því, að Bretar ætluðu sjálfir að senda lið þangað. FÚ.

Berlin, 6. nóv. FÚ.

Enn er ekki um annað meira rætt í Saar en hótanir Frakka um innrás í Saar. Blaðið „Landeszeitung“ í Saarbrücken segir m. a. um þetta mál, að þó að friðarverðnir í Genf þegi við því, sem nú er að gerast, þá muni íbúarnir í Saar ekki þegja, og ekki linna andmælnum, meðan ófriki Frakka fái að viðgangast. Blaðið segir, að það sje hættulegt, að veita einum manni jafnmikið vald og Knox forseta stjórnarnefndarinnar sje fengið í hendur. Hann þurfi ekki annað en ýta á knapp til þess að kalla á hjálp Frakka, og þá logi alt Saarbheraðið í báli uppreisnarmanna. Knox hafi, segir blaðið að lokum, verið fengið í hendur ábyrgðarstarf, sem hann sje ekki vaxinn á neinn hátt.

Spánarþing sett

Lerroux ásakar jafnaðarmenn fyrir að hafa ætlað að koma á sovjetstjórn.

Madrid, 6. nóv. FB.

Fjölmenningar lögreglusveitir voru á verði í nánd við þjóðþingsbygginguna, er þing var sett í gær, því að búist hafði verið við óeirðum og þótti því ráð, að vera við öllu búinn. Til óeirða kom þó ekki. — Í ræðu þeirri, sem Lerroux, forseti ríkisstjórnarinnar, flutti á þingfundinum, ásakaði hann sósíalísta og leiðtoga þeirra fyrir að hafa unnið að undirbúningi byltíngar í kyrþei og hefði höfuðtilgangur þeirra verið, er lögmæt ríkisstjórn hefði verið svipt völdum, að stofna sovjetstjórn, að rússneskri fyrirmynd, á Spáni. (United Press).

Löggæsluákið.

Berlin, 6. nóv. FÚ.

Anthony Eden lagði af stað í morgun á leiðis til Genf, til þess að sitja fund Þjóðabandalagsráðsins. Delbos, utanríkisráðherra Frakka, er kominn til Genf, og hefir í dag átt viðræður við fulltrúa Tyrklands, en deilumál Tyrkja og Frakka út af Alexandretta verður eitt aðalumræðuefni fundarins. — Önnur mál á dagskrá eru Danzigmálin og Spánarmálin.

Það var opinberlega tilkynnt í dag í Róm að Ítalía myndi ekki senda neinn fulltrúa til Genf.

Fundur ráðsins hefst í dag.

Án þess að vita af ræðu Görings, svaraði Eden þessum ummælum í ræðu sinni. Hann hjelt því fram, að það væri alls ekki barist um það, hvort eitt eða annað erlent stórveldi ætti að ná yfirhöndinni á Spáni, stjórna framtíð Spánverja og utanríkismálum þess.

Fyrst og fremst myndu Spánverjar sjálfir setja sig upp á móti því, að erlent ríkisvald rjedi lögum og lofum í landi þeirra, og það myndi Stóra-Bretland einnig gera.

Hann hjelt því fram, að mikill hluti þeirra útlendinga sem nú berðust á Spáni gerðu það ekki vegna hugsjóna, heldur hagsmuna. Þeir berðust hvorki fyrir einni stefnu nje annari, en aðeins fyrir eigin fjárhagslegum hagnaði.

FRAMH. Á SJÖUNDU SIÐU.

Forseti þar til 1940.



Roosevelt Bandaríkjaforseti.

Matarskortur vegna snjóþyngsla.

FRÁ FRJETTARITARA VORUM.

KHÖFN í gær.

Matvælastortur vofir yfir mörgum borgum á Jótlandi, vegna hinna óvenju miklu snjóþyngsla. Sumar borgir hafa nær ekkert samband við umheiminn.

Viða hefir hús fent í kaf. — Járnbrautarlestir hafa sumstaðar verið fastar í snjó í heilan sólarhring.

Ræða Roosevelts um tugi miljóna atvinnuleysingja.

London 20. jan. FÚ.

Roosevelt forseti tók í dag embættiseið sinn í annað sinn, og fóru í því sambandi fram hátiðahöld með skráðgöngu í Washington, höfuðborg Bandaríkjana. Rigning var, og kuldi, en þó hafði mikill mannfjöldi safnast saman í grend við þinghúsið, til þess að sjá forsetann aka þangað.

Í innsetningarræðu sinni sagði Roosevelt m. a. að það ástand, sem nú ríkti í Bandaríkjunum, að tugir miljóna manna gætu ekki veitt sjer hinar einföldustu lífsnaðsynjar, væri óviðhafandi hneisa fyrir lýðræðisstjórn Bandaríkjana.

Í innsetningarræðu sinni framför eða afturför væri að ræða, væri það, hvort hinir auðugu bættu við allsnægtir sínar, eða hinir allslausu fengi bætt úr skorti sínum.

Tvær flugvjarlar koma til Íslands í sumar.

FRÁ FRJETTARITARA VORUM:

KHÖFN Í GÆR.

Í sumar — sennilega í júní — eru tvær flugvjarlar frá Taylor Air Craft í Bandaríkjunum væntanlegar til Íslands og hjeðan munu þær halda áfram til Danmerkur.

Hefir „Taylor Air Craft“ farið þess á leit við Dani að firmað fái að setja upp flugvjarlaverksmiðju í Danmörku, sem verði útibú frá verksmiðjunum í Bandaríkjunum. Flugferðin í sumar stendur í sambandi við þessa umsökn.

„Taylor Air Craft“ hefir boðið danska flugmanninum Bjarkov að stjórna annari flugvjarlinni í sumar og hefir Bjarkov lýst yfir því, að hann sje fús til fararinnar.

Þýskt skip með 21 manns áhöfn hefir farist.

London í gær. FÚ.

Í dag var opinberlega tilkynnt í Þýskalandi, að eitt af tilraunaskipum þýska flotans (Villa?) hefði farist í Eystrasalti í gær með 21 manns áhöfn. Skipið var á leið til aðstoðar þýskri stormaveitar skútu, sem var í nauðum stödd. Nánar er ekki sagt frá þessu atviki.

B.v. Gyllir fór á veiðar í gærkvöldi.

Bæjar- og sveitarfjelögin verða að fá nýja tekjustofna.

Ríkið á að láta af hendi fasteignaskattinn og helming tekjuskattsins.

Síðustu árin hafa Alþingi borist háværar kröfur frá bæjar- og sveitarstjórnunum allstaðar að af landinu, um nýja tekjustofna þeim til handa.

Þessar einróma og háværar kröfur urðu til þess að haustþingið 1935 samþykkti áskorun til ríkisstjórnarinnar, að undirbúa frumvarp um tekjustofna bæjar- og sveitarfjelaga og leggja fyrir næsta þing.

Stjórnin skipaði þegar nefnd í málið, og áttu sæti í henni alþingismennirnir Magnús Guðmundsson, Bernharð Stefánsson og Jónas Guðmundsson.

Enda þótt nefndin hefði stuttan tíma til starfa, þar sem Alþingi kom aftur saman í febrúar 1935, hafði hún þó tilbúið frumvarp svo snemma að þingið fékk það til meðferðar.

En það sýndi sig skjótt, að frumvarp nefndarinnar myndi ekki fá greiðan gang gegn um þingið.

Fyrsti þröskuldurinn í vegi málsins var sjálf ríkisstjórnin. Hún tók málinu mjög dauflaga þegar í byrjun, og með fullri andstöðu þegar á leið. — Þar með var málið raunverulega dauðadæmt.

Það fór og svo að frumvarpið dagaði uppi í þinginu, eftir að búið var að limlesta það svo, að lítið sem ekkert var eftir af því.

En ríkisstjórnin má ekki halda að hún sje þar með leyst frá öllum skyldum í þessu máli. Með taumlausri skattalögum sinni hefir ríkisstjórnin komið bæjar- og sveitarfjelögum landsins á knje fjárhagslega. Hún hefir ráðist svo freklega á hinn eina tekjustofna bæjar- og sveitarfjelaga, að þau standa nú uppi gersamlega ráðalaus.

Nú er svo komið, að allir kaupstaðir landsins, nema Reykjavík, og um helmingur allra hreppsfelaga hafa neyðst til að taka kreppulán, vegna fjárhagserfiðleika og skuldabasis. Auðvitað verður ekki langt að bíða þess að hin geflist einnig upp, með sama áframhaldi.

Andstaðan gegn frumvarpi hinnar stjórnskipuðu nefndar byggist einkum á því, að menn voru óánægdir með að gengið var inn á tollabrotina til tekjuöflunar til handa bæjar- og sveitarfjelögum.

Það verður að játa að mjög er óheppilegt að þurfa að fara inn á þessa braut. En eitthvað

FRAMHALD Á SJÓTTU SIDU.

Páfi með kardinálum sínum.



Píus XI. (í miðju) ræðir við kardinála sína.

Tveir menn stórslasast í Mjólkurstöðinni.

3 tonna kælidunkar fellu á þá.

TVEIR menn stórslösuðust í Mjólkurstöðinni við Hringbraut í garmorgun kl. 6, er kælidunkar, sem samtals vega um 3 tonn, fjellu niður úr lofti.

Torfi Þorbjörnsson, Aðalstræti 18, fótbrotnaði illa á öðrum fætinum og er brotið mjög slæmt; einnig hlaut hann meiri meiðsli.

Sveinn Jónsson, Blómsturvöllum, rifbrotnaði og meiddist eitthvað innvortis.

Báðir mennirnir liggja á Landspítalanum og eru þungt haldnir.

Í stöðinni eru tveir kæliklefar og er 5 kælidunkur komið fyrir í hvorum klefa. Í kælidunkum þessum eru geymdar fylltar mjólk urflöskur.

Þeir Sveinn og Torfi voru báðir að vinnu sinni inni í öðrum kæliklefa Mjólkurstöðvarinnar.

Veggir kæliklefanna eru 3 metra háir, og er hinum fimm kælidunkum komið fyrir upp undir lofti. Gegnum dunkana liggja rör, sem tengja þá saman, og einnig liggja frá þeim sver rör gegn um veggi klefans.

Rörin vörnuðu því að dunkarnir fjellu alveg niður, en það hefði orðið bráður bani beggja manna, þar sem dunkarnir eru allir um 3 tonn á þyngd.

Kælidunkunum var þannig fest, að eftir lofti í kæliklefunum liggja tveggja þumlunga trjebitar. Vinkiljárnur er svo aftur fest í bitana að neðan og í gegnum það eru kælidunkarnir festir í trjebitana með 18 skrúfum, sem eru 5/8 úr tommu að þvermáli. En skrúfurnar sjálfar eru ekki lengri en það, að þær ná aðeins um 1 1/2

Portúgalir vilja sjálfir gæta spánskra landamæra.

London 20. jan. FÚ.

Stjórnin í Portúgal hefir sent hlutleysinefndinni ummæli sín um tillögur nefndarinnar um alþjóðlegt eftirlit við spánskar hafnir og spönsk landamæri.

Stjórnin segist ekki mótfallin eftirliti við landamæri Portúgals og Spánar, svo framarlega sem það sje fallið Portúgölum sjálfum, en ekki annara þjóða mönnum.

Skemdarverk á bátum halda áfram í Eyjum.

Þriðja íkveikjutíðraunin í vjelbátunum „Gunnar Hámundarson“ í Vestmannaeyjum var framín í fyrrinótt, þar sem vjelbáturinn lá við bryggju. Sáralítið braun í bátunum, eða aðeins tvö börð í vjelarúmi.

Það virðist, sem hjer sje um hermdarverk að ræða, eða að geðveikur maður sje að reyna að vinna eiganda bátsins tjón.

Í fyrravetur var tvísvær gerð tilraun til að kveikja í bát þessum, og fyrir skömmu var sama bát sókt á Vestmannaeyjahöfn, ásamt öðrum bát.

Ramsókn í málinu hefir leitt í ljós, að útilokað er að eigandi bátsins hafi kveikt í honum, m. a. vegna þess, að hann hefði beðið mikið fjárhagslegt tjón, ef báturinn hefði brunnið nú.

Lögreglunni í Eyjum hefir ekki tekist að hafa upp á þeim, sem valdur er að þessum skemdarverkum á bátum í Vestmannaeyjum.

Heitið er 1500 króna verðlaunum af lögreglu Vestmannaeyja fyrir upplýsingar í málu þessum, sem kynnu að leiða til uppljóstunar.

Enginn póstur til Austurlandsins í 5 vikur!

Nordfirði, miðvikudag.

Í gær komu hingað þrjú skip: Goðafoss, Lagarfoss og Súðin.

Voru þá liðnar 5 vikur frá því póstur kom hingað síðast, eða með Esju 13. des. 1936.

Með skipum þessum kom óhemju mikill póstur. Blöðin þóttu þó sum nokkuð gömul.

Svona eru samgöngurnar við Austurland á menningaröldinni!

Pormar.

VARIST SNJÓSKRIÐURNAR AF HÚSPÖKUM!

Stórhættulegt getur verið, er snjóskskríður falla af húspökum og ættu menn að varast að ganga fram hjá húsum, þar sem snjór slútur fram af þakskeggjunu. Einnig ætti fólk að gæta þess að skilja ekki eftir barnavagna við hús á meðan þessi hætta vofir yfir. Landsbankinn tók það ráð í gær að láta moka snjónum af þaki bankans og stóð lögregluvörður á götunni á meðan verið var að moka af þakinu. Fleiri ættu að taka þetta ráð Landsbankans, þar sem því verður við komið.

Halldór Kiljan „stórfenglegur og finn“.

Gunnar Gunnarsson jöfur í ríki skáldskaparins.

Khöfn í gær.

Í hátíðahöldunum í ríkisþinginu í danska í tilefni af 100 ára afmæli danska bóksalafelagsins tóku meðal annara þátt Stauning forsætisráðherra Dana og Sveinn Björnsson sendiherra.

Berlingske Tidende gaf út auka blað í tilefni af afmælinu. Í blaðið ritar Kjeld Elfert um nýjar bækur í Danmörku og segir þar um „Graamand“ Gunnars Gunnarssonar, að bókni sýni, að Gunnar sje jöfur í ríki skáldskaparins. Politiken birtir og mjög lofsamleg ummæli um Gunnar.

Forseti sambands enskra bókaútgefenda kom til Kaupmannahafnar í tilefni af þessu afmæli og segir í viðtali við Politiken, að norrænar bækur sje torvelt að selja í Englandi, nema bækur eftir Halldór Kiljan Laxness.

Hann segir, að hin dásamlega skáldsaga Laxness, Salka Valka, hafi orðið afar vinsæl á Englandi, enda sje Halldór Kiljan Laxness hvortveggja í senn, einn stórfenglegasti og finasti rithöfundur, sem nú sje uppi.

Hann segir ennfrémur, að verið sje að þýða Sjálfstætt fólk á ensku og komi sú bók bráðum út undir nafninu Independent People. Hún er þýdd beint af íslensku af Anderson Thomson.

Heilsufar páfa.

London 20. jan. FÚ.

Páfinn naut lítillar hvíldar í nótt, sökum þrauta, en lyfjum var dælt í fót hans til þess að lina þrautirnar.

HEIMDALLUR

ÆSKAN OG STJÓRN MÁLIN

S. Ú. S.

Ráðríki ríkisstjórnarinnar yfir málefnum bæjarins.

Bjarni Benediktsson prófessor, rekur þau mál á Heimdallarfundum.

A HEIMDALLARFUNDI í fyrrakvöld flutti Bjarni Benediktsson prófessor fróðlegt og ýtarlegt erindi um bæjarmál Reykjavíkur.

Hóf hann mál sitt með því að minna á það ákvæði stjórnarskrárinnar, sem fjallaði um sjálfstjórn sveitarfélaga og benti á, hve ákvæði þetta gæfi ríkisvaldinu og Alþingi mikinn íhlutunarrjett um stjórn sveitarfélaganna.

— Mennt verða að gera sjer það ljóst, að bæjarstjórn hefir í rauninni ekkert annað vald en það, sem löggjöfin veitir henni í hvert skifti. Löggjöfin ræður, hvaða mál bæjarstjórn skuli fara með á hverjum tíma, og einnig hve mikil afskipti fulltrúar borgaranna skuli hafa af málunum.

Aðstaða bæjarstjórnar hlýtur því ætíð að verða miklu veikari en ríkisstjórnar og Alþingis, og verður bæjarstjórn að gæta mikillar varúðar í viðskiptum sínum við þessi stjórnarvöld.

Á venjulegum tímum kemur þetta ákvæði um yfirráð ríkisvaldsins yfir sveitarfélögum ekki að sök. En eins og nú standa sakir er öðru máli að gegna, þegar ofbeldishugur Alþingis og einræðisstefna ríkisstjórnarinnar ráða lögum og lofum.

Þegar talað er um stjórn bæjarins er nauðsynlegt að athuga þessi grundvallaratriði. Meirihluti bæjarstjórnar myndi á efa vilja, að öðruvísi færi um áns mál, sem hún hefir til meðferðar, en verður um þau að líta boði Alþingis og ríkisstjórnar. Skal hjer minst á nokkur mál, sem talið er að bæjarstjórn fari með, en sem hún í raun og veru ræður engu um, nema að útvega fje, málum þessum til framdráttar.

Lögreglumálin.

Á þessu ári er áætlað, að bæjarstjórn greiði 273 þúsund krónur til lögreglumála bæjarins. En lögreglumálin eru ekki nema að nafninu til bæjarmál. Dómsmálaráðherra ræður fjölda lögregluþjóna. Hefir hann t. d. nýlega ákveðið, að lögregluþjónar hjer í bænum skuli vera 60 talsins, þó meirihluti bæjarstjórnar vildi ekki hafa þá fleiri en 54.

En ekki er nóg með þetta, því það er að langmestu leyti í höndum lögreglustjóra, hverjir verða valdir í starfið. Bæjarstjórn er samkv. lögum óheimilt að velja lögregluþjóna. Hún hefir einungis þann rjett að hafna þeim, sem lögreglustjóri hefir valið.

Sama er að segja um aðra stjórn og starfstílhögun lögregluunnar: Bæjarstjórn ræður þar sára litlu um, nema með þeim óbeinu áhrifum, sem hún getur haft með umráðum yfir einstaka smá fjárveitingum til lögregluunnar. Þessi áhrif eru þó hverfandi lítil, því að lögreglustjóri hlýtur að miklu leyti að ráða um daglegan rekstur þessara mála, en

eftir honum fara útgjöldin. Bæjarstjórnarinnar er einungis að jafna þessari rúmlega ¼ milljón króna, sem fer árlega til lögregluunnar, á bæjarbúa.

Fræðslumálin.

Barnafræðslan er enn talin til bæjarmála. Útgjöld bæjarins til þessara mála nema nú krónum 556,160,00. Þetta fje er bæjarstjórn gert að útvega með útsvör um, eða öðrum tekjuöflunarleiðum.

Þrátt fyrir þetta ræður bæjarstjórn engu um val kennara. Það er endanlega í hendi kenslumálaráðherra.

Ýmsar aðrar ákvarðanir varðandi fræðslumálin eru í höndum skólaneftdar, sem er þannig skipuð, að ráðherra og fylgismenn hans hafa meirihluta í nefndinni.

Skvallað fræðsluráð er þó skipað af bæjarstjórn einni með borgarstjóra fyrir oddamann, en ákvæði laganna um vald þess eru mjög óljós og vald þess sýnist vera sáralítið. Bæjarstjórn reynir að vísa að halda umráðum yfir fjárveitingum og ólögbundnum stöðum hjá sjer og fræðsluráði, en þau umráð eru vjefengd af skólaneftdum og ráðherra, eins og kunnugt er. Þessi mál eru því að langmestu leyti tekin undan bæjarstjórn.

Tryggingamálin.

Eitt mál, sem nýlega er komið á laggirnar, er sjúkratryggingarnar. Á fjárhagsáætlun bæjarins er gert ráð fyrir 210 þús. króna útgjöldum vegna þeirra, en líklegt er, að upphæðin verði hærrí, eða um 250 þús. krónur, þegar allt kemur til alls.

Bæjarstjórn er falið að kjósa stjórn Sjúkrasamlags Reykjavíkur, 5 menn og varamenn þeirra. En stjórn þessi hefir afar takmarkaðan verkahring og er óheimilt að taka mikilsverðar ákvarðanir upp á eigin spýtur. Allar ákvarðanir, sem verulegu máli skífta, líta endanlegum yfirráðum Tryggingarstofnunar ríkisins og atvinnumálaráðherra.

FRAMH. Á FIMTU SÍÐU.

Síðari kafli.

ANDSTÆÐ VIÐHORF.

Jeg þarf ekki að taka það fram, eftir þessa lýsingu frá kunnigja mínum, að þetta var fátækur verkamaður sem reyndi að hafa ofan af fyrir sjer og sínum án þess að verða þurfaþingur og hafði tekið það með sóma á meðan löggvaldið lét hann í friði með heimili hans, án þess að demba á það nýjum drápsskóttum, sem ekkert fátækt heimili fær undir risið.

Þetta litla sýnishorn er aðeins örlítið geislabrot af umhyggju sósíalístanna fyrir afkomuöguleikum fátæklinganna. Svo á hina sveifna, sem veit að bjargálna einstaklingum og sjálfstæðum atvinnurekendum er ekki að sökum að spyrja. Þar er óvildin og illgirnin frá hálfu hinna rauðu svo mögnuð, að úr hófi keyrir, og stappar nest ofsóknaræði vitfirtra manna. Er því aukasti aðallega beint að einstaklingsframtakinu og frelsi þess í hvaða mynd sem er. Það er reynt að brjóta það á bak aftur, með lagabýngun, ríkis-einkasölum og síhækkandi skattalagningu.

Ög seinast en ekki síst veitast hinir rauðu flokkar alveg sjerstaklega fantalega að stórutgerðinni í landinu. Forvígismenn hennar eru rögbörnir og svívirtir á alla lund fyrir þær sakir einar, að þeir hafa hug og vilja á því, að vernda þjóðina fyrir skemdaröflum rauðu þættunnar, og einnig að bjarga henni frá efnahagslegri glötnu, sem er hinsvegar endataknark hanna rauðu að steypa henni sem fyrsti í.

Slík villimenska í stærstu atvinnumálum landsmanna er blátt áfram líkust landráðum í verstu mynd. Enda mun hún óviða í síðuðu þjóðfélagi finna sjer stað, nema hjer. Til demis metti benda á það að víða á Norðurlöndum, eins og í Svíþjóð, Noregi og Danmörk, sem hafa sósíalístískar ríkisstjórnir, eru gerðar alveg þverfugar ráðstafanir, stórutgerðinni til viðreisnar og meiri eflingar. Þetta er ágreiningslaust talið eðlilegt og sjálfsagt að hlýna sem mest að þessum atvinnuvegi með beinum og óbeinum stuðningi þess opinbera, án þess þó að reynt sje á nokkurn hátt, að draga framkvæmdumöguleikana úr höndum þeirra einstaklinga sem hafa þekklingu og áhuga á þeim málum. Þvert á móti er þeim mönnum öðrum fremur trúað til þess tortrygnislaust að beita þannig kröft um sínum í þágu almennings eftir frjálsu leiðum. Þannig er það líka alstaðar þar sem fullkomið og

heilbriggt athafnafrelsi er að einhverju virt.

Þeir meginþræðir hafa aftur á móti virst mest áberandi í viðleytni núverandi stjórnflokka til athafnafrelsis í landinu, að gera það sem allra ófrjálást, eða jafnvel að mylja það í smátt undir járnhælum ríkisvaldsins. Er nú líklegt að þetta sje farsælt fyrir þjóðina? Er líklegt að sá einstaklingur leggi betur fram krafta sína, þjóðinni til gagns, sem lagður er nauðugur í fjotra á verk-sviði lífsins, og haldið þar í tjóðurbandi áþjánar og frelsisskerðing, undi kjarkur hans er brotinn, með kaldhæðni þess veruleika, að fyrrisjáulegt var, að fjörbrot hans öll voru unnin fyrir gýg. Eða sá, sem fær óháður og hlekkja laus að leggja út á djúp manlegra erfðileika, brynjaður fram-tíðarvonum hins frjálsta sterka manns, sem finnur möguleikana vaxa við hvern uninn sigur á vettvangi viðfangsefna sinna.

Þessum spurningum býst jeg við að allir sannir Íslendingar geti svarað á einn og sama veg án þess að leita lengi að heimildum. Til þess er saga þjóðarinnar of ljós og táknræn, frá þeirri fortíð er vjer vorum bandingjar illræmdra erlendra kúgara. Vilja menn og konur þeirrar þjóðar, sem poldi þá áþján — láta hörmungarnar endurtaka sig aftur, aðeins í breyttum gerfibýngi málefna-legra blekkinga? Jeg fullyrði að svo er ekki.

Þá kem jeg að viðhorfum rauðu flokkanna í tolla- og skattamálum. Þau mál eru svo yfirgripsmikil að ekki er unt að gera þeim nokkur veruleg skil í stuttu máli. Það skal látið megja að benda á fjárlög Alþingis nú síðastliðin 2 ár. Þau eru vissulega þau glannalegustu sem þekst hafa hjer á landi bæði fyr og síðar.

Ennfremur hafa allar lífsnaði til viðreisnar og meiri eflingar stórhækkad í verði vegna síhækkandi tolla síðan að núverandi ríkisstjórn tók við völdum. Svo að varla getur þar verið að ræða um hagsbætur fyrir almennig. Að lokum get jeg ekki stilt mig um að fara nokkrum orðum um síðustu árás rauðu flokkanna, gegn sjálfstæði landsmanna. Hún var hafin á samkomu þeirra hjer í Reykjavík, sem þeir nefna Alþjóðu sambandsþing Íslands. Maður geti etlað eftir nafninu að dæma, að þarna væri um ábyrg verkamanna-samtök að ræða, sem bæru velferð

og hagsmunamál alþjóðunnar fyrir brjósti af heilum hug, og fylgdu því, þeim einum fjelagsmálum fram, sem miðuðu til raunverulegra hagsbóta fyrir hana sjálfa. Nei, þau undur gerast á þessari samkomu að það er samþykkt eftir áeggjan foringjanna að hefja skuli skipulagsbundna árás á útgerðarstarfsemi einstaklinga og fjelaga, sjerstaklega þó á togarau-túgerðina, og leggja á hana, þessa lífæð þjóðfélagsins blátt áfram á höggstokkinn umsvifalaust, ef hún kynni að skulda eitthvað bönkum landsins, líkt og stór atvinnufyrirtæki ávalt gera —, og eiga að gera sem veita mikla atvinnu.

Til þess eru þjóðbankar stofnaðir að það á að vera hlutverk þeirra að lyfta undir atvinnulífið, í gegn um þau fyrirtæki sem skilyrðin hafa best. En engum dylst að þar eru togara fjelögín í fylkingarbrjósti, enda halda þau minst og best uppi gjalddeyri þjóðar sinnar á hverjum tíma. En pólitískir umskiftingar, líta sjaldnaast á hlutina með þjóðarheilil fyrir augum. Þeir eru ánægðir ef þeir halda sjálfir bitlingunum sem þeir hafa klófest, líkt og kötturinn sem hefir náð sjer í feita mús.

Það er því síst að furða, þó að sjónarsvið slíkra manna sjeu fátæk af samúð og skilningi í þjóðlegum alvörumálum. Hitt gegnir meiri furðu að nokkur íslenskur stjórnaður eða verkamaður, sem verður daglega að horfast í augu við atvinnuöguleika — og atvinnuleysi á þessu sviði — skuli ekki sjá hvar fiskur er falinn undir steini hjá þessum rauðu, þegar þeir eru að reyna að telja sjómönnum trú um, að það sje best að eyðileggja Kveldúlf, þá fái þeir meiri vinnu. — Hvíll regin lygi. Vita ekki sjómenn allra manna best að það er einmitt þetta fjelag, sem altaf hefir verið bestur atvinnuveitandi hjer á landi síðan það hóf menningarstarf sitt í útvegsmálum. Og hvaða sjómanni myndi deta í hug, að bera þá fjarstæðu fram í heimabúsum, fyrir konu og börn, að nú vildi hann helst, að enginn Kveldúlfstogarinu færi á veiðar í vetur því þá græddi ekki Kveldúlfur á meðan. Nei, þannig hugsar og talar enginn skynsamur alþjóðamaður þegar hann er sjálfstæður sína gerða. Hann óskar og þráir alveg hið gagnstæða. Einmitt að Kveldúlfur og öll önnur togarafjelög, geti gert út á öllum tímum öll sín

FRAMH. Á SJÖTTU SÍÐU.

Skift um hlutverk: Mussolini, Scipio, Hannibal og Haile Selassie.

Stórkostleg kvikmynd til dýrðar Abyssíníuæfintýrinu.

I talskar kvikmyndir hafa vist aldrei verið sýndar hjer á landi. Þann 21. apríl n.k. — á afmælisdegi Rómaborgar — verður sýnd ítölsk kvikmynd í öllum borgum og þorpum í Ítalíu (þar sem á annað borð eru kvikmynda hús), stærsta kvikmyndin sem gerð hefir verið í Evrópu, Scipio L'Africano. Þessa kvikmynd hygg jeg að marga muni fýsa að sjá hjer á landi.

Það er ekkert handahóf að Ítalíar skuli einmitt nú hafa gert mynd um Scipio L'Africano, rómverska hershöfðingjann, sem sigraði Hannibal og lagði Karþago í rúst. Hannibal er í þessari mynd færður í búiing Haile Selassie Abyssíníukeisara og Scipio í búiing Mussolinis.

Myndin fjallar um viðburðina á árunum 207—202 f. Kr., en á þeim árum hrakti Scipio Hannibal af höndum Rómverja, svo að Hannibal varð að flýja frá Ítalíu og beið að lokum algeran ósigur fyrir Rómverjum í orustunni við Zama árið 202 f. Kr.

Til marks um það, hve kvikmyndin um Scipio L'Africano er stórkostleg, má geta þess, að tólf þúsund manns (þar af 4 þúsund riddarar) taka þátt í næst síðasta kafla myndarinnar, sem sýna orustuna við Zama.

Í flestum köflum myndarinnar leika 6 þúsund manns. Ítalíar hafa auk þess orðið að draga að sjer (meðal annars) átta tíu filu, sem þeir hafa fengið hvaðanæfa úr Evrópu. Filarnir taka þátt í orustunum og gefur myndin m. a. góða hugmynd um þýðingu filanna í orustum Hannibals við Rómverja.

Fremstu sjerfræðingar Ítala á öllum sviðum, í sagnfræði, fornfræði, hernaðarsjerfræði, trúmálfræði o. s. frv. hafa lagt fram sinn skerf til þess að gera þessa mynd, sem líkast hinum sögulegu atburðum. En anda kvikmyndarinnar hefir Mussolini lagt fram sjálfur. Ríkið kostar töku kvikmyndarinnar.

Samhengið milli hinna fornu viðburða og þess, sem nú er að gerast í Ítalíu, liggur í augum uppi. Lítil flokkur manna, flokkur Scipios, hugdjarfur og þrunginn æskuprótti, vinnur þug á deyð, kjarkleysi og hugleysi fjöldans, og æsir fólkið upp til þess að færa óhemju fórnir til þess að þá því framgengt, sem í fyrstu virtist hámark fifldirfsku.

Myndin fjallar um baráttuna milli tveggja menningar-

þátta: Öðru megin er Karþago, sundurþykkt og síðspilt, og hinum megin Róm, ung og full af lífsfjöri. Hún segir frá hinum „æðsta dómi“, sem dæmir, að Karþago skuli afmáð og Róm byrjar nýtt tímabil eftir að Rómverjar hafa lagt undir sig öll löndin við vesturhluta Miðjarðarhafsins, tímabil heimsvaldsins, sem stóð í sex aldaradír.

Samhengið: Scipio í fararbroddi fyrir fámennum hóp hugdjarfra manna, ber hærra hlut yfir vandræðalegu hugleysi senatsins — og svo aftur Mussolini, sem sigrast á varfærni herforingjaráðsins, sem taldi óráðlegt að leggja út í Abyssíníuæfintýrið, vegna þeirra erfiðleika fyrir Ítalí, sem stríð kynni að hafa í för með sjer í Evrópu. Enginn hefir lýst betur andófi herforingjaráðsins við Mussolini en de Bono, hershöfðingi í bók sinni um aðdraganda Abyssíníustríðsins. Bók þessi kom út fyrir nokkrum mánuðum.

Samhengið kemur aftur í ljós þegar fórnir fólksins eru sýndar; — við minnumst þess frá því í fyrravetur, er ítalska þjóðin kastaði gulldásnum sínum í hermannahjálmana, til þess að Ítalíar gætu staðið af sjer refsiaðgerðirnar. Þegar hermennirnir eru sendir af stað til Afríku til þess að sigrast á Hannibal, þá dettur manni í hug herflutningarnir frá Neapel til Massawa og Mogadiscío í fyrrasumar. Þegar kallað er: „Hannibal er sigraður“, þá hljómar það eins og „Haile Selassie er flúinn“. Þannig má lengi telja.

Ög svo loks síðasti kaflinn myndarinnar: Stríðinu er lokjóð. Scipio hefir lagt niður vopnin. Hann býr með konu og börnum við lygnt stöðuvatn nálægt Literno. Það er um morgun, sólin skín í heiði. Við húsið standa raðir af sekkjum með sáðkorni. Scipio stingur hendinni á kaf í einn sekkinn og segir: „Þetta er gott hveiti, og á morgun munum við með guðs hjálp byrja að sá“. — Hjer þarf ekki að benda á samhengið: Parna er Mussolini kominn, hann er staddur í Littoría eða Sabaudía og virðir fyrir sjer með sömu ámeigu ávöxtinn af stríti sumarsins.

Farþegar með Brúarfossi til Vestfjarða í gærkvöldi: Seinnun Þorsteinsdóttir Patreksfirði. Kristín Sigurðsdóttir og frá Stykkissh. Ingólfur Guðmundsson Patreksfirði. Jóhann Eyjólfsson Stykkishólmi o. fl. o. fl.



Úr kvikmyndinni Scipio L'Africano. Hjer sjást nokkrir af þeim 80 filum, sem leika í myndinni.

FRAMHALD AF 4. SIÐU.

Bjarni Benediktsson: Um bæjarmálin.

Þannig er það, þegar ákveðin eru hlunnindi samlagsmanna, upp hæð iðgjalda, samningar við lækna, sjúkrahús o. fl.

Um öll þessi atriði, sem öll afkoma trygginganna er undir komi, næður Tryggingarstofnun ríkisins og ráðherra endanlega hvað gert er, en hvorki Sjúkkrasamlagsstjórn nje bæjarstjórn.

Atvinnubótavinna.

Þá fór ræðumaður nokkru orðum um atvinnubótavinnuna og mintist í því sambandi á Vinnu- miðunarskrifstofuna, sem þróngv að var upp á beiðni, og var sett til höfuðs Ráðningarskrifstofu Reykjavíkurbæjar, sem hafði reynt ágætlega.

Hin nýja Vinnu- miðunarskrifstofa hefði sætt allmikillar gagnrýni frá verkamönnum, sem við hana þurftu að skifta. Stjórn þessarar stofu væri ramvurlega í höndum ráðherra, en bæjarsjóð yr yrði að greiða 20 þús. krónur árlega fyrir það, að úthlutun atvinnubótavinnunnar er tekin af honum sjálfum og fengin í hendur þessari illa þokkuðu stofnun.

Ingimarskólinn og verkamannabústaðir.

Til Gagnfræðaskólans í Reykjavík, hins svonefnda Ingimarskóla, er bærinna skyldugur að greiða nú í ár 37.000 kr., og eru þó öll yfirráð þess skóla hjá ríkisstjórn, en ekki bæjarfjelaginu. Í byggingarsjóð verkamannabústaðanna verður bærinn nú að greiða 68.000 kr., en hefir alls engin umráð yfir því, hvernig fjenu er varið.

Framfærslumálin.

Um framfærslumálin væri að ýmsu leyti svipað að segja, þó að afskipti bæjarins væru þar meiri en um hin málin. Sjerstakur lagabálkur væri um þessi mál, þar

sem ýtarlega væri tiltekið um rjettindi einstaklinga, sveitar og ríkis í þessum málum. Bæjarstjórn getur ekki vikið frá þeim rækilegu reglum, sem lögin setja.

Þannig væri t. d. með framfærslulögum frá 1935 stefnt að því vitandi vits, að stefna sem mestum framfærsluþunga yfir á Reykjavík.

Afnám sveitfestisins hefði á sínum tíma verið kallað manniðarmál. En hætt væri á, að þetta ætlaði að verða óðruvísi í rauninni.

Samkvæmt þessum lögum á maður þar sveit, sem hann er búsettur, er hann þarf á styrk að halda.

Þetta leiðir til þess, að sveitarfjölögin reyna að verða af með þá fólki, sem líklegt þykir að muni þurfa að leita á náðir þeirra um framfærslu.

Gott dæmi um þetta væri atvik, sem nýlega hefði átt sjer stað, sagði ræðumaður:

Piltur einn, sem áður hafði verið á sveitarframfærslu vegna lasleika, og þá dvalið uppi í sveit, fluttist til bæjarins á síðastliðnu ári. Síðastliðið vor rjeði hann sig svo austur í sveit og líkaði þar vel við hann, enda dvaldi hann þar fram á haust, en þá var honum ýtt til bæjarins, og var vitanlegt, að það var gert af ötta við, að hann kynni að verða veikur og ætti þá framfærslusveit austur þar. Pilturinn sjálfur vill þó dvelja í sveit og óskar eftir því að koma á sama beiðni og hann dvaldi á í sumar. Bóndinn þar þar fram á vinnukrafti hans að halda og líkaði vel við piltinn og vill því eindregið fá hann til sín. Hjer við bætist svo það, að pilturinn á samkv. læknisvottorði ein mitt að dvelja í sveit. Skyldu menn því ætla, að hjer mundi alt falla í ljúfa lóð. En svo er ekki

vegna þess, að það skilyrði er sett, vegna óttans við lasleika piltisins, að ef hann verði veikur, þá skuli Reykjavíkurbær bera allan kostnað þar af. Hjer er þá afleiðing laganna sú, að þeim aðilum, sem mest eiga í húfi og vilja semja, er gert það ómögulegt vegna ótta hreppsnefndarinnar við aukin sveitarþyngsli. Afnám sveitfestisins væri þannig beinlínis til þess að koma í veg fyrir, að eðlilegar hjúaráráðningar væri aukin annarsstaðar.

Þetta er einungis eitt dæmi um það, hvernig styrkþegum er ýtt yfir á Reykjavíkurbær. Í fámenninu er þessu fólki gert ómögulegt að dveljast, með því að skapað er almenningsálit á móti því, og sjer það þá sitt ráð vænst að flýja til Reykjavíkur, þar sem fjölmennið kemur í veg fyrir svip að óþægindi og það verður fyrir víða annarsstaðar.

Framfærslulögin nýju stefna þannig að því að leggja nýjar og ófyrirsjáanlegar byrðar á herðar Reykjavíkurbæjar.

Bæði vegna þessa, en þó ekki síður vegna hins, að bærinn ræður því ekki, hver fjöldi manna leitar sveitarframfærslu á hverjum tíma, heldur fer það að langmestu leyti eftir atvinnuafkomu manna og efnahagsástandinu í landinu, sem ýms atriði ráða, en nú orðið ekki síst ríkisstjórn og Alþingi, þá er það ekki nema að sára litlu leyti á færi bæjarstjórnar að ráða við framfærsluuppþæðina.

Bæjarstjórn eða framfærslu- nefnd fyrir hennar hönd ber hins vegar að sjá um, að ekki fái aðrir styrk en þeir, sem þurf hafa á, og þeir fái ekki meira en þörf þeirra krefst, en þó svo mikið sem þeim er nauðsynlegt, og að upp- hæðunum sje úthlutað sem hag-

FRAMHALD Á SJÖTTU SIÐU.

Minningarorð um frú Vilborgu Andrjesdóttur.

Frú Vilborg Matthildur Andrjes dóttir fyrr. ljósmóðir andaðist að heimil sínu Lingargötu 1 að morgni þess 12. þ. m. eftir langvarandi vanheilsu. Vilborg var fædd að Þorgeirsfelli í Staðarsveit 14. sept. 1861. Foreldrar hennar voru þau heiðursbjónin Andrjes bóndi Björnsson og Signý Eggertsdóttir, sem var annalúð gáfu- og myndarkona.



Frú Vilborg M. Andrjesdóttir.

Hinn 1. júlí 1881 giftist Vilborg eftirlifandi manni sínum, Bjarna skipasmíð Þorkelssyni prests Eyjólfssonar síðast að Staðarstað. Mun sjera Þorkeli hafa vel líkað ráðahagurinn því þegar hann kyntist Vilborgu sálugu þá er hún gekk til hans til ferlingarundirbúnings hafði sjera Þorkell sjerstaklega orð á því hversu stúlka sú væri miklum gáfum gædd, hugprúð og gerfileg í allri framkomu og kunnri sjera Þorkell vel að greina slíka mannkosti. Ljósmóðurfræði nam Vilborg hjá þáverandi landlækni Schierbeck. Gegnadi hún síðan ljósmóðurstörf um eins lengi og heilsa og kraftar leyfðu. Fyrst í Staðarsveit en síðar í Ólafsvík, því þangað fluttu þau hjónin 1885. Hafði henni þá verið falin ljósmóðurstörf innan „Ennis“. En nú stóð svo á að engin lærð ljósmóðir var á útnesinu og enginn lækur nær en í Stykkishólmi. Varð því sú raunin á að mjög yfirgripsmikil störf hlöðust fljótlega á hana því nú gjörðist hún í mörgum tilfellum hvortveggja í senn bæði lækur og ljósmóðir og þurfti hún nú mjög á meðfæddu líkams- og sálarþreki að halda, því ferðir hennar láu um þvert og endilangt Snæfellsnes um alla Breiðuvík og til ystu annesja, yfir fjöll og djúpa dali. Ferðalög þessi voru því áhættu-meiri og erfiðari, sem allott var hestum eigi við komið á vetrum. En aldrei mun það hafa komið fyrir að hún hikaði eitt augnablik, því henni var í blóð borið líknarþel hins mikla Drottins sem alt vildi lækna og græða. Spurt var um líðan en ekki laun. Og má með sanni segja að alt hennar starf hafi verið borið uppi af trú og þrá eftir að feta í fótspor Frelsarans, sem henni var alla tíð frá barnæsku svo ljúft að lofa og þrísá. Þórnarlund Vilborgar virtust næstum engin takmörk sett, enda kunnu Snæfellingar að meta þetta ásamt sameiginlegri hjálpfýsi og gestrisni þeirra hjóna, sem þau voru mjög svo samhent um. Þetta sýndu þeir oft í orði og

verki, en þó einna eftirminnilegast þegar að þeim einhverju sinni þótti þrengja full-mikið að húsa-kosti hinna útsælu hjóna. Þá tóku vinir þeirra sig til og bygðu þeim hús það er enn stendur í Ólafsvík og sem jafnan síðan er kallað „Vilborgarhús“.

Heimili þeirra var jafnan, og það með rjettu talið eitt hið gest-risnasta þar um slóðir. Þangað voru allir jafn velkomnir háir, sem lágir og var í engu munur á gerður. Eigi varð þeim hjónum barna auðið, þrjú börn tóku þau til fullkomins fósturs og eru tvö þeirra á lífi, þau Vigfús Guðbrandsson klæðskeri, bróðursonur Bjarna, og Vilborg Magnúsdóttir, gift Vigfúsi Árnasyni, starfsmanni í Reykjavíkur Apóteki. Kjördóttur sína, Guðrúnu Ingibjörgu, mistu þau er hún var 14 ára gömul. Hún var hið yndislegasta barn og góðum gáfum gædd. Mætti nú sárt syrgjandi háðrúðum eiginmanni eftir 55 ára ástríka sambúð verða huggun í orðum skáldsins er svo kveður:

Aldrei mest í síðasta sinni sannir Jesú-vinir fá,
hrellda sál það haf í minni harmakveðju stundum á.

Guð blessi minningu Vilborgar sálugu.

Snæf. vinur.



hefir hlotið bestu meðmæli

Kaupmenn!

Umbúðarpappír

20 cm. mjög ódýr.

H. BENEDIKTSSON & Co.

Minnisblað XXX.

-- Ýmislegt. --

Hjer koma enn nokkur sýnishorn af verðtölli stjórnarflokkanna á ýmsum vörum, með samanburði á tollinum eins og hann var í tíð Sjálfstæðismanna. Vitið þið, að verðtollurinn á spilum hefir hækkað um 1170%?

	1926	1936	Hækkun
	%	%	%
Albúm	10	40	300
Do. úr leðri	10	63	530
Frimerkjavætarar	10	21	110
Handtöskur	10	21	110
Do. úr leðri	10	63	530
Hnakkvirki	10	21	110
Istöð	10	21	110
Korksólar	10	21	110
Leðurveski	10	63	530
Manntöfl	10	21	110
Merkimiðar	10	21	110
Pappírssveittur	10	21	110
Peningabuddur	10	63	530
Spil	10	127	1170
Spilapeningar	10	24	140
Taumlásar	0	5	Nýr tollur

Nýja tekjustofna handa bæjar- og sveitarfélögum.

FRAMH. AF ÞRÍÐJU SIÐU.

verður að gera, þar sem ríkisvaldið hefir rænt þeim eina tekjustofni, sem bæjar- og sveitarfélögin höfðu. Einn nefndarmannanna (MG) var og þeirrar skoðunar, að eðlilegast væri að ríkið ljeti bæjar- og sveitarfélögum í tje tekjustofna í staðinn fyrir það sem tekið hafði verið. En þetta strandaði á ríkisstjórninni; hún þóttist ekkert geta mist. Nefndin hafði því ekki önnur ráð en að fara inn á tollana og afla teknanna á þann hátt.

Finnist mönnum þessi leið óheppileg, og það er hún, verður óumflýjanlegt að afhenda bæjar- og sveitarfélögunum aftur sinn gamla tekjustofn, beinu skattana.

Til þess að leysa úr þessu mikla vandamáli þannig, að til frambúðar megi verða, væri sennilega heppilegast að hafa fyrirkomulagið eitthvað í þessa átt:

1. Ríkið hefir eitt umráð allra óbeinna skatta.
2. Bæjar- og sveitarfélögin fái ein umráð fasteignaskattans.
3. Tekjuskattinum, hver sem hann er á hverjum tíma, sje skift jafnt milli ríkis og þess bæjar- og sveitarsjóðs, þar sem skatturinn er á lagður. — Með slíkri skiftingu væri það unnið, að hækkan tekjuskatts kæmi bæjar- og sveitarfélögunum jafnan til góða, í stað þess að nú er gengið á þeirra rjett í hvert sinn, sem skatturinn er hækkaður.

Nú ræður í raun og veru algert handahóf um álagningu beinna skatta. Fyrst kemur ríkið og heimtar tekjuskatt af mönnum; svo koma bæjar- og sveitarfélögin og leggja á útsvörin. Og þar sem bæjar- og sveitarfélögin hafa ekki aðra

leið að fara til öflunar tekna til sinna þarfa, verður úr þessu fullkomið skattarán, með þeim háa tekjuskatti sem nú er krafinn.

Heyrst hefir að ríkisstjórnin hafi farið fram á það við nefndina, er samdi frumvarpið, sem dagaði upp á síðasta þingi, að hún gerði nýjar tillögur í málinu fyrir næsta þing.

Hvað úr þessu kann að verða veit Morgbl. ekki, en hitt er víst, að nefndin hefir ekkert unnið að málinu ennþá.

En það er bersýnilegt að heppileg lausn fæst aldrei á þessu máli, nema tekin verði upp einhver svipuð leið og sú, sem hjer var stungið upp á.

Ríkisstjórnin verður að láta sjer skiljast, að það er ekki lengur hægt að daufheyrast við kröfum bæjar- og sveitarfélögunna. Stjórnin á aðal-sökina á því að þeirra fjárhagur er nú mjög bágborinn, og hennar skylda er að rjetta fjárhaginn við.

Næsta þing má ekki líða svo, að bæjar- og sveitarfélögun verði ekki sjeð fyrir tekjustofnum. Best færi á því, að þá yrði framtíðar skipan komið á um þessi mál.

UM EINAR BENEDIKTSSON Í AMERÍSKU TÍMARITI.

Í „Books Abroad“, alþjóðariti, (International Quarterly), sem gefið er út í Bandaríkjunum, er í sumarheftinu 1936, ágeat grein um lárviðarskáld Íslandinga, Einar Benediktsson. — Nefnir Beck grein sína „Iceland's Poet Laureate“. Í grein þessari er rætt um ætt Einarar Benediktssonar, mentaferil, embættisstörf o. s. frv. í stuttu máli lýst skáldskap hans og gerð nokkur grein fyrir annari bókmentastarfssemi hans þýðingum o. fl. (FB).

Ný uppfynding, sem ekki kom að haldi.

Khöfn 20. jan. FÚ.

Norska blaðið Noregs Handels og Sjøfartstidende skýrir frá því í dag að nú sje með öllu hætt við tilraunir þær til að flytja lifandi fisk um langar vegalengdir í vatnsgeymum, sem undanfarið hafa verið reknar með styrk frá norska ríkinu.

Er lítið svo á, að tilraunirnar hafi algerlega farið út um þáfur.

BJARNI BENEDIKTSSON: UM BÆJAR-MÁL.

FRAMH. AF FIMTU SIÐU.

anlegast. Einstakur styrkþegar geta þó skotið máli sínu til ráðherra, ef þeir þykjast órjetti beittir, og er úrslitavaldið einnig að því leyti tekið af bæjarstjórn. Hefir þetta þegar orðið til að valda nokkrum glundroða og er til ills eins, en hefir þó ekki eina komið verulega að sök.

Ásamt ellistyrknum, sem skv. tryggingalögunum er ekki nema sjerstakt form sveitarstýrkans, ver þærinn til þessara mála yfir 1½ milljón króna, og er þetta langstærsti útgjaldaliður bæjar-sjóðs, og eru umráð bæjarstjórnar yfir þeim þó, svo sem sýnt er, mjög takmörkuð.

(Frásögn af síðari hluta ræðu Bjarna Benediktssonar birtist í blaðinu á morgun.)

ANDSTÆÐ VIÐHORF.

FRAMH. AF FJÓRÐU SIÐU.

skip, svo að atvinnna hans sje aldrei í voða. Þetta vita sjómenn, að er satt. En þeir vita einnig að útgærdin á í vök að verjast eins og stendur vegna óvenjulegra verðsveiflna og markaðsröðugleika á því sviði, sem orsakast hafa af óviðráðanlegri viðburðarás tímanna.

Þess vegna spyr jeg, eru það ekki óvinir fólksins og ykkar sjómanna sem hafa það á stefnuskrá sinni að drepa þessi fyrir-tæki og legja þau í rústr, með því yfirskyni, að ykkur líði betur á eftir? Er nokkur sá, af þeim spámönnum, sem þið hafið svo mikið álit á í útvegsmálum, að þið þyrðuð að trúa honum fyrir framtíð ykkar þegar þið eruð orðnir atvinnulausir? Er það kannske Finnur Jónsson?

Það er altaf dálítið raunalegt þegar góð málefni eru gerð að skálkaskjólí valdasjúkra vesal-inga, sem svífast ekki með lævislegustu blekkingum að leiða skynsemi hrekklaura manna inn á myrkustu villigötur.

D. P.

Ódýrt kjöt

af fullorðnu fje.

Versl. Búrfell, Laugaveg 48. Sími 1505.

RÆÐA EDENS. (framhald.)

FRAMH. AF ANNARI SÍÐU. Eden skýrði frá því, að skýrslur þær, sem ræðismenn og embættismenn flotans hefðu sent bresku stjórninni, eftir kynnisför þeirra til Spanska Marokkó, væru þess eðlis, að þær hefðu dregið úr þeim ótta sem fyrri fregnir um starfsemi Þjóðverja í Spanska Marokkó hefðu valdið.

Ítalir og Bretar.

Þá vjék Eden að yfirlýsingu Ítala og Breta um Miðjarðarhafsmálin. Hann kvað það hvorki samning nje sáttmála, en aðeins yfirlýsingu sem ætíð væri það hlutverk, að ryðja úr vega öllum misskilningi sem hvor aðili um sig kynni að hafa á tilgangi og fyrirætlunum hins, á þessu svæði.

Bretar hefðu engar ívilnanir veitt, og engar nýjar kröfur gert. En yfirlýsing þessi hefði óneitanlega orðið til þess að fríða þá, sem óttuðust að árekstur kynni að verða milli Bretar og Ítala í Miðjarðarhafi. Yfirlýsingin hefði því raunverulega þýðingu, til eflingar friði í álfunni.

Ræða Edens hefir fengið góða dóma í frönskum blöðum, einkallega ummæli hans um Spánarmálin og orð þau er hann beindi til Þjóðverja.

„Populaire“ segir, að það sje ekki unt að leggja af mikla áherslu á það, hversu þýðingarmikil ræða Edens hafi verið. Bretar standi nú á vegamótum, í erlendri stjórnmálastefnu sinni, að ræða Edens sje vottur þess, að þeir nálgist nú meir og meir þakka, en fjarlægist hin fascistisku hlið.

Berlínarblöðin brta engan útdrátt úr ræðu Edens, en gera nokkrar athugasemdir.

Hana. Eitt þeirra segir, að hann hafi beint til Þjóðverja sömu gömlu tilmælunum um samvinnu, sem þeir hafi svo oft áður heyrt, með enn meiri ýkjum um þýðingu slíkrar samvinnu. (Skv. FÚ.)

Uppreisnarmenn hafa náð Englahæðinni aftur.

London 20. jan. FÚ. Aðalbardagarnir við Madrid í dag hafa verið háðir í háskólahverfinu og sunnan við borgina, í grend við Englahæðina. Í háskólahverfinu virðist sem ýmsum veiti betur, án þess að komið hafi til nokkurra úrslita.

Sunnan við Madrid hefir uppreisnarmönnum tekist að ná aftur úr höndum stjórnarhersins nokkra af því svæði, sem þeir töpuðu í gær, þar á meðal Englahæðinni.

En stjórnarherinn hefir komið sjer fyrir í grend við hæðina, og til hliðar við her uppreisnarmanna, og er aðstaða uppreisnarmanna þar með talin lítt örugg.

Í morgun gerðu flugvælar uppreisnarmanna árás á Madrid og köstuðu niður morgum sprengjum. Sagt er að manntjón hafi orðið mjög mikið.

Uppreisnarmenn segjast hafa gert árás á Barcelona í morgun, bæði af sjó, og úr lofti.

B.v. Geir kom frá Englandi í gær.

Dagbók.

L.O.O.F. 5 = 1181218 1/2 = 9.0.

Veðrið í gær (miðv.d. kl. 17): Við suðurströndina er austanstormur og 1-3 st. hiti. Norðanlands er hægviðri og ljetskjáð, en SA-átt og rigning á SA-landi. Djúp lægð fyrir sunnan og suðaustan landið. Útlit fyrir að vindur snúist til SA-áttar með hláku-blota.

Veðurútlit í Reykjavík í dag: SA-hvassviðri. Slydda eða rigning.

Ísfrískssölur. Andri seldi aflaginn í Grimsby í fyrradag, 1201 vætt, fyrir 977 sterlingspund. Í gær seldu í Hull: Skallagrímur, 1503 vættir, fyrir 1589 sterl.pd. og Gulltoppur 1942 vættir fyrir 1718 sterl.pd. Maí seldi í Grimsby 1700 vættir fyrir 1858 stpd.

Heimdallur, fjelag ungra Sjálfstæðismanna, helt fund í Varðarhúsinu í fyrrakvöld, og var fundurinn vel sóttur, þrátt fyrir ófærðina á götunum. Bjarni Benediktsson próf. hóf umræður um bæjarmál og er útdráttur úr fyrirhelling ræðu hans birtur á öðrum stað hjer í blaðinu. Gunnar Thoroddsen alpm. tók því næst til máls. Þakkaði hann Bjarna fyrir hina ágætu ræðu hans og bar saman Reykjavík undir stjórn Sjálfstæðismanna, og Hafnarfjörð og Ísafjörð undir stjórn Sósíalista. Þá voru tekin fyrir fjelagsmál og tóku margir til máls. Margir nýir fjelagar gengu inn á fundinum.

Póst- og símamálastjórnin hefir gefið út „Leiðarabók 1937“, fyrir mánuðina janúar-maí. Er í bók þessari skrá yfir áætlanir skipa og áætlunarferðir bíla með sjerleyfum. Þá eru og skrár yfir helstu póstgjöld og áætlun landgjöldu.

Eimskip. Gullfoss er í Khöfn. Godafoss kom til Vestmannaeyja í gærkvöldi kl. 11. Brúarfoss fór til Breiðafjarðar og Vestfjarða í gærkvöldi kl. 8. Dettifoss er í Khöfn. Lagarfoss var á Borgarfirði í gærmorgun. Selfoss er á leið til Antwerpen.

Heimatrúboð leikmanna. Hverfisgötu 50. Samkoma í kvöld kl. 8. Allir velkomnir.

Hjálpræðisherinn. Í kvöld kl. 8 1/2 samkoma. Söngur og hljómlækkar. Minning um tver látnar Heimilaslambandsystur. Allir velkomnir.

Jarðarför Vilborgar Matthildar Andriessdóttur ljósmóður fer fram í dag kl. 1.

Breiðfirðingamót verður haldið að Hótel Borg annað kvöld. Heimilþátttaka er öllum Breiðfirðingum og fólki úr hjeruðunum, sem liggja að Breiðafirði. Skemtskráin mun verða fjölbreytt, m. a. sýngur vinsæll einsöngvari nokkur lög.

Úr Keflavík reru í fyrradag 6 bátar og öfluðu frá 9-12 skp. á bát. Telst það ágætur afli um þetta leyti árs og sjómenn telja óvenjuggett útlit um aflag. Tveir siglfirskir bátar eru nýkomnir til Keflavíkur og stunda þeir sjó frá Ytri-Njarðvík á næstu vertíð. Flutningaskipið Magnhild kom í gærmorgun til Keflavíkur með 900 samlestir af kolum. (FÚ)

Slökkviliðið var í gær kvatt að Söltvarnarhúsinu. Vegna þess hve mikill snjór hefir fallið þarna, höfðu rafmagnsliðurnar komist í jarðsamband, en þegar svo fer, neistar stöðugt á llinum. Slökkviliðið klypti í sundur lífunnar.

A. D.-fundur kl. 8 1/2 í kvöld. Sr. Friðrik Friðriksson talar. Útvarpið:

- Fimmtudagur 21. janúar. 8.00 Morgunleikfimi. 8.15 Ensukukensla. 8.40 Dönskukensla. 12.00 Hádegisútlarp. 15.00 Veðurfregnir. 19.10 Veðurfregnir. 19.20 Hljómplötur: Píano-konsert í e-moll, eftir Chopin. 20.00 Frjettir. 20.30 Erindi: Mannflokkar, VI (Einar Magnússon mentaskólakennari). 20.55 Einleikur á píano (ungfrú Helga Laxness). 21.15 Frá útlöndum. 21.30 Lesin dagskrá næstu viku. 21.45 Útvarpshljómsveitin leikur. 22.15 Hljómplötur: Danslög (til kl. 22.30).

Leikfjlagið lækkar aðgangseyri.

Stjórn Leikfjlags Reykjavíkur hefir ákveðið á þessu leikári að gera nýja tilraun til þess að gefa bæjarbúum tækifæri til að sjá leiksýningar með mikið lækkuðu veði og verður fyrsta sýningin í kvöld.

Á þessari fyrstu sýningu með lækkuðu veði verður sýndur gamanleikurinn Kvenlæknirinn. Leikarar allir, starfsmenn og stjórn fjlagans hafa sýnt þann skilning og þá velvild að bjóðast til að lækka laun sín um 33%.

Leikfjlag Reykjavíkur heldur upp menningarlegu starfi, sem hefir mætt litlum skilningi meðal bæjarbúa hin síðari ár. Alþingi og bæjarstjórn Reykjavíkur hafa skilið þessa viðleitni Leikfjlagsins vel og veitt því nokkurn styrk.

Leikfjlagið væntir þess, að bæjarbúar taki fegnis hendi á móti nýbreytni þessari.

100 ÁRA GÖMUL HEIÐURS KONA JÖRÐUÐ AÐ STRANDAR-KIRKJU.

28. nóv. s.l. var jörðuð að Strönd í Selvogi ekkjan Málfríður Jónsdóttir, f. 28. júlí 1836. Var til heimilis seimistu árin hjá syni sínum, Guðmundi Jónssyni bónda í Nesi í Selvogi, og naut þar í ellinum sjerstakrar umhyggju og alúðar sonar síns og barnabarna. Mann sinn, Jón Guðmundsson, hafði hún mist 1902. Blind hafði hún verið síðustu 20 árin og heyrnarsljó seinnstu árin, en helt óskertum sálgáfum fram í dauðann. Hafði hún lifað 6 biskupa og 6 konunga.

Fædd var hún á Odda á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu, en fluttist ung að Hofi í Örafum og var þar fermd af síra Magnúsi Norðdahl, föður Guðmundar í Elliðakoti, „þeim ágætismanni“, var viðkvæði hennar.

Mismunurinn: Þólinnæði er oft til einkis — Þópolinnæði altaf.

NATHAN & OLSEN Valdar íslenskar Kartöflur

Útsvör. — Lögtök

fyrir ógreiddum útsvörum til bæjarsjóðs árið 1936 og eldri eru að hefjast.

Þeir sem skulda útsvör og hafa ekki samið um greiðslu, aðvarast um, að lögtökin verða framkvæmd án frekari fyrirvara.

Þessvegna er áriðandi, að menn greiði útsvarsskuldur sínar, eða semji um greiðslu nú þegar.

Viðtalstími til samninga um útsvarsskuldur fyrst um sinn kl. 10-12 og 2-6 (laugardaga kl. 10-12) í bæjar-skrifstofunum. Gengið frá Pósthússtræti eftir kl. 3.

Reykjavík, 20. janúar 1937.

Borgarritarinn.

Fyrirliggjandi:

Vöruvagnar.

Sekkjatrillur.

Lausasmíðjur.


Vjelsmiðjan Hjeðinn.

Sími 1365 (brjár línur).

Flórsykur.

Afgreiði frá Englandi Flórsykur út á Cuba-leyfi.

Sig. Þ. Skjalðberg, (heildsalan).



Tilhyningar

I. O. G. T.
Stúkan Dröfn nr. 55. Fundur í kvöld kl. 8½. Inntaka nýrra meðlima. Kosning embættismanna. Að loknum fundi verður Þorakomunni fagnað með kaffidrykkju, ræðum, söng og öðrum gleðskap. Engan fjelaga má vanta. — Allir templarar velkomnir.

Málara og tekniskóli Kristins Pjeturssonar, Vatnastíg 3, III. Sími 3811.

Vjelareimar fást bestar hjá Poulsen, Klapparstíg 29.

Fyrst og síðast: Fatabóðin

Friggbónið fína, er bæjarins besta bón.

Vinna

Snjómokstur. Ef ykkur vantar verkamenn til að moka snjó frá húsinu, þá hringið strax í síma 4966 og verður hann þá sendur samstundis. Ráðningastofa Reykjavíkurbæjar, Lækjartorgi 1. Sími 4966.

Skíðahlífar. Á Njálsgötu 1 eru messinghlífar settar á sóla-kanta á skíðaskóm, til hlífðar núningi af skíðaböndum.

Pvottahús Elliheimilisins þvær vel og ódýrt. Pvotturinn sóttur og sendur. Hringið í síma 3187.

Úrviðgerðir afgreiddar fljótt og vel af úrvalls fagmönnum hjá Árna B. Björnssyni, Lækjartorgi.

Dagbókarblöð Reykvíkinga



Enskt blað hefir spurt lesendur sína að því, hvernig þeir teldu að fyrirmyndar eiginkona etti að vera, og hefir blaðið fengið 10.000 svör.

Flestir óska þess, að konan sje ástúðleg í viðmóti og aðlaðandi. Hún þarf ekki að vera fríð sýnum — aðeins 637 af þessum 10.000 gera þá kröfu.

Mjög margir hafa óbeitt á mikilli notkun fegurðarmeðala.

En mjög mörg svörin eru í aðalatriðum á þessa leið.

Konan á að vera í meðallagi á vöxt, þrífni og þökkalega klædd, mjög margir fella sig best við brúnan lit á klæðnaði. Auk þess á konan að vera mentuð, kurteis í framgöngu og stílt í skapi.

Í New York er stofnaður kvennaklúbbur sem heitir „Líflið byrjar 45 ára“. Þær einar konur geta fengið inngöngu í klúbbinn, sem hafa náð þeim aldri.

Tík ein kom eitt sinn að hundasptala í St. Louise í Ameríku, klóraði í hurðina, til að fá að komast inn. Sama kvöldið gaut hún 6 hvolpum. Þótti þetta furðu skynsamlegt af dýrinu, að hún skyldi leita á spítalana til þeirra hluta.

Í Jógóslavíu kom það fyrir í haust að hjón ein hjeldu hátíðlegt 70 ára hjúskaparfræmli sitt. Eiginmaðurinn var 101 árs en konan 95. Í veislunni var æskuvínur þeirra, sem er 98 ára. Hann hafði á sínum ungu dögum felt hug til konu þessarar.

Þegar hinn 101 árs eiginmaður ætlaði að fá konuna heim með sjer

úr veislunni, var sá 98 ára ekki alveg á því. Þeim lenti saman í áflogum, og sparkaði hann svo óþyrmelega í þann 101 árs, að flýttja varð hann á spítala. Von var þó um bata. En vicátta þeirra keppinautanna er alveg komin út um þúfur.

Maður að nafni Edwin Sommerville í Brighton í Englandi keypti bíl fyrir 5 árum, er kostaði 10 shillinga. Hann var af gamalli gerð — frá árinu 1906. Hann segist ekki hafa þurft að kosta uppá viðgerðir á honum fyrir meira en 5 shillinga þessi ár. En ekki hefir hann á bílnum samtals 40.000 enskar mílur.

Um daginn var hann dæmdur í sekt fyrir það, hve bílinn var í aumlegu ásigkomulagi.

— Eiginlega er ástæða til að óska yður til hamingju með það, sagði dómariinn, að þjer skuluð vera lifandi fram á þenna dag.

Franskur leyfniögreglumaður, Jean Lalouri að nafni, er hafði mikilvörð á sjer um eitt skeið, dó nýlega. Hann hafði í mörg ár verið einsetumaður. Eftir dauða hans kom það í ljós, að hverju hann hafði hætt störfum og orðið sú mannafæla sem hann var.

Fyrir mörgum árum síðan var hann fenginn til þess að rannsaka mjög flókið morðmál. Morðinginn faust, og var dæmdur til dauða. Hann var leiddur undir fallaxina. En það kom mönnum mjög á óvart, að skömmu síðar lagði hann niður lögreglustörf. Enginn vissi ástæður hans fyrir því, fyrri en eftir dauða hans. Þjer brjefi sem hann lét eftir sig

skýrði hann frá því, að morðingi þessi, er var tekinn af lífi hefði verið sonur hans.

Um þetta hafði hann enga hugmynd fyrri en aftakan hafði farið fram. Konan hans hafði hlaupið frá honum eftir stutt hjónaband með ungan son þeirra. Hann hafði ekkert til þeirra spurt. Fyrri en hann fór að athuga ofan í kjöllinn æffiril morðingjans. Þá komst hann að raun um hver þetta var.



— Mjer þykir fyrir því, en þingagreiddsla fer fram við næsta bás!



— Þetta ætlar að biðja yður um launahækkun.

Kaupskapur

Kaupi gull og silfur hæsta verði. Sigurbór úrsmiður, Hafnarstræti 4.


Kaupi gull hæsta verði. Árni Björnsson, Lækjartorgi.

Trúlofunarbringana kaupumenn helst hjá Árna B. Björnssyni, Lækjartorg..

Kaupi gamlan kopar. Vald. Poulsen, Klapparstíg 29.

Fræði

Hvergi betri kr. 1.25 aura mállíð en á Hótel Hekla.



— Mundir þú nú eftir að hleypa hundinum inn?

— Geturðu hugsað þjer ömurlegra en þegar þjer söngkona finnur, að hún hefir mist röddina? — Já... ef hún finnur það ekki!

Auglýsingasími Morgunblaðsins er 1600.

ROBERT MILLER:

20.

SYNDIR FEÐRANNA.

umarhætti, skiljir mig og sjáir, að það eru ekki nema veikgeðja menn, sem gráta iðrunarinnar tárur. Þeir sterku aftur á móti, taka á þeirri elju, sem þeir eiga til, og nota tækifærið, þegar það býðst. Viltu skoða mig sem vin þinn, eins og fyr, Elisabet?"

Tilfinning fyrirleitningar og viðbjóðs á honum greip hana. Hann grunaði víst ekki, að hún vissi um brjefið sem hann hafði skrifað Jane, þar sem hann hótaði bæði Jane, henni sjálfri og föður hennar. En hún þorði ekki að láta hann vita það, svo að hún tók rólega í hönd hans, sem hann rjetti henni, og sagði með uppgerðar-rósemi:

„Þú ert svo vitur, Walther. — Jeg skil ekki heimspéki þína, en þrátt fyrir alt ert þú altaf frændi minn“, og til þess að komast hjá þessu samtalsefni, flýtti hún sjer að bæta við: „Hvað heitir hesturinn þinn?“

„Raja“.

„Raja — það þýðir fursti, er það ekki?“

„Jú. Jeg dáist að indverskri heimspéki — þess vegna hefi jeg skrif þessu nafni. Finst þjer hann ekki tignarlegur? Sjáðu hve hann reigir hálsinn stoltur og ber sig vel. Og jeg er viss um, að þú verður hrifin að að sjá hve góðan gang hann hefir.“

„Já — en eigum við ekki að koma heim — það er komið að morgunverði“, sagði Elisabet. Hún átti bággt með að tala við hann. Hún gat ekki annað en hugsað um hvaða mann hann hefði í raun og veru að geyma, og brjefið, sem hann hafði skrifað Jane. Það gat hún aldrei fyrirgefið honum.

Meðan þau sátu við borðið kom Georg.

„Þetta er víst Georg. Mjer finst jeg þekkja hestinn hans“, sagði Longmore.

„Já“, sagði Elisabet. Hún roðnaði dálítið, af því að hún fann hið rannsakanði augnaráð Walthers hvíla á sjer. En hún hjelt áfram, eins og hún hefði ekki tekið eftir því: „Georg var að tala um, að við kæmum til Seatown í næstu viku og tækjum þátt í uppskeru-hátíðinni þar — hann sagði, að við gætum orðið samferða í bíl —“

Rjett í því kom Georg inn. Hann heilsaði þeim öllum með handabandi og settist við borðið að boði Longmores. Samtalið barst að ferðinni til Seatown, og varð það að samkomulagi, að þau Walther og Elisabet færu með Georg í bifreið Sir James. Elisabet og Walther áttu að koma riðandi til Fullerton og láta Ebstana vera þar, þangað til þau kæmu aftur frá hátíðahöldunum um kvöldið.

Elisabetu óaði við því að eiga að vera ein með Walther svoona lengi. En hún fann, að hann hafði stöðugt gætur á henni og þóttist vera hún ánægðasta. Hann skyldi þó ekki geta hrósað happi yfir því að sjá að hún væri hrædd við hann.

Fyrir alla muni þurfti hún að gæta þess, að hvorki hann nje faðir hennar yrðu þess varir að hún elskaði Georg, því að þá myndu þeir sjálfsgagt einhverja ástæðu til þess að slíta öllum kunningsskap við Fullerton. En þenna stutta tíma, sem hún átti eftir að vera á West-end, áður en hún fór til Ameríku — alfaru — ætlaði hún að nota til þess að vera með Georg. Hún ætlaði að safna endurminningum, sem hún gat lifað á, þegar Atlantshafið skildi þau að fyrir fullt og alt.

Þegar þau stóðu upp frá borðinu, spurði Georg: „Eigum við að koma út og fiska í dag, Elisabet?“

Á eftir getum við riðið til Fullerton og tekið saman ráð okkar um það, hvernig er best að breyta garðinum á Fullerton.

„Já, það vildi jeg gjarna“, svaraði Elisabet, hímilifandi yfir því, hvernig Georg tókst að útloka Walther frá því að fara með þeim.

„Hafið þjer veifarferi með yður, Georg?“, spurði Walther.

„Nei, mjer dat í hug, að þjer mynduð lána mjer veidistöngina yðar“.

„En jeg hafði hugsað mjer að koma líka, ef yður er það ekki á móti skapi“.

„Raja“. Georg átti bággt með að leynd undrun sinni yfir frekju Walthers, en þegar hann sá hið vandræðalega augnaráð Elisabetar, flýtti hann sjer að bæta við: „Yður er auðvitað velkomið að koma með okkur, er ekki svo, Elisabet!“

„Jú, auðvitað“.

„Jeg vissi annars ekki að yður þæti gaman að veiða, Longmore“.

„Jú, í dag vil jeg gjarna veiða. Jeg geri ráð fyrir að Georg geti fengið veidistöngina þína, frændi“, sagði hann og sneri sjer að Mr. Longmore, „ef þú ætlar ekki að koma með okkur“, bætti hann við.

„Nei, jeg kæri mig ekki um að vera úti á vatninu í brennandi sólskini í miðjum hvíldartímanum mínum. Mr. Georg er velkomið að fá veidistöngina mína“, svaraði Longmore, um leið og hann kveikti sjer í vindli.

Tveir vindlar eftir mat var hinu ákveðni tóbaksskamtur hans á dag.

Þau urðu að róa nokkuð langt út á vatnið, áður en þau urðu vör.

Georg og Walther tóku sín hvora árina.

Morgunblaðið

Vikublað: Ísafold.

24. árg., 17. tbl. — Föstudaginn 22. janúar 1937.

Ísafoldarprentsmiðja h.f.

Gamla Bió

Leynilögreglan

Afarspennandi, fjörug og viðburðarík lögreglu-mynd, sem sýnir vel hina stöðugu og miskunnarlausu baráttu amerísku leynilögreglunnar (G-Men) við bófaflokkana þar í landi.

Aðalhlutverkin leika:

Fred Mac Murray, Madge Evans og Lynne Overman.
Börn innan 16 ára fá ekki aðgang.

Hús

með nýttísku þægindum, hentugt fyrir 2—3 litlar fjölskyldur, óskast til kaups. — Talsverð útborgun.

Tilboð með nákvæmum upplýsingum, merkt „Suðvestur“, sendist Morgunblaðinu fyrir 25. þ. m.

Húsnæði

2 herbergi, hentug

fyrir snyrtistofu

í eða við miðbæinn, óskast frá 1. febrúar. — Tilboð merkt „Snyrtistofa“, sendist afgreiðslu Morgunblaðsins.

Hús óskast

tilkaups. Tilgreinið stað og ca. verð í tilboði, merktu „Þagmælska“, á afgr. Morgunblaðsins.

Íbúð

1—2 herbergi og eldhús, óskast strax.

Óskar Sólberg.
Sími 3169.

Íslenskar kartöflur,
úrvalsgóðar


í pokum og lausri vigt.

Verslunin Vísir.

Laugaveg 1.



Á morgun:



Milners Kjötubúð.
Leifsgötu 32. Sími 3416.

Hakkað buff kr. 1.20 ½ kg.
Gullasch 1.25 ½ kg.
Nautabuff 1.45 ½ kg.

Nýja Bió

Klæðskerinn hugdjarfi.



myndarinnar aðstoða 200 Goldwyn Girls“).

Amerísk tal- og söngvaskentimynd leikin af hinum óviðjafnanlega skopleikara

Eddie Cantor,

sem með fyndni sinni, fjöri og skentilegum vísasöng kemur ávalt öllum biógestum í sólskinsskap. — Í hinum skrautlegu danssýningum frægar dansmeyjar („The

Eldri-dansa-klúbburinn.

Dansskemtun

annað kvöld í K. R.-húsinu.

Munið eldri dansana.

Breiðfirðingamót

fyrir öll hjeruð umhverfis Breiðafjörð og vesturhluta Barðastrandarsýslu, verður haldið í kvöld að Hótel Borg.

Mótið hefst með borðhaldi kl. 8 e. h.

Aðgöngumiðar seldir í rakarastofu Eyjólf Jóhannssonar, Bankastr. 12, sími 4785, og í Tóbakshúsinu, Austurstræti 17, sími 3700.

Útgerðarmenn.

Maður með víðtæka þekkingu á útgerðarmálum vill taka að sjer útgerðarstjórn fiskiskipa í Reykjavík á komandi vertíð.

Upplýsingar í síma 1851 eða 2587.

Flórsykur.

Afgreiði frá Englandi Flórsykur út á Cuba-leyfi.

Sig. Þ. Skjalðberg,
(heildsalan).

Rúðugler.

Utvegum allar tegundir af rúðugleri frá Belgíu eða Þýskalandi.

Eggert Kristjánsson & Co.

Sími 1400.

Aðalfundur

Flóaáveitufjelagsins

verður haldinn að Tryggvaskála þriðjudaginn 9. febrúar næstkomandi, og hefst klukkan 1 e. m.

Dagskrá er samkvæmt fjelagslögnum.

STJÓRNIN.

Auglýsing

um leyfi til áfengisveitinga.

Hjer í undæminu verða engin leyfi til áfengisveitinga veitt fyrst um sinn skv. heimild 17. gr. 2. mgr. áfengislaga nr. 33, 9. jan. 1935.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 21. jan. 1937.

Jónatan Hallvarðsson,
settur.

Tilkynning.

Viðgerðastofan ADLER, Kirkjustræti 4, tekur til viðgerðar kontórvjalar allskonar, saumavjalar og grammófóna.

Brýnsla á hnífum og skærum.

SÍMI 1697.

SÍMI 1697.

Ný bók:

Sjeð og lifað

Endurminningar Indriða Einarssonar.

Verð kr. 15.00 heft, 20.00 í skinnbandi.

Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar
og BÓKABÚÐ AUSTURBÆJAR BSE,
Laugaveg 34.

Morgunblaðið

Útgef.: Hf. Árvakur, Reykjavík.
Ritstjórn: Jón Kjartansson og
Valtýr Stefánsson —
Abyrgðarmaður.

Ritafjörn og afgreiðsla:
Austurstræti 8. — Sími 1600.

Auðgöfingastjóri: E. Hafberg.

Heimasímar:
Jón Kjartansson, nr. 3742.
Valtýr Stefánsson, nr. 4220.
Árni Óla, nr. 2045.

Áskriftagjald: kr. 3.00 á mánuði.
Í lausasölu: 16 aurs eintaklið.
20 aurs með Laubók.

Játning.

Þeir seku hafa meðgengið. Loksins. Alþýðublaðið hefir gert sjer tíðrætt um stórtúgerðina að undanfórnu — einkum Kveldúlf.

Morgunblaðið hefir sagt: „Maður lítur hjer nær“, og blaðalesendur hafa alment skilið, að þeir, sem ábyrgð bera á og verja í líf og blóð Samvinnufjelag Ísfróinga og Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, gátu ekki verið ákærendur Kveldúlfs. Þeirra hlutskifti er hlutskifti sakbormingsins, sem ekki gat ráðist á aðra, en reynir að koma vörnum fyrir sjálfan sig. Og nú reyna þeir að tefla fram á þessum málsbótum:

Samvinnufjelag Ísfróinga og Bæjarútgerðin í Hafnarfirði eru „atvinnubótafyrirtæki“. Frá þeim hefir auk þess ekkert rannó í önnu fyrirtæki. En Kveldúlfur hefir bygt upp búrekstur Thor Jensen, bygt „villur“ Thorsbræðra, keypt „veiðiar“, kostað margar dýrar fjólskyldur o. s. frv.

Segjum það. En hvað segir þá það?

Það er sannað, að Finnur skuldaði 319 þús. krónur umfram eignir, greiddi 12½ þús. kr. upp í 250 þús. kr. skuldir og þáði auk þess 147 þús. kr. uppgjöf veðskulda.

Það er sannað, að Bæjarútgerðin í Hafnarfirði á ekki nema 40% upp í skuldir.

Er þetta nokkuð frækilegri frammiastaða, þó því sje bætt við, að „allur“ afrahtsturinn af „fyrirburðum“ forstjóranna hafi orðið kyrr í fjelögnum, og lýsi sjer óskertur í fullri dýrð í þessum tölulegu niðurstöðum?

Þá væri þetta að þau hefðu getað staðið undir því, sem þau telja Kveldúlf til lasts, sjerstaklega ef þau þá gætu sýnt eignir og ábyrgðir upp í allar skuldirnar, eins og Kveldúlfur getur, og auk þess stært sig af því að hafa greitt sjómönnum og verkamönnum 50—60 millj. króna, eins og Kveldúlfur.

En um ást Finns og Bæjarútgerðarinnar á almennig, og það, að skip þeirra sjer rekin eftir þörfum almennings, er það að segja, að óhætt mun Kveldúlf að bjóða rannsókn á tekjum sjómannna á skipum hans annarsvegar, og Finns skipum og Bæjarútgerðarinnar hinsvegar.

Síðasti vottur umbyggju Finns er sá, að öll skip hans hafa legið bundin í höfn síðustu 5 mánuði.

Sjómenn hans líða skort. Sjálfur hefst hann vist semilega við af 11 þúsund krónum, sem hann þáði í sumar af almannaþje fyrir 60 daga vinnu.

45 manns hafa farist af tveim skipum.**Stórhrið í Norðursjónum.**

FRÁ FRJETTARITARA VORUM.

KHÖFN Í GÆR.

„Við erum strandaðir við Sognvaar“ — var hið síðasta, sem heyrðist frá 2700 smálesta skipinu Savonmaa (finskt), sem fórst í ofviðrinu í gær, nálægt Kristiansand. — Á skipinu voru 20 manns, sem allir munu hafa druknað.

Strax eftir að neyðarópið var sent, var hafin leit að skipinu í grend við Sognvaar, en leitinn bar engan árangur. En tveim sjómilum vestar fundu norskir fiskimenn flakið af Savonmaa. Skutur skipsins lá uppi á skeri.

Fjögur lík af áhöfn skipsins hefir þegar rekið.

— Þýska tilraunaskipið „Welles“ (eign þýska flotans) sem sókk í gær með 25 manna áhöfn vestur af Femern, var á leiðinni til hjálpar tveim skipum öðrum, sem einnig voru þýsk og voru í sjávarháaska. Stórhrið var er „Welles“ sókk.

100 manns bjargað af 400.

Frá Kína koma frjettir um 2 sjóalys. Í Kína-hafi hefir s tórt farþegaskip strandað á skeri. Farþegar eru ekki taldir í neinni hættu, en lítur líkur til þess að skipið náist út.

Sjóliðar af bresku beiti-skipi hafa farið um borð til að verja skipið gegn sjóræningjum, og er annað skip á leiðinni til strandaðarins til þess að flytja farþega í land. (FÚ)

Kínverskt skip rakst á sker um 30 mílur frá Canton og sókk. Á skipinu voru 400 manns, og þegar síðast frjettist höfðu að eins um 100 bjargað. (FÚ)

Breiðfirðingamót verður haldið í kvöld í Hótel Borg og hefst það með borðhaldi kl. 8.

Hann þoldi ekki mátt.

Hirota, forsætisráðh. Japana.

Sprengingar í Lissabon: 14 manns handteknir.

FRÁ FRJETTARITARA VORUM.

KHÖFN Í GÆR.

Fjórðán mána hafa verið teknir fastir í Lissabon (Portúgal) grunaðir um að hafa verið valdir að sprengingum, sem urðu í sendiherrabústað Francos, í útvarpsstöð Radio-klúbbsins og í húsakynnum mentamálaráðuneytisins í Lissabon í dag. Meðal þeirra, sem teknir hafa verið fastir eru nokkrir Spánverjar.

Tveim sprengjum hafði verið komið fyrir í sendiherrabústaðnum, en sín hvor á hinum stöðunum.

— Í mentamálaráðuneytinu kviknaði út frá sprengjunni og urðu skemdir á húsinu allmiklar.

Stjórnin heldur því fram að kommúnistar standi að spellvirkjum þessum.

20 þús. manns húsnæðislausir af yöldum flóða.

London 21. jan. FÚ.

Í miðríkjum og suð-austur ríkjum Bandaríkjanna eru nú mikil flóð vegna hláku, og er á einum stað 5 fetum lægra í Mississippi fljóti en þegar stórfloðin urðu 1922, og öllu mestu manntjóni.

Um 20 þúsund manns eru nú húsnæðislausir vegna flóðanna. Mestu tjóni hafa flóðin valdið í Ohio.

Slæm líðan páfa.

London 21. jan. FÚ.

Læknar páfans tilkyntu í morgun, að hann hafði sofði illa síðastliðna nótt, og að heilsu hans hrakaði enn.

Japanska stjórnin völt í sessi.**Þingfundum frestað.****Ráðherrann hætti í miðjum klíðum.**

London í gær. FÚ

Í miðjum klíðum hætti Hirota forsætisráðherra Japana ræðu sinni um stefnu stjórnar sinnar í japanska þinginu í dag og rauk í bræði ofan af ræðupallinum og á fund Japanskeisara. — Keisari veitti honum leyfi til að fresta þingfundum í 2 daga.

Þessi tíðindi gerðust í neðri málstofu japanska þingsins. Þau bregða ljósi yfir óánægju þá, sem ríkir í japanska þinginu yfir stefnu Hirota stjórnarinnar, einkum í fjármálum og utanríkisálum.

Hirota las boðskap sinn í báðum málstofum þingsins. Í efri málstofunni ríkti þögn — en það var þögn algerðrar fyrirlitningar.

En í neðri málstofunni var hvað eftir annað tekið fram í fyrir forsætisráðherranum, kastað til hans háðsglómum, og hlegið að honum, uns hann misti þolinmæðina.

Í fjárlögnum er gert ráð fyrir 170 milljón sterlingspunda útgjöldum. Stjórnin hygst, m. a. að endurbæta og auka landvarnirnar, hækka skólaskylduáldur, gera endurbætur á skattalöggjöfnni, og á ýmskonar tryggingslögum, svo sem ellistryk, atvinnubótum o. s. frv.

Þá ætlar stjórnin að flytja enn fleira fólk til Manchukuo en á síðastliðnu ári og leggja meira fje í fyrirtæki þar í landi.

Viðsjárnar í heiminum kendar kommúnistum.

Utanríkisráðherra Japana, Arita, sagði í ræðu sem hann flutti í gær í japanska þinginu, að Japan stefndi að því að efla viðskiftalega samvinnu milli Kyrrahafslandanna. — Hann mælti mjög með afnámi á hverskonar verslunar hömlum.

Einkanlega amaðist hann við því, að stórveldin lokuðu mörkuðum nýlendanna fyrir öðrum þjóðum.

Viðsjár þær, sem nú settu sjer stað viðsvegar um heim, sagði Arita að mætti rekja til kommúnismans.

HITLER ætlar að svara Anthony Eden.

London 21. jan. FÚ.

Mælt er, að Adolf Hitler muni ætla að svara á opinberum vettvangi ræðu þeirri er Anthony Eden flutti í breska þinginu á þriðjudaginn, og ætlað, að hann muni velja til þess fund Ríkisdagsins, en Ríkisþingi á að koma saman 30. jan.

Þýska blaðið Berliner Börsen Zeitung dregur dár að Eden fyrir að gefa í skyn að Þýskaland eigi að taka höndum saman við Rússa.

Ítölsk blöð taka í sama streng. Þau segja að Ítalir sjeu fúsir til samvinnu við allar hinar Evrópuþjóðirnar, en með Sovjet-Rússlandi eigi þeir ekkert sameiginlegt.

Á fundi ríkisþingsins 30. jan. er talið að Hitler muni fara að dæmi Breta og Frakka og gefa Belgum opinbert loforð um að Þjóðverjar muni virða hlutleysi þeirra.

23 klukkutíma eftir áætlun á 5 klst. leið!

FRÁ FRJETTARITARA VORUM.

KHÖFN Í GÆR.

Talið er, að stórhriðin, sem gengið hefir undanfarna daga í Danmörku, hafi felt 60 þúsund trje í skóginum „Roldskov“ einum.

Járnbrautir eru nú farnar að komast leiðar sinnar, en ennþá er langt frá því að þær haldi áætlun. — Hjer er eitt dæmi.

Leiðin frá Esbjerg til Kaupmannahafnar með hraðlest (Lyntog) er venjulega farin á 5 klukkustundum. Í gær fór lestin í þessa leið — ekki á 5 klst. — heldur 28 klukkustundum: 23 klukkutíma seinkun.

Rússar taka japanskt skip.

London 21. jan. FÚ.

Í Japan ríkir mikil gremja út af því, að sagt er að Sovjet stjórnin hafi sett fast japanskt skip í Vladivostok, og tekið stjórnmálaleg skjól sem send höfðu verið með skipinu til japanska ræðismannsins þar í borginni.

Fjölgun lögreglunnar.

Bæjarstjórn frestar ákvörðun

Óskar að innanbæjarmenn fái stöðurnar.

SÚ ákvörðun ríkisstjórnarinnar, að fjölga lögregluhlíði bæjarins upp í 60 manns, kom til umræðu á bæjarstjórnarfundi í gær.

Lögreglustjóri hafði gert tillögu um ráðningu hinna 20 lögregluþjóna, sem bæta skyldi við lögregluhlíðið, og hefir þeirra áður verið getið hér í blaðinu.

Í sambandi við val lögreglustjóra gat borgarstjóri þess, að 7 hinna útvöldu myndu vera utanbæjarmenn. Þótti borgarstjóra miður, að lögreglustjóri skyldi ekki hafa tilnefnt bæjarmenn í stöðurnar, þar sem atvinnuleysi væri nú svo tilfinnanlegt í bænum.

Áleit borgarstjóri rjett, að bæjarstjórn færi þess á leit við lögreglustjóra, að hann sæi sjer fært að tilnefna bæjarmenn í stað þeirra 7 utanbæjarmanna, sem hann hafði valið, og fresta ákvörðun þar til svar lögreglustjóra kæmi.

Þar borgarstjóri fram ályktun um þetta, og einnig um það, að bæjarstjórn samþykkti skipun tveggja lögregluþjónanna, þeirra Auðna Sigurðssonar og Haralds Jenssonar, þar sem þeir hefðu gegnt lögregluþjónsáttum síðan á miðju sumri 1935.

Nokkrar umræður urðu um málið. Ól. Friðriksson var andvígur till. borgarstjóra, en Einar Olgeirsson vildi enga fjölgun í lögregluhlíði. Taldi það hættulegt fyrir lífðæðið!!

Áð lokum var ályktun borgarstjóra samþ. með 8:4 atkv.

Hár ísfisksmarkaður í Englandi.

Í gær var ágætis ísfisksmarkaður í Grimsby. Seldu þar þrjár íslenskir togarar aflá sinn.

Kári (Alliance) seldi 1490 vættir fyrir 2056 sterlingspund (um 43 þúsund krónur).

Júni, frá Hafnarfirði, seldi fyrir 1807 sterlingspund. Ókunnugt um aflamagn hans.

Hávarður ísfirðingur seldi 1166 vættir fyrir 1804 sterlingspund.

Sala Kára er sú hæsta, sem verið hefir á þessari vertíð. Í fyrsta seldi Kári einu sinni fyrir 2700 sterlingspund, og var það hæsta sala á þeirri vertíð á Englandsmarkaði.

Knattspyrnuafjel. Fram heldur aðalfund sinn í Kaupþingsalnum í kvöld kl. 8½.

Hneykslisumræður á bæjarstjórnarfundi

Golfklúbb Íslands synjað um ábyrgð fyrir 30 þús. kr. láni.

Láninu átti að verja til að koma upp golfvelli og kensluskála.

GOLFKLÚBBUR ÍSLANDS hafði fengið til leigu allstórt land (37 ha.) hér suður á Eskihlíð, og er mikið af landinu stórgrytt urð.

Golfklúbburinn hefir ræktað um 40 dagsláttur af landinu og kostað til þess nokkrar þúsundir króna af eigin fje. En til þess að gera fullkominn golfvöll á þessu svæði þarf mikið fje.

Nú hefir klúbburinn fengið loforð fyrir 30 þús. kr. láni, en það fje myndi nægja til þess að gera þarna einhverjum þýðilegasta golfleikvöll, sem völ er á, og til þess að byggja kensluskála fyrir fjelagsmenn þar á staðnum. Lán-ið getur klúbburinn fengið með einum hagstæðum kjörum, og miklu hagstæðari en hér er annars vól á. Er hér um að ræða innfrósið fje og engin skuldbinding um greiðslu í erlendri mynt. En skilyrðið fyrir því, að lánið fái, er að ríkissjóður eða bæjar-sjóður gangi í ábyrgð fyrir láni-nu.

Golfklúbburinn skrifaði þess-vegna bæjarráði og fór fram á ábyrgð bæjarsjóðs fyrir láni-nu. Bæjarráð vísaði málinu til að-gerða bæjarstjórnar.

Hneykslanlegar umræður í bæjarstjórn.

Þessi ábyrgðarbeiðni kom fyrir bæjarstjórnarfund í gær.

Borgarstjóri reifaði þar málið og skýrði það fyrir bæjarfulltrúum, og þar fram tillögu þess efnis, að bæjarstjórn samþykkti að takast á hendur ábyrgðina með þeim skilyrðum, sem borgarstjóri og bæjarráð vildu setja.

Út af þessu spunust langar umræður, sem voru þess efnis, að bæjarstjórn er litill sómi að.

Fyrst talaði Einar Olgeirsson og andmælti ábyrgðinni, en við af honum tók Guðm. R. Oddsson og fór hörðum orðum um starfsemi Golfklúbbsins. Sagði m. a. að klúbburinn væri „afdrif fyrir slark og óreglu, menn kæmu hálf fullir til æfinga, og færu þaðan al-fullir, og svo, að komið hefði fyrir að bera hefði þurft menn upp í bílinn“.

Þegar frá Aðalbjörg heyrði þessa lýsingu sagði hún, að það væri „átakanlegt“, ef bærinn ætti að fara að ganga í þessa ábyrgð á sama tíma og ekkert væri gert fyrir börnin í bænum.

Jón Axel tók mjög í sama streng. Fluttu svo 3 sósíalistar (Stef. Jóh. Stef., J. A. P. og G. R. O.) tillögu þess efnis, að borgarstjóra skyldi heimilt að ábyrgjast f. h. bæjarsjóðs allt að 30 þús. kr. lán, sem ífróttafjelag eða ein-

staklingur kynni að vilja taka í því skyni að starfækja æfingavöll fyrir knattspyrnu eða barnaleikvöll hér í bænum!

Skyldu þessir sósíalistar setla sjer með þessu að leysa bæjarstjórn frá öllum vanda af þessum

FRAMH. Á SJÖUNDU SIÐU.

Skotdrunurnar heyrast til Gibraltar. Loftorusta yfir Madrid.

London 21. jan. FÚ.

Valencíastjórnin viðurkennir nú, að hersveitir hennar hafi ekki tekið Englahæðina á dögunum, en segir, að þær hafi sótt lengra fram en þeim var ætlað, og þess vegna hafi þeim ekki tekist að koma sjer fyrir á Englahæðinni.

Í morgun gerðu uppreisnarmenn loftárás á Madrid, og sló síðan í orustu milli flugvjala uppreisnarmanna og stjórnarinnar uppi yfir borginni.

Í dag hafa uppreisnarmenn reynt að hrekja stjórnarliðið úr stöðum þeim, þar sem það hefir komið sjer fyrir í háskólahverfinu. En sú tilraun hefir reynt árangurslaus.

Í Gibraltar hafa í dag heyrst skotdrunur úr áttinni frá Marbella, og er álitíð að stjórnarherinn hafi gert gagnsókn þar, en ekki er gjörla um það vitað.

Þá er einnig sagt frá því, að snemma í morgun hafi Gibraltararborði varir við orustu milli skipa úti í sundi, en um þessa atburði er ekki getið í frjettum frá Spánverjum.

„Eskifjarðarhjónum“ slept úr gæsluvarðhaldi. Skýrsla frá lögreglustjóra.

Lögreglan gaf í gær út eftirfarandi skýrslu til blaðanna um Eskifjarðarmálið:

Í dag voru gæslufangarnir Jón Erlendsson og Ásthildur Halla Guðmundsdóttir látin laus úr gæsluvarðhaldi því, er þau hafa setið í undanfarid vegna rannsóknar hins svonefnda Eskifjarðarmáls.

Það mál hófst á s.l. hausti á Eskifirði út úr því að stúlkan Halldóra Bjarnadóttir, er verið hafði vinnukona hjá þeim hjónum Jóni og Ásthildi, hvarf að nóttu til miðvikudaginn 16. sept. Lík hennar fanst á Eskifjarðarhöfn hinn 30. sama mánaðar.

Út úr hvarfi þessarar stúllu og meðferð hennar á heimili hjónanna var rannsókn hafin m. a. vegna þess að við líkskoðun þótti koma í ljós að líkið væri ekki eldri en 4—5 daga og dauðasök varð ekki ráðin. Hefir rannsóknin farið fram fyrst á Eskifirði og síðan hér í Reykjavík.

Um hvarf og dauða Halldóru hefir rannsóknin leitt eftirfarandi í ljós: Strax og Halldóru var saknað tilkynnti Jón það til sýslumanns. Tvö vitni hafa borið það, að um nóttina hafi þau sjeð Halldóru ganga eina inn fyrir kaup-túnið. Eitt vitni hefir borið það að Halldóra hafi í haust rætt um það að fyrirfara sjer. Loks hefir rannsóknarstofa Háskólans að fengnum nýjum upplýsingum talið það sennilegt að líðin hafi verið 14 dagar frá dauða þegar líkið fanst og það hafi allan tímann legið í vatni.

Lögreglan óskar ekki að gefa opinberar upplýsingar um aðra þætti máls þessa að svo stöðu, en það hefir nú verið sent dómsmálaráðuneytinu til fyrirsagnar.

Framfarir í Reykjavík undir stjórn Sjálfstæðismanna.

Úr síðara hluta af ræðu Bjarna Benediktssonar próf. á Heimdallarfund.

Í SÍÐARI hluta ræðu sinnar á Heimdallarfund síðastl. þriðjudag rakti Bjarni Benediktsson prófessor þær geysilegu verklegu framkvæmdir, sem orðið hafa hér í bænum undir stjórn Sjálfstæðismanna.

— Um ýms af verklegum fyrirtækjum bæjarins eru að visu sett sjerstök lög, sagði Bjarni, en bæði hafa lög þessi verið sett eftir tilmælum bæjarins, og þau láta bænum sjálfum eftir stjórn þessara fyrirtækja, án verulegrar íhlutunar ríkisins.

Höfnin.

Höfninni er stjórnað af sjerstakri stjórn, en hún er kosin af bæjarstjórn.

Höfnin er og hefir verið ein mesta lyftistöng atvinnulífs og velmegunar í bænum. Henni hefir verið vel stjórnað, þannig, að hún getur sí og æ haldið áfram að auka mannvirki sín.

Frá framkvæmdum síðari ára má minna á bátahöfnina, verbúðarnar og Ægisgarð, sem enn er ekki lokið, en haldið verður áfram með, uns því verki er lokið.

Þá hefir höfnin bygt vandað hús, og er í ráði að stækka það enn meir á þessu ári Meirihluti bæjarstjórnar hefir í huga, að í þessari nýju viðbót við hafnarhúsið verði hægt að fá hentugar skrifstofur fyrir bæinn, því hús-

næði það, sem skrifstofur bæjarins hafa nú, er ekki eins heppilegt og skyldi.

Hafnarstjórn hefir sífellt vinna að dýpkun hafnarinnar, og nú mun ráðgert að fylla upp krókinn fyrir framau Varðarhúsið, svo skip geti lagst þar upp við.

Rafmagnsveitan.

Rafmagnsveita Reykjavíkur stendur undir þeimum yfirráðum bæjarstjórnar og bæjarráðs. Ýmislegt hið sama er að segja um hana og höfnina. Hún hefir stórkvæmt lífsþægindi bæjarbúa og orðið lyftistöng iðnaðar og framkvæmda í bænum. Sjerstaklega mun þó svo verða, er Sogsvirkjunin kemst á.

FRAMH. Á SJÖTTU SIÐU.

ÍÐNAÐUR VERSLUN SIGLINGAR

Pegar birtir.

Lýðræðislöndin, Frakkland, Bretland og Bandaríkin, stígu fyrsta sporið í áttina til frjálsari milliríkjavíðskifta, er þau lýstu yfir því í haust, að þau myndu taka upp samvinnu í gjaldveismálum. Þessi samvinna gerði Frökkum kleift að leysa úr viðjum víðskiftalífið í Frakklandi, svo að Frakkar gætu aftur komið fram á heimsmarkaðinum sem kaupandi og kaupmaður. Þeir, sem sjeð höfðu blómlegt víðskiftalíf falla í rústir um leið og tollastefnan og jafnvirðis kaupstefnan festu rætur í skjóli kreppunnar, gerðu sjer vonir um að þessir atburðir myndu leiða til nýs tímabils blómlegra heimsvíðskifta.

Þessar vonir eru að rætast í Evrópu og Bandaríkjunum vinna sterk öfl að því að lækka tollamúrana og útrýma höftunum.

Morgunblaðið hefir vakið athygli á þessum tíðindum, þar sem engir hafa meiri ástæðu til að fagna því, ef höftin verða afnumin í víðskiftalöndum okkar, en ein mitt við Íslendingar. Vjer höfum jafnan haldið þeirri skoðun á lofti, sem frjálslyndir menn um allan heim styðja, að í heilbrigðu víðskiftalífi sjeu víðskiftahöft skaðleg og dragi úr velmegun fólksins.

Vjer höfum þó jafnframt haldið því fram, að víðskiftahöftin, sem sett voru hjer á landi eftir að jafnvirðis kaupstefnan komst í algleyningu, hafi verið nauðsynleg, en aðeins sem bráðabirgðarárástöf, á meðan víðskiftalífið um allan heim var sjúkt. Sjúkdomurinn stafaði frá kreppunni.

Þessi skoðun Morgunblaðsins hefir þó ekki getað aftrað því frá að fleitta miskunnarlausu ofan af ranglati því og hlutdrægni, sem ráðið hefir í framkvæmd haftanna hjer á landi undir stjórn Framsóknarmanna og sósíalista. Þessar ádeilur hafa verið rökfastar og skýrar, enda hefir ekki verið móti þeim mælt.

Það eru fagnaðartíðindi hverjum þeim, sem þekkingu hefir á íslenskrí utanríkisverslun, að sú stefna er að ryðja sjer braut, sem gerir höftin óþörf. Hinir, sem ekki treysta sjer til að halda á máli sínu í frjálsri samkeppi, en hreiðrað hafa um sig í skjóli ranglatrar og hlutdrægrar framkvæmdar á innflutningshöftunum og eru nú orðnir hræddir um að missa illa fenginn hlut, horfa skelfðir fram á dagrenning frjálsra heimsvíðskifta. Engin vorkennir þessum mönnum. Þeir munu hljóta hlutskifti ósómans, sem dafnar í myrkrinu, en þóir ekki sólarbirtuna.

Stærstu víðskiftaþjóðir Íslendinga eru Bretar og Þjóðverjar.

Þjóðverjar hækkuðu 1936 úr 10% í 18%

10 milj. króna hagstæður verslunarjöfnur við Portúgal og Bandaríkin.

Bretar eru ennþá stærsta víðskiftaþjóð okkar Íslendinga. En á síðastliðinu ári fleygði víðskiftum okkar við aðra stórþjóð, Þjóðverja, fram í þeim mæli, að nú munar ekki nema 6 þúsund kr. á þeim og Bretum. Víðskifti hvorrar þessarar þjóðar fyrir sig námu 18% af utanríkisverslun Íslendinga síðastliðið ár (við England 16.381 milj. króna; við Þjóðverja 16.375 milj. króna).

Næst Bretum og Þjóðverjum eigum við Íslendingar mest verslunarvíðskifti við Dani (tæp 11%), Svía (tæp 10%), Norðmenn (8%), Portúgala (7%), Bandaríkin (6.5%), Ítali (6%), og Spánverja (3.6%).

Eftirtektarverðast við þessar tölur er víðskifti okkar við Þjóðverja. Síðastliðin ár (1934, og 1935), námu víðskifti okkar við Þjóðverja ekki nema rúml. 10% af utanríkisverslun okkar. Þá voru víðskifti okkar við Breta og Dani mun hærri en víðskifti okkar við Þjóðverja. — Á síðastliðinu ári komust Þjóðverjar langt fram úr Dönum og ekki munar nema örtiltu broti á Bretum og Þjóðverjum.

Víðskifti okkar við Þjóðverja eru byggð á reglunni um jafnvirðis kaup. Á síðastliðinu ári fluttum við þó inn frá Þýskalandi fyrir 2,24 milj. kr. meir en við fluttum út þangað (sjá töfl.) Stafar þetta af inneign, sem við áttum í Þýskalandi um áramót 1935—1936 (rúml. milj. kr.) og ennfremur höfum við keypt vörur frá Þýskalandi, sem ekki hafa fallið undir clearing víðskifti.

Míðað við 1935, höfum við aukið útflutning okkar til Þýskalands á s.l. ári um 2,4 mil. (ca. 50%) og innflutning frá Þýskalandi um 3,1 milj. (eða önnur 50%).

Samtímis hefir innflutningur okkar frá Bretlandi lækkað um 2,7 milj. (innflutningur) en útflutningurinn hefir aukist um 350 þús. Víðskifta-jöfnuður okkar við Breta var árið 1935 óhagstæður um ca. 6 milj. kr., en var 1936 óhagstæður um 3 milj. króna.

VÍÐSKIFTIN VIÐ DANI.

Ennþá síðastliðið ár (1936) var víðskifta-jöfnuður okkar við Dani óhagstæður um rúml. 3 miljónir króna. Víðskiftahalli þessi hefir þó minkað til muna á síðastliðnu ári (um 2,5 milj.) sem stafar af því að við höfum fært saman kaup okkar í Danmörku, en Danir hafa keypt af okkur svipað og árið 1935.

Eftirtektarvert er að þessi þrjú lönd, Þýskaland, Bretland og Danmörk hafa öll hagstæðan verslunarjöfnuð við Ísland, eða m. ö. o. Íslendingar hafa óhagstæðan verslunarjöfnuð við þau

lönd, sem þeir hafa mest skifti við.

Samtals var verslunarjöfnuður okkar við þessar þjóðir óhagstæður um 8,3 milj. króna. Á meðan búskap okkar er þannig háttað, að afkoma okkar er háð því, að við höfum hagstæðan verslunarjöfnuð til þess að fylla upp í skörðin á greiðslujöfnuðinum (erlendrar skuldir o. fl.) og á meðan verslunarstefnan í heiminum heldur áfram að fylgja jafnvirðis kaupum, hljóta allir að sjá, hve alvarlegt það er, að ekki skuli hafa tekist að fá verslunarsamninga, fyrst og fremst við Breta og Dani, sem tryggja það, að víðskifta-jöfnuður okkar við þessar þjóðir verði a. m. k. ekki óhagstæður. — Miklu meiri ástæða er þó til að undirstrika þetta þegar þess er jafnframt gætt að Bretar og Danir eru stærstu lánadrottnar okkar og taka af okkur í er-

FRAMH. Á SJÖTTU SÍÐU.

Verslunarjöfnuðurinn eftir löndum (1934-1935 og 1936)

Lönd.	Innflutt:		
	1934	1935	1936
Danmörk	10.588.701	8.773.273	6.369.805
Færeyjar	—	—	887
Noregur	5.314.562	4.216.891	2.853.502
Svíþjóð	2.608.598	3.021.930	4.393.702
Finland	211.676	193.768	63.024
Austurríki	67.654	—	362
Belgía	848.438	479.494	292.781
Bretland	14.345.635	12.379.915	9.675.573
Danzig	278.916	47.082	72.952
Frakkland	52.812	—	189.135
Grikkland	—	38.786	6.640
Holland	1.002.566	519.737	803.804
Írland	—	—	6.566
Ítalía	1.205.916	2.112.041	2.241.923
Pólland	522.563	587.671	603.268
Portúgal	167.955	124.783	304.711
Sovjetríkin	347.578	—	—
Spánn	1.566.285	2.526.064	1.706.410
Sviss	48.691	26.451	30.458
Tjekkóslóvakía	249.969	129.276	44.844
Þýskaland	5.674.936	6.306.664	9.311.544
Bandaríkin	1.027.585	652.503	535.612
Brazília	205.089	281.449	334.465
Kanada	46.324	30.973	68.194
Japan	110.978	75.578	15.764
Önnur lönd	70.218	75.706	626.148
Ösundurlíðað	—	—	1.079.226
Samtals kr.	46.584.421	42.600.050	41.631.300

Lönd.	Útflutt:		
	1934	1935	1936
Danmörk	3.117.182	3.264.010	3.271.220
Færeyjar	672.989	981.960	7.640
Noregur	3.422.540	3.303.900	4.564.390
Svíþjóð	2.935.442	4.160.120	4.076.910
Finland	325	—	100
Austurríki	—	—	10.100
Belgía	53.789	81.540	689.010
Bretland	5.833.337	6.370.790	6.705.751
Danzig	359.562	4.740	—
Grikkland	59.050	186.900	884.730
Holland	46.596	20.160	60.700
Írland	139.795	135.530	1.564.700
Ítalía	—	9.920	8.520
Pólland	4.829.533	2.360.970	2.786.350
Portúgal	481.105	260.260	538.990
Spánn	8.015.891	7.079.940	6.038.300
Sviss	7.229.712	5893.820	1.361.930
Tjekkóslóvakía	143	49.610	23.670
Þýskaland	1.850	5.000	42.400
Bandaríkin	4.158.614	4.647.720	7.063.800
Brazília	2.293.009	3.772.190	5.138.850
Kanada	—	416.920	483.280
Japan	—	110	2.000
Önnur lönd	—	67.080	855.240
Ösundurlíðað	1.560	807.710	2.030.310
Samtals kr.	43.650.024	43.880.900	48.238.900



Uppáhalds-drykkur Breta.

Inflúenzan stingur við hjer á landi jafnaðarlega annað hvert ár, segir landlæknir. — Nú gengur influensa á meginlandi Evrópu og í Englandi, en er víðast væg. Morgunblaðið hefir beðið próf. Guðmund Hannesson að skrifa um influenzuna og kallar hann grein sína:

Síðustu rannsóknir um orsakir influenzunnar.

Inflúensan er nú á næstu grösom og mikið um hana talað. Nú vill það svo til, að þessi sjúkdómur hefir verið kappsamlega rannsakður undanfarnin ár og þykir mjer því nokkur ástæða til þess að segja frá helstu niðurstöðum þessara rannsókna. Þær gefa einnig nokkra hugmynd um, hve erfitt það er oftast, að komast fyrir uppruna sjúkdóma og finna ráð til að verjast þeim.

Orsök sjúkdómsins þektu menn ekki fyrir en 1933, og mátti þó heita að allir frægustu læknar og sýklafræðingar hefðu látaust leitað að henni í hverjum einasta faraldri um marga áratugi. Árið 1892 heit þýskur læknir (Pfeiffer), að hann hefði fundið sýkilinn og var hann nefndur „inflúensúsýkill“ (bac. influenzae). Heldu menn lengi að svo væri, en smám saman kom það í ljós, að þetta gat ekki borið sig. Ótal annara tilgátta fengu sömu útreið.

Þessi þekkingarskortur á orsök veikinnar, leiddi til þess, að það mátti heita **ókleyft að greina ljetta influensu og þungt kvef**, því sjúkdómseinkennin voru nálega hin sömu. Það var jafnvel skoðun margra, að kvef og influensa væri í raun og veru sami sjúkdómurinn, og influensan ekki ennað en illkynjað kvef. Það liggur í augum uppi hve erfitt var að gera nokkrar skynsamlegar söttvarnarráðstafanir meðan þekking manna náði svo skamt.

Nú eru til söttveikjur, sem eru svo smáar, að þær sjást ekki, jafnvel í bestu smásjám. Svo er t. d. um mislinga og lömunarveikissöttveikjuna. Að sjálfsögðu hafði mörgum dotið í hug að svo kynni og að vera um influensu, og ýmsar tilraunir virtust stýðja það mál. Þó voru þær allar með því marki brendar, að sönnunargildi þeirra var lítið og alt í óvissu eftir sem áður. Einn af verstu erfiðleikum við influensurannsóknirnar var sá, hve erfitt var að smita dýr með þessari veiki. Tilraunir voru og gerðar á mönnum en þóttu allar tvíráðar.

Nú má spyrja hvernig menn geti fengið vitneskju um slíka hulids- eða dulskýla, sem „einskis auga hefir sjóð“. Að nokkru leyti var þetta auðgert, því mönnum hafði tekist að búa til svo þjettar síur, að jafnvel minstu sýnilegir sýklar smugu þær ekki. Væri nú vökví, sem söttneimið var vitanlega í, t. d. blóð úr mislinga-sjúklingi, síað gegnum slíka

síu, þá kom það í ljós, að söttneimið var í vökvunum, sem gekk gegnum síuna. Það reyndist svo lítið, að það smaug sýklasiuna, þó sýklar sætu eftir og alt, sem stærra var. Við þetta bættist síðan, að ráð fundust til þess að **mæla stærð söttneimisagnanna**. Það voru efnafraeðingarnir, sem fundu ráðið. Þeim tókst að gera ótrúlega og mismunandi þjettar síur og mæla gatastærð þeirra. Það mátti þá sía smitandi vökva gegnum þjettari og þjettari síur, og finna hve þjettar sían þurfti að vera til þess að söttneimið gengi ekki gegnum hana. Stærð hulidskýklanna (vírus) var ótrúlega litil, stundum fáeinir milljónustu partar úr millimetra, en mismunandi eftir því hvert söttneimið var. Það er lítt skiljanlegt hvernig svo litlar agnir geta verði lifandi og aukid kyn sitt, en nú er svo komið, að menn geta lítt greint milli lifandi vera og dauðra efna.

Svo jeg víki aftur að influensunni, þá var það 1933, sem ensku læknarnir **Smith**, að ensku læknarnir **Smith** **Andrewes** og **Laidlaw** skýrðu frá því, að þeir hefðu fundið **dýr, sem væri næmt fyrir influensu**. Það voru hreysiketir (lítið rándýr). Ef vökva með influensasöttneimi var dreypt inn í nasir þeirra sýktust þeir af einskonar influensu, og smituðu hvor annan, ef sýktir og ósýktir gengu saman. Þess voru og dæmi, að maður smitaðist af köttunum, að því sem sjeð varð af reglulegri influensu. Það breytti engu, þó vökvinn væri síaður gegnum sýklasiur. Söttneimið smaug þær. Þegar dýrin náðu sjer eftir veikina voru þau algerlega ónæm fyrir henni og voru þá sjerstök varnarefni komin í blóð þeirra. Eftir 3 mánuði fór ónæmið smáþverrandi, og eftir lengri eða skemri tíma var dýrið orðið næmt á ný og gat tekið veikina.

Vökva með influensasöttneimi fengu menn með því, að skola nef og kok influensu-sjúklinga með saltvatni og sía skolvatnið gegnum sýklasiu.

Næsta árið (1934) tókst sömu mönnum að **sýkja mýs** af hreysiketöttum og gátu bæði þeir og mýsnar fengið **lungnabólgu** og mýsnar fengið **lungnabólgu** upp úr veikinni. Annars var helsta viðbótin við þekkinguna

sú, að influensúsöttneimi úr ýmsum löndum (Bandaríkjum, Puerto Rico, Ástralíu o. v.) reyndist samskonar og í Englandi. **Allsstaðar var um sömu veiki að ræða**. — Nokkru síðar er sagt, að enskum lækni (Burnet) hafi tekist að **rækta söttneimið** í hæneggjum og sjerstökum næringarvökva, hvort sem það reyndist rjett eða ekki.

Þessi þekking, þó ófullkomin sje, nægir til þess að fara nærri um hvort influensu varnarefni eru í blóði manna og hve mikil þau sjeu, með öðrum orðum hve næmir menn eru fyrir þessari veiki. Það hefir þá komið í ljós, að meiri eða minni varnarefni eru í blóði flestra manna, en í Lundúnum sýnast þau hafa farið þverrandi síðustu árin og þótti það vita á að faraldur væri í aðsigi. Nú er hann kominn.

Að sjálfsögðu hefir verið reynt að finna **bólusetningu** gegn veikinni, sem gæti gert menn ónæma fyrir henni og **blóðvatnslækningu** við henni, en þetta hefir að minstu tekist, enn sem komið er. Sje lifandi söttneimi dælt inn í hold eða eðar dýranna sýkjast þau lítt eða ekki, en þó aukast varnarefni í blóðinu lítið eitt, og sje þetta margsinnis endurtekið, til muna. Eigi að síður er þetta ekki fullkomin vörn gegn nefsmítum. Að dreypa dauðu eða veikluðu söttneimi inn í nasirnar eða andferin, hefir heldur ekki komið að gagni. Reynt hefir og verið að búa til blóðvatn (úr hestum) til lækninga. Þó talsvert hafi verið í því af varnarefnum, hefir það lítt komið að tilætlunum notum.

Það leiðir af því, sem hjer er sagt, að enn standa menn varnarlitlir gegn influensu og kunna engin einhlýtt ráð til þess að lækna sjúkdóminn. Eina einhlýta vörn er **algert samgöngubann** eins og reynt var hjer á landi 1918 í Spánarveikinni. Það var þá víðsvegar gripið til þessa ráðs, og hvergi fluttist veikin með dauðum munum, pósti, vörum o. því. Þannig varðist Caledonia neilt ár og Ástralía fleiri mánuði. Þá var og fjöldi sjúkrahúsa, barnahæla og annara stofnana sem tókst að beita svo ströngum vörnum, að þau sluppu lengi við veikina, og fór þá víðast svo, að þegar hún kom reyndist miklu vægari.

Það var eins og drægi úr veikinni, þegar lengra leið frá aðalöldunni. En **allsstaðar kom veikin fyr eða síðar**, enda engin furða, því hún gengur ætíð í öldum í nokkur ár. Slíkar varnir sem þessar geta verið rjettmætar um tíma, ef veikin er afarþung, en ókleyft að halda þeim uppi til langframa.

Árið 1920 voru söttvarnir teknar upp gegn influensu eftir skipun Alþingis. Það þótti ekki fært að stöðva alla mannlutninga til landsins, en skip voru skoðuð og þeim haldið hæfilegan tíma í söttkvi eða sjúklingarnir einangraðir í landi. Varnir þessar voru vandlega undirbúnar og ekkert til þeirra sparað, en komu þó að engu haldi öðru en því, að þær færðu fullar sönnur á það, að slíkar varnir geta **ekki komið að haldi** nema vjer sjeum margfalt betur undir þær búnir en vjer erum nú.

Svo má heita að allir fræðimenn sjeu nú sammála um það, að eina framkvæmanlega vörn gegn influensu væri bólusetning, sem gerði menn ónæma. Ekki er það vonlaust, að fundin verði slík bólusetning, og meiri horfur á því nú

en nokkru sinni fyr, en alt er þetta þó í óvissu, enn sem komið er.

Hvað lækningu sjúkra snertir, þá bendir margt til þess, að reyndandi væri, að nota blóðvatn úr sjúklingum í afturbata eða þeim, sem hafa nýlega haft infl., til þess að draga úr veikinni eða verja veila fyrir henni, líkt og gert er við mislinga. Þó er þetta lítt reynt að svo stöðu.

Það er ekki laust við, að sumir haldi að það sje auðveldara að finna orsakir sjúkdóma og ráð við þeim, en það oftast er. Jafn. á vorum dögum getur þetta tekið áratugi og óteljandi tilraunir fróðustu manna, sem ráða yfir þeim bestu tækjum sem til eru. Þetta mættu þeir t. d. athuga, sem halda að hlaupið sje að því að verjast influensu, eða Deildartunguveikinni í kindunum. — Svo erfitt er þetta, að sá maður fengi vafalaust heimsfrægd og Nobelsverðlaun, sem fyndi ráð við influensu, og vel getur það verið að Deildartunguveikin sje ekki öllu betri viðfangs.

Nátturlæknir er í nótt Katrín Thoroddsen, Eiríksgötu 12. Sími 4561.



Okkar uppáhald er

BÁRA

Bjarni Benediktsson: Framfarir í Reykjavík, (framhald).

FRAMH. AF ÞRIÐJU SIÐU.

Hún er eitt stærsta, ef ekki stærsta mannvirki hér á landi og mun gerbreyta allri aðstöðu til iðnaðar hér í bænum, auk þess sem henni samfara mun verða almenn lækun á rafmagnsverði, til stóruávinna þæginda fyrir allan almenning.

Hjer er gótt sýnishorn um heppilega aðstöð þess opinbera við atvinnulífið. Það skapar mögu leika fyrir einstaklingana til þess að þeir geti hagnýtt sjer þá, hver eftir sínum dugnaði og hæfileikum.

Ennfremur er Sogsvirkjunarmálið gótt sýnishorn um vinnuáferðir flokkanna.

Sjálfstæðismenn ljotu undirbúa málið vel og ræðilega, og rjæðust í það strax og öruggt var, að það væri fjárhagslega trygt.

Sósíalistar þóttust vera með því og heimtuðu virkjun áður en tímaþætt var, en Framsóknarmenn stóðu lengst af á móti því.

Loks rjæðst Jón Þorláksson í framkvæmd Sogsvirkjunarinnar, og kom aðgerðum einmitt af stað þegar mest var þörfin fyrir opinberar framkvæmdir til atvinnuaukningar, enda er Sogsvirkjunin mesta atvinnubótin, sem hjer hefir verið gerð.

Ræðumaður mintist einnig á Gasstöðina og Vatnsveituna, fyrirtæki, sem bæði vera þjárbúum nauðsynleg, og þá ekki síst hið síðarnefnda. Vatnsveitan hjer væri sú stærsta á landinu og hefir átt sinn stóra þátt í því, að bærin hefði getað vaxið upp í þá borg, sem hann er nú. Einnig drap hann á stökuvilið þéjarins og ágæti þess.

Hitaveitan.

Þetta stórmál, sem, þegar fram kemst, kemur til að gerbreyta lífnáðarhættum manna og útliti þéjarins, auk þess sem það mun spara landinu stórkostlegar upphæðir í erlendum gjaldeyri, er enn í undirbúningi.

Hitaveitan hefir átt kulda að mæta og beinni mótspyrnu frá andstæðingum Sjálfstæðismanna.

Þeir stóðu eindregið gegn því, að hitarjettindin á Reykjum yrðu keypt, og síðan hafa þeir tafið rannsókn málsins í 1½ ár, með því að neita um gjaldeyri og innflutningsleyfi fyrir nægilega stórum bor til að fullrannsaka hita og vatnsmagn.

Bjarni Benediktsson fór því næst nokkrum orðum um „vintu“ rauðu flokkanna til hitaveitumálsins.

Þegar auðsett var, að Hitaveitan var orðin vinsælt mál meðal þéjarbúa, sneur þeir við blaðinu.

Nú ganga þeir svo langt, að þeir vilja þjóta frá hálfum virki á Reykjum, til að leita að heitu vatni þar sem allar líkur benda til, að mun óhægra sje um alla aðstöðu en á Reykjum.

Þessir fornu fjendur Hitaveitunnar þykjast nú vera öruggari

vinir málsins, en upphafsmenn þess og þeir, sem eru að koma málinu í framkvæmd.

En hvað sem skopleik andstæðinga Sjálfstæðismanna líður í þessu máli, mun verða haldið áfram undirbúningi þess og öllu hraðað eftir fongum, þannig að þetta mesta framfaramál, sem nú liggur fyrir, komist í framkvæmd.

Um ýmsar aðrar verklegar framkvæmdir þéjarins fór ræðumaður nokkrum orðum og sýndi fram á, hve Sjálfstæðismenn hafa unnið heilt í málefnum þéjarins. Í því sambandi minti hann á gatnagerð, holrasagerð, grjót-nám þéjarins, þurkun þéjarlandsins, sem gert hefði ræktun mögu lega, svo þar sem áður voru óræktar mýrar, væru nú grösugir vellir. Hann drap á aðgerðir þéjarstjórnar til að halda lóðaverði í bænum skaplegu, með því að kaupa sem mest af óbygðum löndum í bænum og nágrenni hans. Þá væri unnið ósleitilega að skipulagningu þéjarins, og væri nýlega búið að samþykkja til bráðabirgða af þéjarráði skipulagsupprátt utan Hringbrautar. Unnið væri að tillögum um nauðsynlegar breytingar á skipulagi innan þéjarins, og þá fyrst og fremst að ýmsu varðandi miðbæinn og Grjótaborpið, en það væri einnig erfiðast viðureignar í skipulagsmálum.

Heilbrigðismálin.

Ræðumaður sýndi fram á með óbyggjandi röfum, að fullryðingar andstæðinganna um vanrækslu þéjarins í sjúkrahúsmálum væru að engu hafandi. Hann benti á, hvað þérin gerði fyrir heilbrigðismálin.

Þá skýrði hann frá því, að bráðlega væri í ráði að byrja byggingu á barnaheimili við Elliðaár, að nokkru fyrir fje, sem Thorvaldsensfjallagíð hefði lagt til þessa máls. Einnig væri nýbúið að samþykkja fjárveitingu til ljósbaða fyrir skólaborn.

Íþróttamál.

Til íþróttamála ver þérin árlega miklu fje. Sundhöllin er nú að verða fullgerð. Upphaflega var svo ákveðið með lögum 1928, að ríkið skyldi bera kostnað við byggingu Sundhallarinnar að hálfu. En svo fór, að ríkið sveikst algjörlega um að inna þá skyldu af hendi, og varð það til þess, að hætta varð við bygginguna um nokkurra ára bil. Loks ákvað þó Alþingi 1933, að næsta ár, 1934, skyldi ríkið greiða til Sundhallar 100 þús. kr., og lófaði 2/5 kostnaðar við bygginguna, sem þó skyldi ekki greiðast fyr en þrem árum eftir að byggingin væri full gerð. Þéjarstjórn ljét þá þegar halda áfram verkinu.

Þá fór ræðumaður nokkrum orðum um endurbæturnar á Sund laugnum og mistökkin, sem hefðu átt sjer stað í sambandi við

þær. Ný teikning lægi nú fyrir um breytingar og myndu þær komast í framkvæmd áður en fólk færi alment að sækja laugararnar í vor.

Bjarni mintist og á sjóbaðstaðinn í Skerjafirði og hið nýja íþróttasvæði vestan við Eskihlíð. Til þess væru á þessu ári áætlaðar 30 þús. krónur á fjárhagsáætlun þéjarins.

Þérin veitir styrk til ýmsra íþróttafjelaga og til annarar menningarstarfsemi, skóla o. þ. h. Heldur uppi þéjarbókasafni, sem gerir stórmikið gagn.

Þá fór ræðumaður nokkrum orðum um þá ákvörðun þéjarstjórnar, að koma hjer upp húsnæðisráðstöðu á næsta hausti, og um fjárhagslega og menningarlega þýðingu þess máls.

Ræðumaður sagði, að margt það, sem meirihluti þéjarstjórnar út af fyrir sig teldi óskillegt og nauðsynlegt að gera, yrði að biða vegna orðugs fjárhags. Menn yrðu að muna, að önnur hlíð allra framfara væri sú kostnaður, sem af þeim leiddi. Þéjarstjórnin hefði og ætíð, þrátt fyrir allar framkvæmdir, sem hún hefði ráðist í, látið sjer mjög ant um, að fjárhagur þéjarins væri í góðu lagi. Að visu væru gjöldin nú orðin há, en það væri sjerstaklega framfærslukostnaðinum og öðrum þéjarstjórninni óviðráðanlegum atvikum að kenna. Og gjöldin til þéjarins væru ekki síst tilfinnanleg vegna skattþungans til ríkisins.

Hinsvegjar væri það mjög atþyglisvert, að á sömu árunum og skuldir ríkisins út á við og inn á við hefðu stóruávik, hefðu skuldir þéjarins og fyrirtækja hans samtals heldur minkað, svo sem amnarstaðar mundi bráðlega verða rækilega sýnt.

En þrátt fyrir örðugleika í þíli mætti ekki hætta framkvæmdum til almenningsheilla, því að óþolandi væri að láta framfærslukostnaðinum gleypa öll gjöld borgaranna til þéjarins. Halda yrði áfram sömu stefnu og hingað til og mætti um hana í sem fæstum orðum segja:


Ólögð bundin starfsemi þéjarstjórnar miðar öll að því, að gera þéinn vistlegri og vænlegri fyrir framtíðina og að auka og efla manndóm askunnar til að saman geti farið góður þær og góðir íbúar.

Norðmenn fá hagkvæmt lán í U. S. A.

Norska fjármálaráðuneytið hefir tekið tilboði frá amerískum fjármálamönnum, en helstur þeirra er Lazard Freres, um 29 milj. dollara lán, til breytingar (konverteringar) á norska ríkislánuinu, sem tekið var í Ameríku 1928, með 5% vöxtum.

Vextir af hinu nýja láni verða 4%. Lánstíminn er 26 ár. NRP. FB.

Haag - í brúllaupskrúða.



Þegar Júlíana prinsessa giftist.

Verslunarjöfnuðurinn við einstök lönd.

FRAMH. AF FJÓRÐU SIÐU.

lendum gjaldeyri upp í afborganir og vexti af skuldum okkar við þá a. m. k. 6 milj. króna árlega.

Þrátt fyrir hinn óhagstæða verslunarjöfnuð við þrjár stærstu viðskiftaþjóðir okkar, var verslunarjöfnuðurinn hagstæður um 6.6 miljónir króna síðastliðið ár. Viðskifti okkar við Portúgali og Bandaríkjamenn rjettu ekki aðeins hallan á viðskiftum okkar við Dani, Breta og Þjóðverja, heldur skildu þau eftir afgang.

Við fluttum út til Portúgal fyrir rúml. 6 miljónir króna, en fluttum ekki inn þaðan fyrir meira en rúml. 300 þús. kr.; nemur útflutningurinn því 95% af viðskiftum okkar við Portúgala. Útflutningurinn nemur 90% af viðskiftum okkar við Bandaríkin, en þangað fluttum við út fyrir 5.1 miljón kr., en inn þaðan fyrir rúmlega 500 þús. kr.

Samtals hefir verslunarjöfnuður okkar við þessi lönd verið hagstæður um 10.3 miljónir króna.

NOREGUR.

Í fyrsta sinn um mörg ár var verslunarjöfnuður okkar við Noreg hagstæður (um 1.7 milj. krónur) síðastliðið ár. — Stafar þetta af hvortveggja í senn, að útflutningurinn til Noregs hefir aukist lítið eitt (einkum sildarolia) og að dregið hefir úr innkaupum okk

ar í Noregi (útgerðarvörur, einkum net, sem keypt voru í Þýskalandi s. l. ár).

Önnur lönd sem við höfðum hagstæðan verslunarjöfnuð við 1936 voru: Belgir (400 þús. kr.), Frakkar (700 þús. kr.), Hollendingar (760 þús. kr.), og Ítalir (550 þús. krónur). Óhagstæður var verslunarjöfnuður okkar við Svía (315 þús. kr.) og Spánverja (345 þús. krónur).

SPÁN.

Síðastliðið ár var fyrsta árið um áratugi, sem verslunar-skýrslur sýndu óhagst. verslunarjöfnuð við Spánverja. Viðskifti okkar við þessa þjóð, sem fyrir aðeins örfáum árum var hornsteininn undir utanríkisverslum Íslendinga, hafa nú orðið aðeins litla þýðingu. Innflutningurinn frá Spáni nam síðastliðið ár 1.7 miljónum kr. og útflutningurinn til Spánar 1.3 milj. kr. Það er af sú tíðin sem Spánverjar keyptu af okkur fyrir rúmlega 30 miljónir króna og kröfðust engra jafnvirðisakaupa í staðinn.

Tölur þær, sem hjer hafa verið raktar um viðskifti okkar við útlönd, eru byggðar á bráðabirgðaskýrslu, sem Hagstofan hefir gert. Hjer hafa aðeins verið rakin viðskifti okkar við einstök lönd með tilliti til þýðingu hvers lands fyrir sig í utanríkisverslum Íslendinga og áhrif þeirra á verslunarjöfnuð okkar.

Ekkert samkomulag milli Tyrkja og Frakka

Málið kemur fyrir Þjóðabandalagsfundinn.

London 21. jan. FÚ. Fundi Þjóðabandalagsráðsins, sem hófst í dag, taka þátt utanríkisráðherrar flestra þeirra ríkja, sem fulltrúa eiga í ráðinu. Anthony Eden og del Vayo (utanríkisráðherra Valencíastjórnarinnar) komu til Genf í morgun.

Sandler, utanríkisráðherra Svía, hefir nú samið skýrslu um deilumál Frakka og Tyrkja út af Alexandretta, og verður hún lögð fyrir fundinn.

Fulltrúar Frakklands og Tyrklands hafa átt viðræður undanfarna 2 daga, en samkomulagstílaunir eru sagðar hafa farið út um þúfur.

Minningarorð um Þórð Narfason trjesmið.

Í dag verður til moidar borinn einn af elstu borgurum bæjarins, Þórður Narfason trjesmiður, er átti heima á Nýlendugötu 23. Hann var fæddur 4. júlí 1858 að Stíflisdal, sonur hjónanna Þjóðbjargar Þórðardóttur og Narfa hreppstjóra Þorsteinssonar. Hingað til bæjarins fluttist hann 1884 og tók þá þegar að nema trjesmiði, er hann stundaði eittíu síðan. Tók hann að sjer smíði fjölda húsa hjer og vann einnig að smíði flestra hinna stærri bygginga, svo sem frikirkjunnar, Landsbankahúsinu gamla o. t. En þegar bygging timburhúsa tók að fækka, vann hann mest að skipasmíði, alt til þess að hann var orðinn 75 ára.

Þórður gaf sig lítt að opinberum málum, en lét sig töluvert skífta hin ýmsu framfarum síns tíma, var hann t. d. meðlimur Goodtemplarareglunnar, einn af stofneendum frikirkjusafnaðarinnar, í stjórn ellistyrktarsjóðsins lengi og fátækrafulltrúi í mörg ár. Við ýms fleiri málefni bæjarins var hann ríðinn og þótti hann ráðhollur í besta lagi og hverjum manni hjálpuðsari. Hann var giftur Guðrínu Jóhannsdóttur, en misti hana eftir 28 ára sambúð. Börn þeirra eru: Þjóðbjörg, gift Jörundi Brynjólfssyni alþm. Geirlang, er sá fyrir húi föður síns, Jóhanna bankafulltrúi, Torfi stjórnarráðsritari og Narfi trjesmiður.

Þórður hjelt óskertum líkamskröftum fram á síðasta ár, en sjóndepra þjáði hann allmikið, ekki síst vegna þess, að hann var maður bókhneigður og mjög viðlesinn, enda átti hann bókasafu gott. Hann andaðist 19. þ. m., og varð eðakölkun honum að aldurtíla.

Vesturbæingur.

GOLFKLÚBBURINN: SÁ SEM HNEYKSLUNUM OLLI

FRAMH. AF ÞRÍÐJU SHÚ.

málum! Hingað til hefir það verið álit manna, að þeirri ætti að koma upp leikvöllum handa börnum, en ekki einstaklingar, sem svo seldu aðgang.

Eftir langar og á ýmsan hátt hneykslaugar umræður um þetta mál, fóru leikar svo, að til laga borgarstjóra (um ábyrgð fyrir Golfkl.) var feld með 7:6 atkv., en tillaga sósíalístanna (um ábyrgð til að koma upp æfingarvöllum til knattspyrnu og leikvöllum) var samþ. með 7:5 atkv.

Sá sem hneykslunum olli.

Morgunblaðið átti í gærkvöldi tal við formann Golfklúbbs Íslands, Gunnlaug Einarsson lækni, og var hann undrandi er hann heyrði um það, sem fram hafði farið á fundi bæjarstjórnar, því að ummælin hitta ekki aðeins marga ágæta borgara þessa bæjar, úr öllum flokkum, heldur einn ig erlenda embættismenn, sagði G. E.

En tilefni hinna miður vingjarnlegu ummæla bæjarfulltrúa Guðm. R. Oddssonar munu vera þau, sagði Gunnlaugur Einarsson, að í fyrirasumar kom mjög drukkinn utanfjelasmaður inn í hús það, sem klúbburinn hafði á æfingavellinum, og lét þar allskonar ill um látum, vildi brjóta alt og bramla. Varð að lokum að taka manninn og bera hann með valdi út í bil. Bæjarfullarúi Guðm. R. Oddsson hafði verið sjónarvottur um þessa.

En jeg vil í þessu sambandi geta þess, bætir G. E. við, að í fyrirasumar lét stjórn G. L. það óátalið, að fjelagsmenn hefðu vin um hónd í húsi klúbbsins, en vegna þess að þetta varð til að draga þangað drukna utanfjelasmenn var þetta með öllu bannað nú í sumar.

Ekki vildi G. E. segja Mbl. hver hinn drukni utanfjelasmaður var, sem komið hefir þessu 6-orði á klúbbinn og sem klúbburinn verður nú að gjalda, en úr annari átt frjetti blaðið, hver maðurinn var. Getur blaðið frætt Guðm. R. Oddsson um það, að þessi maður er háttsettur í líði stjórnarflokka og átrúnaðar-góð ríkisstjórnarinnar. Gæti blaðið einnig frætt G. R. O. um hverjir voru í fylgd með þessum dáu manni, ef hann óskaði þess.

EJNAR MUNKSGAARD HELDUR VEISLU.

Khöfn 21. jan. FÚ. Danski bókaútfandinn Einar Munksgaard hjelt í gær veislu fyrir forseta bóksalafjelasins breska Stanley Unwin sem nú er staddur í Khöfn í tilefni af 100 ára afmæli Danska bóksalafjelasins.

Meðal gestanna var Sveinn Björnsson sendiherra og ýmsir rithöfundar íslenskir, og danskir, sem bækur hafa verið gefnar út eftir á ensku.

Dagbók.

I.O.O.F. 1=1181228½=

Veðrið í gær (fimmtud. kl. 17): SA-hvassviðri og 5—6 st. hiti um alt land. Djúp lægð suðvestur af Reykjanesi á hreyfingu norðvestur eftir. Önnur lægð vestur af Írlandi hreyfist norður eftir og veldur sennilega vaxandi A-átt hjer sumanlands innan skams.

Veðrutílit í Reykjavík í dag: Hægviðri fyrst og síðan vaxandi austanátt. Þiðviðri.

Guðspekifjelagar: Munið fundinn í Septímu í kvöld kl. 8,30.

Spegillinn kemur út laugardaginn 30. þ. m.

Fiskmarkaðurinn í Grimsby í gær: Besti sólkoli 98 sh. pr. box, rauðspetta 80 sh. pr. box, stór ýsa 36 sh. pr. box, miðlung ýsa 35 sh. pr. box, frágagður þorskur 42 sh. pr. 20 stk., stór þorskur 20 sh. pr. box og smáþorskur 19 sh. pr. box. (Tilk. frá Fiskimálanefnd. FB.).

Jarðarför. Í gær var jarðsönginn á Akranesi Sigurður Halldórsson í Akbraut. Hann var 71 árs að aldri, orðlagður atorkur og dugnaðarmaður. Hann ól allan aldur sinn á Akranesi. Var það stefna hans í lífinu, að heimita fyrst og fremst af sjálfum sjer, en síður af öðrum. Hann misti föður sinn, er hann var 12 ára og varð, er hönnuð óx fiskur um hrygg. Fyrirvinna hjá möður sinni. Sjálfur byrjaði hann búskap með tveir hendur tómar, en með sparsemi og dugnaði komst hann vel af, reisti t. d. myndarlegt steinsteypuhús af eigin rammleik. Hann lét eftir sig ekkju og fjögur uppkomin börn. Eru tvö þeirra, Sigurjón og Svanlaug, ógift á Akranesi, en tvö í Hafnarfirði, Matthildur og Guðmundur.

Lögreglan tók í gær 17 ára ára gamlan pilt hjer í þenum, sem hafði stolið miklu af kvendurifötum, aðallega úr þvotta-

húsum viðsvegar um bæinn. Af þýfinu var búið að skila á lög-reglustöðina 11 silkiundirkjólum, mörgum þörum af sokkum, skóm og kjólum, ásamt fleiru.

Exelsior, sænskt flutningaskip fór hjeðan fyrir 5 sólarhringum og ætlaði til Vestmannaeyja. Skipið kom hingað aftur í gær. Hafði því ekki tekist að komast inn í höfn í Vestmannaeyjum, en miakkerið við Eyjar.

Af veidum komu í gær Tryggy, gamli og Baldur með um 2500 körfur hvor. Skipin eru bæði farin á leiðis til Englands.

B. V. Otur kom í gær og hafði aflað um 1800 körfur. Togarinn fer aftur út á veiðar áður en hann fer til Englands.

Barnastúkan „Eskan“ nr. 1 hefir í byggju að halda hlutaveltu núna um helgina til ágóða fyrir starfsemi sína. „Eskan“ hefir starfað af miklum áhuga og fjöri í vetur undir stjórn gæslumanns síns, Guðmundar Pálssonar. Barnastúkur eru afar þarfur barnafjelagsskapur, sem kennir börnunum ýmislegt fagurt og nyt-samt, sem þau annars vart mundu læra. En það er með barnastúk-ur ekki síður en annan fjelags-skap af slíku tegi, að til þess að starfið geti borið einhvern árangur, þarf nokkurt fje. Æskusyst-kinin, sem sýnt hafa þenna frá-bera áhuga fyrir starfi sínu, eflu skilið að menn sýndu þeim vel-vild og skilning í þessari tilraun þeirra til að skapa enn fjölbæt-ara fjelagslíf.

Firðritarinn, blað íslenskra loftsketamanna, er komið út, janúar-febrúar heftið. Meðal greina í blaðinu er tekið til um-ræðu varnarskjal vitamálastjóra út af radióvita á Reykjanesi.

Engels teflir í Mentaskólanum á Akureyri. Þann 19. þ. m. tefldi skákmeistarinn Engels við 28 nemendur og kennara í Menta-skólanum á Akureyri. Engels vann 17 skákir, tapaði 3 og gerði 3 jafntefli. (FÚ)

Umferðin er nú smátt og smátt að komast í samt lag aftur eftir snjókómuna á dögnum. Um bæinn verður nú komist hindrunar-laust. Hafnarfjarðarferðir hófust aftur í gærdag kl. 3. Hafði snjón-um verið mokað á veginum, í gær braust bíll upp að Álafossi, en ferð þangað var slæm.

Útvarpið:

- Föstudaginn 22. janúar.
- 8.00 Morgunleikfimi.
- 8.15 Íslenskukensla.
- 8.40 Þýskukensla.
- 12.00 Hádegisútlarp.
- 15.00 Veðurfregnir.
- 19.10 Veðurfregnir.
- 19.20 Hljómplötur: Ljett lög.
- 19.30 Erindi Búnaðarfjelasins: Sanðjárpestin og varnarráð-stafanir gegn henni (Ásgeir Einarsson dýralæknir).
- 20.00 Frjettir.
- 20.30 Stjórnarmálaumræður ungra manna.

Skinnaupphöð Grænlands-verslunarinnar.

FÚ 21. jan.

Skinnaupphöð Grænlands-verslunarinnar dönsku hefst í Khöfn 17. febr. Þar verða seld alt að 3000 grænlenk blárefa-skin, 1825 hvítrefaskinn græn-lenk og 97 bjarnarfeldir.

Er þetta nokkru meira en selt var á upphöð Grænlands-verslunarinnar í febrúar í fyrra. — Verðið var í fyrra stórum herra en á upphöðinu 1935. Til dæmis hækkuðu blárefa-skin um alt að 70%.

Fríðarmálin.

Það er engum vafa undirþríp. Það heft er að koma á alls herjar fríði — ef ekki á jörðunni þá að minsta kosti 3 álmir miðri móldinni.



Hertoginn af Windsor.

Sannleikurinn um Edward og frú Simpson.

Frásögn af viðburðunum, sem leiddu til falls Edwards Bretakonungs, staðfest af konunginum og frú Simpson, verður birt í næstu 10 blöðum. Greinaflokkur þessi er ritaður af blaðamanninum NEWBOLD NOYES, sem er giftur náfrænku frú Simpson og gerði sjer ferð til London, samkvæmt beiðni hennar. Frá 1. des. og þangað til konungur sagði af sjer, fylgdist hann daglega með rás viðburðanna



Frú Wallis Simpson.

og átti margsinnis tal við konunginn og frúna á Fort Belvedere.

Þetta er frægasta ástarsaga veraldarinnar, og kostaði aðalpersónuna stærsta ríki í heimi. — Hún birtist í næstu tíu blöðum.

Fyrsta greinin birtist í fyrramálið.

Fylgist með frá byrjun! — Gerist áskrifendur!

Vikublaðið



Sölibörn komið og seljið!



Kaupskapur

Lesið
Kvikmynda-sögusafnið.

Sápuefni Red Seal! Búíð sjálf til sápu — leiðarvísir á íslensku fylgir hverri dós. Fæst í Þorsteinsbúð, Grundarstíg 12. Sími 3247.

Hveiti nr. 1 í 10 pd. pokum á kr. 2.25 í Þorsteinsbúð. Sími 3247.

Durkuð bláber — Aprikots — Gráfikjur. Einnig dr. Otkers búðingar í Þorsteinsbúð. Sími 3247.

Freðýsa og ísl. böggla-smjör ódýrt í Þorsteinsbúð. Sími 3247

Hænsnafóður, blandað og kurlaður mais, í Þorsteinsbúð, sími 3247.

Kvikmynda-sögusafnið, fæst hjá bóksöllum.

Kaupí gull og silfur hæsta verði. Sigurbór úrsmiður, Hafnarstræti 4.

Vjelareimar fást bestar hjá Poulsen, Klapparstíg 29.

Kvikmynda-sögusafnið, flytur spennandi ástarsögur.

Kaupí gull hæsta verði. Árni Björnsson, Lækjartorgi.

Kvikmynda-sögusafnið, flytur enga framhaldsögu — hvert hefti er því algerlega sjálfstætt.

Trúlofunarhringana kaupna menn helst hjá Árna B. Björnssyni, Lækjartorgi.

Kaupí gamlan kopar. Vald. Poulsen, Klapparstíg 29.

Kvikmynda-sögusafnið er 40 síður á 50 auro. — Fæst hjá bóksöllum.

Tilhyrningar

Le Noir, sem gefur gráu hári sinn upprunalega lit er komið aftur. Elfar, Veltusundi 1. Sími 2673.

Fyrst og síðast: Fatabúðin

Fríggjónið fína, er þæjarins besta bón.

Conditori — Bakarí. Laugaveg 5. Rjómatertur. Ís. Frömage. Trifles. Afmæliskringlur. Kransakökur. Kransakökukorn. Ó. Thorberg Jónsson. Sími 3873

Vinna

Dvottahús Elliheimilisins þvær vel og ódýrt. Dvotturinn sóttur og sendur. Hringið í síma 3187.

Úraviðgerðir afgreiddar fljótt og vel af úrvals fagmönnum hjá Árna B. Björnssyni, Lækjartorgi.

Otto B. Arnar, löggiltur útvarpsvirki, Hafnarstræti 19. — Sími 2799. Uppsetning og viðgerðir á útvarpstækjum og loftnetum.

Sokkaviðgerðin, Tjarnargötu 10, gerir við lykkjuföll, stoppar sokka, dúka o. fl., fljótt, vel, ódýrt. Sími 3699.

Dagbókarblöð Reykvikings

Um það leyti, sem Játvarður konungur lagði niður konungdóm, af því hann fekk ekki að velja sjer Mrs. Simpson fyrir drotningu, var skýrt frá því, að Englandskonungur væri ekki eins valdalaus, eins og menn álitu, ef fylgja ætti lagabókstafnum, því samkvæmt gömlum lögum, sem eigi hefðu formlega verið numin úr gildi gæti hann m. a.:
Leyst upp allan breska herinn.
Rekið alla hershöfðingja og líssforingja úr stöðum sínum.
Selt allan breska flotann.
Selt Cornwall, sem væri einka-eign hans.
Sagt Frökkum stríð á hendur, ef það væri gert í þeim tilgangi að vinna Bretagne.
Gert hvaða mann sem honum sýndist að aðalsmanni.
Leyft hvaða borg sem væri að stofna háskóla.
Rekið alla embættismenn ríkisins úr embættum.
Náðað alla glæpamenn.
Neitað að undirskrifa hvaða lög sem honum sýndist, er þingið samþykkti.

— Það kostar þú svipað eins og einn rúmenstur ráðherra á ári, sagði Titulescu. En munurinn er bara sá, að fillinn gerir ekki nærri því eins mikið tjón.

Maður að nafni Karl Luitz í Vínarborg sótti um daginn um skilnað við konu sína og gaf henni það að sök, að hún vanrækti heimilið vegna þess hve mjög hún iðkaði knattspyrnu.

Í Austurríki eru gerðar ýmsar ráðstafanir til þess að barnsæðingum fjölgi. M. a. er nú ákveðið að veita fátæku fólki lán, til að koma á fót heimili. Verðlaun eru veitt fyrir fyrsta barn sem þeim fæðist.

Verið er að undirbúa stóra landbúnaðarsýningu í Englandi. Forstöðunefnd sýningarinnar hefir komið á fegurðarsamkeppni meðal mjaltakvenna. 162 mjaltakonur tak þátt í keppinni. Fyrstu verðlaun eru 100 stpd.

Kona í Álaborg kallaði um daginn á læknishjálpi af því hún þóttist hafa gleyppt gefritennur sínar. Hún var flutt á spítala. En er þangað kom fundust þessa ekki merki. Tennurnar fundust í kommóðuskúffu hennar heima.

— Það kostar þú svipað eins og einn rúmenstur ráðherra á ári, sagði Titulescu. En munurinn er bara sá, að fillinn gerir ekki nærri því eins mikið tjón.

Maður að nafni Karl Luitz í Vínarborg sótti um daginn um skilnað við konu sína og gaf henni það að sök, að hún vanrækti heimilið vegna þess hve mjög hún iðkaði knattspyrnu.

Í Austurríki eru gerðar ýmsar ráðstafanir til þess að barnsæðingum fjölgi. M. a. er nú ákveðið að veita fátæku fólki lán, til að koma á fót heimili. Verðlaun eru veitt fyrir fyrsta barn sem þeim fæðist.

Verið er að undirbúa stóra landbúnaðarsýningu í Englandi. Forstöðunefnd sýningarinnar hefir komið á fegurðarsamkeppni meðal mjaltakvenna. 162 mjaltakonur tak þátt í keppinni. Fyrstu verðlaun eru 100 stpd.

Kona í Álaborg kallaði um daginn á læknishjálpi af því hún þóttist hafa gleyppt gefritennur sínar. Hún var flutt á spítala. En er þangað kom fundust þessa ekki merki. Tennurnar fundust í kommóðuskúffu hennar heima.

Piparsveinaskatturinn í Ítalíu nam 165 milj. líra síðastl. ár. Nest af því fje fer til styrktar fátækum meðrum.

Um daginn var framið innbrot í

hótel eitt í London. Fingraför fundust ekki eftir þjófinn. En aftur á móti fundust tannafor í ost-sneið, er urðu til þess að þjófurinn fanst.

blaði dúfuvina í Danmörku birtist eftirfarandi grein:

Það vildi til í stórskotaliðsorustu við Verdun, að brjefdúfa kom sem órskot að dúfnahúsi hersveitar einnar. Blöð draup úr henni er hún settist, dúfnahirðirinn tók hana í sama veffangi, en hún dó í höndum hans. Annar fóturinn var af. En á stúfnum hekk brjefmiði. Þar stóð:

Þrátt fyrir itrekuð aðvörunarmerki dynja skotin frá ykkur á okkar eigin líði. Skipið að hætta þessu, annars er úti um okkur. Þannig frelsaði dúfan hundruð mannslífa Sjálf ljét hún líf sitt.

Dæmi eru til þess í Englandi, að eiginmaðurinn færir konu sinni morgunkaffi í rúmið — og fer síðan í fjós og mjólkur kýrnar.

Kensla

Byrjum námseið 25. þ. m. að sniða og sauma. Einnig flosa, stoppa og bróðera á saumavjalar. Saumastofa Ólínú og Bjargar, Laugaveg 7 (Sími 1059).

Auglýsingasími Morgunblaðsins er 1600.

ROBERT MILLER: SYNDIR FEÐRANNA.

21.

Veðrið var dásamlega fagurt og svo stílt að ekki blakti háir á höfði. Hinn glitrandi vatnsflötur skar í augun í sólskininu.

Elisabet sat þegjandi aftur í bátinum og fylgdi með augnumum færi sínu, sem dróst á eftir bátinum.

Walthers reyndi að fitja upp á samtalsfæni: „Eruð þjer vanur að vera fengsall, Georg?“, spurði hann.

„Ónei, ekki sjerstaklega. Jeg er heldur ekki neinu ákafur veiðimaður — þegar jeg fer út að veiða, er það mest vegna þess, að mjer finst gaman að róa, — og svo til þess að vera í skemtilegum fjelagsskap.“ Þætti hann við og kinkaði kólli til Elisabetar.

Bara að hann vildi ekki tala svona svo Walthers heyrði, hugsaði Elisabet óróleg. Hún flýtti sjer að draga inn færið, rannsakandi krókinn og hrópaði: „Jeg þóttist vita þetta! Beitan er horfin. Fiskarnir hjerna í vikinni eru orðnir full kænir.“ Hún setti nýja beitu á krókinn og kastaði færinu aftur út.

Walthers hafði horft rannsakandi augnaráði á Elisabetu og sjeð, að hún brá litum þegar Georg kinkaði kólli til hennar. Hann beit á vör og hnykjaði angna-brúnirnar, svo að þær mynduðu beina línu yfir hinu bogna nefi. Grunur hans var vakinn. Það var sjálf-sagt uppspuni einu, að Georg væri trúlofaður í Þýskalandi. Hann hafði ef til vill verið það, en nú var auð-sjeð, að hann ætlaði sjer að vinna Elisabetu. Og það var augljóst að hún yrði honum ljett bráð, eftir því hvernig hún hegðaði sjer.

Þetta varð hann að stöðva hjó allra fyrsta. Hann snéri sjer alt í einu að Elisabetu og sagði: „Jeg sje það núna, að jeg má líklega ekki vera að

því að fara til Seatown. Þætti þjer mjög leiðinlegt að hætta við að fara, Elisabet?“

Elisabet leit undrandi upp. En þegar henni varð litið framan í hann, skildist henni, að afbrýðissemi hans var vakin, og að hún varð að fara varlega, til þess að komast hjá hneyksli. Hún ætlaði að svara, en Georg, sem hafði veit þeim athygli, varð fyrri til og sagði dálftið ógrandi: „Miss Longmore þarf líklega ekki að sitja heima, þó að þjer getið ekki farið. Jeg skal með ánægju sækja þig, Elisabet, og aka þjer heim aftur í bifreiðinni okkar.“

„Þakka þjer fyrir, Georg“, svaraði hún. „En jeg get ekki ákveðið neitt, fyr en jeg er búinn að tala við pabba“. Hún fólnaði af gremju við Walthers, en hún þorði ekki að taka boði Georgs.

Hún hafði einu sinni áður sjeð þenna svip á andliti Walthers. Það var einu sinni, þegar einn af vinnu-mönnumum hafði verið hortugur í svari við hann, er hann hafði gefið honum áminningu. Walthers hafði gengið til hans, ógnandi á svip og sagt í lágum, þvæs-andi róm: „Innan stundar verðið þjer að vera kominn burt frá Westend. Annars getur farið illa fyrir yður.“

Maðurinn labbaði inn sárgramur í bragði og ljét niður þjónkur sínar. Elisabet vissi, að Walthers var álitinn ramsterkur.

Ætlaði hann strax að byrja að ráða yfir henni? Vildi hann sýna henni, hvert hlutskifti hennar yrði eftir að þau væru gift? Var hann svona óruggur um, að bæði hún og faðir hennar væru viljalaus verkfæri í höndum hans?

Hún skildi ekki í því, að hann skyldi fallast á að fresta trúlofuninni fram til jóla — eða samþykkja fjer hennar til Ameríku.

Kom honum ekki til hugar, að hún vildi heldur lífa við sult og seyrn en verða konan hans?

Henni varð svo ljósara, að hún varð að dylja óbeit-sína á honum, svo að hann tortrygði hana ekki. En það var nær óberilegt að sjá, hve hneykslaður og háðs-legur Georg var á svipinn, þegar hann leit á hana og bjóst við því, að hún myndi ekki svara Walthers á viðeig-andi hátt.

Hún sagði aðeins kyrlátlega. „En hvað sólin sker í augun. Mann verkjar í höfuðið. Eigum við ekki að snúa við?“

„Alveg eins og þú vilt“, svaraði Walthers. Hann ljét eins og hann myndi ekki eftir nærveru Georgs.

Þeir sneru bátinum og reru rösklega. Hvorugur þeirra mælti orð.

Elisabet sat niðurlút og þorði ekki að líta upp. Hún fann að augu Georgs hvíldu á henni. Hin löngu og upprettu augnahár huldú augun, og ljósrænðar var-irnar voru samanherptar, eins og í sársauka eða reiði.

Elisabet stóð strax á fætur, þegar þau komu upp að bryggjunni.

Walthers rjetti höndina svo snögglega fram, til þess að hjálpa henni, að hann nærri fýtti Georg í burtu. Hún tók hana strax. En þegar hún var komin í land, sagði hún, um leið og hún brosti danflega: „Þið verðið að afsaka, þó að jeg fari strax. Mjer hefir versnað höfuðverkurinn og ætla að fara heim og taka skamt. Berðu föður þínum kveðju mína, Ge-orge.“

„Þakka þjer fyrir, og góðan bata, Elisabet.“

Georg og Walthers skiftust á nokkrum orðum, meðan þeir bundu bátinn og komu veiðarfærunum fyrir í verkfæraskúrnum.

Eftir það hjelt Georg rakleiðis heim.

Morgunblaðið

Vikublað: Ísafold.

24. árg., 129. tbl. — Miðvikudaginn 9. júní 1937.

Ísafoldarprentsmiðja h.f.

Í DAG eru síðustu forvöð að ná sjer í miða fyrir 4. drátt. Á MORGUN verður dregið.

HAPPDRÆTTIÐ.

Gamla Bíó

MORÐ UM BORD --

Afar spennandi leynilögreglumynd.



Aðalhlutverkið leikur **ROBERT TAYLOR.**

Aukamynd: **Laxinn og laxveiðar.** — Síðasta sinn. —

Sumarbústaður
við Álftavatn
(3 herbergi og eldhús)
er til sölu nú þegar. —
Upplýsingar í síma 1825.



Sildveiðamaður
þaulvanur, óskar eftir plássi í sild. Uppl. í síma 1419 frá kl. 9—12 f. h.

Söngkvöld
í Gamla Bíó fimtudaginn 10. þ. m. kl. 7.15.

ELSA SIGFÚSS

Við hljóðfærið: **VALBORG EINARSSON.**

Verkefni eftir Händel, Schubert, Brahms o. fl.
Íslensk lög og nýtískulög.

Aðgöngumiðar á 2.00, stúku 2.50 í Hljóðfærahúsinu, sími 3656, K. Viðar, sími 1815 og Eymundsen, sími 3135.

Nýja Bíó

Vilt Blóð.

Þýsk skemtimynd frá UFA með hrifandi ungerskri hljómlist. — Aðalhlutverkin leika:

Marika Röck.
Hans Stüwe
og skopleikarinn frægi

Paul Kemp
sprellfjörugur og fyndinn að vanda.

Aukamynd:
Frá Düsseldorf

Atvinna.

Enn vantar nokkrar stúlkur, vanar síldarsöltun, á góða söltunarstöð. 12 skip samningsbundin til afgreiðslu. — Einnig vantar 4 karlmenn á sömu stöð.

Upplýsingar á Norðurstíg 9 í Rvík eða Suðurgötu 28 í Hafnarfirði, sími 9171.

TILBOÐ

óskast í að reisa flugskýli í Vatnsmýri.
Upplýsingar má vitja næstu daga.

Bæjarverkfræðingur.

Enskar bækur

nýkomnar

Bókaverslun
Sígf. Eymundssonar

Reykjarpípa,
hægindastóll
og
Urvalssögur
Maupassant

Fyrirliggjandi:

Kartöflumjöl extra superior í 50 kg. pokum.

Sígf. Þ. Skjaldberg.
(Heildsalan).

Sparisjóður Hafnarfjarðar

verður opinn framvegis kl. 10—12 f. h. og kl. 4—6, nema á laugardögum, þá aðeins frá kl. 10—12 árd.

Til Keflavíkur
daglega
frá Steindóri



Sími 1580.

Sími 1380. **LITLA BILSTÖBIN** Er nokkuð stór

Opin allan sólarhringinn.

Þringið 1383 000

ØRUGGAR BILREIDAR



ANÆCÐIR VIÐ SKIPTAVINIR.



ADALSTÖÐIN 1383

Nýjar ofsóknir forvígismanna í Rússlandi

FRÁ FRJETTARITARA VORUM: KAUPMANNAHÖFN Í GÆR.

Enska stórblaðið „Morning Post“ skýrir frá því, að hræðsla Stalins við fylgismenn sína og við það, að þeir sitji á svikráðum við sig, hafi nú leitt til þess að Alksnia, yfirmaður rússneska flugflotans hafi verið rekinn úr embætti.

Alksnia er einn í hópi þeirra manna, sem mikil mök höfðu við Garmanik, aðstoðarhermálaráðherra, sem frændi sjálfmórð fyrir skömmu. Voru Garmanik og Alksnia vinir.

Það var Alksnia, sem fann upp það herbragð að senda vopnaðar herdeildir í flugvélum að baki víglína óvinanna og láta þær lenda þar í fallhlífum.

Það er búist við að á næstunni muni margir fleiri en jeg gat um í gær, verða sviftir embættum, þ. á. m. hann politíski ráðunautur Blüchers hershöfðingja, Armomstam.

Franco sagður eiga von á 100 þús. manna liðstyrk

Valenciastjórnin kallar 4 nýja árganga til vopna

LONDON Í GÆR. FÚ.

Uppreisnarmenn tilkynna í dag, að aðstoðar yfirherforingi út-lendingasveitanna í liði stjórnarinnar hafi verið meðal þeirra sem fjellu í orustunni við la Granja, er stjórnarherinn gerði áhlaup sitt þar um helgina.

Uppreisnarmenn skýra einnig frá því, að flugvélar stjórnarinnar hafi gert loftárás á íbúðarhverfi hinnar fornfrægu borgar Granada, og valdið allmiklu manntjóni.

SKOTIÐ Á MADRID

Stærstu tíðindin frá Spáni í dag er þó fallbyssúrárs sem uppreisnarmenn gerðu á Madrid í morgun. Stöð árásin láttlaust í tvær klukkustundir.

400 þungum fallbyssukúlum var skotið yfir borgina og sprungu margar þeirra í því hverfi, sem lýst hefir verið hlutlaust.

Um tjón er ekki kunnugt.

HERSÚTBOD

Stjórnin í Valencia í Genf í dag út tilskipun, er kveður til herþjónustu alla vopnfæra menn í aldursflokkunum frá 1932 til 1936 (þ. e. menn sem náð hafa herþjónustualdri á þessum árum).

Þá hefir stjórnin einnig gefið út tilskipun er skyldar menn til að láta af hendi við stjórna alla kornyöru gegn staðgreiðslu, ef þess er krafist.

Í frjétt frá St. Jean de Luz

Eftirlitsmenn hlutleysisnefndarinnar á landamærum Frakklands og Spánar hafa stöðvað tvö bílhösa af sprengiefnum, sem áttu að fara til anarkista í Barcelona. Er álitid að anarkistar muni hafa ætlað að sprengja í loft upp heil hverfi í Barcelona. (Samkv. einkask.).

er sagt, að með fráfalli Mola hershöfðingja sjeu fyrirastlanir Francos um myndum stjórnar á Spáni farnar forgörðum í bili.


Í frjéttinni er staðhæft, að skömmu áður en Mola fórst hafi Franco verið búinn að ákveða, að fela Mola að mynda ráðuneyti.

100 ÞÚS. MANN
Frjéttastofa ein í Paris (Central News Agency) birtir í dag þá frjétt að innan fárra daga muni Franco berast 100 þúsund manna liðstyrkur, og sjeu það alt seðfir hermenn, þar af 40 þúsundir frá Spanska Marokkó.

NÝR SÆNSKUR RÆÐISMAÐUR Í REYKJAVÍK.

Khöfn í gær. FÚ.
Johansen, skrifstofustjóri í sænska utanríkisráðuneytinu hefir verið skipaður aðalræðismaður Svía í Reykjavík. Núverandi aðalræðismaður Svía hjer. Jaenson, verður aðalræðismaður í Dublin.

Kjartan Thors framkv. stj. var meðal farþega á Gullfossi vester í gær.



Myndin er tekið í Austur-Asíu. Hin nýja flugvél „The China“ flýgur yfir gatunú kinnverskan djúkkara.

Reglubundnar flugferðir yfir Atlantshaf

London í gær. FÚ.

Það hefir verið ákveðið, að 24 jún skuli fara fram fyrsta tilraunaflugid á hinni nýju flugleið Imperial og Pan American Airways milli Newfoundland og Írlands.

Imperial Airways flugvél á að leggja úr flughöfn í Írlandi og fljúga vester um haf, en um svip að leyti á amerísk flugvél að leggja af stað frá New York um Newfoundland til Írlands.

Frú Guðrún Lárusdóttir kom vestan frá Ísafirði í gær. Hjélt hún fund þar með ísfrískum konum til undirbúnings stofnunar Sjálfstæðisflokksins. Voru sjö konur kosnar í nefnd til þess að undirbúa fjelagsstofnun. Var fundur þessi fjölmennur. Var frú Guðrún tekið mæta vel þar vestr, enda er áhugi kvenna þar mikill um stefnumál Sjálfstæðisflokksins. Guðrún fór einnig til Bolungarvíkur og flutti þar erindi og hjélt fund með konum er fylgja Sjálfstæðisflokknum að málum. Er mikill áhugi þar fyrir stofnun fjelagskapar meðal Sjálfstæðisflokksins.

Tenniskeppi fór fram í gær á tennisvöllum í R. milli sjóliðstörngja af ensku eftirlitsskipi, sem hjer er stött, og íslenskra tennisleikara. Fóru leikar svo, að Reykjavíkingar unnu Bretana. Sigurður Sigurðsson og Kjartan Hjálteðst unnu sína mótstöðumenn með 3 „setum“ gegn 0, en Friðrik og Gísli Sigurbjörnssonir með 2 „setum“ gegn 1. Leikirnir voru fjörugir og skemtiliga leiknir, en kalt var í veði.

Jakob Pjetursson kennari frá Hranastöðum hefir tekið við ritstjórn Íslendinga á Akureyri.

Hvalveiðar bannaðar níu mánuði ársins

LONDON Í GÆR. FÚ.

Fultrúar frá níu þjóðum undirrituðu í dag í London samninga um takmörkun hvalveiða. En samningsaðilar eru: Argentina, Ástralía, Bandaríkin, Bretland, Íraska fríríkið, Noregur, Nýja-Sjáland, Suður-Afrika og Þýskaland.

Hvalveiði er bönnuð níu mánuði ársins af „verkamiðjuskipum“ þ. e. skipum sem búin eru vjelum til framleiðslu á afurðum hvalsins, en sex mánuði ársins fyrir skip sem leggja veiðina á land.

Þá er bannað að veiða ýmsar tegundir hvala, t. d. er bannað að veiða kvendýr, sem unghveli fylgja. Einnig er kveðið á um lágmarksstærð hvala, sem veiða má.

Ráðstefnan, er bjó til þennan samning, leit þannig á, að ef ekki væru gerðar nú þegar gagngerðar ráðstafanir til þess að takmarka hvalveiði, myndi þess ekki langt að bíða, að hvalveiðar hættu að borga sig.

Ráðstefnan mælti ennfremur með því, að sett yrðu ákveði um veiðitæki, einkanlega með tilliti til þess, að skeppna lífi sem minstar kvalir.

E-listinn er listi Sjálfstæðisflokksins.

Þjóðverjar og Ítalir aftur í hlutleysisnefndinni

Samkomulag í þessari viku

FRÁ FRJETTARITARA VORUM.

Það er nú búist við því að Ítalir og Þjóðverjar taki aftur upp starf sitt í hlutleysisnefndinni í London í þessari viku.

Tilkynnt var í breska þinginu í dag að samningar milli hinna fjöggra þjóða, sem eftirlit hafa með höndum við Spáa gengju vel.

Þjóðverjar virðast hafa lofað því, að gripa ekki til hefndarráðstafna, án þess fyrst að ráðgast við Breta, Frakka og Ítali.

En Þjóðverjar skuldbinda sig þó ekki fyrirfram til þess að fara eftir því, sem eftirlitsríkin kunna að ákveða, ef til þess kæmi að ráðstefna yrði kölluð saman vegna árása á þýsk skip. Þjóðverjar halda fast við þá stefnu „að engir aðrir en Þjóðverjar geti ráðið því hvernig vernda beri heiður Þýskalands“.

Kosningabrellur á Húsavík

Frjéttaritari Morgunblaðsins á Húsavík símar 8. júní:

„Á kjörskrá til sveitarstjórnarkosninga og Alþingis eru hjer Sveinbjörn Helgason og Þjóla Guðmundsdóttir. Þau kusu bæði í hreppisnefnd hjer í maí s.l. Og þau kusu bæði til Alþingis í Strandasýslu hjá hreppstjóra hjer í gær. Kosningar hjer í hreppisnefnd standa aftur til 18. júní. — Þykir ýmsum hjer að fylgi þeirra sem lent hafa á kjörskrá vifar er á einum stað geti ráðið fullmíktu, ef þeir nota kosningarjettinn á mörgum stöðum.“

Þó að þessi notkun á kosningarjettinum, sem um ræðir í skeyfinu, virðist harla tortryggileg, þarf hún ekki að vera lögbrot. Kjósandi, sem er á kjörskrá á fleiri stöðum getur ráðið því hvar hann notar kosningarjettinn. Hann má ekki greiða atkvæði nema á einum stað, og varðar það skv. kosningalögnum 100—1000 kr. sekt ef hann gerir það, nema þyngri refsing liggir við eftir öðrum lögum.

RÁDHERRAFJÖLGUN Í DANMÖRKU.

Khöfn í gær. FÚ.
Stauning hefir í dag tjáð Politiken að í ráði sje að fjölga ráðherrunum í dönsku stjórninni. Hinir nýju menn verða ráðherrar án stjórnaðeilda.

Ólafur Thors skorar á forsætisráðherra að koma til vitnaleiðslu hjer sem fyrst.

Hermann Jónasson reynir stóryrði í skjóli hægfara rjettarfars.

I gær barst Ólafi Thors svarskeyti frá Hermann Jónassyni, þar sem ráðherrann reynir að bera sig borginmannlega, þó allir sjái að það eru ekki annað en innantóm láta-læti.

Hermann var staddur í Grænumýrartungu er hann sendi skeytið, sem var svohljóðandi:

Grænumýrartungu 8. júní:

„Simskeyti yðar dagsett 7. 6. móttekið seint í gærkvöldi. Þar símuð ummæli efnislega rjett eftir mjer höfð.

Sennilega hafið þjer ekki svo ljelegt minni að þjer ekki æunnið og vitið sjálfur að ummælin eru sönn.

I niðurlagi simskjetisins hótið þjer stefnu. Gef yður þær leiðbeiningar að í Reykjavík eru nokkrir menn, sem vissu um fyrirskipun yðar og muna áreiðanlega eftir henni.

Hermann Jónasson“.

Ólafur Thors svaraði skeyti ráðherrans þannig:

Enda þótt jeg viti að fljótræði valdi ummælum yðar og að þjer hafið treyst þvi, að þau bærust ekki víðar, hlýt jeg að krefjast þess, að þjer takið þau tafarlaust aftur ella mun jeg sanna á yður ósannindin fyrir rjetti. Skora á yður að koma tafarlaust til Reykjavíkur að afloknum Dalafundunum, svo að við getum látið vitnaleiðslur fara fram strax.

Ólafur Thors.

Skeyti þessi tala sínu máli. Hermann Jónasson er maðurinn, sem átti að gæta öryggis í bænum 9. nóv. 1932, og gerði það þannig, að bæjarfulltrúarnir voru í bersýnilegri lífshættu, og lögreglunni var misþyrmt.

Þessi maður kemur nú, eftir að hún víðkvæma samvíska hans hefir þagað í nærri 5 — fimm — ár, með reyfarasögu um pólitískar fangelsanir, sem hann segir að mundu hafa leitt „blóðbað yfir Reykjavík“.

Hann lætur kosningahröð, sem fram fór fyrir 3 árum, líða svo, að hann virðist ekki hafa hugmynd um þetta ógurlega fyrirbrigði. Reyfarasagan virðist þá ekki hafa verið fædd í heila hans.

Hann fer norður á Strandir, til þess að dreifa þessari skáldsögu út þar, sem hann heldur, að hún sít minni frjettast eftir honum fyr en þá seint og síðar meir.

Dagblað hans sjálfs, sem vitanlega hefði komið fyrst allra blaða með þessa voðafregu; ef hún hefði átt að berast út, virðist ekkert um söguna vita fyr en önnur blöð eru báun að birta hana og ræða, sem sýnir, að reynt var af hans miðnum að þegja þetta fljótfærnisraus hans í hel.

Svo þegar hann er kominn í klípu, þá tekur hann það rööð hins

ófyrirleitna fleipara, að bera sig borginmannlega og treysta því að hinar seinferu rjettarfarsreglur hlífi honum við því að standa uppi sem dæmdur ósannindamaður, þar til kosningarnar eru gengnar um garð.

Hvort Hermann Jónassyni tekst þetta, skal ósagt látið. En hitt er víst, að hann stendur nú þegar sem opinber ósannindamaður frammi fyrir dómstóli þjóðarinnar.

Og Strandamenn munu ekki láta bjóða sjer slíkt þingmanns-efni — mann, sem í forsætisráðherrastöðu leyfir sjer aðna eins ósvinnu og þessa.

Gleymdi Finni. Útvarpið skýrði í gær frá útsvörunum á Ísafirði, og taldi upp alla þá, sem bera 3000 kr. útsvar og þar yfir. En það gleymdi að nefna Finn Jónsson, sem hefir 3725 kr. í útsvar. Þessi „alþýðuvinnur“ hefir 1674 kr. í tekjuskatt, og er hann hesti tekjuskattsgreiðandinn á Ísafirði. Etti útvarpið að bera upp á fyrri frásögu sína af útsvörunum á Ísafirði, og geta þá um „alþýðuvinnur“ og hátekjumanninn Finn.

Sjálfstæðiskjösendur í Reykjavík. Gleymið ekki að ljósa E-listann áður en þið farið úr bænum. Kosningaskrifstofa lögmanna er í Miðbæjarskólanum. Opin kl. 10—12 og 1—5.

Fiskimálanefnd fær yfir 700 þús. kr. af almanna-fje á tveim árum

Gjöldin umfram tekjur um 340 þús. krónur bæði árin

Síðasta fisksendingin til Ameríku óseld ennþá

Fiskimálanefnd hefir á tveimur árum fengið yfir 700 þús. krónur af almanna-fje til ráðstöfunar, en reikningar nefndarinnar sýna um 340 þús. kr. rekstrarhalla á þessum tveimur árum.

Þetta eru aðalniðurstöðutölurnar í reikningum Fiskimálanefndar, sem eru nú loks komnir fyrir almenningssjónr, og þeim fylgir alllång skýrsla sem rithöfundurinn Arnór Sigurjónsson hefir aðallega samið.



Sr. Sigfús Jónsson.

Sr. Sigfús Jónsson kaupfjeldsstjóri andaðist í gær

Sigfús Jónsson kaupfjeldsstjóri á Sauðárkróki andaðist laust fyrir hádegi á þriðjudag að Nautabúi í Skagafirði. Hann lagði af stað þeimanað frá sjer í þí frá Sauðárkróki á mánu-dagsmorgun, á leið á fyrsta fram-boðstund þeirra framþjóðendanna í Skagafirði, er halda skyldi að Reykjum í Tungusveit þann dag. En er hann var komin fram á Langholtid veiktist hann skyndilega, en hjelt þá áfram ferðinni fram að Nautabúi til döttur sinnar og tengdasonar, Sigurðar Þórðarsonar. Þá var hann orðinn mjög veikur. Kallað var til Jónasar Kristjánssonar í síma og kom hann fram að Nautabúi síðari hlíða dags. Þegar Jónas kom þangað var sr. Sigfús sárþjóður með óslökuvandi kvalir fyrir hjarta. Líðan hans var þó nokkru betri um nóttina. En svo laust fyrir hádegi harðnaði veikin á ný og var hann brátt örendur.

Banamein hans var aðakölkun. Hafði hann kent þessa sjúkdóms um allanng skeið, og fór versnandi. Hafði hann oft fengið miklar kvalir fyrir hjarta en þær stóðu aldrei lengi yfir í einu. Höfðu þær þó upp á síðkastið orðið mun tíðari en áður. Læknir hafði bent honum á, að ferðalög og mikil áreynsla væri honum hettuleg. Samt ætlaði hann á framboðstundina.

Sr. Sigfús var Skagfirðingur að ætt og ól mest allan aldúr sinn í Skagafirði; fæddur að Viðimýri þ. 24. ágúst 1866. Förelðar hans voru Jón bóndi Árnason og Ástríður Sigurðardóttir bónda að Reykjum á Reykjbraut.

Hann útskrifaðist úr Latínaskólanum 1886 og úr Prestaskólanum 1888. Var síðan kennari við unglingskóla á Sauðárkróki til vors

FRAMHALD Á SJÖTTU SÍÐU.

Íslandsmót!ð

Valur vann Fram: 5:2

Amar kappleikur Íslandsmótsins fór fram í gærkvöldi milli Fram og Vals. Lauk leiknum með því, að Valur sigraði með 5 mörkum gegn 2.

I fyrri hálfleik var leikurinn nokkuð jafn, en daufur. Lauk þeim hálfleik með jafntefli, 1:1. Seinni hálfleikur var heldur fjörugri, en þau leiðlegu atvik áttu sjer stað, að tveir markverðir Fram meiddust svo, að þeir urðu að hætta leik.

Þráinn Sigurðsson meiddist í upphlaupi Valsmanna, en meiddi hans eru ekki talin alvarleg. Kom þá varamaður hans, Gunnlaugur Jónsson, en hann meiddist einnig lítilsháttar.

Er nú eftir einn kappleikur, úrslitakappleikur, K. R. og Vals.

HAFNFIRÐINGAR EFNNA TIL SKEMTI-FERÐAR.

Skíða- og skautafjeld Hafnar-fjarðar efnir til sex daga ferðalags austur í Skautafellssýslu og inn á Þórsmörk dagana 26. júní til 1. júlí.

Allir, sem taka þátt í ferðinni, hafa sameiginlegt fæði og tjoð til þess að matreiða og sofa í og verður sjeð fyrir öllum undirbúnngi þessu viðkomandi. Einnig út-vegaðir hestar til ferðarinnar inn á Þórsmörk. Allur kostnaður, þ. e. biffor, tjoðdróm, fæði og hesta-leiga er áætlað kr. 45.00 til 50.00 á mann.

Þeir, sem hugsa til að taka þátt í ferðinni verða að gefa sig fram fyrir 20. þ. m. í Verslun E. Þorgilssonar.

Eins og hvað eftir annað hefir verið frá skýrt hjer í blaðinu lofaði formaður Fiskimálanefndar, Hjeðinn Valdimarsson því á aðalfundi S.I.F. í haust, að skýrsla um störf nefndarinnar myndi koma í janúar.

Skýrslan var tilbúin seint í janúar. En hún þótti þá lítið glæsileg, og var því ákveðið að fá rithöfundinn Arnór Sigurjónsson til þess að skálda utan um þær döpru staðreyndir, sem reikningarnir sýndu. Arnór hafði æfinguna frá Rauðku.

Arnór hefir fyrir nokkru lokið sínu skáldverki. En það var ætlun Hjeðins, að draga það fram yfir kosningar að senda skáldskapinn út til almennings. En vegna þeirra háveru radda, sem fram voru komnar um þenna feluleik, sá Hjeðinn sjer ekki annað fært en að senda skýrsluna út.

Og nú eru reikningar Fiskimálanefndar fyrir árin 1935 og 1936 komnir út, og er skáldskapur Arnórs fljettaður utan um reikningana.

HVAÐ SÝNA REIKNINGARNIR?

Reikningar Fiskimálanefndar fyrir árið 1935 sýna, að reksturshallinn á því tæpa ári, sem nefndin þá starfaði, hefir orðið um 140 þús. krónur.

Kennir þar ýmsra grasa. — Þar er t. d. um 45 þús. kr. tap á Póllandsfarminum fræga. Nefndin sjálf kostar 40 þús. kr. þegar á þessu fyrsta ári. Reikningarnir sýna að nefndin hefir á þessu ári (1935) fengið þetta fje til umráða: 1. Úr ríkisstjóði. kr. 235.000 2. Úr Markaðs- og verðjöfnunarsjóði. kr. 40.500

Samtals kr. 275.500

FRAMH. Á FJÖRÐU SÍÐU.

Hitaveita úr Henglinum er vitleysa hvernig sem á málið er litið



Elsa Sigfúss.

**Elsa Sigfúss
heldur hljótleika
annað kvöld**

**Samtal við
söngkonuna**

Söngkonan ágæta, ungrú Elsa Sigfúss, var meðal farþega á Lyru síðast. Hún er hingað komin til að eyða sumarleyfi sínu. Jeg átti tal við hana, er hún var nýkominn til landsins og spurði hana, hvort hún myndi ekki láta okkur heyrta til sín að þessu sinni og þá hvað hún myndi helst syngja:

„Til dæmis lög eftir Handel, Schubert, Brahms, Frantz Rie og fleiri. Auk þeirra hefi jeg hugsað mjer að syngja nokkur hinna nýrri tiskulaga“.

„Hvað eigið þjer við með því?“

„Það skal jeg segja yður í stuttu máli. Eins og yður er kunnugt, litu menn áður þeim augum á „nýtisku músík“, að almennilegt fólk gæti ekki verið þekt fyrir að fást við hana, en á því sviði hafa orðið miklar breytingar. — Mjer finst hlutverk skáldsins, tónskáldsins og ekki hvað síst söngvaramana vera það, að veita þeim er á heyrir svo mikil listræn áhrif, sem hægt er — með öðrum orðum að faga smekki almennings um leið og talað er til áheyrans á því máli, sem hann skilur. Það er oft, að maður heyrir fólk segja: „Jeg hefi ekki vit á músík“ — en samt hafa sömu menn einhverja frumstaða þrá til að gefa sig á vald áhrifum tónlistarinnar — og nýtisku músík fullnægir þessari þrá“.

„Hvenær hafið þjer hugsað yður að halda hljótleika þjer?“

„Jeg hefi að þessu sinni stutta viðdvöl, svo ekki verður tími til meira en einna hljótleika, en þjer verða á fimtudaginn 10. þessa mánaðar í Gamla Bíó“.

Símanúmer kosningaskrifstofu Sjálfstæðisflokksins eru 2907 og 2330.

Þó þar væri vatn yrði reksturskostnaður meiri en frá Reykjum.

I fyrri grein sinni sýndi Helgi Sigurðsson fram á, að Hitaveita úr Henglinum kæmi ekki til greina, vegna þess, að vatn vantar þar efra til þess að leiða til bæjarins.

En til þess að rekja sem allra greinilegast sundur allar vitleysur sósíalista í þessu máli, hefir Helgi skrifað eftirfarandi grein fyrir blaðið, þar sem hann bendir á, hve hitavatsleiðsla úr Henglinum yrði mikið dýrari, en frá Reykjum, ef um veitu úr Henglinum væri að ræða.

En það er sem sagt sama hvernig á afskipti rauðliða er litið í þessu máli. Þeir hruga hverri vitleysunni á aðra ofan, enda ekkert sem fyrir þeim vakir, nema að teifa fyrir málinu og spilla því.

Gísli Halldórsson hefir í grein sinni í Timarití Verkfræðingafjelagsins reiknað út árlegan reksturskostnað fyrir hitaveitu frá Henglinum annarsvegar og Reykjum hinsvegar. Hann gekk út frá vatnsmagninu 278 l. á sek. og að pípan væri einföld í báðum tilfellum.

Frá Reykjum reiknaði hann með 540 mm. víðri pípu 18. km. langri og fekk þá árlegan reksturskostnað, þ. e. rekstur, afborganir og vexti, 464.000 kr. ef rafmagn á Reykjum kostaði 6 auro kilóvatttíminn, en með 3 au. rafmagnsverði fekk hann árlegan reksturskostnað 386.500 kr.

Frá Henglinum reiknaði hann með 375 mm. víðri pípu 36 km. langri og fekk þá árlegan reksturskostnað 387.000 kr.

Gísli komst þannig að þeirri niðurstöðu að reksturskostnaður yrði svo að segja jafn frá Henglinum og Reykjum, ef rafmagnið kostaði 3 auro, en 77.500 kr. meiri frá Reykjum ef rafmagnið kostaði 6 auro, og er þessi mismunur eingöngu fölginn í herra rafmagnsverði, því aðrir kostnaðarliðir eru hinir sömu.

Eg hefi í svargrein minni sýnt fram á það, að í þessum útreikningum Gísla eru svo margar skekkjur, að augljóst er að hitaveita frá Reykjum hlýtur að verða miklu ódýrari en hitaveita frá Henglinum.

Fyrst má geta þess, að 6 au. rafmagnsverð er mjög hátt, þegar um jafn mikla orku er að ræða og notkunin er jafn öðug og verða myndi við dælu stöð á Reykjum. Jeg býst við að 3 auro verð sje nær sanni.

Þá hefir Gísli reiknað með jafn mikilli rafmagnsnotkun sumar og vetur, þ. e. þeirri raforku, sem þarf í mestu frostum, en það sjer hver heilvita maður, að ekki nær nokkurri átt. Hversvegna ætti þærinn að

vera að eyða rafmagn í það að dæla 278 l. á sek. af heitu vatni til bæjarins um hásumarið þegar enginn kærir sig um hita í húsin. Mjer hefir reiknað til að rafmagnseyðslan yrði aðeins $\frac{1}{2}$ — $\frac{1}{3}$ af því, sem Gísli reiknar með, og hefi reiknað með helmingi til þess að ekki yrði sagt að of lágt væri reiknað. Þetta virðist Gísli þó ekki hafa skilið.

Þá gerir Gísli sjer alls ekki grein fyrir því hvaða pípuvið er hagkvæmest frá Reykjum, og hefi jeg sýnt fram á það í svargrein minni, að t. d. með 3 auro rafmagnsverði er 425 mm. við pípa hagkvæmest, og að árlegur reksturskostnaður með henni er aðeins 320.160 krónur.

Frá Henglinum fekk Gísli reksturskostnaðinn 387.000 kr. en ef pípuverð og gröftur er leiðrjett, hækkar þetta um 50.000 kr. upp í 437.000 kr. og þó vantar algerlega kostnað vegna stíflu og vegalagninga í Henglinum.

Loks kemur eitt stórkostlegt atriði til greina, en það er það, að öryggisins vegna er sjálfsagt að hafa pípurar tvær hvort sem væri frá Reykjum eða Henglinum. Við þóð vex pípukostnaðurinn töluvert, en þessi útgjaldaaukning verður miklu meiri á Hengilveitunni en Reykjaveitunni, þar sem vegalengdin upp í Hengil er 36 km., en aðeins 18 km. (eða tæplega það) upp að Reykjum.

Það er margt fleira sem skakt er í áætlun Gísla, en þess gerist ekki þörf að rekja það þjer. Þetta nægir til þess að

FRAMB. Á SJÖUNDU SIÐU.

Framb. af 3. síðu 700 þús. krónur Fiskimálanefndar

En hallin á búskapnum hjá nefndinni hefir orðið kr. 139.152.00, eða um 140 þús. kr. á þessu fyrsta starfsári.

MEIRA FJE —
MEIRI EYÐSLA

Þegar litið er á reikningana fyrir árið 1936, vekur það sjerstaka athygli hve gifurlega reksturskostnaður nefndarinnar sjálfrar hefir aukist. Hann var um 40 þús. kr. fyrra árið, en er nú yfir 65 þús. krónur. Reksturskostnaðurinn hefir m. ö. o. aukist um 25 þús. krónur.

Fleira vekur athygli í þessum reikningi. Þar kemur m. a. í ljós, að alt sem Morgunblaðið hefir sagt um tapið á Steady-farminum til Ameríku í fyrra, er satt og rjett, og þar með eru gerð ómerk orð Timagimbils um þetta hjer á dögnum.

Reikningurinn sýnir að tapið á þessum smá-farmi hefir orðið kr. 42.010.28.

Á þessu ári fekk Fiskimálanefnd þetta fje til umráða:

1. Úr ríkissjóði.... kr. 365.800

2. Úr Fiskimálasj. — 70.000

Kr. 435.800

Fyrra árið hafði nefndin fengið kr. 275.500. Samtals hefir nefndin því fengið þessi tvö ár af arlmannafje til ráðstöfunar kr. 711.300.00.

Reikningarnir 1936 sýna reksturshalla á því ári krónur 200.879.34. Verður því reksturs hallinn samtals bæði árin kr. 340.031.43.

Gerir aðrir betur!

HJEDINN DÝRARI
EN KARFINN.

Stjórnarblöðin hafa mikið gumað af því, hversu mjög Fiskimálanefnd hefði styrkt karfaveiðarnar.

Reikningar nefndarinnar sýna að allur styrkur sem nefndin hefir greitt til karfaveiða nemur kr. 5.660.25. Það er m. ö. o. miklu lægri upphæð en Hjeðinn Valdimarsson hefir tekið í laun fyrir að vera formaður nefndarinnar!

Þá verður skáldið Arnór að viðurkenna, að Kristján heit. Torfason hafi fyrir mörgum árum gert tilraunir með karfa í bræðslu. Aðrir reyndu þetta svo síðar, löngu áður en Fiskimálanefnd fæddist.

En það, að tekist hefir nú að fá verðmæti úr karfanum má eingöngu þakka rannsóknnum dr. Þórðar Þorbjörnssonar fiskifræðings, sem Fiskifjelagið var brautryðjandi að.

KVIKMYNDIN

Í skýrslu Fiskimálanefndar segir að nefndin hafi verið um 11 þús. kr. til töku kvikmyndar (Íslandsfilm). Er kvikmynd þessi á efnahagsreikningnum 1935 talin til eigna á krónum 10.495.46. En á efnahagsreikningnum 1936 er kvikmyndin „dumpuð“ niður í 100 kr.!

Af skýrslu nefndarinnar verður það helst ráðið, að kvikmyndataka þessi sje gersamlega ónýtt verk, og að þessi „Íslandsfilm“ sje einskis virði!

FRITZ.

Í reikningum Fiskimálanefndar sjeist að varið hefir verið tugum þúsunda í ýmskonar styrki, en nefndin forðast eins og heitan eldinn að gefa nákvæma, sundurliðaða skýrslu um það, hvernig þessu fje hefir verið varið.

Þó skýrir nefndin frá því, að hún hafi veitt Fritz H. Kjartanssoni (Póllandsfara) 100 sterlingspunda styrk, gegn tvöföldu framlagi frá sildarútvegsnefnd, „til þess að athuga sölmöguleika og afla markaðs í Mið-Evrópu fyrir sild og fiskafurðir“.

Þessi kommúnisti hefir þannig fengið um 7000 kr. styrk af fje almennings, og geta þeir sem þekkja þá persónu um það dæmt, hversu vel því fje hefir verið varið.

Síðar hefir svo Sildarútvegsnefnd tekið Fritz þenna upp á sína arma og gert hann einráðan í Póllandi með Íslands-sild. En það er of löng saga til þess að hún verði sögð hjer.

FISKSALAN
TIL AMERÍKU

Það verður efni í sjerstaka grein að skýra frá afrekum Fiskimálanefndar á Ameríku-markaðinum.

Reikningar nefndarinnar árið 1936 sýna að tapið á Steady nam yfir 42 þús. króna.

En þrátt fyrir þessa herfilegu útkomu taldi nefndin sig eina færa um að koma frystum fiski inn á Ameríku-markaðinn. Og nefndin sendi því nýjan smáfarm vestur í byrjun þessa árs.

Í „Eftirmála“, sem prentaður er aftan við skýrslu nefndarinnar segir um þenna fiskfarm, að hann hafi komið vestur í febrúar, sem sje „besti sölu-tíminn“, segir þar. En svo segir í „Eftirmálanum“.

„Það tókst þó ekki að selja fiskinn fyrirfram, nje heldur við móttöku og þurfti að setja hann í frystihús til geymslu. — Sala hefir gengið mjög treglega, og þegar þetta er skrifað (í byrjun maí), er fiskurinn að mestu enn óselður“.

Má því geta nærri hvert útkoman verður á þessum farmi. Þar verður tapið vafalaust ekki undir 40—50 þús. krónur.

Aftek Fiskimálanefndar á Ameríku-markaðinum eru nú kunn. Það er 42 þús. kr. tap á Steady-farminum, og vafalaust 40—50 þús. kr. tap á fiskinum sem liggur óselður í frystihúsum vestra.

En hvað er svo þetta alt hjá því óbeina tjóni sem hlottist hefir af braski Fiskimálanefndar.

Morgunblaðið

Útgef. H. F. Árvakur, Reykjavík.
Litastjórn: Jón Kjartansson og Valtr Stefánsson (ábyrgðarmaður).
Angjafingar: Áral Óla.
Húsnúmer, angjafingar og afgjafsla: Austurstræti 2. — Sími 1400.
Áskriftargjald: kr. 3.00 á mánuði.
Félagsskilyrði: 15 auru sntaklið — 25 auru með Lesbók.

HITAVEITAN.

Sogsvirkjunin og hitaveitan til Reykjavíkur eru sennilega þau tvö mál, sem allra erfðust verða sósíalístanum hér í Reykjavík.

Þaði þessi mál eru borin fram til sigurs af Sjálfstæðismönnum í bæjarstjórn og á Alþingi.

En þaði hafa þau sett öflugri og ótrúlega þrálátri andstöðu beggja stjórnarflokkanna, Framsóknar og sósíalista. Á Framsókn eru menn ekki svo mjög hissa, vegna þess að sá flokkur hefir alla tíð sýnt Reykjavík fjandskap í stóru og smáu.

Framsókn hefir ekkert að missi hér í Reykjavík. Eitt helsta lífsviðvareri hennar úti um land er skammir og svívirðingar um Reykjavík, sem þeir kalla „blóðsugu á hjóðaríkímanum“ og óðrum álíka vingjarnlegum nöfnum.

Fylgi hafa þeir ekkert og vonast ekki til að hafa hér annað en frá bitlingahjörðinni, sem þeir hafa safnað hingað. Og sú hjörð hvorki minkar nje stækkar við þeina afstöðu flokksins til málefna bæjarins. Það er þetta setulið, sem Reykjavíkingar verða að þola að horfa á spóka sig hér á götum og í finum húsum, en eiga hér það erindi helst að hjálpa til að rægja bæinn og sýna málefnum hans fjandskap.

Nokkuð öðru máli er að gegna um sósíalístan. Þeir eru bæjarflokkur og byggja alt á fylgi sínu hér.

En þeir eru haldnir þessum ólæknaði kvilla, að hugsa altaf fyrst um flokkinn og síðan um bæinn. Og til flokshagsmunna telja þeir það, að vera á móti hverju því máli, sem Sjálfstæðismenn fylgja og berjast fyrir. Það er nú þeirra skoðun á stjórn máltum. Þeim finst alveg óhugsandi að fylgja góðum máltum, sem andstöðingar þeirra bera fram, og sýna svo auk þess hugkvæmni sína og kunnáttu í því, að bera fram önnur góð mál og hafa þau fram með stuðningi Sjálfstæðismanna. Nei, þetta er ekki þeirra aðferð, heldur hitt að vera á móti, og þess vegna verður stjórnarmálastefna þeirra svo einkennilega neikvæð sem allir þekkja.

Þetta kemur þeim nú heldur ónotalega í koll, þegar um slík mál er að ræða sem Sogsvirkjunina og hitaveituna, af því að þaði þessi mál eru borin fram af Sjálfstæðismönnum og þaði eiga sjer óskift fylgi bæjarmanna og miklu fleiri.

Um Sogsvirkjunina er nú ekki lengur að ræða. Hún er nú loks komin gegnum allan fjandskapinn, tilraunirnar til þess að breyta henni í glæfafyrirtæki, banatíldræði með neitum ríkisábyrgðar og allar flækjurnar, sem notaðar voru til þess að draga málið á langinn.

Hún mun nú, hvað sem hver segir veita hingað nægu rafmagn í haust, breiða út ljós og gefa iðnaðinum nýja mögu

leika með ódýru og nægu affli til vinnuvjela.

Að visu er fjandskap stjórnarhlöðsins ekki lokið eða því tjóni, sem það getur gert bæjarmönnum, eins og ljóslega sjest á því, að beinni bæjarins um það, að rafmagnsveita Reykjavíkur mætti flytja inn tæki þau, sem notað verða er Sogsvirkjunin er komin á, og selja þau með kostnaðarverði, fjekki engar undirtektir hjá stjórnarflokkunum á Alþingi.

Þeir gera það ekki endaslept, þessir herrar!

En hitaveitumálið er enn mitt í orustunni. Stjórnarblöðin, þaði N. Dagbl. og Alþbl. línna ekki fjandskapnum við það mál.

Að visu þora þeir ekki að leggjast beinlínis á móti því. En þeir hafa nóg ráð önnur.

Þeir lýsa málinu sem „hneykslismáli“ og heimsku. Þeir brydda upp á allskonar fjarstæðum tilögum til þess að teftja fyrir og gera málið að deiltumáli.

I gar og dag hefir verkfræðingur hitaveitunnar, Helgi Sigurðsson, enn neyðst til þess að reka fjarstæðurnar niður í hirð verkfræðing þessara fjandmanna hitaveitunnar, Gísla Halldórsson, og hrekkja Hengilmænu vitleysu hans.

En N. Dagbl. taldi á hinn bóginn nauðsynlegt að rannsaka Krýsvíkurbærinn ef hita mætti bæinn upp með Kleifarvatni.

Þaðir eru sammála um að fá ítalska verkfræðinga til þess að rannsaka málið.

Boranirnar töfðu þeir eins leingi og unt var með því að beita sýnunarvaldi sínu á innflutningi borsins, sem nota þurfti og heimita að lókum, að hann væri keyptur þaðan, sem hann þaði kom seinna og var lakari.

Hvað halda menn nú að yrði úr þessu máli í höndum svona manna?

Hvener halda menn að heita vatnið kæmi í bæinn, ef þeir fengu að ráða?

Sennilega þyrfti fyrst nokkurra ára rannsókn á úrkomu í Hengilinum til þess að ganga milli bols og höfuðs á Hengilmænu.

Síðan væri mörg ár verið að rannsaka Krýsvík.

Og að því loknu yrði svo semilega farið að rannsaka Deildartunguhver og Geysi.

Bara til þess að losna við heita vatnið frá Reykjavík, af því að þar hófu Sjálfstæðismenn sitt starf og af því að þaðan verður vatnið leitt, þegar það kemst til Reykjavíkur.

Ef rauðliðar hefðu ekki tafði málið, væri heita vatnið frá Reykjavík vafalaust farið að renna hér um húsinn.

Þeim hefir tekist að teftja það, en það skjal ekki verða lengi.

Um slíkt áhugamál munu Reykjavíkingar óskiftir slá skjaldborg í kosningunum í vor og við bæjarstjórnarkosningarnar næsta vetur.

VERKAMANNA-BÚSTAÐIRNIR

Ágengni og hlutdrægni Hjeðins Valdimarssonar lýst af

Bjarna Benediktssyni prófessor

Þegar lögin um verkamannabústaði voru fyrst sett, á þinginu 1929, var það Jón heitinn Þorláksson, sem glegst sá og tók fram meginatriði málsins. Hann taldi gagnsemi frv. að mestu leyti velta á því, hvort upp væri tekin sú aðferð að reisa sambyggingar eða hin, að reisa sjerbyggingar. Sjerbyggingarnar taldi hann miklum mun heppilegri.

Til stuðnings því benti hann á, að þótt kostnaður við sambyggingar kynni að vera eitthvað minni, þá væri munurinn lítill. Enda væri það aukatriði, hvort kostnaðurinn væri litið eitt meiri eða minni í upphafi, þegar um væri að ræða þvilik mannvirki, sem endast ættu í 2-3 kynslóðir. Hitt væri aðalatriðið, að framkvæmdirnar yrðu taldar fullnægjandi í nokkuð langan tíma, þó að kröfur manna og aðstæður breyttust. Sjerbyggingar, í mótsetningu við sambyggingar, þyrftu ekki að valda vandræðum í framtíðinni, þó að kröfur manna til þæginda ykust, því að þær væri hægt að endurnýja og breyta þeim á ýmsan hátt.

Jón Þorláksson var heldur ekki í upphafi einn um þessa skoðun. Þegar áður en hann hafði látið uppi álit sitt, hafði Jón Baldvinsson látið svo ummelt: „Er jeg ekki í neinum vafa, að sjerbyggingar eru miklu hentugri, og væri óskilegt, að hver fjölskylda hefði lús út af fyrir sig. Jeg held ekki, að þau þurfi að verða svo miklu dýrari en sambyggingar. Þaði getur allur útbúnaður hússins verið grennri og efnisminni, þegar ekki á að byggja ofan á það margar hæðir. Það hefir að minnu áliti mikla menningarlega þýðingu, að hver fjölskylda gæti fengið íbúð út af fyrir sig og haft dálítið landrými, svo að unga kynslóðin geti hreyft sig ofurlítið kringum húsið, en þurfi ekki að vera í samsulli við margar fjölskyldur, eins og er í mörgum stórbyggingum.“ (Alþt. 1929 B. bls. 3474-3475).

Við rökstuðning þessara tveggja flokksförlingja er engu að beta. Ummæli þeirra standa óhögguð enn þann dag í dag. Enda er það með öllu óverjandi í bæ eins og Reykjavík, með nógu landrými, að byggja með opinberum styrk til frambúðar yfir menn eingöngu í gamla leigukassa-stílum, þó að með samilegum nýttisk umbúnaði sje.

I framkvæmdinni hafa samt eingöngu verið reistar sambyggingar. Framstæðan til þess er sú, að Jón Þorláksson fékk því ekki ráð, að setja í sjálf lögin ákvaði um það, með hverjum hætti bygt skyldi. Þrátt fyrir góðan rökstuðning sinn fyrir rjettu máli, fékst Jón Baldvinsson ekki til að tryggja framgang þess, þegar á átti að

herða. Taldi hann þá, að hjer væri um framkvæmdaratriði að ræða, sem óþarft væri að setja lagaákvæði um, „en því má breyta síðar, ef það þykir nauðsynlegt“, segir hann. (Alþt. 1929 B. 3483).

Svo sem vænta mátti, þá reyndist Jón Þorláksson nafna sínum framsýni. Þegar til framkvæmdanna kom fékk Hjeðinn Valdimarsson, aðalráðamaðurinn í Byggingarfelagi verkamanna, því ráðið, að sambyggingar voru uppteknar, hvert ofan í skoðun Jóns Baldvinssonar um, að menningarvallarnir við þetta fyrirkomulag gæru svo miklir, að þeir mæru en vægju upp þann lith sparnað, sem af því kynni að stafa.

Jón Þorláksson var þar á móti skoðun sinni trúr. Þegar það var sýnt á árinu 1934, að Hjeðinn Valdimarsson fékst eigi til að láta af sambyggingunum, beitti Jón Þorláksson sjer fyrir stofnun Byggingarfjel. sjálfstæðra verkamanna. Fjelag þetta, sem stofnað var við eindama áhuga fjölda alþýðmanna, setti sjer þá mark að koma upp sjerstæðum húsum í skjóli laganna um verkamannabústaði.

Samkvæmt þágildandi lögum áttu fjelagsmenn ótvíræðan rjett til lána úr Byggingarsjóði Reykjavíkur, a. m. k. í rjettu töluhlutfalli við fjelagsmenn gamla fjelagsins. Ef að rjettum lögum hefði verið farið og sanngjörn beitt, gat þannig ekki leikið vafi á, að þaði þessi fjelög gátu starfað, hvort að sínu markmiði. Nýja fjelagið að byggingu sjerstæðra húsa, en gamla fjelagið að sambyggingum. „Eftla hefði mátt, að þeir, sem í orðum láta hæst um verkalyðs-vínáttu sína, tækju þessu nýja fjelagi með vinsemd, og víðurkendu rjett þeirra, sem hafa hærna sjónarmið um framtíðaraðbúnað sinn en að láta stafila sjer saman eins og appelsínunum í fallega merktan kassa. Þvi fór samt fjarri, að sú yrði raunin á. Sósíalístar hófu strax hina mögnuðustu rögshefð gegn fjelagi sjálfstæðra verkamanna og reyndu á allan hugsanlegan hátt að gera fjelagið og forgöngumenn þess tortryggilega.“

Út yfir tók samt, þegar sósíalístar sigrðu við kosningar sumar-

rið 1934 og urðu allsráðandi á þinginu, þá um haustið. Þá þótti það eitt af mest aðkallandi nauðsynjámálum verkalyðsins að sefta þá verkamenn, sem búirn voru að óðlast rjett til aðstoðar úr byggingarsjóði með því að gerast fjelagar í Byggingarfjelagi sjálfstæðra verkamanna, þeim rjetti.

Ríkisstjórnin var látin leggja fyrir þingið frv. til nýrra laga um

verkamannabústaði og var það samþykkt af þinginu og staðfest 1935. I orði kveðnu var látið heita svo sem aðalefni laganna væri að leggja niður hina einstöku byggingarsjóði kaupstaðanna, og skyldi í þeirra stað koma einn byggingarsjóður fyrir alt landið. Þessi breyting var studd við það, að sjóðunum útán Reykjavíkur hefði gengið mjög erfiðlega um lántökur, enda talið óheppilegt að láta margar sjóðstjórnir vera að vasa í mörgum smáálfantökum. Er það rjett í þessari röksemdafærslu, að mjög mikið veltur á því um alla starfsemi sjóðanna að heppileg lán fái.

Það, hversu mikið hefir verið byggt hér í Reykjavík samkvæmt þessum lögum, má þannig af einstökum mönnum fyrst og fremst þakka Magnúsi Sigurðssyni banka stjóra, sem hefir verið formaður sjóðstjórnar hjer frá upphafi, og því átt mestan þátt í lánúttegum. Engu að síður var þessi breyting, um að gera alt að einum sjóði, ærið varhugaverð.

Sjálfstæðismenn fengu að visu með baráttu sinni útilokað þá hættu, sem ekki var nógu vendilega hindruð í upphaflega frv., að fjúrframlög hinna betur staðu kaupstaða yrðu á einu eða annan veg lánin renna til þeirra er lakar væru staðir. Við hinu varð ekki sjeð, að ein sjóðstjórn hjer í Reykjavík hefir búnsa lítill ráð til að sjá um, að kaupstaðirnir úti á landi standi skil á því fje, sem þeir eiga að leggja af mörkum. Reynslan hefir og orðið sú, að reikningskil fast frá Reykjavíkurbæ einum, og sjóðstjórnin hefir gefist upp við að fylgjast með hinum sjóðunum. Hefir hún því í einu hljóði samþykkt áskorun til Alþingis um að breyta þessu fyrirkomulagi enn á ný og losa sig undan ábyrgðinni á sjóðum utan Reykjavíkur. — Þessar „unbetur“ laganna frá 1935 hafa þannig alveg farið út um þúfur.

Segja má, að í sjálfu sjer skifti það ekki svo ákaflega miklu máli, þó að svona hafi farið. En hitt sýnir þessi reynsla, að lögin um verkamannabústaði eru ekki nema einskisvert pappírsgagn, ef hlutaðeigandi bæjarstjórnir vilja

FRAMH. Á SJÖTTU SÆÐU

Verkamanna- bústaðirnir

FRAMH. AF FIMTU SIÐU.

ekki framfylgja þeim og leggja sinn skerf af mörkum. Þar bæjarstjórn Reykjavíkur þar mjög af öðrum bæjarstjórnunum um alla skilsemi, og kemur það býsna illa þeim við þann fjandskap gegn verkalyðnum, sem sósíalistar segja, að þar sje ráðandi.

En þó að uppi væri látið, að umrætt atriði, sem svo illa hefir tekist um, væri meginþátturinn í lögunum frá 1935, þá fór því samt fjarri, að svo væri. Aðaltilgangurinn var sá að svifta fjelagsmenn í Byggingarfjelagi sjálfstæðra verkamanna þeim ótvíraða rjetti, sem þeir áttu samkvæmt eldri lögum. Í þessum tilgangi voru sett fyrir mál um, að í hverjum kaupstað skyldi einungis eitt fjelag njóta hlunninda laganna, og var svo frá gengið, að öngt væri, að Byggingarfjelag sjálfstæðra verkamanna væri þar með svift rjetti einum.

Um þetta mál, orðu hörd áttók á þinginu 1934. Sjálfstæðismenn sýndu gloggebla fram á, að með frv. væri framið hin mesta, rangsteiðni á meðlimum fjelags sjálfstæðra verkamanna. Þá væri og byggingamálinu í heild gerður hinn mesti ógreiði, þegar ofsökunum ætti að fara að beita við þá, sem áðrar hægmyndir hefðu um heppilegasta byggingarform en Hjeðinn Valdimarsson.

Hjeðinn reyndi aðvitað eftir föngum að verja illan málað, en tókst það ekki vinnu betur og fór mjög hallóka í öllum rökræðum um málið. En því lakari sem málaðurinn reyndist, því harðar ljét Hjeðinn handjörum kveppa að stjórnarhöndum og var málið keyrt í gegn.

Sjerstaka athygli vakti framkoma Ásgeirs Ásgeirssonar. Hann gekk mjög fram fyrir skjöldu og barðist ákaft fyrir því að njósti yrði á meðlimum fjelags sjálfstæðra verkamanna. Vitnaði hann jafnframt mjög um rjettlæti sitt og sangirni og óskaði eftir, að ákveðinna andmælandi sinn ætti eftir að sýna þá samviskusemi í þingmálum, sem jeg hef sýnt undanfarið 10 ár. (Alþt. 1934 B. 852). Á þinginu 1934 gat menn ennþá á framkomu Ásgeirs Ásgeirssonar, og var það nokkuð gert. Nú er sá tími löngu liðinn.

Annar sá, sem algerlega brást í málinu, en máklu meira mátti samt venta af, var Jón Baldvinsson. Eftir fyrri ummælum hans varð ekki annað álitid, en að hann mundi verða því fylgjandi að lögbjóða sjerbyggingar, ef framkvæmdin yrði sú að reisa einungis sambyggingar 1934 var hinsvegar ekki um það að ræða að þannu sambyggingar, heldur einungis að leyfa þeim, sem sjerbyggingar vildu, að spreya sig á þeim og láta síðan reyndum ákæra úr, hvað heppilegast væri. Sá, sem hafði lýst sig svo ákveðið fylgjandi sjerbyggingum, sem Jón Baldvinsson, gat orðiðla gengið á móti því að veita þeim jafnrjetti við hinar. Þetta gerði Jón

samt án þess að segja eitt orð, til skýringar.

En sem sagt, hvort sem það var með illu eða góðu, þá tókst Hjeðni Valdimarssyni að berjja það fram, að Byggingarfjelag sjálfstæðra verkamanna var svift lögakveðnum rjetti sínum. Hefir hann síðan sí og æ látið hamra á því, að verkamannabústaðirnir væru hans verk og honum einum að þakka, að reistar hafa verið þær byggingar, sem komnar eru. Samleikurinn er hinsvegar sá, að þó að Hjeðinn sje fyrsti flutningsmaður málsins, þá má Tryggvi Þórhallsson engu síður kallast aðalhöfundur fyrstu laganna um málið, því að frv. Hjeðins var gerbreytt á þinginu 1929 eftir tillögum Tryggva, og var málinu þá fyrst fengin fastur grundvöllur. Styrkveitingar til bygginganna hafa síðan komið bæði frá bæjarsjóði og ríkissjóði, og Magnús Sigurðsson hefir haft forgöngu um lánaútveganir til þeirra. Að svo vöxnu máli sýnisti það ekki sjerlega þakkarvert, þó að Hjeðinn hafi látið fjelag það, sem hann er formaður í, nota sjer þá peninga, sem að því voru rjettir, sjerstaklega þar sem hann með ofbeldislögum sínum bæði öðrum fjelögum frá framkvæmdum í málinu.

Sagnir sósíalista um, að Sjálfstæðismenn hafi af fjandskap við verkalyðinn verið því andvígir í upphafi, að verkamenn fengju góðan húsakost, eru vitanlega tilhefuleysar. Málið var í fyrstu alls ekki flokksmál og ummáli þau, sem Alþýðublaðið er öðru hvoru að prenta til sönnunar fjandskap Sjálfstæðismanna við góðan húsakost handa verkamönnum, eru slitin úr rjettu samhengi, og því fullkomin blekking að fara með þau svo sem blaðið gerir.

Hitt er allt annað mál, að því fer fjarri, að með núgildandi lögum sje fundin líkt því fullnægjandi laus á þessum málum. Er það þannig víst, að ríkið gæti á eðlilegri hátt meira til að koma upp góðum íbúðum fyrir ennþá fleiri en kost geta átt á þeirri aðstoð, sem hjer er með. Er það með útvegum betri og hægkvæmari almennra fasteignalána en nú lást. Þessu hafa sósíalistar aldrei viljað sinna verulega, en Sjálfstæðisflokkurinn mun af alhug beita sjer fyrir því, ef hann kemst í meirihlata nú við kosningarnar.

En þó segja megi, að rjetti sje að sinna fyrst því, sem meira er um vert, og það eru almennu fasteignaláun. Þá er það víst, að þárf er á að endurbæta núgildandi lög um verkamannabústaði. Sjálfstæðisflokkurinn mun ekki, eins og sósíalistar vilja vera láta, hætta við byggingu verkamannabústaða, heldur þvert á móti koma laga- fyrirmælum um þá í betra horf og í samræmi við það, sem hjer hefir verið sagt, miða meir við framþúfarheill allra aðilja heldur en stundarlag og sjerkræddur frára ofbeldisherra.

Minningarorð um Helgu María Þorvarðardóttur

Hún andaðist 21. maí.

Hún fæddist að Holti undir Eyjafjöllum 1. febr. 1862. Þaðan fluttist hún með foreldrum sínum, Þorvarði presti Jánssyni og síðustu konu hans, Valgerði Bjarna- dóttur, prests að Söndum í Dýrafirði, að Prestsbakka á Síðu og nokkru síðar að Fossi í sömu sveit, þegar faðir hennar tók að- stoðarprest, er þá settist á Prests- bakkann. Þar ólst hún upp. Föð- ur sinn misti hún 26. sept. 1869. 1881 giftist hún fyrri manni sí- um, Ólafi söðlasnið Bjarnasyni frá Steinsmýri í Meðallandi. Eignu- adust þau 5 börn. Eitt þeirra mistu þau í æsku, Þorvarð, en 4 eru á lífi, Jóhann, trjesm., Sel- fossi, Skapti kaupm. og Þuríður, ekkja Þórðar Vigfússonar skip- stjóra hjer í þennum, og Lilja, gift kona í Króki í Gaulverja- bæjarhreppi. 1894 fluttist hún vest- ur á Kjalarnes, er hún fjekkt veit- ingu fyrir ljósmóðurumdæmi þar, og gegndi hún því starfi 11 ár. 1897 giftist hún eftirlifandi mánu- sínum, Gísla Halldórssyni trjesm. Þjuggu þau að Holti á Kjalar- nesti til ársins 1905, er þau flut- tust hingað til bæjarins. Eignuð- ust þau 4 dætur, og eru 2 þeirra á lífi, giftar hjer í þennum, Elin og Valgerður, en 2 mistu þau í æsku, er báðar hjetu Ásta. Þau tóku 2 föstur syni, Bolla Grims- son, en mistu hann 7 ára, og Bjarna Jónsson, sem nú er upp- kominn og dvelur á heimili þeirra. Hún tók sjer barnamissir- inn mjög nærri. Móður sinn misti hún 1895. Hún á 3 bræður á lífi: Þorvarð, fyrv. prest í Vík í Mýr- dal, Jón í Vesturheimi og Jóhann búsettur á Bildudal. — Þess skal ennfremur getið, að þau hjón, Helga María og Gísl, höfðu með sjer 2 börn, er þau fluttu til Rvík- ur, en eigi 8 og 2 föstur börn, eins og getið er í N. Dbl. Hín, yoru uppkomin. —

María sál var mesta efnis- og atgerviskona, gáfuð í besta lagi og vel að sjer um marga hluti, enda þurfti hún á því að halda á lífsleiðinni, því verkefni, sem að henni búrast, voru oft og tíðum vandasöm og má nærri geta, að hún hefir þurft að beita þrótti sínum og þolinmæði, bæði sem móðir, húsmóðir og ljósmóðir. Órdugleikar miklir voru um eitt skeið á vegi hennar og er það undravert, hvernig hún gat borið þá, og hefir hún þá notið þeirrar aðstoðar, sem þeim einum er veitt, sem til hennar hafa unnið og samnast á henni, að þegar neyð- in er stærst, er hjálpin næst. En hún átti einnig því láni að fagna að hafa gott heimili og vera bor- in á höndum og allt gert fyrir hana, sem int var, svo hún fjekkt einnig að njóta hinna björtu hlíða lífsins, og það kunní hún að meta og þakka.

Fyrir utan heimilisstörfin og heimilisleyfðurnar og ljósmóður- störfin ljéð hún ýmsum öðrum viðfangsefnum líð. Má þar nefna drjúga hátttöku sem hún átti í starfi Goodtemplaragunnar og bindindsmálsins og var hún þar heil og ósköfi eins og í öllu því,



Helga M. Þorvarðardóttir.

er hún tók sjer fyrir hendur. Dulfræðum kyntist hún að nokkru og hafði áhuga á þeim, og voru eilífðarmálinu henni mikið hugðarefni, enda mun hún hafa haft aðstoð og reynslu í þeim ef- num, sem ekki er öllum veitt og að líkindum ekki nema þeim einum, sem hafa náð sjerstakri hlíð í þroska og eru hæfir til þess að vinna alveg sjerstök atunarverk.

Hún er horfin sjónum vorum á bak við fortjaldið mikla, en min- ing hennar er geymd hjá öllum þeim, er höfðu þann forrjett að kynast henni og munu setið minn ast hinar ljúfmannlegu fram- komu hennar og góðu áhrifa, er hún sýndi hvarvetna. Blessuð sje minning hennar.

Jarðarförin fór fram 1. þ. m. Jón Arnason prentari.

SR. SIGFÚS JÓNSSON.

FRAMH. AF ÞRIÐJU SIÐU.

1889, að hann var vígður prestur að Hvammi í Laxárdal. Því brauði þjónaði hann til ársins 1900, að hann fjekkt veitingu fyrir Mæli- fellsprestakalli.

Lausn frá prestsskap fjekkt hann árið 1919, og fluttist til Sauð- árkróks. Hafði hann þá um skeið verið framkvæmdastjóri kaupfje- lags á Sauðárkróki samhliða prestsörfum. En eftir að hann fjekkt lausn frá prestsskap gaf hann sig allan við forstöðu kaup- fjelagsins.

Sr. Sigfús var mikill höfudur, meðan hann stundaði sveitabú- skap, og maður ráðdeildarsamur í öllu er að fjárstjórn laut. Var hann að eðlisfari hneigður fyrir verslun og kaupskap. En vel sam- einaði hann þá eiginleika við prestsjónustu sína. Var hann virtur vel meðal safnaða sinna, sem forsjáll maður og ráðhollur um hagnýt efni.

Hann var jafnan í sveitarstjóra og lengi í sýslunefnd. En um lands- mál lét hann ekki til sín taka utan hjerads, fyrri en allra síð-ustu árin, er hann var kominn ná- lægt sjötugu, og þá fyrir áeggja öllum flokksbræðra sína í Fram- sóknarflokknum.

Konu sína misti hann í fyrra, Petreú Þorsteinsdóttur. Börn þeirra eru þrjú á lífi: Jón versl- unarmaður á Sauðárkróki, Ingvi- björg kona Sigurðar á Nautabúi og Ástrín, gift á Sauðárkróki. Tvö börn þeirra eru dóm, Stein- dór bóndi í Hamarsgerði og Helga, er gift var sr. Sveini Ög- mundssyni.

NATHAN & OLSEN

Makkaroni
250 gr. pk.

Jarðarför konunnar minnar,
Guðrúnar Jónsdóttur,
er andaðist 3. júní, fer fram frá dómkirkjunni föstudaginn 11. júní og hefst kl. 3½ með húskveðju á heimili hinar látnu, Bårugötu 36.
Eiginmaður, börn og tengdabörn og föstur börn.

Innilegt þakklæti fyrir auðsynða samúð og hluttekningu við andlát og jarðarför föður okkar og tengdafaður,
Jakobs Gunnarssonar
frá Hraunsholti.
Börn og tengdabörn.

Skarð á Skarðs- strönd brennur til grunna.

Í búðarhúsið að Skarði á Skarðs-
strönd brann í fyrradag til
grunna. Var það gamalt en vand-
að, járnuvaríð timburhús, 10x12
metrar að stærð.

Enginn karlmaður var heima er
eldurinn kom upp. Finnur Jóns-
son bóndi á Geirmundarstöðum
varð fyrst eldsins var, meðan úr
sjöru, góðan klipp frá bænnum, og
gerði aðvert á heimilið.

Meirihluta innanstokksmuna
varð bjargað.

Þjettibýlt er og drifu menn
fljótt að og hjálpuðu við björg-
na.

Eldurinn gerði fyrst vart við
sig í þaki hússins. Er giskað á
að neisti úr sóti hafi hrokkið úr
reykhálf að vindskeið hússins, og
kveikt þannig í því. Reykháfurinn
stóð eftir óskemdur var, en eld
frá öðrum stöðum var ekki að
ræða.

Húsið var mjög lágt vátrygt og
innbú óvátrygt, verður því bónd-
inn, Kristinn Indriðason, fyrir til
finnanlegu tjóni. (FÚ).

4 metra veggur hryn- ur yfir mann

Þann 4. þ. m. hrundi veggur
yfir Björna Vilhjálmsson að
Torfunesi í Kinn.

Var hann að grafa fyrir undir-
stöðu nýs íbúðarhúss, en rjett hjá
stöð 4 metra hátt torfveggur úr
gamla bænnum og fjell hann snögð
lega yfir Björna. Bræður hans fjór-
ir voru nærstaddir, og tókst þeim
fljótt að grafa hann upp. Var
hann þá nær kafnaður, allmikilið
marinn og fótur úr líði um mjöðun-
ina.

Læknir telur meislá þessi vera
illkynjuð, en von er þó um fullan
bata. Líðan Björns var samleg,
eftir ástæðum, síðast er frjettist.
(FÚ).

HITAVEITA ÚR HENGL- INUM

FRAMH. AF FJÓRÐU SIÐU.
sýna, að Hengilveita verður
miklu dýrari en Reykjavæita.

Af framangreindu er ljóst,
að hvort sem lítið er á hita-
svæðið og vatnið eða kostna-
ðarhlöðina, þá hafa Reykir
mikla yfirburði umfram Hengil-
inn.

Það er aðeins eitt, sem Heng-
illinn hefir umfram Reyki og
það er herra hitastig, en það
vanfar mikið á að það vegi upp
á móti hinu.

Helgi Sigurðsson.

Thor Thors alþm. tók sjer far
með Gullfossi í gærkvöldi. Enn
framboðsfundur í kjördæmi hans,
Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu
nú að hefjast.

Jónas Halldórsson setur met í 25. sinn

Jónas Halldórsson sundkappi
setti nýtt sundmet í Sundhöll-
inni í gærmorgun. Synti hann
50 metra, frjáls aðferð, á 29.4
sek.

Er þetta í 25. sinni, sem Jón-
as setur sundmet. Hann hefir
ekki áður synt 50 metra undir
meti, en aftur á móti oft bætt
met sín á öðrum vegalengdum.

Íslenska metið á 50 metra
sundi átti Gísli Jónsson, 30.1
sek., og var það sett á sundmót
inu 3. júní s.l.

Framsókn getur til- nefnt frambjóðanda í stað sr. Sigfúsar

Hvernig fer nú um framboð-
in í Skagafirði? Þannig
spurðu ýmsir, eftir að hingað
barst fræginn um lát síra Sig-
fúsar Jónssonar.

Um þetta segir svó í 32. gr.
kosningalaganna:

„Nú deyr frambjóðandi áð-
ur en kosning fer fram, en eftir
að framboðsfrestur er liðinn
eða á næstu þremur sólarhring-
um áður en framboðsfrestur er
liðinn, og má þá, ef um er að
ræða frambjóðanda í kjördæmi,
þar sem kosið er óhlutbundnum
kosningum, annar maður innan
viku bjóða sig fram í hans stað,
ef fullur helmingur af meðmæl-
endum hins látna er meðal með
mælenda hans, enda sje full-
nægt öðrum almennum skilyrð-
um um framboðið.“

Mun því Framsóknarflok-
urinn velja frambjóðanda í stað
síra Sigfúsar.

Hvað verður um þau at-
kvæði í Skagafirði, sem greidd
hafa verið fyrir kjördag?

Það er all-langt síðan fyrir-
fram atkvæðagreiðsla hófst, og
hafa því sjálfsagt mörg atkvæði
verið greidd fyrir Skagafjörð.

Kosningalögin segja ekkert
til um það, hvernig fer um
þessi atkvæði, þegar frambjóð-
andi deyr. En það sýnist alveg
tímælalaust, að þau atkvæði,
sem greidd eru síra Sigfúsi
Jónssyni geta ekki talist öðrum
frambjóðanda. Af því leiðir, að
þar sem síra Sigfús kynnir að
vera kosinn einn á fyrirfram
greiddu atkvæði, yði það talið
ógilt. Þar sem hinsvegar síra
Sigfús væri kosinn með öðrum
manni, yrði sennilega þannig
lítið á að sá væri einn kosinn,
sem fengi atkvæði með síra
Sigfúsi, en hans flokkur fengi
½ atkvæði.

En, sem sagt, um þetta þega
kosningalögin, svo að hjer geta
komið upp mörg vafaatriði.

Hinsvegar geta að sjálf-
ögðu menn, sem kosið hafa
síra Sigfús fengið atkvæði sitt
ónýtt, ef í það næst og kosið
aftur. Einnig geta þeir mætt
á kjörstað og greitt þar at-
kvæði, og kemur þá heima-
greidda atkvæðið ekki til
greina.



Erla Ísleifsdóttir.

Stúlka úr Vestmanna- eyjum setur nýtt sundmet

Erla Ísleifsdóttir, 15 ára
gömul, setti nýtt met í
Sundhöllinni í gærmorgun.
Synti hún 100 metra frjáls
aðferð fyrir stúlkur á 1 mín.
27.6 sek. Gamla metið átti
Imma Rist á 1 mín. 27.7 sek.

Erla Ísleifsdóttir er frá Vest-
mannaeyjum og kom með sund-
flokki þaðan, sem kepti hjer á
sundmótinu 3. þ. m. Hún er frá
Sundfjølgi Vestmannaeyja.

Akureyringarnir keppa við Viking í kvöld.

Knattspyrnuflokkurinn frá
Akureyri, sem sagt var frá
í sunnudagsblaðinu, keppir í
kvöld á íþróttavellinum við IL fl.
úr Viking.

Knattspyrnumennirnir frá Ak-
ureyri eru úrvalaflokkur K. A.,
sem vann mót IL fl. fyrir norð-
an. Verður því spennandi að sjá
hvernig leikar fara hjer.

Kapleikurinn hefst kl. 8½.
Akureyringarnir eru 13 saman
og fara hjer á eftir nöfu þeirra:

Markvörður Þorgeir Pálsson,
bákverður Björn Aspar og Krist-
ján Jónsson, framverður Ární Ingi
mundarson, Guttormur Berg og
Snorri Sigfússon, framherjar
Kristján Eiríksson, Rikard Þór-
ólfsson, Páll E. Jónsson, Hörður
Ólafsson og Leó Júlíusson, Varam-
menn: Þórður Jónsson, Haraldur
Kryger. Formaður K. A., Tómas
Steingrímsson, er væntanlegur til
bejarins í dag.

Íslenskt böggla-smjör.

Harðfiskur.

Riklingur.

Versl. Vísir

Kjötfars.
Hvítkál.

KLEIN,

Baldursgötu 14. Sími 3073.

Dagbók.

Veðrið í gær (þriðjud. kl. 17):
Grunn lægð fyrir suðaustan Ís-
land og vindur víðast mjög hæg-
ur hjer á landi. Úrkomulaust vest-
anlands, en lítillhátar rigning á
N- og A-landi. Hití 4—7 stig
nyrðra, en 8—13 stig syðra. Yfir
Grænlandi er grunn lægð, sem
þekast til A og mun brátt hafa í
för með sjer SV-S-átt hjer á landi.

Veðurútlit í Reykjavík í dag:
SV- eða S-kald, þykkt loft, en úr-
komulítið.

Thor Thors kom heim um síð-
ustu helgi úr fundaleiðangri um
Austur- og Norðurland. Hann sat
fundi á Vopnafirði, Egilsstöðum,
Norðfirði, Eskifirði, Reyðarfirði,
Fáskrúðfirði, Siglufirði, Dalvík
og Akureyri. — Thor lagði af stað
aftur í gærkvöldi, og var ferðinni
nú heitið á Snæfellsnes, á fram-
boðsfundina þar.

Flugskýli í Vatnsmyrinni. Þej-
arverkfæringur hefir auglýst eftir
tilboðum í byggingu flugskýlis
í Vatnsmyrinni.

Próf. Bjarni Benediktsson var
meðal farþega á Gullfossi í gær
til Ísafjarðar.

E-listinn er listi Sjálfstæðis-
isflokksins.

Eimskíp. Gullfoss fór til Vest-
fjarða og Breiðafjarðar í gær-
kvöldi kl. 11. Goðafoss fór frá
Hamborg í dag, áleiðis til Hull.
Brúarfoss er í Kaupmannahöfn.
Dettifoss kom að vestan og norð-
an í gær kl. 2. Lagarfoss var á
Blönduósi í gærmorgun. Selfoss
fór frá Vestmannaeyjum í gær á-
leiðis til útlanda.

Bílferðir milli Akureyrar og
Reykjavíkur eru fyrir nokkru
byrjaðar, en vegurinn hefir ekki
verið sem bestur. Sjerstaklega
hefir Holtavörðuhéið verið erfið
yfirferðar. Fyrsta hraðferðin milli
Borgarness og Akureyrar var farin
í s.l. sunnudag og kom billinn
til Akureyrar laust eftir kl. 1 um
nóttina. Búist er við að vegurinn
verði orðinn greiðfær eftir einn
eða tvo daga.

Hjónaefni. S.l. laugardag opin-
beruðu trúlofun sína ungrú
Kristjana Alexandersdóttir og
Óskar Guðmundsson, Grettisgötu
28.

E-listinn er listi Sjálfstæðis-
isflokksins.

Vefnaðarvörur.

Útvegum allsonar vefnaðarvöru frá Ítalíu.

Fjölbreytt sýnishornasafn hjer á staðnum.

Fljót afgreiðsla.

Eggert Kristjánsson & Co.

Timburverslun

P. W. Jacobsen & Sön.

Stofnuð 1824.

Síminefni: Granfuru — Carl-Lundsgade, København O.

Selur timbar í stærri og smærri sendingum frá Kaup-
mannahöfn. — Eik til skipasmíða. — Einnig heila
skipafarma frá Svíþjóð.

Hefi verslað við Ísland í meir en 80 ár.

Hjúskapur. Gefin voru samaa
í hjónaband í gær hjá lög-
manni ungrú Rannveig Jóhanns-
dóttir, Hverfisgötu 50 og Ólafur
Guðjónsson frá Svarfhóli. Heim-
ili þeirra verður í Stafholti í Staf-
holtstungum.

Sjálfstæðiskjösendur, sem
dvelja hjer í bænum, en eiga kosu
ingarrjett úti á landi, eru ámint-
ir um að kjósa nú þegar á kosu-
ingaskrifstofu lögmanns í Miðbæj
arbornaskólanum, opin kl. 10—12
og 1—5.

E-listinn er listi Sjálfstæðis-
isflokksins.

John Bowering aðalræðismaður
Breta og frá hans taku á móti
gestum í dag á heimili sínu milli
kl. 4 og 6 í tilefni af afmælisdegi
hans hátígnar Kólmánsins, sem
verður minst hátíðlega í Bretlandi
í dag.

Sjálfstæðisflokkurinn í Hafnar-
firði hefir opna kosningaskrif-
stofu í Strandgötu 39 (áður útbú
Landsbanka Íslands). Skrifstofan
er opin alla daga og þangað settu
menn að snúa sjer viðvíkjandi Al-
þingiskosningunum. Sími 9228.

Útvarpið:

Miðvikudagur 9. júní.

19.10 Veðurfrægirn.

19.20 Útvarpshljómsveitin leikur.

20.00 Frjettir.

20.30 Erindi: Hinn víkulegi helgi-
dagur (Pjetur Sigurðsson erind-
reki).

20.55 Tónleikar: Tónlistarskólans.

21.25 Hljómplötur: Celló-konsert,
eftir Lalo (til kl. 22).

5 manna

drossia til solu. — Upplýsingar

á B. S. R.



Verslið við

Liverpool

E-LISTINN er listi Sjálfstæðisflokksins.

Kaupskapur

Blómkaupplöntur, rauðkálspöntur, Þingholtstræti 14. Sími 4505.

Barnakerra óskast. Upplýsingar síma 4568.

Egg, henu- og andaregg ávalt til sölu soðin og ósoðin. Café Svanur.

Rúgbrauð framleidd úr besta danska rúgmjöli (ekki hinu sönduga, pólska rúgmjöli). Kaupfélagsbrauðgerðin.

Kjöfars og fiskfars, heimatilbúið, fæst daglega á Fríkirkjuvegi 3. Sími 3227. Sent heim.

Heilagfiski, Rauðspretta, Ýsa, Þyrsklingur, beinlaus og roðlaus fiskur. Daglega nýtt. Fisk & farsbúðin, sími 4781.

Vjelareimar fást bestar hjá Poulsen, Klapparstíg 29.

Kaupi gamlan kopar. Vald. Poulsen, Klapparstíg 29.

Mjólkurbússmjör og osta í heildsölu hjá Simoni Jónssyni, Laugaveg 33. Sími 3221.

Kaupi gamalt tógverk. Sími 4156. Guðmundur Sveinsson.

Kálpöntur fást á Suðurgötu 12.

Laxveiðimenn. Talið við Hafliða Baldvínsson áður en þjer seljið veiðina öðrum. Sími 1456

Með morgunkaffinu --

Þeir Jón Axel og Hjeðinn Valdimarsson stjórnðu kvikmyndasýningunni í Gamla Bíó á sunnudaginn. Er leið að því að sýningin skyldi byrja fóru þeir að svipast um eftir sýningargestum úti á Ingólfsstræti. En þeim þótti þeir heldur fáir. Er komið var all-langt fram yfir tilsettan tíma buðu þeir þeim sem þeir náðu í á götum að koma í hin auðu sæti í húsinu. En fáir báðu það skyndi-boð.

Míli þátta kvikmyndasýningarinnar í Gamla Bíó talaði ein af málþipum Alþýðflokksins m. a. um kjör barnanna í „auðvalds-löndunum“.

Hún komst að orði á þá leið, að börnin fæddust allslaus í heiminu — „þau gripa í tóm, líkt og við hjerna í dag“, sagði hún, um leið og hún rendi augunum yfir hina tómu bekk.

Sjaldan er ein báran stök. Þannig reyndist og fyrir Hjeðni Valdimarssyni á sunnudaginn.

Eftir að hann hafði sýnt áróðurskvikmynd sína fyrir tónum bekkjum um fór hann upp í Rauðhóla. Þar voru um 500 manns þegar flest var. Í Gamla Bíó sá hann þrjúfalt. En er upp í Rauðhóla kom sá hann fjórfalt. Þá taldi hann þessar 500 hraður vera 2000.

En þó ekki væru þarna fleiri, voru það nægilega margir til þess

meiri rjett til þess að koma með þá kröfn en þú til þess að bera nálna.“ „Það geta nú verið skiftar skoðanir um það“, sagði Vane virðulega. „Jeg er hardánægð með minn rjett og ætla mjer að halda nálni, þó jeg hefði ef til vill verið tilleilanleg til þess að láta hana af hendu, ef þú hefðir ekki gert alt þetta veður út af henni!“ „Veður út af henni!“ endurtók Daura steinhissa. „Jeg skil þig ekki. En eins og jeg sagði áðan — jeg veit, að þú hefir engan rjett á þessari nál eða öðru, sem henni hefir fylgt. Fáðu mig ekki til þess að segja neitt ljótt um þig, Vane, eða eitthvað, sem við hvorugar munum gleyma.“

Fimmtán yrðlinga eignaðist ein silfurrefalaða í Noregi í vor. Yrðlingunum var skift milli þriggja til fósturs.

Læknir einn í Danmörku var í sumarfrí við baðstað einn. Þar á staðnum var asni, sem leigður var baðgestum í smávegis ferðalög. Eitt sinn fór læknir á bak asn; annum og kunningi hans tók mynd af honum á baki asns.

Er læknirinn kom heim til sín, hafði hann gaman af að sýna gestum sínum mynd þessa. Hinn þótti skemtileg.

Eitt sinn er nágranni hans kom í heimsókn, tók hann ljósmynd þessa og skoðaði vandlega.

— Þekkir þú mig ekki á þessari mynd?, spurði húsbóndinn.

— Mikil ósköp, jú, jeg þekki þig vel. En hver er það sem þú hefir á bakinu?

Fangelsisforstjórinn: Þú hefir verið neitað um frést á lífláti.

Hver er yðar síðasta ósk. Því jeg hefði fengið skipun um að hún skyldi verða uppfyllt.

Fanginn: Gæti jeg fengið eina flösku af kampavíni?

Forstjórinn: Af hvaða árgangi óskid þjer.

Fanginn: Árgangi 1940!

Bláamaðurinn danski, Sven Sabroe, skrifar frá Holly-wood að kvikmyndaleikkonurnar flestar sjeu ekki svipað því eins laglegar eins og þær koma bið-gestum fyrir sjónir. Þær kunní svo vel þá list að lagfæra á sjer andlitid, að á ljereftinu líti þær alt öðru vísi út en þær eiga að sjer.

Mjög segr hann það þreytandi verk fyrir „stjórurnar“ að leika eðlilega þegar hver leikþáttur tekur fáein augnablik, og síðan er löng bið meðan verið er að undirbúa næsta þátt. Oft þurfi leikararnir að taka upp sömu atriði leiksins hvað eftir annað. Og stundum sjeu þær látnir „vinna að“ fleiri en einni mynd í einu.

Shirley Temple hefir nú einna hæst laun leikara. Hún hefir barnakennara sínu með sjer til þess að kenna sjer á meðan hún biður milli leikatriðanna.

E-listinn er listi Sjálfstæðisflokksins.

Tilkynningar

Friggbónid fina, er þajarins besta bón.

Slysavarnaufjelagid, skrifstofa Hafnarhúsínu við Geirsgötu. Seld minningarkort, tekið móttgjöfum, áheitum, árstíllögum m. m.

Tjarað-fundid

Ambandsúr fundid. Upplýsingar í síma 1806.

Vinna

Tek að mjer fótisyrtingu. Geng í hús. Unnur Óladóttir. Sími 4528.



Trúlofanarhinga fás þis hjá

Sigurþóri, Hafnarstræti 4.

Sendir gegn póströfu hvert á landi sem er. Sendið nákvæmt mál. Úr og klukkur í miklu úrvali.

WILLIAMSON: 35. SYSTURNAR FRÁ DUMULM

Daura sagði við Vane Erskine: „Mig langar til þess að tala við þig í nokkrar mínútur — um áriðandi mál-efni“.

„Getur það ekki beðið?“, spurði Vane glaðlega. „Jeg er búin að lofa Alastair, að —“

„Nói, það getur ekki beðið“, tók Daura fram í fyrir henni. „Alastair verður að bíða“.

Stúlurnar litu nær fjandsamlegu augnaróði hvor á aðra. Síðan gengu þær út úr herberginu saman, og var Vane heldur fyluleg á svipian.

Daura hafði ætlað sjer að vera bæði hyggjin og gætin, en Vane fór svo í taugarnar á henni, að hún gléymdi allt varúð. Hún fór með frænku sína inn í Rauba herbergið og skelti hurðinni svo fast aftur, að hún hrökk í kút.

„Vane, segðu mjer, hvar hefir þú fengið þessa nál, með roðasteinshjartanu?“ byrjaði hún.

Ungfrú Erskine rjetti úr sjer og reigði sig stolt á svip.

„Þú gengur alveg fram af mjer, „Daura“, sagði hún. „Þú skipar mjer hreint og beint. Þú ert ekki sjerlega kurteis við gest þinn. Hvernig heldur þú, að þú getir skipað mjer að segja þjer leyndarmál, sem jeg ætla mjer ekki að segja neinum. Það, sem maður kerir sig ekki um að segja öðrum, er leyndarmál. Ljómandi falleg nál, finst þjer það ekki? Þú hefir ef til vill sjeð hana áður!“

„Ójá“, svaraði Daura. „Jeg sá hana í gormorgun undir heldur undarlegum kringumstaðum. En það er ein undarlegra, að sjá þig með hana í dag“.

Vane fór að hlaja. „Þú mjer þyki það leiðinlegt, Daura“, sagði hún, „þá get jeg hreint ekki satt forvitni þína“.

„Það er ekki forvitni. Það er krafa. Og jeg hefði

Hún vissi, að hún hafði sjálf komið heimskulega fram og gleymt að stilla skap sitt.

Henni varð ósjálfrátt hugsað til skartgripanna, sem hún geymdi í Svarta Bretagneherberginu, og hún var fegin að hafa fundid svo göðan og öruggan stað fyrir þá. En þó var hún ekki alskostar ánægð með hann, eftir að hún hafði heyrt þetta undarlega hljóð þar. Og með þann möguleika fyrir augum, að menskur maður en engin yfirnáttúrlig vera hefði orsakað það, hafði hún komið því svo fyrir, að fastur vörður var í ganginum rjett við dyrnar á Bretagneherberginu, nema þegar Troy var þar inni. Hún hafði fengið Douglas-gamla í líð með sjer, og hann hafði fundid upp það ráð að fá frænku sína frá Portree til þess að vera við gamla veggabreiðu þar í ganginum, sem farin var að slitna og þurfti margra daga viðgerð. Hún fjekk hann einfremur til þess að láta þessa nauðsynlegu viðgerð berast eitthvað í tal í þjónustufólksborðstofunni, svo Emmons heyrði, til þess að hann skyldi ekkert gruna. Hún trúði Douglas líka fyrir því, að hún bæri ekki fullt traust til þessa leynilögreglumanns.

Á matmálistímum átti „Moray“, veiðihundur Dauru, að vera í ganginum. Enginn ókunngur þorði að koma nálégt honum. En til þess að Troy gæti þó komist óhindrað inn í herbergi sitt, lét hún „Moray“ koma inn í skrifstofu lávarðarins, þegar hún var að kenna Troy að dansa, og henni til mikillar ánægju urðu þeir strax mestu mátar, svo að engin hættva var á því að Troy fengi ekki að fara allra sinna ferða fyrir Moray.

Síðan helgaði hún sig algerlega kenslunni. Hún vildi vekja áhuga hans fyrir þessum kenslustuðum, án þess að hafa nokkuð gaman af þeim sjálf. En hann reyndist svo efnilegur nemandi, eftir að hann var búinn að læra fyrstu byrjunaratriðin, að Daura gat ekki annað en haft yndi af að horfa á hann. Hann hafði óvenju fallagar hreyfingar, og þegar hendur þeirra mættust í dansinum, stóð henni als ekki á sama. Hann bað hana um að dansa einu sinni fyrir sig, og þegar

Daura varð hvortveggi í senn svo steinhissa og aðfærð, að hana langaði mest af öllu til þess að reka frænku sínu löðrung. Hún skildi vel hina síðustu illgirnislegu athugasemd hennar, en hún hotnaði hún ekkert í. Hún gerði ráð fyrir að Vane hefði tekið grænu skinnóskjuna, hún virtist jafnvel játa þjófnadinn. En hvernig gat hún dirfst að koma svona fram, ef hún hafði stolið?

En þegar Vane smeri sjer við og gekk rólega út úr herberginu, gerði Daura enga tilraun til þess að stöðva hana.